

ÚRSKURÐARNEFND UM VIÐSKIPTI VIÐ FJÁRMÁLAFYRIRTÆKI

Kalkofnsvegi 1, 101 Reykjavík urskfjarm@sedlabanki.is

2019

Í þessu skjali er að finna samantekt úrskurða 2019. Allir úrskurðir eru í einu skjali, til að auðvelda leit í þeim að einstaka efnisorðum en hægt er að fá þá staka senda í tölvupósti. Vinsamlegast hafið samband við urskfjarm@sedlabanki.is

Síðast uppfært 30. júní 2020

Ár 2019, miðvikudaginn 12. júní er fundur haldinn í úrskurðarnefnd um viðskipti við fjármálafyrirtæki.

Mætt eru: Auður Inga Ingvarsdóttir, formaður, Geir Arnar Marelsson, Hildigunnur Hafsteinsdóttir, Unnur Erla Jónsdóttir og Magnús Fannar Sigurhansson.

Fyrir er tekið **mál nr. 1/2019**:

M
gegn
fjármálafyrirtækinu F

og kveðinn upp svohljóðandi

ú r s k u r ð u r :

I.

Málsmeðferð.

Málsaðilar eru M hér eftir nefnd sóknaraðili, annars vegar og F hér eftir nefndur varnaraðili, hins vegar.

Málið barst úrskurðarnefndinni 24. janúar 2019 með kvörtun sóknaraðila, dags. 21. janúar 2019. Með tölvupósti nefndarinnar 29. janúar 2019 var kvörtunin send varnaraðila og henni gefinn kostur á að tjá sig um hana og skýra sjónarmið sín. Svör varnaraðila bárust með bréfi dags. 13. mars 2019. Bréfið var sent sóknaraðila í pósti á skráð lögheimili sóknaraðila 18. mars 2019 og henni gefinn kostur á að koma athugasemdum sínum á framfæri. Pósturinn var endursendur nefndinni. Bréfið var sent í annað sinn 12. apríl 2019 en var einnig endursent. Athugasemdirnar voru að lokum sendar sóknaraðila í tölvupósti 29. apríl 2019 eftir að upplýsingar fengust frá henni um tölvupóstfang. Athugasemdir sóknaraðila bárust með pósti 16. maí 2019

Málið var tekið fyrir á fundum nefndarinnar 17. og 24. maí og 12. júní 2019.

II.

Málsatvik

Þann 29. september 2005 gaf sóknaraðili út veðskuldabréf, nr. A vegna lántöku hjá varnaraðila að fjárhæð 16.880.000 kr., verðtryggt til 40 ára með jöfnum mánaðargreiðslum og föstum 4,15% vöxtum, tryggt með veði í íbúð sóknaraðila X.

Samkvæmt greiðslufirliti frá varnaraðila voru afborganir af láninu greiddar allt fram í október 2008 samtals að nafnvirði 541.901 kr., auk verðbóta, vaxta og annars kostnaðar. Að því frádregnu stóðu eftir 16.338.099 kr. af upphaflegum höfuðstól lánsins. Eftir þetta voru aðeins greiddir vextir og verðbætur af láninu, síðast í janúar 2010. Engar frekari afborganir voru greiddar af höfuðstól.

Hinn 16. nóvember 2010 sótti sóknaraðili um greiðsluaðlögun hjá umboðsmanni skuldara og hófst þá frestun greiðslna til lánadrottna, sbr. 11. gr. laga nr. 101/2010 um greiðsluaðlögun.

Með kröfulýsingu, dags. 20. júlí 2011, lýsti varnaraðili kröfum sínum á hendur sóknaraðila vegna samningsumleitana til greiðsluaðlögunar, samtals að fjárhæð 42.239.463 kr. Þar af nam krafa varnaraðila vegna fyrrgreinds veðskuldabréfs 28.806.055 kr. Þá var veðskuldabréfið fært niður um 6.658.710 kr. þann 8. febrúar 2012 til samræmis við 110% veðsetningarhlutfall fasteignar sóknaraðila (svokölluð 110% leið).

Greiðsluskjóli sóknaraðila lauk 2. júní 2016 þegar kærunefnd greiðsluaðlögunarmála úrskurðaði í máli nr. 34/2014 um að fella skyldi niður greiðsluaðlögunarumleitan sóknaraðila. Þar sem greiðsluaðlögun sóknaraðila náðist ekki var fyrrnefnd íbúð sóknaraðila sett á sölu hjá fasteignasölnunni Y og var seld með kaupsamningi, dags. 29. ágúst 2016, á 30.500.000 kr. Samhliða sölnunni var útbúið skilyrt veðleyfi þar sem varnaraðili setti það að skilyrði að fá allt kaupverðið greitt til sín, gegn því að aflétta fyrrnefndu veðskuldabréfi.

Samkvæmt kaupsamningi var kaupverðið greitt í þrennu lagi. Fasteignasalan Y greiddi því 12.892.855 kr., að frádregnum kostnaði, til varnaraðila þann 30. ágúst 2016. Þá greiddi Lífeyrissjóður verslunarmanna 13.895.000 kr. til varnaraðila þann 23. september 2016. Loks greiddi fasteignasalan 2.559.048 kr. til varnaraðila þann 10. október 2016. Greiðslurnar námu samtals 29.346.903 kr., en varnaraðili tók þær fjárhæðir allar til sín sem greiðslur af láni sóknaraðila.

Hinn 8. mars 2018 féll dómur í Hæstarétti Íslands í máli nr. 159/2017 þar sem 2. mgr. 11. gr. laga nr. 101/2010 var, með vísan til 7. gr. laga nr. 38/2001, skýrð þannig að lánveitanda væri óheimilt að krefjast dráttarvaxta vegna frestunar greiðslna.

Með bréfi 13. ágúst 2018 krafði sóknaraðili varnaraðila um endurgreiðslu fjárhæða sem hann taldi að varnaraðili hefði ranglega haldið eftir samkvæmt fyrrgreindum dómi. Með bréfi dags. 20. desember 2018 var staða láns sóknaraðila leiðrétt í samræmi við fyrrnefndan dóm og mismuninum var ráðstafað inn á höfuðstól kröfunnar.

III.

Umkvörtunarefni

Sóknaraðili krefst þess aðallega að varnaraðila verði gert að greiða sér 7.959.043 kr., ásamt dráttarvöxtum samkvæmt 1. mgr. 6. gr. laga nr. 38/2001 um vexti og verðtryggingu af 5.399.045 kr. frá 23. september 2016 til 10. október 2016, en af 7.958.093 kr. frá þeim degi til greiðsludags. Til vara krefst sóknaraðili að varnaraðila verði gert að greiða sér 7.959.043 kr., ásamt vöxtum samkvæmt 8. gr. laga nr. 38/2001 um vexti og verðtryggingu af 5.399.045 kr. frá 23. september 2016 til 10. október 2016, en af 7.598.093 kr. frá þeim degi til 13. september 2018 og með dráttarvöxtum samkvæmt 6. gr. laga nr. 38/2001 um vexti og verðtryggingu frá þeim degi til greiðsludags.

Sóknaraðili byggir á því að varnaraðili hafi í heimildarleysi reiknað dráttarvexti af fyrrgreindu láni á því tímabili sem sóknaraðili hafi verið í greiðsluskjóli. Vísar sóknaraðili í þeim efnunum til dóms Hæstaréttar í máli nr. 159/2017.

Sóknaraðili byggir á því að við fyrrnefnt uppgjör hafi varnaraðili ekki tekið tillit til þess að umtalsverður hluti vaxta og verðbóta af umræddu láni hafi fyrnst vegna þess hve lengi sóknaraðili hafði verið í greiðsluskjóli. Samkvæmt 4. gr., sbr. 1. mgr. 5. gr. laga nr. 150/2007 um fyrningu kröfuréttinda fyrnast vextir og verðbætur á fjórum árum. Frá 15. janúar 2010 til 2. júní 2016 var ekkert greitt af láninu og sé því ljóst að verulegur hluti áfallinna vaxta og verðbóta hafi verið þá þegar fyrnd. Vísar sóknaraðili til dóms Hæstaréttar í máli nr. 736/2014, þar sem talið var að greiðsluaðlögunarumleitanir skuldara hefðu ekki áhrif á fyrningu kröfuréttinda samkvæmt almennum reglum.

Sóknaraðili vísar til þess að 16.338.099 kr. stóðu eftir af upphaflegum höfuðstól lánsins, að afborgunum frádregnum. Samkvæmt fyrningarlögum fyrnast kröfur samkvæmt skuldabréfum eða vegna peningalána á tíu árum. Hefur verið staðfest í dómaframkvæmd að það eigi við um höfuðstól láns, sbr. t.d. Hrd. nr. 390/2013. Samkvæmt því hafi höfuðstóll lánsins verið ófyrndur þegar umrætt uppgjör átti sér stað.

Vísar sóknaraðili til þess að um vexti og verðbætur gildi aðrar reglur en þær kröfur fynast sjálfstætt á fjórum árum óháð höfuðstól kröfunnar. Enn fremur sé í 13. gr., sbr. 14. gr. laga nr. 28/2001 um vexti og verðtryggingu, veitt heimild til verðtryggingar, með þeim áskilnaði að samið sé um að greiðslurnar séu verðtryggðar. Aftur á móti sé ekki veitt heimild til að telja verðbætur sem hluta af höfuðstól og fynast þær því sjálfstætt, líkt og vextir.

Sóknaraðili byggir á því að fyrningu hafi verið slitið þegar fasteignasalan Y greiddi fyrsta hluta kaupverðsins til varnaraðila þann 30. ágúst 2016. Vextir og verðbætur sem féllu til meira en fjórum árum fyrir það tímamark, þ.e. fyrir 30. ágúst 2012, hafi því verið fyrnd. Vísar sóknaraðili til þess að ekki verði séð að tekið hafi verið neitt tillit til þess við uppgjör lánsins, en varnaraðili hafi aldrei staðið sóknaraðila skil á neinum hluta af eftirstöðvum kaupverðs fasteignarinnar í kjölfar þessa uppgjörs. Sóknaraðili byggir útreikninga kröfugerðar sinnar á því að varnaraðila hafi fyrst verið heimilt að gjaldfella lánið og krefjast greiðslu eftirstöðva þann 2. júní 2016, þegar greiðsluskjóli sóknaraðila lauk, sbr. dóm Hæstaréttar í máli nr. 159/2017. Í því máli var talið að aðilum væri fyrst heimilt að reikna dráttarvexti á eftirstöðvar láns þegar greiðsluskjóli lyki. Vísar sóknaraðili til þess að kröfugerð hans sé í samræmi við þetta en jafnframt sé tekið tillit til framangreindra afborgana af söluverði fasteignarinnar, sem runnu til varnaraðila.

Staða lánsins við lok greiðsluskjóls að teknu tilliti til fyrningar vaxta og verðbóta:

Höfuðstóll (á nafnverði)	16.880.000 – 541.901 =		16.338.099
Samningsvextir frá 30.08.2012 til 02.06.2016, 4,15%			2.698.430
Verðbætur á afborgun	frá vísitölu: til vísitölu: breyting:		1.372.047
Verðbætur á vexti	400,1 433.7 8,40%		226.611
Samtals			20.635.197

Framreiknað með dráttarvöxtum að frádregnum greiðslum af söluverði fasteignarinnar:

Dráttarvextir frá 02.06.2016 til 30.08. 2016, 13,50%		680.962
Innborgun skv. skilyrtu veðleyfi 30.08.2016		-12.892.855
Samtals		8.423.304

Dráttarvextir frá 30.08.2016 til 23.09.2016, 13,50%		72.651
Innborgun skv. skilyrtu veðleyfi 23.09.2016		-13.895.000
Samtals		-5.399.045

Innborgun skv. skilyrtu veðleyfi 10.10.2016		-2.559.048
Samtals		-7.958.093

Innheimtubréf		-950
Samtals (heildarendurkrafa)		7.959.043

Til stuðnings aðalkröfu sinni vísar sóknaraðili til almennra reglna um endurgreiðslu ofgreidds fjár. Þannig sé gengið út frá því að varnaraðila beri skylda til að standa skil á hinu ofgreidda fé tafarlaust. Þar sem það hafi ekki verið gert krefst sóknaraðili dráttarvaxta af hinum ofgreiddu fjárhæðum frá greiðsludögum þeirra.

Til stuðnings varakröfu sinni vísar sóknaraðili til almennra reglna skaðabótaréttarins. Þar sem ekki hafi verið gætt að framangreindum sjónarmiðum um fyrningu og vexti við uppgjör hafi varnaraðili brotið gegn lögvörðum réttindum sóknaraðila og valdið þannig tjóni sem nemur þeim fjárhæðum sem hafa verið

ofgreiddar. Í samræmi við það krefst sóknaraðili skaðabótavaxta frá tjónsdögum en dráttarvaxta frá þeim degi sem er mánuður liðinn frá því að sóknaraðili krafði varnaraðila um greiðslu.

Í viðbótarathugasemdum vísar sóknaraðili til þess að í athugasemdum varnaraðila sé haldið fram að 8. febrúar 2012 hafi lán nr. A sem kvörtun sóknaraðila lýtur að, verið fært niður um 6.658.710 kr. vegna 110% leiðréttingar, en hafi þá eftirstöðvar lánsins numið meira en 28 milljónum kr. Vísar sóknaraðili til þess að að frádreginni þeirri leiðréttingu voru eftirstöðvarnar sagðar hærri en 16.338.099 kr. höfuðstóll lánsins án vaxta og verðbóta. Sóknaraðili telur því ljóst að umrædd leiðrétting hafi í raun aðeins falið í sér niðurfellingu hluta þeirra áföllnu vaxta og verðbóta sem sóknaraðili telur fyrnda. Jafnframt geti slík einhliða ráðstöfun af hálfu varnaraðila ekki slitið fyrningu á því sem eftir stóð af ógreiddum og ófyrndum vöxtum eða höfuðstól lánsins.

Sóknaraðili vísar til þess að í bréfi varnaraðila dags. 20. desember 2018, hafi verið tilkynnt um endurútreikning á eftirstöðvum lánsins með tilliti til leiðréttingar dráttavaxta sem reiknuðust á kröfu varnaraðila meðan sóknaraðili var í greiðsluskjóli. Sóknaraðili vísar til þess að varnaraðili hafi sýnt af sér tómlæti með því að hafa ekki svarað innheimtubrési hennar, sem varðaði endurgreiðslu dráttarvaxta, fyrr en fjórum mánuðum seinna. Vísar sóknaraðili til þess að sá útreikningur sé í engu samræmi við kröfu sóknaraðila þar sem hann taki ekki tillit til fyrningar vaxta og dráttarvaxta. Sóknaraðili hafnar þeirri athugasemd varnaraðila að útreikningar hennar hafi byggt á því að um óverðtryggt lán væri að ræða. Vísar sóknaraðili til þess að fjárhæð höfuðstólsins að nafnvirði hafi verið lögð til grundvallar, en það sé sú fjárhæð sem áfallnir vextir og verðbætur reiknist af þegar um verðtryggð lán er að ræða. Mikilvægt sé að gera greinarmun þar á milli, vegna reglna sem gilda um fyrningu. Þannig sé fjárhæðin 16.338.099 kr. lögð til grundvallar án vaxta og verðbóta en á hana reiknist vextir og verðbætur að teknu tilliti til fyrningar samkvæmt kröfugerð sóknaraðila.

Sóknaraðili hafnar þeirri athugasemd varnaraðila um að hún hafi samþykkt tiltekna fjárhæð til greiðslu veðskuldabréfsins með undirritun sinni á kaupsamning og skilyrt veðleyfi, dags. 29. ágúst 2016. Vísar sóknaraðili til þess að eðli máls samkvæmt geti undirritun á greind gögn ekki falið í sér samþykki fyrir öðru en því sem þar kemur fram. Jafnframt hafnar sóknaraðili því að sjónarmið um fyrirvaralaus greiðslu eigi við þar sem henni hafi ekki gefist kostur á að gera fyrirvara við greiðslu sína. Þar af leiðandi geti dómur Hæstaréttar í máli nr. 255/1992 ekki átt við, þar sem í því máli gafst aðilum tækifæri á að gera fyrirvara við greiðslu sína.

Sóknaraðili vísar til þess að í 1. mgr. 13. gr. laga nr. 38/2001 um vexti og verðtryggingu sé aðeins veitt heimild til að semja um að greiðslur af lánum séu verðtryggðar. Þar af leiðandi sé 1. tl. skilmála skuldabréfs lánsins ólögsmætur þar sem hann kveður sérstaklega á um að höfuðstóllinn skuli vera verðtryggður en ekki greiðslurnar. Vísar sóknaraðili einnig til þess að í 1. tl. 1. mgr. 6. gr. laga nr. 121/1994 um neytendalán er höfuðstóll neytendaláns skilgreindur sem „lánsfjárhæð án nokkurs kostnaðar.“ Sóknaraðili vísar til þess að samkvæmt dóm EFTA dómstólsins í máli nr. E-27/13 ber að líta á upphæð upphaflega lánsins sem og áfallnar verðbætur sem lánskostnað, sbr. Hrd. nr. 672/2012, Hrd. nr. 160/2015 og Hrd. nr. 243/2015. Verðbætur séu því fylgikröfur en ekki hluti af höfuðstól lánsins og eigi því fjögur ára fyrningarregluna.

Sóknaraðili vísar til þess að þær tölur sem varnaraðili teflir fram í athugasemdum sínum taki ekki mið af fyrningu vaxta og verðbóta, við uppgjör áhvílandi lána í tengslum við sölu fasteignar sóknaraðila.

Sóknaraðili vísar einnig til þess að varnaraðili hafi brotið gegn 19. gr. laga nr. 161/2002 um fjármálafyrirtæki. Vísar sóknaraðili til þess að það geti ekki talist heilbrigðir viðskiptahættir að fjármálafyrirtæki taki sér hærri fjárhæðir en það á lögvarða kröfu um.

IV.

Athugasemdir varnaraðila

Varnaraðili krefst þess að kröfum sóknaraðila verði hafnað.

Varnaraðili vísar til þess að með bréfi, dags. 20. desember 2018, hafi hann tilkynnt sóknaraðila um endurútreikning á umræddu veðskuldabréfi vegna niðurstöðu Hæstaréttar í máli nr. 159/2017. Í stað dráttarvaxta var lánið reiknað með samningsvöxtum og verðbótum á greiðsluskjólstímanum í samræmi við skilmála veðskuldabréfsins. Miðuðu útreikningarnir við stöðu lánsins eftir 110% leiðréttingu þess í febrúar 2012 en þá höfðu verið greiddar samtals 4.361.693 inn á höfuðstól lánsins. Eftirstöðvar veðskuldabréfsins voru þá 23.115.301 kr. Niðurstaða endurútreikningsins var sú að eftirstöðvar veðskuldabréfsins við lok greiðsluskjólstímabils sóknaraðila hefðu numið 30.960.570 kr. í stað 31.969.771 kr. fyrir leiðréttingu. Til leiðréttingar kom þannig mismunurinn á annars vegar greiddum dráttarvöxtum og hins vegar vöxtum og verðbótum á tímabilinu í samræmi við skilmála veðskuldabréfsins, eða 1.009.202 kr. auk leiðréttra vaxta vegna lækkunar höfuðstóls að fjárhæð 88.926 kr., samtals 1.097.498. Í bréfinu var lýst yfir skuldajöfnuði inneignarinnar í samræmi við almennar reglur kröfuréttar við eftirstöðvar veðskuldabréfsins sem fengust ekki greiddar við sölu fasteignarinnar haustið 2016 og voru afskrifaðar á grundvelli árangurslausrar innheimtu. Afskrift varnaraðila var að fjárhæð 3.872.381 kr. Í kjölfar endurútreikningsins lækkaði afskriftin í 2.774.883 kr. Í umræddri afskrift fólst ekki eftirgjöf í kröfuréttarlegum skilningi heldur eingöngu afskrift í kerfum varnaraðila þar sem ljóst var að frekari innheimta yrði árangurslaus.

Varnaraðili ítrekar framangreind sjónarmið og mótmælir málsástæðum og útreikningum sóknaraðila sem röngum. Varnaraðili vísar til þess að krafa sóknaraðila virðist byggja á því að um óverðtryggt lán hafi verið um að ræða þar sem útreikningarnir grundvallast á höfuðstól bréfsins að frádregnum afborgunum, samtals að fjárhæð 16.338.099 kr. Vanti því bæði áfallna vexti og verðbætur í útreikninga sóknaraðila. Samkvæmt ádurnefndum skjölum er ljóst að staða veðskuldabréfsins var mun hærri við upphaf greiðsluskjólsins, að teknu tilliti til vaxta og verðbóta. Útreikningar varnaraðila miða aftur á móti við nýjan höfuðstól bréfsins sem myndaðist þann 8. febrúar 2012 eftir 110% leiðréttingu lánsins, 23.115.301 kr., enda var sóknaraðili búinn að fá mun meiri lækkun á eftirstöðvum bréfsins fyrir tímabilið fram að 8. febrúar 2012 heldur en leiðréttur útreikningur myndi skila. Sóknaraðili er þannig látinn njóta lægri niðurstöðunnar. Með öðrum orðum var staða skuldarinnar samkvæmt veðskuldabréfinu lægri samkvæmt þessari aðferð heldur en ef varnaraðili hefði aðeins fellt niður dráttarvexti fyrir tímabilið 23. nóvember 2010 til 8. febrúar 2012 líkt og aðferðafræði sóknaraðila miðar við.

Varnaraðili byggir á því að sóknaraðili hafi samþykkt framangreinda fjárhæð til greiðslu veðskuldabréfsins með undirritunum sínum á kaupsamning og skilyrt veðleyfi, dags. 29. ágúst 2016, þar sem fram kemur að allar kaupsamningsgreiðslur, að frádreginni sölubókun og lögveðum, greiðist inn á reikning varnaraðila. Varnaraðili telur að í þessu hafi falist bindandi samkomulag um ráðstöfun greiðslna inn á veðskuldabréfið sem sóknaraðili er bundinn við. Byggir varnaraðili á því að meginreglur kröfu- og samningaréttar um greiðsluskyldu fjárskuldbindinga og um

fyrirvaralausa greiðslu leiði til þeirrar niðurstöðu að hafna beri kröfu sóknaraðila. Varnaraðili bendir á að fyrirvaralaus greiðsla sóknaraðila á veðkröfu varnaraðila hafi leitt til þess að varnaraðili hafi reiknað með og gengið út frá því að greiðslan hafi verið endanleg og hagað athöfnum sínum í samræmi við það. Varnaraðili telur það leiða til þeirrar niðurstöðu að hafna beri málsástæðum sóknaraðila sem lúta að fyrningu og endurkröfuréttur sóknaraðila á greiddum vöxtum og verðbótum sé ekki fyrir hendi.

Varnaraðili vísar til þess að við mat á því hvort endurkröfuréttur sé fyrir hendi hafi dómstólar lagt mikið upp úr því hvort greitt hafi verið með eða án fyrirvara, sbr. t.d. dóm Hæstaréttar frá 16. desember 1993 í máli nr. 255/1992. Þar var m.a. deilt um endurkröfu hjóna á hendur fjármálafyrirtæki. Þau höfðu m.a. gefið út víxil til fjármálafyrirtækisins og greitt víxilinn. Fóru hjónin síðar fram á endurgreiðslu víxilsins en Hæstiréttur féllst ekki á þá kröfu þeirra þar sem greiðslan hafi verið innt af hendi án fyrirvara af hálfu hjónanna. Varnaraðili vísar einnig til dóma Hæstaréttar frá 18. mars 2009 í máli nr. 99/2009 og frá 9. maí 2018 í máli nr. 431/2017. Í síðarnefnda málinu krafðist H endurgreiðslu á fjármunum sem inntir höfðu verið af hendi til A hf. í kjölfar sölu fasteignar sem H átti að jöfnu með eiginmanni sínum. Í málinu var m.a. deilt um það hvort H hefði samþykkt að andvirði sölu fasteignarinnar kæmi til greiðslu skulda sem tryggð voru með veði í fasteigninni. Í dómi Hæstaréttar kom fram að í kaupsamningnum hefðu seljendur gert almennan fyrirvara um lögmæti einstakra skilmála áhvílandi skuldabréfa en sá fyrirvari hefði ekki tekið til ágreiningsefnisins í málinu. Var talið að H hefði með þessu firrt sig rétti til að krefjast endurgreiðslu þess fjár sem innt var af hendi til A hf. við sölu og A hf. því sýknaður af kröfunni. Loks vísar varnaraðili til dóms Landsréttar frá 22. febrúar 2019 í máli nr. 590/2018. Þar krafði G L hf. um endurgreiðslu á vöxtum sem hún taldi sig hafa ofgreitt í tengslum við uppgjör á tveggja veðskuldabréfa. Höfðu lánin, sem tryggð voru með veði í fasteignum í eigu G, upphaflega verið í íslenskum krónum en á árunum 2004 til 2005 verið breytt þannig að eftirstöðvarnar skyldu miðaðar við gengi erlends gjaldmiðils. Í kjölfar dóma Hæstaréttar á árunum 2011 til 2013, annars vegar um ólögmæti gengistryggingar og hins vegar um áhrif fullnaðarkvittana, voru lánin endurreiknuð og var sú leið sem hagstæðust var fyrir G látin standa. Árið 2016 náðu G og L hf. samkomulagi um uppgjör á framangreindum lánnum með framsali á greiðslum vegna sölu á fyrrnefndri fasteign. Taldi dómurinn að með því hefði komist á bindandi samkomulag um lokauppgjör þeirra krafna á hendur lántaka sem að baki því bjuggu. Var L hf. því sýknaður af kröfum G.

Varnaraðili vísar til þess að sóknaraðila hafi verið í lófa lagið að gera fyrirvara við greiðslu sína teldi hún vafa leika á fjárhæð kröfunnar samkvæmt veðskuldabréfinu við sölu eignarinnar eða ef hún væri ósátt við fjárhæð hennar, einkum með hliðsjón af því að um áralöng vanskil veðskuldabréfsins var að ræða. Sóknaraðili hafi því ekki getað gengið þess dulinn að greiðslan hlyti að hafa verulega þýðingu viðvíkjandi hugsanlegum endurkröfurétti hennar gagnvart varnaraðila.

Varnaraðili byggir kröfu sína einnig á því að krafa um verðbætur af umræddu veðskuldabréfi, sem gefið var út þann 29. september 2005 í gildistið laga nr. 14/1905 um fyrningu skulda og annarra kröfuréttinda, fyrnist á 10 árum í samræmi við meginreglu laganna, sbr. 2. tl. 4. gr. laganna. Því hafnar varnaraðili því að krafa um verðbætur af veðskuldabréfinu hafi verið fyrnd við greiðslu sóknaraðila haustið 2016, enda greiddi sóknaraðili af veðskuldabréfinu fram í október 2008.

Til vara byggir varnaraðili á því að eftirstöðvar veðskuldabréfsins við lok greiðsluskjólstímabilsins þann 2. júní 2016 hafi verið 30.237.646 kr. í stað 31.969.771 kr. fyrir leiðréttingu. Miða útreikningar við stöðu lánsins eftir 110% leiðréttingu þess í febrúar 2012, líkt og fjallað var um hér að framan. Eftirstöðvar skuldabréfsins voru

Þann 8. febrúar 2012, 23.225.301 kr. Útreikningarnir gera ráð fyrir því að sá höfuðstóll sé verðbættur frá 8. febrúar 2012 til 7. september 2012, en þann dag árið 2016 barst fyrsta greiðsla inn á lánið frá fasteignasölunni en vextir fyrir þennan sama tíma séu fyrndir. Hins vegar er lánið reiknað með sammingsvöxtum og verðbótum frá 7. september 2012 út greiðsluskjólstímann til 2. júní 2016 í samræmi við skilmála veðskuldabréfsins. Leiðrétt staða lánsins þann 2. júní 2016 samkvæmt þessum útreikningi er 30.237.646 kr. Til endurgreiðslu samkvæmt þeim eiga að koma 1.732.126 kr. auk leiðréttra vaxta vegna lækkunar höfuðstóls til 13. nóvember 2017 að fjárhæð 151.546 kr., samtals 1.883.672 kr. Samkvæmt þessum útreikningum lækkar afskrifuð krafa varnaraðila frekar, eða í 1.988.709 kr. Verði niðurstaða úrskurðarnefndar á þá leið að leggja beri þennan útreikning til grundvallar niðurstöðu málsins mun varnaraðili lýsa yfir skuldajöfnuði í samræmi við almennar reglur kröfuréttar við ógreiddar eftirstöðvar veðskuldabréfsins samkvæmt framangreindu.

Varnaraðili mótmælir jafnframt dráttarvaxtakröfu sóknaraðila. Sóknaraðili gerir í aðalkröfu sinni kröfu um dráttarvexti af 5.399.045 kr. frá 23. september 2016 til 10. október 2016 og af 7.958.093 kr. frá þeim degi til greiðsludags. Varnaraðili byggir á því að sóknaraðili eigi ekki rétt á dráttarvöxtum af kröfu sinni með vísan til 2. másl. 7. gr. laga nr. 38/2001 um vexti og verðtryggingu, enda hafi varnaraðili átt kröfu á hendur sóknaraðila vegna afskrifta að fjárhæð 2.774.883 kr., en til vara að fjárhæð 1.988.709 kr., sem varnaraðili hefur lýst yfir skuldajöfnuð á móti. Framangreindu til stuðnings vísar varnaraðili m.a. til Hrd. 2005, bls. 4267 í máli nr. 144/2005 og Hrd. 2005, bls. 2717 í máli nr. 111/2005. Verði ekki fallist á framangreint byggir varnaraðili á því að upphafstími dráttarvaxta geti aldrei orðið fyrr en frá dagsetningu kvörtunar sóknaraðila til úrskurðarnefndar í samræmi við 4. mgr. 5. gr. laga nr. 38/2001 um vexti og verðtryggingu enda telur varnaraðili að óljósar kröfur sóknaraðila á fyrri stigum geti ekki á nokkurn hátt talist vera kröfubréf sem stofnað geti til fjárkröfu, sbr. 3. mgr. 5. gr. laga nr. 38/2001 um vexti og verðtryggingu. Fyrri kröfur sóknaraðila geta m.ö.o. ekki á nokkurn hátt verið skildar þannig að sóknaraðili hafi krafið varnaraðila með réttu um greiðslu. Framangreindu til stuðnings vísar varnaraðili til dóms Hæstaréttar frá 30. janúar 2014 í máli nr. 544/2013.

Hvað varðar varakröfu sóknaraðila bendir varnaraðili á að ákvæði 8. gr. laga nr. 38/2001 á augljóslega ekki við um kröfu sóknaraðila enda ekki um skaðabótakröfu að ræða heldur endurgreiðslu á ofgreiddu fé.

Að lokum mótmælir varnaraðili kröfu sóknaraðila um innheimtukostnað að fjárhæð 950 kr. Telur varnaraðili að sóknaraðili hafi ekki sýnt fram á neinn kostnað af innheimtu kröfunnar umfram málskotsgjaldið enda um eigin kröfu sóknaraðila að ræða.

V.

Niðurstaða

Ágreiningur aðila lýtur að því hvort sóknaraðili eigi rétt á endurgreiðslu úr hendi varnaraðila vegna ofgreiddra vaxta.

Sóknaraðili byggir kröfu sína m.a. á því að varnaraðili hafi reiknað dráttarvexti á lán hennar á meðan að hún var í greiðsluskjóli. Ljóst er af bréfi varnaraðila til sóknaraðila, dags. 20. desember 2018, að dráttarvextir hafi verið reiknaðir á lán sóknaraðila meðan hún var í greiðsluskjóli. Hins vegar var sóknaraðila í sama bréfi tilkynnt um endurútreikning á umræddu veðskuldabréfi vegna niðurstöðu Hæstaréttar í máli nr. 159/2017. Kom þar fram að fjárhæð sem nam þeim dráttarvöxtum, sem

reiknaðir voru meðan sóknaraðili var í greiðsluskjóli, yrði greidd inn á höfuðstól lánsins. Ekki verður annað ráðið af gögnum málsins en að svo hafi verið gert.

Sóknaraðili byggir kröfu sína einnig á því að varnaraðila hafi verið óheimilt að ráðstafa greiðslu sóknaraðila inn á fyrndar vaxtakröfur. Af þeim upplýsingum sem fram komu í skilyrtu veðleyfi aðila, dags. 29. ágúst 2016, mátti sóknaraðila vera fyllilega ljóst að varnaraðili héldi fram kröfu sinni óskertri, þótt hluti hennar hafi sýnilega verið eldri en fyrningafrestur krafna af þessu tagi sem er fjögur ár. Allt að einu innti sóknaraðili af hendi greiðslu inn á kröfuna og gerði hvorki fyrirvara um rétt sinn til að bera fyrningu fyrir sig né fyrirvara um að greiðslu yrði ekki ráðstafað inn á fyrndan hluta kröfunnar. Sóknaraðili lagði þar með í vald varnaraðila að ákveða hvernig innborgun hennar yrði ráðstafað. Telur því nefndin að varnaraðila hafi verið heimilt að ráðstafa greiðslu sóknaraðila inn á elstu ógreiddu gjalddaga skuldarinnar.

Það veðskuldabréf sem hér um ræðir var gefið út hinn 29. september 2005. Gilda því eldri lög nr. 14/1905 um fyrningu skulda og annarra kröfuréttinda um fyrningu þess, sbr. 28. gr. laga nr. 150/2007 um fyrningu kröfuréttinda. Samkvæmt 1. mgr. 4. gr. laga nr. 14/1905 fyrnast kröfur samkvæmt skuldabréfi á 10 árum. Krafa um verðbætur af höfuðstól skuldabréfs fyrnist jafnframt á 10 árum, sbr. 2. mgr. 4. gr. sömu laga. Fyrningu krafna varnaraðila var slitið þegar sóknaraðili greiddi vexti af kröfunni í janúar 2010, sbr. 1. mgr. 6. gr. laga nr. 14/1905. Kröfur varnaraðila um verðbætur eru því ófyrndar.

Í varakröfu sóknaraðila er þess krafist að varnaraðila verði gert að greiða skaðabótavexti, sbr. 1. mgr. 8. gr. laga nr. 38/2001 um vexti og verðtryggingu á grundvelli almennra reglna skaðabótaréttarins. Krafa sóknaraðila lýtur hins vegar að endurgreiðslu á ofgreiddu fé en ekki að skaðabótum. Er því fallist á með varnaraðila að 1. mgr. 8. gr. laga nr. 38/2001 geti ekki átt við um kröfu sóknaraðila. Telur því nefndin að hafna beri varakröfu sóknaraðila.

Ú r s k u r ð a r o r ð :

Kröfu sóknaraðila, M, á hendur varnaraðila, F, um endurgreiðslu vegna ofgreiðslu vaxta, er hafnað.

Reykjavík, 12. júní 2019.

Auður Inga Ingvarsdóttir

Geir Arnar Marelsson
Magnús Fannar Sigurhansson

Hildigunnur Hafsteinsdóttir
Unnur Erla Jónsdóttir

Ár 2019, miðvikudaginn 28. júní, er fundur haldinn í úrskurðarnefnd um viðskipti við fjármálafyrirtæki.

Mætt eru: Auður Inga Ingvarsdóttir, formaður, Geir Arnar Marelsson, Hildigunnur Hafsteinsdóttir, Unnur Erla Jónsdóttir og Magnús Fannar Sigurhansson.

Fyrir er tekið **mál nr. 2/2019**:

M
gegn
fjármálafyrirtækinu F

og kveðinn upp svohljóðandi

ú r s k u r ð u r :

I.

Málsmeðferð.

Málsaðilar eru M, hér eftir nefnd sóknaraðili, annars vegar og F, hér eftir nefndur varnaraðili, hins vegar.

Málið barst úrskurðarnefndinni 30. janúar 2019, með kvörtun sóknaraðila, dagsettri sama dag. Með tölvupósti nefndarinnar 31. janúar 2019 var kvörtunin send varnaraðila og honum gefinn kostur á að tjá sig um hana og skýra sjónarmið sín. Svör varnaraðila bárust með bréfi dags. 6. mars 2019. Bréfið var sent sóknaraðila með tölvupósti nefndarinnar 6. mars 2019 og henni gefinn kostur á að koma athugasemdum sínum á framfæri. Athugasemdir sóknaraðila bárust með bréfi 19. mars 2019 og 29. maí 2019.

Málið var tekið fyrir á fundum nefndarinnar 5. apríl og 3., 17. og 24. maí og 12. og 28. júní 2019.

II.

Málsatvik.

Dánarbú eiginmanns sóknaraðila, var tekið til opinberra skipta með úrskurði Héraðsdóms Suðurlands hinn 20. desember 2016. Meðal eigna dánarbúsins var fasteignin A. Voru á fasteigninni áhvílandi tryggingarbréf frá varnaraðila til tryggingar skuldum eiginmanns heitins. Við skiptin lýsti varnaraðili tveimur veðkröfum í búið er voru móttæknar og samþykktar án athugasemda af hálfu skiptastjóra hinn 17. febrúar 2017. Lýsti varnaraðili annars vegar kröfu A að fjárhæð 6.690.529 kr., er samanstóð af höfuðstól, innheimtubóknun auk kostnaðar við kröfulýsingu. Var í niðurlagi kröfulýsingarinnar þess óskað að framangreind fjárhæð ásamt áfallandi vöxtum og kostnaði fengist greidd af eignum dánarbúsins. Hins vegar lýsti varnaraðili kröfu B að fjárhæð 53.838 kr. Sú fjárhæð samanstóð einnig af höfuðstól, innheimtubóknun og kostnaði við kröfulýsingu og var þess óskað að hin tilgreinda fjárhæð, ásamt áfallandi vöxtum og kostnaði, fengist greidd af eignum búsins. Úthlutunargerð skiptastjóra lá fyrir hinn 15. janúar 2018 og var skiptafundur vegna búsins haldinn af hálfu skiptastjóra þann 13. febrúar 2018. Engar athugasemdir voru þar gerðar við fundarboðið né frumvarp til úthlutunar er byggði á samþykktum kröfulýsingum er borist höfðu skiptastjóra.

Samkvæmt samkomulagi við skiptastjóra keypti sóknaraðili eignarhlut dánarbúsins í fasteigninni X og var afsali þinglýst 20. apríl 2018. Var grundvöllur kaupanna staða áhvílandi lána sem varnaraðili hafði lýst í dánarbúið. Sóknaraðili setti í kjölfarið umrædda eign á sölu svo hægt væri að gera upp allar veðkröfur sem samþykktar höfðu verið af skiptastjóra. Við sölu eignarinnar hafði sóknaraðili samband við Motus þar sem hún óskaði eftir staðfestingu á að uppgjörsfjárhæð veðskulda væri sú sama og kæmi fram í frumvarpi skiptastjóra sem og hvort semja mætti um lægri kostnað. Motus hafnaði beiðni um lægri kostnað og kynnti einnig aðra stöðu og útreikning veðskulda en skiptastjóri hafði samþykkt. Í kjölfarið óskaði Motus eftir formlegu erindi frá sóknaraðila er sent var 30. júlí 2018 sem Motus svo hafnaði með öllu. Sóknaraðili greiddi í framhaldi þá fjárhæð sem Motus hafði krafist svo hægt væri að ganga frá sölu fasteignarinnar en var greiðslan innt af hendi með fyrirvara.

Hinn 17. desember 2018 gerði sóknaraðili kröfu um greiðslu úr hendi varnaraðila um mismun á fjárhæð lýstra veðkrafna í dánarbú eiginmanns og þeirrar fjárhæðar sem sóknaraðili greiddi Motus í þeim tilgangi að aflétta áhvílandi skuldum varnaraðila og selja umrædda fasteign. Þá gerði sóknaraðili einnig kröfu um greiðslu vegna aðstoðar lögmanns. Varnaraðili fól Lögheimtunni (Motus) að svara kröfu sóknaraðila og henni loks hafnað án rökstuðnings hinn 14. janúar 2019.

III.

Umkvörtunarefni.

Kröfur sóknaraðila eru þær að varnaraðila verði gert að greiða henni 1.527.048 kr. auk lögmannskostnaðar að fjárhæð 150.000 kr., eða samtals 1.677.048 kr. Þá krefst sóknaraðili einnig að varnaraðila verði gert að greiða henni kærumsáskostnað vegna meðferðar málsins fyrir úrskurðarnefnd um viðskipti við fjármálafyrirtæki.

Sóknaraðili segir að varnaraðili hafi hinn 14. febrúar 2017 lýst tveimur kröfum í dánarbú eiginmanns. Var annars vegar um að ræða kröfu B að upphæð 53.838 kr. (þar af 16.748 kr. í innheimtukostnað og kröfulýsingagjald að fjárhæð 7.440 kr) og hins vegar kröfu A að fjárhæð 6.690.529 kr. (þar af 285.097 kr. í innheimtukostnað auk 7.440 kr. í kröfulýsingagjald). Hafi í lok kröfulýsinganna komið fram að framangreindar fjárhæðir auk áfallandi vaxta og kostnaðar óskuðust greiddar af eignum dánarbúsins.

Sóknaraðili bendir á að samkvæmt útreikningum Motus hinn 20. júlí 2018 hafi fyrrnefndar kröfur numið annars vegar 62.698 kr. (þar af 6.019 kr. dráttarvextir og 18.497 kr. innheimtukostnaður) og hins vegar 8.022.783 kr. (þar af 1.301.404 kr. dráttarvextir, 306.885 kr. í innheimtupóknun, 14.880 kr. í kröfulýsingargjald og vextir af kostnaði 1.622 kr.). Telur varnaraðili hækkun þessa tilkomna vegna reiknaðra dráttarvaxta á kröfuna, aukins innheimtukostnaðar auk þess sem kröfulýsingagjald hafi verið tvöfaldað á aðra kröfuna. Segir sóknaraðili að samkvæmt fyrirmælum 2. mgr. 117. gr. laga nr. 21/1991 um gjaldprotaskipti o.fl. (gþl.), sbr. 1. mgr. 57. gr. laga nr. 2/1991 um skipti á dánarbúum, þurfi kröfugerð kröfulýsingar að vera með nánast sama hætti og í stefnu í einkamáli. Þurfi þannig kröfulýsing að vera skrifleg ásamt því að tekið sé fram í hvers þágu hún sé gerð svo ekki verði um villst. Þá skuli kröfur tiltekna svo skýrt sem verða megi, svo sem fjárhæð kröfu og vaxta og hvernar stöðu sé krafist að hún njóti í skuldaröð, ákvörðun á tilteknum réttindum á hendur þrotabúinu, greiðslu kostnaðar af innheimtu kröfunnar eða gæslu hagsmuna af henni, o.s.frv. Ennfremur skuli þar greina þær málsástæður sem kröfuhafi byggi rétt sinn á svo og önnur atvik. Þá vísar sóknaraðili til 3. mgr. 117. gr. gþl., sbr. 4. mgr. 57. gr. laga nr. 20/1991, er segi að þau gögn skuli fylgja kröfulýsingu sem kröfur séu studdar við. Að auki vísar sóknaraðili

til 6. mgr. 117. gr. gþl., sbr. 4. mgr. 57. gr. laga nr. 20/1991 þar sem fram kemur að kröfulýsingu fyrir skiptastjóra fylgi sömu áhrif og ef mál hefði verið höfðað um kröfuna á þeirri stundu sem hún berist honum.

Að mati sóknaraðila megi af ofangreindu leiða að þegar kröfuhafi lýsi kröfu í bú, hvort sem um sé að ræða þrotabú eða dánarbú, sé hann bundinn af kröfugerð kröfulýsingar sinnar líkt og í einkamáli. Sé varnaraðili því bundinn af kröfulýsingu sinni og þeirri fjárhæð er skiptastjóri samþykkti sem veðkröfu og féll undir tryggingarbréf áhvílandi á fasteigninni X. Telur sóknaraðili það því ekki geta staðist að varnaraðili geti síðar gert kröfu um dráttarvexti en slíkri kröfu hafi ekki verið haldið uppi gagnvart skiptastjóra dánarbúsins.

Þá telur sóknaraðili jafnframt kröfu um hækkun á innheimtukostnaði og gjöldum ásamt greiðslu dráttarvaxta, með þeim hætti sem krafist var við sölu fasteignarinnar, vanreifaða. Segir sóknaraðili að í kjölfar kaupa fasteignarinnar hafi hvorki skiptastjóra dánarbúsins né sóknaraðila verið tilkynnt að kröfur varnaraðila væru fallnar í gjalddaga.

Að lokum segir sóknaraðili að lýstar kröfur varnaraðila í dánarbú Kristjáns Jónssonar hafi numið samtals 6.744.367 kr. en að kröfu Motus hafi sóknaraðili þurft að greiða varnaraðila 8.271.415 kr. til að geta aflétt tryggingarbréfunum og selt fasteignina. Geri sóknaraðili því kröfu um greiðslu mismunar, það er 1.527.048 kr. ásamt lögmannskostnaði, eða samtals 1.677.048 kr., auk greiðslu kærumálskostnaðar fyrir nefndinni.

Í síðari athugasemdum hafnar sóknaraðili málflutningi varnaraðila og áréttar þau sjónarmið sín að varnaraðili sé bundinn af fjárhæð lýstra krafna í dánarbú eiginmanns. Þá kemur sóknaraðili því á framfæri að með samkomulagi við skiptastjóra dánarbúsins keypti sóknaraðili eignarhlut búsins í fasteigninni X og tók yfir áhvílandi skuldir eignarinnar. Segir sóknaraðili varnaraðila halda því fram, með vísan til 1. mgr. 99. gr. gþl., að með kaupunum hafi sóknaraðili einnig ábyrgst sjálfkrafa dráttarvexti af skuldinni frá úrskurðardegi, þ.e. 20. desember 2016. Hafnar sóknaraðili þeirri málsástæðu. Segir hann sig hafa keypt eignarhlutinn í góðri trú með samkomulagi við skiptastjóra sem fari með forræði yfir búinu. Hafi samkomulag þeirra miðað við frumvarp skiptastjóra enda hafi frumvarpið innihaldið fjárhæð þeirra krafna er varnaraðili hafi lýst. Telur sóknaraðili að gerðar séu ríkar kröfur til skýrleika kröfulýsinga og séu aðila bundnir af kröfugerð sinni líkt og í einkamáli, sbr. einkum 2. og 6. mgr. 117. gr. gþl. Leiði þetta, að mati sóknaraðila, til þess að varnaraðili sé bundinn af kröfulýsingu sinni og þeirri fjárhæð sem samþykkt var hjá skiptastjóra sem veðkrafa.

Þá telur sóknaraðili að krafa varnaraðila um hækkun á innheimtukostnaði og gjöldum ásamt kröfu um dráttarvexti, með þeim hætti sem krafist var þegar kom að sölu eignarinnar, standist ekki. Segir sóknaraðili að fyrir liggi að hvorki skiptastjóra dánarbúsins né sóknaraðila hafi verið tilkynnt að kröfur varnaraðila væru fallnar í gjalddaga né heldur að þær væru enn í innheimtu þrátt fyrir téð samkomulag við skiptastjóra um kaup á eignarhlut dánarbúsins í fasteigninni X. Sóknaraðili bendir á að varnaraðili sé fjármálafyrirtæki sem búi yfir mikilli sérþekkingu og mannafla. Séu af þeim sökum gerðar ríkar kröfur en ella um að tilkynnt sé að slíkar aðgerðir séu yfirstandandi.

Að lokum segir sóknaraðili að við kaupin á eignarhlut dánarbúsins í umræddri fasteign hafi hún gengist í ábyrgð á áhvílandi skuldum. Fari því um réttarvernd sóknaraðila samkvæmt lögum nr. 32/2009 um ábyrgðarmenn, sbr. 1. og 2. mgr. laganna. Sóknaraðili vísar til 1. mgr. 7. gr. laga nr. 32/2009 þar sem segi að lánveitandi skuli

senda ábyrgðarmanni skriflega tilkynningu svo fljótt sem kostur er um vanefndir lántaka sem og um andlát lántaka eða að bú hans hafi verið tekið til gjaldþrotaskipta. Þá verði ábyrgðarmaður ekki krafinn um greiðslur á dráttarvöxtum eða öðrum innheimtukostnaði lántaka sem fellur til eftir gjalddaga nema liðnar séu tvær vikur frá því að ábyrgðarmanni var sannanlega gefinn kostur á að greiða gjaldfallna afborgun, sbr. 3. mgr. 7. gr. laganna. Telur sóknaraðili því skriflega tilkynningu til ábyrgðarmanns, með nægilegum fyrirvara, forsendu þess að lánveitandi geti innheimt dráttarvexti og annan vanskilakostnað, sbr. einnig 1. mgr. 7. gr. laganna. Sóknaraðili segir sér ekki hafa verið send slík tilkynning og sé því ekki hægt að krefja hana sem ábyrgðarmann um greiðslu á dráttarvöxtum eða öðrum innheimtukostnaði lántaka sem til sé kominn eftir að krafan féll í gjalddaga.

IV.

Athugasemdir varnaraðila.

Varnaraðili krefst þess að kröfum sóknaraðila verði hafnað.

Varnaraðili segir að samkvæmt gögnum málsins hafi verið farið með búið eftir ákvæðum laga um gjaldþrotaskipti o.fl. nr. 21/1991. Sé heimild til slíkrar meðferðar að finna í 3. mgr. 62. gr. laga um skipti á dánarbúum o.fl. nr. 20/1991, enda hafi eignir búsins ekki nægt fyrir skuldum. Vísar varnaraðili til greinargerðar með frumvarpi til laga nr. 20/1991 sem staðfesti heimild þess þar sem fram komi að sé efnahagur dánarbús með þeim hætti að slá megi því föstu að eignir dugi ekki fyrir skuldum verði skiptastjóri að taka ákvörðun um að frekari framkvæmd skiptanna fari eftir lagareglum um gjaldþrotaskipti. Segir varnaraðili þetta eiga við þegar um ógjaldfær dánarbú sé að ræða en lagafyrirmælum gjaldþrotalaga sé einmitt ætlað að taka á búskiptum við slíkar aðstæður.

Þá bendir varnaraðili á að þar sem farið hafði verið með búið eftir ákvæðum laga um gjaldþrotaskipti hafi ákvæði þeirra laga átt við fullum fetum við skipti á búinu. Segir varnaraðili að samkvæmt 1. mgr. 99. gr. gþl. falli allar kröfur á hendur þrotabúi sjálfkrafa í gjalddaga við uppkvaðningu úrskurðar héraðsdómara um að búið sé tekið til skipta óháð því hvort um annað hafi verið samið áður. Hafi skuldir búsins því fallið í gjalddaga hinn 20. desember 2016 þegar kveðinn var upp úrskurður um að dánarbú eiginmanns skyldi tekið til opinberra skipta. Bendir varnaraðili á að frá og með þeirri stundu hafi skuldir dánarbúsins við varnaraðila borið dráttarvexti.

Varnaraðili vísar til þess að með kaupum sóknaraðila á eignarhlut búsins í fasteigninni X hafi sóknaraðili tekið yfir áhvílandi skuldir eignarinnar og gengist persónulega í ábyrgð fyrir þeim skuldum auk dráttarvaxta. Þá vekur varnaraðili athygli á að í erindi lögmanns sóknaraðila sé fullyrt að grundvöllur kaupanna hafi verið staða áhvílandi lána sem varnaraðili hafði lýst í dánarbúið. Hafi kaup sóknaraðila þar af leiðandi grundvallast á þeim fjárhæðum sem tilgreindar voru í kröfulýsingunum auk vaxta og kostnaðar af þeim fjárhæðum. Varnaraðili segir að svo virðist sem sóknaraðili hafi ekki áttað sig á að umræddar kröfur bæru dráttarvexti. Að mati varnaraðila hafi það þó ekki áhrif á tilvist dráttarvaxtanna.

Varnaraðili bendir að auki á að í 1. tl. 114. gr. gþl. komi fram að kröfur um vexti, gengismun og kostnað af innheimtutröfu sem hafi fallið til skv. 112. eða 113. gr. laganna, eftir að úrskurður hafi gengið um að bú sé tekið til skipta, standi að baki kröfum skv. 109.-113. gr. laganna. Taki ákvæðið þannig af öll tvímæli um að veðréttur eða tryggingarréttindi nái einnig til greiðslu vaxta og innheimtukostnaðar sem til falli eftir uppkvaðningu úrskurðar um skiptin. Sé því að mati varnaraðila ekki um eftirstæðar kröfur að ræða og njóti þannig krafa um vexti af veðkröfum skv. 111. gr. laganna veð-

eða tryggingarréttar líkt og höfuðstóll veðkröfunnar. Vísar varnaraðili jafnframt til þess að í kröfulýsingu varnaraðila hafi skýrt komið fram að kröfunum hafi verið lýst sem veðkröfum sem og áréttað að óskað væri greiðslu höfuðstóls auk áfallandi vaxta og kostnaðar.

Varnaraðili telur ennfremur að orðalag kröfulýsingarinnar skipti ekki öllu máli sökum sölu eignarinnar að nýju. Segir varnaraðili að í aðdraganda sölunnar hafi sóknaraðili haft samband við Motus varðandi upplýsingar um stöðu krafanna og hafi hann verið upplýstur um stöðu þeirra að teknu tilliti til dráttarvaxta. Ekki hafi þannig komið til álita að miða við þá fjárhæð sem tiltekin var í frumvarpi skiptastjóra. Segir varnaraðili að viðkomandi kröfur hafi borið dráttarvexti frá úrskurðardegi og hafi Motus því upplýst um raunverulega stöðu skuldarinnar sem sóknaraðili hafði yfirtekið.

Með hliðsjón af ákvæði 1. mgr. 99. gr. gþl. telur varnaraðili að ekki geti verið um neina aðra vexti að ræða en dráttarvexti af skuldum dánarbúsins eftir úrskurðardag, enda gjaldfalli skuldirnar við það tímamark. Segir varnaraðili að með kaupum sóknaraðila á eignarhluta dánarbúsins í umræddri fasteign hafi sóknaraðili tekið yfir skuldir dánarbúsins og gengist í ábyrgð fyrir greiðslu áhvílandi veðkrafna þar með talið dráttarvöxtum af kröfunum.

Að mati varnaraðila hafi efni kröfulýsinga hans verið í fullu samræmi við 1. mgr. 57. gr. laga nr. 20/1991, sbr. einnig 2. mgr. 117. gr. gþl. Segir varnaraðili kröfur sínar skýrt tilgreindar sem og hafi verið tekið fram hvaða stöðu væri krafist, þ.e. stöðu veðkrafna með tilheyrandi réttaráhrifum. Þá hafnar varnaraðili með öllu fullyrðingum sóknaraðila um að kröfur varnaraðila séu vanreifaðar og með vísan til framangreinds standi engin efni til að taka kröfu sóknaraðila til greina.

Hvað varðar kröfu sóknaraðila um greiðslu lögmanns- og kærumálskostnaðar fyrir nefndinni bendir varnaraðili á að slíkar kröfur séu í eðli sínu málskostnaðarkröfur. Að mati varnaraðila verði þessum kröfulið hvergi fundin stoð, hvorki í samþykktum úrskurðarnefndar né öðrum samningum sem varnaraðili kann að hafa undirgengist. Vísar varnaraðili í því sambandi til úrskurðar úrskurðarnefndar um fjármálafyrirtæki í máli nr. 39/2014.

V.

Niðurstaða

Ágreiningur málsaðila lýtur að innheimtu dráttarvaxta auk innheimtu- og kröfulýsingarkostnaðar vegna uppgjörðs veðskulda er hvíldu á eigninni X. Krefst sóknaraðili þess að varnaraðila verði gert að greiða sér 1.527.048 kr. ásamt lögmannskostnaði, eða samtals 1.677.048 kr., auk greiðslu kærumálskostnaðar fyrir nefndinni.

Dánarbú eiginmanns var tekið til opinberra skipta hinn 20. desember 2016 og fór um skiptin samkvæmt lögum um gjaldþrotaskipti o.fl. nr. 21/1991. Samkvæmt fyrirætlum 2 mgr. 117. gr. gþl., sbr. 1. mgr. 57. gr. laga nr. 20/1991 skal kröfulýsing vera skrifleg og kröfur tilteknar svo skýrt sem verða má, svo sem hvað varðar fjárhæð kröfu og vaxta í krónum, hverrar stöðu hún njóti í skuldaröð, greiðslu kostnaðar af innheimtu kröfunnar, eða gæslu hagsmuna af henni. Af málgögnum verður ráðið að varnaraðili lýsti kröfum sínum innan tilskilins frests sem og samþykkti skiptastjóri kröfunar athugasemdalaust. Í kröfulýsingu varnaraðila kom meðal annars fram fjárhæð kröfunnar sundurliðuð og að um væri að ræða veðkröfur samkvæmt 111. gr. gþl. Þá sagði einnig í niðurlagi kröfulýsingarinnar eftirfarandi: „*Framangreind fjárhæð ásamt áfallandi vöxtum og kostnaði óskast greidd af eignum dánarbúsins til skrifstofu minnar, í samræmi við úthlutun úr búinu og lýsta rétt hæð kröfunnar.*“ Í 2. mgr. 57. gr. kemur

fram að þau gögn skulu fylgja kröfulýsingu sem kröfur eru studdar við. Í 4. mgr. 57. gr. kemur fram að kröfulýsingu fyrir skiptastjóra fylgja sömu áhrif og ef mál hefði verið höfðað um kröfuna á þeirri stund sem hún berst honum. Af þessu leiðir að þegar kröfuhafi lýsir kröfu í bú, hvort sem það er í þrotabú eða í dánarbú, er hann bundinn af kröfugerð kröfulýsingar sinnar líkt og í einkamáli.

Deilt er um hvort varnaraðila hafi verið heimilt að reikna dráttarvexti og frekari innheimtukostnað á kröfu sína. Í kröfulýsingu er fjárhæð kröfu lýst en ekki fjárhæð vaxta í krónum líkt og áskilnaður er um í 1. mgr. 57. gr. laga nr. 20/1991. Með kröfulýsingu fylgdu ekki gögn er sýna fjárhæð vaxta.

Kröfu sóknaraðila er samkvæmt kröfulýsingu lýst sem kröfu samkvæmt 111 gr. laga nr. 21/1991 sem veðkröfu, en í 1. mgr. 111. gr. segir: *Næstar kröfum skv. 109. og 110. gr. ganga kröfur sem njóta veðréttar eða annarra tryggingarréttinda í eign þrotabúsins að því leyti sem þeim verður fullnægt af andvirði eignarinnar og arði eða öðrum tekjum sem þrotabúið hefur fengið greitt af henni.* “Í 1. tl. 1. mgr. 114. gr. laga nr. 21/1991 segir: *Að baki öllum kröfum skv. 109.–113. gr. koma eftirtaldar kröfur í þeirri röð sem hér segir: 1. kröfur um vexti, verðbætur, gengismun og kostnað af innheimtu kröfu skv. 112. eða 113. gr. sem hafa fallið til eftir að úrskurður gekk um að búið sé tekið til gjaldþrotaskipta.*

Líkt og fram kemur í 57. gr. laga nr. 20/1991 fylgja sömu áhrif af kröfulýsingu fyrir skiptastjóra og mál hefði verið höfðað um kröfuna á þeirri stundu sem hún berst honum. Samkvæmt ákvæðinu bar varnaraðila að lýsa kröfum um vexti í krónum í kröfulýsingu. Varnaraðili var því bundinn af kröfugerð kröfulýsingar sinnar líkt og í einkamáli og þeirri fjárhæð sem samþykkt var hjá skiptastjóra sem veðkrafa og féll undir áhvilandi tryggingarbréf. Samkvæmt gögnum málsins var kröfu um dráttarvexti ekki lýst í krónum í kröfulýsingu varnaraðila h. 17. febrúar 2017 en varnaraðila hefði verið í lófa lagið að tilgreina dráttarvexti í krónum vegna þess tímabils er leið frá því skuldin féll í gjalddaga og þar til að kröfu var lýst fyrir skiptastjóra. Nefndin telur því að varnaraðila sé óheimilt að innheimta dráttarvexti fyrir það tímabil frá því að skuldin féll í gjalddaga hinn 20. desember 2016 þegar úrskurður héraðsdóms um opinber skipti var kveðinn upp og þar til kröfu sóknaraðila var lýst í búið hinn 17. febrúar 2017.

Sóknaraðili vísar til þess að hvorki henni né skiptastjóra hafi verið tilkynnt um að kröfur varnaraðila væru fallnar í gjalddaga og að þær væru enn í innheimtu þrátt fyrir samkomulag skiptastjóra og sóknaraðila um kaup á eignarhlut dánarbúsins í fasteigninni að Réttarholti 5. Í 1. mgr. 99. gr. gpl. er kveðið á um að allar kröfur á hendur þrotabúi falli sjálfkrafa í gjalddaga við uppkvaðningu úrskurðar héraðsdómara um að búið sé tekið til gjaldþrotaskipta án tillits til þess sem áður hafði verið umsamið eða ákveðið með öðrum hætti. Mætti því ætla að skiptastjóra ætti í það minnsta að hafa verið ljóst að kröfur varnaraðila hafi fallið í gjalddaga hinn 20. desember 2016 er héraðsdómari kvað á um að búið væri tekið til skipta og hafa það í huga er samkomulag var gert við sóknaraðila varðandi kaup á eignarhlut dánarbúsins.

Hvað varðar sjónarmið sóknaraðila um að við kaup sóknaraðila á eignarhlut dánarbúsins í eigninni X hafi sóknaraðili öðlast stöðu ábyrgðaraðila samkvæmt lögum nr. 32/2009 um ábyrgðarmenn og fari því um réttarvernd sóknaraðila samkvæmt lögum nr. 32/2009 um ábyrgðarmenn, sbr. 1. og 2. mgr. laganna telur nefndin ljóst að með kaupum sóknaraðila á eignarhluta dánarbúsins í fasteigninni X hafi sóknaraðili persónulega tekið yfir áhvilandi skuldir á fasteigninni og þar með ábyrgð á greiðslu áhvilandi veðkrafa, þar með talið dráttarvexti af kröfunum. Lög um ábyrgðarmenn eiga við um ábyrgð á skuldum þriðja aðila og eiga því ekki við hér.

Hvað varðar fjárhæð innheimtuþóknunar telur nefndin að hún hafi ekki samkvæmt samþykktum sínum lögsögu yfir því að meta réttmæti hennar og vísast til þess að bera megi ágreining þar að lútandi undir úrskurðarnefnd lögmanna.

Hvað varðar kröfu sóknaraðila um greiðslu málskostnaðar auk kærúmálskostnaðar fyrir nefndinni hefur nefndin samkvæmt samþykktum úrskurðarnefndar um viðskipti við fjármálafyrirtæki enga heimild til að ákvarða sóknaraðila málskostnað í málinu. Verður kröfu hans um greiðslu málskostnaðar þar af leiðandi vísað frá, sbr. t.d. úrskurði nefndarinnar í málum nr. 105/2013 og 44/2016.

Ú r s k u r ð a r o r ð:

Kröfum sóknaraðila, M, á hendur varnaraðila, F, um endurgreiðslu að fjárhæð 1.527.048 kr. er hafnað. Varnaraðila ber þó að endurgreiða sóknaraðila dráttarvexti vegna tímabilsins frá 20. desember 2016 til 17. febrúar 2017.

Kröfu sóknaraðila um greiðslu málskostnaðar úr hendi varnaraðila er vísað frá.

Reykjavík, 28. júní 2019.

Auður Inga Ingvarsdóttir

Geir Arnar Marelsson
Magnús Fannar Sigurhansson

Hildigunnur Hafsteinsdóttir
Unnur Erla Jónsdóttir

Ár 2019, miðvikudaginn 28. júní, er fundur haldinn í úrskurðarnefnd um viðskipti við fjármálafyrirtæki.

Mætt eru: Auður Inga Ingvarsdóttir, formaður, Geir Arnar Marelsson, Hildigunnur Hafsteinsdóttir, Unnur Erla Jónsdóttir og Magnús Fannar Sigurhansson.

Fyrir er tekið **mál nr. 3/2019**:

M
gegn
fjármálafyrirtækinu F

og kveðinn upp svohljóðandi

ú r s k u r ð u r :

I.

Málsmeðferð.

Málsaðilar eru M, hér eftir nefndur sóknaraðili, annars vegar og F, hér eftir nefndur varnaraðili, hins vegar.

Málið barst úrskurðarnefndinni dags. 31. janúar 2019 með kvörtun sóknaraðila, dags. 30. janúar 2019. Með tölvupósti nefndarinnar 2. febrúar 2019 var kvörtunin send varnaraðila og honum gefinn kostur á að tjá sig um hana og skýra sjónarmið sín. Svör varnaraðila bárust með bréfi dags. 6. mars 2019. Bréfið var sent sóknaraðila í tölvupósti 6. mars 2019 og honum gefinn kostur á að koma athugasemdum sínum á framfæri. Athugasemdir sóknaraðila bárust 7. maí 2019 með bréfi dags. 3. maí 2019.

Málið var tekið fyrir á fundi nefndarinnar dags. 24. maí 2019

II.

Málsatvik

Hinn 20. júní 2018 ákvað stjórn sóknaraðila á fundi sínum að nýta ákvæði b-liðar 25. gr. laga M og leggja niður MM deild, þar sem deildin hafði ekki haldið aðalfund sl. tvö ár og ekki skilað framkvæmdaáætlun, ársskýrslu eða ársreikningi eins og lög félagsins kveða á um. Í undirritaðri staðfestingu á ákvörðum stjórnar sóknaraðila frá 2. nóvember 2018 var fyrrgreind ákvörðun stjórnar staðfest. Í sömu ákvörðun kom fram að M taki yfir rekstur og eignir deildarinnar, þ.m.t. aðgang að bankareikningum. Í ákvörðuninni var X, fjármálastjóra M, að endingu veitt umboð til að fá netbankaaðgang hjá varnaraðila og prókúru (úttektarheimild) sem náði yfir alla bankareikninga MM deildar. Þá falli niður allar eldri heimildir til úttektar og netbankaaðgangs deildarinnar. Með tölvupósti varnaraðila dags. 14. nóvember 2018 var synjað ósk sóknaraðila um breytingu á prókúru reikninga og aðgang að netbanka. Varnaraðili vísaði til þess að ákvörðun stjórnar sóknaraðila hefði ekki verið endanlega staðfest af hálfu aðalfundar sóknaraðila líkt og áskilið væri í ákvæðum laga og reglna sóknaraðila. Þá hefði MM deildin ekki verið afmáð úr fyrirtækjaskrá ríkisskattstjóra þar sem deildin væri skráð með eigin kennitölu og teldist því sjálfstæð lögpersóna. Þar sem MM deildin hefði ekki verið lögð niður með lögmatum hætti væri ókleift að veita umboð á reikninga deildarinnar nema að samþykki deildarstjórnar kæmi til.

Með bréfi 3. janúar 2019 hafnaði varnaraðili því að innlánsreikningar MM deildar væru eign sóknaraðila og gæti hann því ekki veitt sóknaraðila aðgang að þeim. Hefði sóknaraðili auk þess ekki heimild til þess að breyta prókúru á reikningum MM

deildar. Í bréfinu kom einnig fram að sóknaraðili hefði ekki lagt fram fundargerð aðalfundar sóknaraðila um endanlega ákvörðun um að MM deildin hefði verið lögð niður og því gæti varnaraðili ekki fallist á kröfu sóknaraðila.

III.

Umkvörtunarefni

Sóknaraðili krefst þess að stjórn M og fjármálastjóra X, í umboði stjórnar, verði heimilaður aðgangur að reikningum og prókúra á öllum reikningum fyrrum MM deildar í útibúum varnaraðila. Jafnframt að viðurkennt verði að allar fyrri heimildir á reikningum MM deildar falli niður.

Sóknaraðili vísar til þess að innan M séu starfandi 42 deildir víðs vegar um landið. Því fari það fjarri að allar þessar deildir séu þar sem sjálfstæðir lögaðilar. Í svari varnaraðila er vísað til 1. tl. 4. gr. laga og reglna M þar sem segi að meginstoðir M séu annars vegar deildir og stjórnir þeirra og hins vegar aðalfundur félagsins, stjórn og landsskrifstofa. Sóknaraðili telur illskiljanlegt hvernig fyrrgreind tilvísun í ákvæði M hafi verið notuð til að rökstyðja niðurstöðu um að MM deild sé þar með sjálfstætt félag, þegar í greininni sé sérstaklega tekið fram að deildirnar séu stoðir innan sóknaraðila en ekki sjálfstæð félög. Vísar sóknaraðili til þess að rétt sé að deildirnar stjórni sjálfar sínum fjármálum samkvæmt lögum og reglum M, en fjármál þeirra lúti endurskoðun og staðfestingu stjórnar og geti stjórn m.a. stöðvað fjárveitingar til deildar. Slíkt væri ekki mögulegt ef deildir væru sjálfstæð félög og lögaðilar.

Sóknaraðili vísar til þess að félagsgjöld séu innheimt af sóknaraðila í nafni félagsins og á kennitölu þess en ekki deilda. Félagsmenn greiði því félagsgjöld til sóknaraðila þó að þeir starfi í tilteknum deildum félagsins. Félagsgjöld séu því ekki sjálfsaflafé. Rúmlega 90% af tekjum MM deildar komi frá sóknaraðila.

Sóknaraðili vísar til þess að í svarerindi varnaraðila sé vitnað til þess að í dómi Héraðsdóms Reykjavíkur frá 16. janúar 2007 hafi aðild MMM deild verið viðurkennd og deildin sjálf dæmd til að greiða fjárkröfu stefnanda. Engar upplýsingar liggi fyrir um forsögu fyrrgreinds máls. Vísar sóknaraðili til þess að núgildandi lög um M séu nýrri en tilvitnaður dómur og núgildandi lög og reglur M séu einnig nýrri, eða frá árinu 2016. Tilvitnaður dómur hafi því fallið í fyrir gildistöku núgildandi réttarheimilda. Sóknaraðili vísar til þess að samkvæmt 3. mgr. 2. gr. laga nr. 115/2014 um M skuli sá sæta sektum eða fangelsi sem notar nafn eða merki M án heimildar til auðkenningar á starfsemi, þjónustu eða vöru eða í öðrum sambærilegum tilgangi. Af framangreindu ákvæði sé því ljóst að það sé aðeins til eitt sjálfstætt félag á Íslandi með nafnið M. Sóknaraðili lítur svo á að félagið sé ábyrgt fyrir skuldum deilda komi til þess að eignir deildanna dugi ekki til fullnustu krafna. Deildin verði þannig ein og sér t.d. ekki gerð gjaldþrota. Deildirnar séu hluti af innra skipulagi Men ekki sjálfstæð félög.

Sóknaraðili vísar einnig til þess að varnaraðili, í erindi sínu frá 3. janúar 2019, horfi alveg framhjá 2. tl. 25. gr. M., þar sem kveðið sé á um að stjórn geti lagt niður deild til bráðabirgða ef hún starfar andstætt grundvallarsjónarmiðum hreyfingarinnar, lögum eða stefnu M. Stjórn sé einnig heimilt að leggja niður deild hafi hún ekki haldið aðalfund í tvö ár og ekki skilað framkvæmdaáætlun, ársskýrslu eða ársreikningi. Sóknaraðili telur því ljóst að MM deildin hafi verið lögð niður til bráðabirgða samkvæmt 2. tl. 25. gr. M, sbr. ákvörðun stjórnar frá 2. nóvember 2018. Sú heimild væri tilgangslaus ef stjórn sóknaraðila væri ekki heimilt að grípa til nauðsynlegra aðgerða eftir að stjórn hefur tekið ákvörðun, fyrr en að lokinni staðfestingu aðalfundar sem er aðeins haldinn annað hvert ár, sbr. 7. gr. M Vísar sóknaraðili til þess að fyrrgreind heimild í 25. gr. M sé sett í lög félagsins til að stjórn geti brugðist við

aðstæðum og gert nauðsynlegar ráðstafanir milli aðalfunda, s.s. taka yfir prókúru reikninga eða grípa inn í fjármál deilda ef þær uppfylla ekki skilyrði M

Í viðbótarathugasemdum hafnar sóknaraðili þeirri túlkun sem varnaraðili leggur í ákvæði 25. gr. M

Sóknaraðili vísar til þess að varnaraðili hafi í athugasemdum sínum m.a. litið framhjá ákvæði 4. mgr. 20. gr. M sem kveður á um að stjórnarmenn deilda séu aðeins kjörnir til tveggja ára og þeirri staðreynd að enginn aðalfundur hafi verið haldinn hjá deildinni árið 2018. Vísar sóknaraðili til þess að umboð stjórnar MM deildar hafi verið bundið við kjörtímabil hennar. Sóknaraðili vísar til þess að afturköllun á umboði stjórnar og gjaldkera hafi verið send til varnaraðila.

IV.

Athugasemdir varnaraðila

Varnaraðili krefst þess að kröfum sóknaraðila verði hafnað.

Varnaraðili ítrekar þau sjónarmið sem fram komu í fyrrgreindu tölvubræfi dags. 14. nóvember 2018 og bréfi dags. 3. janúar 2019. Að mati varnaraðila er ljóst að MM deildin sé sjálfstæður lögaðili. Vísar varnaraðili til þess að allar þær deildir sem skráðar eru undir sóknaraðila séu sjálfstæðir lögaðilar undir nafni M í fyrirtækjaskrá ríkisskattstjóra. Hver deild sé með sína kennitölu og tilgreinda starfsemi ásamt því að vera skráð sem félagasamtök. Þar af deila lögaðilarnir M og MMM deildar sama heimilisfangi og má ráða af því fyrirkomulagi að MMM deildar sé ætlað tiltekið sjálfstæði. Varnaraðili vísar til dóms Héraðsdóms Reykjavíkur í máli nr. E-4021/2006 þar sem hvorki aðildarhæfi né rétt hæfi MMM deildar voru dregin í efa af hálfu dómsins.

Varnaraðili vísar til þess að það sé meginregla félagaréttar að almenn félög eða félagasamtök verði lögaðilar þegar þau hafa verið stofnuð og er skráning þeirra í fyrirtækjaskrá ríkisskattstjóra samkvæmt lögum nr. 17/2003 um fyrirtækjaskrá ekki skilyrði fyrir rétt hæfi þeirra. Hins vegar hafi 43 félög verið skráð hjá fyrirtækjaskrá ríkisskattstjóra, hvert og eitt sem sjálfstætt félag, og telur varnaraðili þá skráningu gefa sterka vísbendingu um stjórnskipulag M.

Varnaraðili vísar til þess að af dómaframkvæmd sé ljóst að við mat á því hvort almennt félag teljist aðildarhæft hafi verið gerðar lágmarkskröfur til forms og skipulags félaganna, sbr. t.d. dóm Hæstaréttar í máli nr. 339/1999 þar sem deilt var um aðildarhæfi tiltekinnar stofnunar. Komst Hæstiréttur að þeirri niðurstöðu að ekki væri hægt að leggja mat á hvort stofnunin væri persóna að lögum, sem gæti sjálfstætt átt aðild að dómsmáli, sbr. 1. mgr. 16. gr. laga nr. 91/1991 um meðferð einkamála, þar sem ekkert lægi fyrir um stofnun hennar, skipulag, starfsemi eða fjárhagslega ábyrgð. Þurfi lögaðili því að búa yfir slíkum einkennum til þess að fallast megi á að hann njóti aðildarhæfis skv. 1. mgr. 16. gr. laga nr. 91/1991 um meðferð einkamála.

Varnaraðili telur MM deildina skýrlega búa yfir framangreindum einkennum. Þannig sé mælt fyrir um það í 4. gr. laga og reglna M að félagar séu skráðir í einstakar deildir M, en ekki M. Félagar taki þannig þátt í starfsemi deildanna auk þess sem þeir kjósi á fundum sinnar deildar. Þá geti félagar tekið við ábyrgðarstörfum innan viðkomandi deildar og sé valinn fulltrúi frá hverri deild til að sækja aðalfund M. Einnig komi skýrlega fram í 1. tl. 4. gr. M að meginstoðir M séu annars vegar deildirnar og hins vegar aðalfundur félagsins, stjórn og landsskrifstofa.

Varnaraðili vísar til þess að í 7. tl. 7. gr. M segi að stjórn taki ákvörðun um skiptingu tekna milli verkefna og deilda og samkvæmt 12. gr. M renni árgjöld óskipt til einstakra deilda en ekki til landsskrifstofu eða aðalstjórnar. Þá geti stjórn stöðvað greiðslur til deilda að uppfylltum ákveðnum skilyrðum sbr. 6. tl. 12. gr. M Sé því ljóst

að hverri og einni deild beri að viðhafa tiltekna starfsemi. Þetta sjaist einnig skýrt af skráningu deildanna í fyrirtækjaskrá ríkisskattstjóra þar sem hver deild er flokkuð eftir atvinnugreinaflokkun ÍSAT. Þá komi fram í bréfi lögmanns sóknaraðila til varnaraðila dags. 28. nóvember 2018, í kaflanum „Forsagan“ að MM deild hafi ekki starfað með eðlilegum hætti síðustu árin. Deildin hafi almennt ekki sinnt skyldum sínum samkvæmt lögum og reglum M en deildin hafi m.a. það hlutverk að sinna mikilvægu starfi á sínu starfssvæði. Í sama bréfi, í kaflanum „Um tekjur og innistæður MM deildar“, hafi verið tekið fram að MM deildin hafi ekki haft reglulega starfsemi undanfarin ár. Til að mynda hafi ekki átt sér stað fjáröflun um nokkra hríð. Varnaraðili telur allt framangreint styðja við þá fullyrðingu að MM deildin sé bæði háð skipulagi og hafi með höndum tiltekna starfsemi.

Varnaraðili vísar til þess að eftir standi þá hvort MM deildin beri einhverja fjárhagslega ábyrgð. Vísar varnaraðili til þess að í 15. gr. M komi fram að hver deild útbúi sinn ársreikning sem hún sendir til stjórnar og sé ársreikningur M gerður upp sem samstæðureikningur. Hafi það raunar verið ákvörðunarástæða fyrir upprunalegri ákvörðun stjórnar sóknaraðila frá 20. júní 2018 sem staðfest var með bréfi, dags. 2. nóvember 2018, að MM deildin hafi m.a. hvorki skilað framkvæmdaáætlun, ársskýrslu né ársreikningi líkt og deildinni ber að gera. Þá komi einnig fram í sömu ákvörðun að sóknaraðili taki yfir rekstur og eignir deildarinnar. Varnaraðili telur því ekki einungis ljóst að MM deildin beri fjárhagslega ábyrgð heldur geri stjórn sóknaraðila einnig beinlínis ráð fyrir því.

Vísar varnaraðili til þess að félagar í hverri deild kjósa stjórn hennar á aðalfundi og stjórnin skipar gjaldkera deildarinnar, sbr. 15. gr. M. Sé því ljóst að fjárhagur hverrar deildar er aðskilinn fjárhag landsstjórnar M. Í þessu sambandi vísar varnaraðili til 20. gr., sbr. 21. gr. M sem og áður nefndan dóm Héraðsdóms Reykjavíkur í máli nr. E-4021/2006. Stefnandi málsins hafði áður starfað hjá M en síðar meir hjá MMM deild og hafði gert sjálfstæðan ráðningarsamning við sitt hvorn aðilann vegna þessa. Þá þáði stefnandi málsins laun frá stefnda, MMM deild, og var það sú tiltekna deild en ekki M sem var dæmd til greiðslu gagnvart stefnanda. Varnaraðili telur því að fjárhagsleg ábyrgð deildanna sé ljós, sbr. einnig áður nefndan dóm Hæstaréttar í máli nr. 339/1999.

Varnaraðili vísar til þess að ekki sé að sjá að neitt ljái þeirri fullyrðingu sóknaraðila vægi að dómur Héraðsdóms Reykjavíkur sé þýðingarlitill þar sem hann hafi verið kveðinn upp áður en lög og reglur M frá árinu 2016 og lög nr. 115/2014 um M tóku gildi. Varnaraðili telur að tilvist þeirra lagabálka hefði litlu breytt um efnislegt innihald dómsins enda mæli hvorugur bálkurinn fyrir um að deild M þurfi samþykki landsskrifstofu til þess að geta átt aðild að dómsmáli líkt og byggt sé á í kvörtun sóknaraðila. Þvert á móti njóti deildirnar slíks sjálfstæðis að aðildarhæfi þeirra, sem og rétt hæfi, hafi ekki verið dregið í efa þegar á hefur reynt fyrir dómstólum eða stjórnvöldum. Þá njóti deildir M nægilegs sjálfstæðis til þess að eiga viðamiklar eignir og hefur t.a.m. einkahlutafélag Y á tilteknum tímamarki verið í eigu MMM deildar, sbr. ákvörðun Samkeppniseftirlitsins nr. 6/2008.

Af því sem rakið hefur verið telur varnaraðili ljóst að uppfylltur sé, í tilviki MM deildar, áskilnaður 1. mgr. 16. gr. laga nr. 91/1991 um meðferð einkamála, þ.e. að um ræði lögaðila sem geti átt réttindi og borið skyldur að landslögum. Ákvæði 16.-25. gr. M styðja þá fullyrðingu. Þá hafi MM deildin stofnað innlánsreikninga hjá varnaraðila og hafi gjaldkeri deildarinnar umráð þeirra en stjórn deildarinnar ein heimild til þess að breyta prókúru á reikningunum. Slíka heimild hafi sóknaraðili ekki en í ljósi alls framangreinds ítrekar varnaraðili að því sjónarmiði er hafnað að innlánsreikningar MM deildar séu eign sóknaraðila.

Varnaraðili vísar til þess að í fylgibréfi lögmanns sóknaraðila með kvörtun hans til úrskurðarnefndarinnar sé því haldið fram að varnaraðili hafi litið framhjá 2. tl. 25. gr. M Tilgangur þess liðar sé rakinn en á endanum komist að þeirri niðurstöðu að deild MM hafi verið lögð niður og bíði sú ákvörðun stjórnar staðfestingar næsta aðalfundar eða synjunar ef ekki fáist samþykki 2/3 hluta atkvæða. Varnaraðili fær ekki séð hvernig þessi röksemd sé nokkuð frábrugðin þeirri sem varnaraðili sjálfur byggði höfnun sína á með bréfi, dags. 3. janúar 2019. Þannig hafi komið skýrlega fram í bréfinu að stjórn geti lagt niður deild til bráðabirgða en hins vegar sé slík ákvörðun ekki endanleg fyrr en hún hafi verið lögð fyrir aðalfund félagsins.

Varnaraðili vísar því til þess að hann hafi ekki litið framhjá áðurnefndum 2. tl. 25. gr., heldur vísað beinlínis til efnis hans, en með þeim eðlilega skilningi, að til þess að til varanlegrar niðurfellingar deildar geti komið, og þar með réttaráhrifa 5. tl. sama ákvæðis um yfirtöku sóknaraðila á eignum hinnar niðurfelldu deildar, þurfi samþykki aðalfundar í samræmi við 1. tl. ákvæðisins að liggja fyrir. Heimildarákvæði 2. tl. breyti þannig ekki áskilnaði 1. tl. um samþykki aðalfundar til þess að yfirtaka eigna geti átt sér stað skv. 5. tl. 25. gr. laganna. Annar skilningur er að mati varnaraðila fjarstæðukenndur enda mæli ákvæði 5. tl. 25. gr. ekki fyrir um réttaráhrif í kjölfar þess að deild hafi verið felld niður til bráðabirgða, heldur um tilvik þar sem deild hefur verið lögð niður endanlega í samræmi við 1. tl. ákvæðisins.

Varnaraðili vísar til þess að í lögum og reglum M komi fram tilvísun í sjö grundvallarhugsjónir M, sbr. 5. tl. 1. gr. laganna. Ein þeirra hugsjóna er „eining“ og er mælt fyrir um að í hverju landi megi aðeins vera eitt „landsfélag“ M. Að mati varnaraðila er skýrt að þessi takmörkun mælir eingöngu fyrir um hversu mörg heildarsamtök megi starfa í tilteknu landi sem komi fram í fyrrsvari gagnvart alþjóðasamstarfi M. Hins vegar sé ekki á neinn hátt takmörkuð heimild M til þess að mynda sjálfstæða lögaðila utan um svæðisskipta starfsemi líkt og M virðist hafa tileinkað sér í framkvæmd.

Varnaraðili hafnar því að þær viðbótarupplýsingar sem bárust með bréfi dags. 26. febrúar 2019 um lögmati stjórnar MM deildar, hafi þýðingu í málinu. Í almennum viðskiptaskilmálum varnaraðila komi skýrlega fram í ákvæði „3.6 Umboð“ að viðskiptavinur beri ábyrgð á því að tilkynna varnaraðila um allar breytingar á umboði. Sé umboð ekki tímabundið falli það niður gagnvart varnaraðila við afturköllun viðskiptavinar á umboði. Afturköllun umboðs þurfi almennt að vera skrifleg og taki gildi við móttöku af hálfu varnaraðila. Eldri umboð haldi gildi sínu þrátt fyrir skráningu nýrra umboða nema þau séu felld niður sérstaklega. Í skilmálunum komi einnig fram að þrátt fyrir að viðskiptavinur hafi afturkallað umboð beri viðskiptavinur ábyrgð á þeim greiðslum sem umboðshafi framkvæmi þar til viðskiptavinur hefur tilkynnt varnaraðila um afturköllun með sannanlegum hætti sem varnaraðili hafi mótttekið. Sama eigi við um önnur viðskipti sem umboðshafi framkvæmi í nafni viðskiptavinar. Ákvæði skilmála þessara gildi um aðgang að reikningnum og netbanka MM deildar og skipti því ekki máli þó að sú stjórn sem þar sitji sé ekki lengur löglega kjörin. Umboðið eða prókúran haldi gildi sínu þar til það hafi verið afturkallað eða felld úr gildi með öðrum hætti af þar til bærum aðila.

Að lokum áréttar varnaraðili höfnun sína á því sjónarmiði sóknaraðila að varnaraðili kunni að vera bótaskyldur vegna fjárhæða sem hafi verið millifærðar af reikningum MM frá því að varnaraðili hafi synjað stjórn sóknaraðila um aðgang að reikningum deildarinnar. Vísar varnaraðili til þess að það er prókúruhafi einn sem ber ábyrgð á slíkum millifærslum af reikningum deildarinnar. Er í því samhengi einnig

vísað til 6. tl. 12. gr. M þar sem fram komi að stjórn geti stöðvað greiðslur til deilda og þannig komið í veg fyrir að tjón verði.

V.

Niðurstaða

Ágreiningur aðila lýtur annars vegar að því hvort sóknaraðili eigi rétt á aðgangi og prókúru að öllum reikningum MM deildar í útibúum varnaraðila og hins vegar að því hvort viðurkenna beri að allar fyrri heimildir á reikningum MM deildar falli niður. Sóknaraðili byggir kröfu sína m.a. á því að MM deildin hafi verið lögð niður með ákvörðun stjórnar dags. 2. nóvember 2018. Forsenda þess að deild innan M verði lögð niður er að aðalfundur hafi samþykkt það með 2/3 atkvæða á aðalfundi sem hið minnsta 2/3 félaga í deildinni sækja, sbr. 1.tl. 25. gr. laga og reglna M. Í 2. tl. 25. gr. M er kveðið á um heimild stjórnar til þess að leggja deild niður til bráðabirgða að nánar tilgreindum skilyrðum uppfylltum. Þegar deild hefur verið lögð niður renna eignir, verkefni o.þ.h. til M, sbr. 5. tl. 25. gr. M. Ljóst er af gögnum málsins að MM deildin var aðeins lögð niður til bráðabirgða með ákvörðun stjórnar sóknaraðila dags. 2. nóvember 2018. Ekki verður séð að ákvörðun um að leggja niður greinda deild hafi verið samþykkt á aðalfundi félagsins. MM deildin hefur því ekki verið lögð niður. Eignir deildarinnar hafa þ.a.l. ekki runnið til sóknaraðila.

Engu máli skiptir í þessum efnum hvort MM deildin teljist til sjálfstæðs lögaðila eða ekki enda er í M skýrt kveðið á um hvernig atvikum skuli háttað í tengslum við að deild innan M sé lögð niður.

Að því sögðu telur nefndin að hafna beri kröfum sóknaraðila.

Ú r s k u r ð a r o r ð :

Kröfu sóknaraðila, M, á hendur varnaraðila, F, er hafnað.

Reykjavík, 28. júní 2019.

Auður Inga Ingvarsdóttir

Geir Arnar Marelsson
Magnús Fannar Sigurhansson

Hildigunnur Hafsteinsdóttir
Unnur Erla Jónsdóttir

Ár 2019, föstudaginn 3. maí, er fundur haldinn í úrskurðarnefnd um viðskipti við fjármálafyrirtæki.

Mætt eru: Auður Inga Ingvarsdóttir, formaður, Geir Arnar Marelsson, Hildigunnur Hafsteinsdóttir, Magnús Fannar Sigurhansson og Unnur Erla Jónsdóttir.

Fyrir er tekið **mál nr. 4/2019**:

M
gegn
fjármálafyrirtækinu F

og kveðinn upp svohljóðandi

ú r s k u r ð u r :

I.

Málsmeðferð.

Málsaðilar eru M, hér eftir nefndur sóknaraðili, annars vegar og F, hér eftir nefndur varnaraðili, hins vegar.

Málið barst úrskurðarnefndinni 19. febrúar 2019, með kvörtun sóknaraðila, dags. sama dag. Með tölvupósti nefndarinnar 6. febrúar 2019 var kvörtunin send varnaraðila og honum gefinn kostur á að tjá sig um hana og skýra sjónarmið sín. Athugasemdir varnaraðila bárust með tölvupósti 15. mars 2019, sem voru áframsendar sóknaraðila með tölvupósti nefndarinnar 22. mars 2019.

Málið var tekið fyrir á fundi nefndarinnar 3. maí 2019.

II.

Málsatvik.

Sóknaraðili hafði stofnað reikning, nr. X, hjá varnaraðila. Árið 2016 var reikningnum lokað af hálfu varnaraðila án vitundar sóknaraðila. Sóknaraðili leitaði sátta vegna málsins en þeim var hafnað af hálfu varnaraðila í maí 2018.

III.

Umkvörtunarefni.

Skilja má kröfu sóknaraðila sem svo að hann krefjist þess að varnaraðili verði beittur stjórnvaldssektum sökum þess að hann lokaði reikningi sóknaraðila hjá varnaraðila, nr. X, fyrirvaralaust og án hans vitundar. Þá virðist sóknaraðili einnig óska þess að reikningurinn verði opnaðar að nýju og að varnaraðili greiði húsaleigu sóknaraðila þar til málið verði leitt til lykta.

Sóknaraðili kvartar undan viðskiptaháttum varnaraðila er hann lokaði reikningi hans hjá varnaraðila fyrirvaralaust og án hans vitundar. Sóknaraðili segir varnaraðila ekki hafa reiknað útvexti við hver mánaðarmót en hann hafi fengið yfirdrátt árið 2013 sem hafi verið í skilum. Þá segir sóknaraðili einnig að varnaraðili hafi í tvígang tekið fé af reikningi hans. Hafi hann í kjölfarið leitað til Persónuverndar en hann hafi lent í miklum erfiðleikum vegna málsins.

IV.

Athugasemdir varnaraðila.

Varnaraðili krefst þess að kröfu sóknaraðila verði vísað frá.

Vísar varnaraðili til 6. gr. samþykktu fyrir úrskurðarnefnd um viðskipti við fjármálafyrirtæki þar sem kveðið sé á um hvers konar mál nefndin fjalli ekki um. Bendir varnaraðili á að samkvæmt e-lið 6. gr. fjalli nefndin ekki um mál sem séu það óljós, illa upplýst eða kröfur aðila svo óskýrar að þau sé ekki tæk til úrskurðar. Varnaraðili segir sóknaraðila hvorki gera kröfur í málinu né rökstyðja mál sitt. Sé málið af þeim þeim sökum óljóst og illa upplýst og telur varnaraðili málatilbúnað sóknaraðila svo óljósan að honum sé ómögulegt að taka til varna. Þá sé engin krafa gerð í málinu sem leiði til þess að úrskurðarnefndin geti ekki orðað niðurstöðu sína í samræmi við kröfugerð sóknaraðila. Með vísan til e-liðar 6. gr. samþykktu fyrir úrskurðarnefndina telur varnaraðili því að vísa beri málinu frá.

V.

Niðurstaða.

Ágreiningur málsaðila lýtur að lokun reiknings sóknaraðila hjá varnaraðila.

Undir liðnum „kröfur“ á kvörtunareyðublaði óskar sóknaraðili eftir því að tekið verði á máli hans og að varnaraðili verði beittur stjórnvaldssektum. Í rökstuðningi með kvörtuninni segir sóknaraðili einnig að hann telji varnaraðila eiga að greiða mánaðarlega húsaleigu sóknaraðila þar til lausn fáið í málinu eða útvega honum annað húsnaði.

Í 6. gr. samþykktu nefndarinnar er kveðið á um hvers konar mál nefndin fjalli ekki um. Er þar í e-lið vísað til mála sem eru það óljós, illa upplýst eða kröfur aðila svo óskýrar að þau séu ekki tæk til úrskurðar. Telja verður kröfugerð sóknaraðila óskýra að því leyti að ekki hefur verið gerð grein fyrir því hver grundvöllur kröfugerðar sóknaraðila sé né verður talið ljóst hverjar kröfur hans séu. Þá hafa engin gögn verið lögð fram í málinu er varpi ljósi á málsatvik eða annað. Sóknaraðili virðist gera kröfu um að varnaraðili verði beittur stjórnvaldssekt. Úrskurðarnefndin hefur engar heimildir til að leggja stjórnvaldssektir á einstaklinga eða lögaðila, er slíkt einungis á færi stjórnvalda. Svo hægt sé að taka afstöðu til kröfu sóknaraðila telur nefndin því nauðsynlegt að fá í hendur skýra kröfugerð þar sem tiltekið er hvers er krafist sem og rökstuðning fyrir grundvelli kröfugerðar.

Ú r s k u r ð a r o r ð:

Kröfu sóknaraðila, M, á hendur varnaraðila, F, er vísað frá.

Reykjavík, 3. maí 2019.

Auður Inga Ingvarsdóttir

Geir Arnar Marelsson
Magnús Fannar Sigurhansson

Hildigunnur Hafsteinsdóttir
Unnur Erla Jónsdóttir

Ár 2019, miðvikudaginn 28. júní, er fundur haldinn í úrskurðarnefnd um viðskipti við fjármálafyrirtæki.

Mætt eru: Auður Inga Ingvarsdóttir, formaður, Geir Arnar Marelsson, Hildigunnur Hafsteinsdóttir, Unnur Erla Jónsdóttir og Magnús Fannar Sigurhansson.

Fyrir er tekið **mál nr. 5/2019**:

**M1 og M2
gegn
fjármálafyrirtækinu F**

og kveðinn upp svohljóðandi

ú r s k u r ð u r:

I.

Málsmeðferð

Málsaðilar eru M1 og M2, hér eftir nefnd sóknaraðilar, annars vegar og F, hér eftir nefndur varnaraðili, hins vegar.

Málið barst úrskurðarnefndinni 4. mars 2019, með kvörtun sóknaraðila, dags. 1. mars 2019. Með tölvupósti nefndarinnar 15. mars 2019, var kvörtunin send varnaraðila og honum gefinn kostur á að tjá sig um hana og skýra sjónarmið sín. Svör varnaraðila bárust með bréfi dags. 15. maí 2019. Bréfið var sent sóknaraðila með tölvupósti nefndarinnar 17. maí 2019 og honum gefinn kostur á að koma athugasemdum sínum á framfæri. Athugasemdir sóknaraðila bárust með bréfi dags. 6. júní 2019.

Málið var tekið fyrir á fundi nefndarinnar dags. 28. júní 2019.

II.

Málsatvik

Þann 21. júlí 2008 fékk sóknaraðili M1 yfirdráttarheimild að fjárhæð 4.000.000 kr. á tékkareikning sinn nr. X í útibúi varnaraðila. Heimildin var hækkuð og framlengd í nokkur skipti til 1. júní 2010 þegar hún féll niður. Reikningnum var lokað í kjölfarið og skuldin send í lögfræðinnheimtu. Staða skuldarinnar nam þá 8.299.720 kr.

Hinn 25. nóvember 2008 fékk sóknaraðili M2 yfirdráttarheimild að fjárhæð 1.500.000 kr. á tékkareikning sinn nr. Y í útibúi varnaraðila. Heimildin var hækkuð og framlengd í nokkur skipti til 5. febrúar 2010 þegar hún féll niður. Reikningnum var lokað í kjölfarið og skuldin send í lögfræðinnheimtu. Staða skuldarinnar nam þá 4.656.428 kr.

Þann 25. október 2010 lögðu sóknaraðilar inn umsókn um samning um greiðsluaðlögun hjá umboðsmanni skuldara og var hún samþykkt 8. febrúar 2011. Með kröfulýsingum dags. 17. mars 2011, lýsti varnaraðili kröfum sínum á hendur sóknaraðilum vegna sammingsumleitana þeirra til greiðsluaðlögunar. Þar af nam krafa vegna yfirdráttar á tékkareikningi sóknaraðila M1 nr. X 9.535.486 kr. og krafa vegna yfirdráttar á tékkareikningi sóknaraðila M2 nr. Y 5.380.335 kr. Embætti umboðsmanns skuldara felldi niður greiðsluaðlögunarumleitanir sóknaraðila og var ákvörðunin kærð til kærufndar greiðsluaðlögunarmála sem staðfesti ákvörðun embættisins með úrskurði sínum þann 4. júní 2015.

Í kjölfar þess að varnaraðili stefndi sóknaraðila M1 til greiðslu skuldarinnar í mars 2016 óskuðu sóknaraðilar eftir samningum við varnaraðila til uppgjors á skuldunum. Gerði varnaraðili þá kröfu að sóknaraðilar greiddu 122.500 kr. í fjóra

mánuði til varnaraðila til þess að sýna greiðsluvilja áður en uppgjörssamkomulag yrði undirritað. Réttarsátt var gerð í dómsmálinu þessa efnis þann 26. október 2018. Þegar sóknaraðilar höfðu staðið við framangreindar greiðslur var samkomulag um uppgjör á umræddum skuldum þeirra undirritað þann 15. mars 2017. Nam staða skuldanna þá samtals 29.989.564 kr. Samkvæmt efni samkomulagsins gáfu sóknaraðilar út tvö skuldabréf samtals að fjárhæð 10.500.000 kr. til 7 ára verðtryggð, með vöxtum samkvæmt kjörvaxtaflokki 3 og jöfnum greiðslum. Andvirði skuldabréfanna var ráðstafað til uppgreiðslu á fyrrgreindum skuldum sóknaraðila og eftirstöðvar þeirra, að fjárhæð 19.489.564 kr. afskrifaðar.

Vegna vanskila á greiðslum á nýju skuldabréfunum og greiðsluerfiðleika óskuðu sóknaraðilar í nóvember 2018 eftir því að gera upp umrædd skuldabréf með eingreiðslu að fjárhæð 4.437.285 kr. gegn því að eftirstöðvarnar yrði niðurfelldar. Varnaraðili hafnaði framangreindri tillögu þeirra sem nam um 40% greiðslu upp í kröfur varnaraðila. Þess í stað bauð varnaraðili þeim að gegn eingreiðslu að fjárhæð 8.000.000 kr. yrðu skuldirnar felldar niður og teknar af kröfuvakt, án þess þó að fjármagna greiðsluna. Tilboð varnaraðila gildi til 11. mars 2019. Sóknaraðilar tóku ekki tilboði varnaraðila og lögðu fram kvörtun til úrskurðarnefndar.

III.

Umkvörtunarefni

Sóknaraðilar krefjast þess að varnaraðili falli frá kröfu sinni á hendur þeim um eingreiðslu að fjárhæð 8.000.000 kr. og semji við þau samkvæmt loforði sem þeim hafi verið gefið árið 2007.

Sóknaraðilar byggja á því að í gildi sé samningur milli sóknaraðila og þáverandi útibússtjóra útibús varnaraðila frá árinu 2007 þess efnis að yfirdrætti á tékkareikningi þeirra yrði breytt í langtímalán til 20 ára með veði í fasteign þeirra að framkvæmdum loknum.

Í viðbótarathugasemdum vísa sóknaraðilar til þess að þáverandi bankastjóri útibús varnaraðila hafi alfarið átt hugmyndina að fyrrgreindum samningi. Bankastjórinn hafi því alfarið borið ábyrgð á því að kanna greiðslubyrði þeirra.

Sóknaraðilar hafna þeirri athugasemd varnaraðila um að þau hafi ekki borið fyrir sig fyrrgreindan samning áður. Vísa sóknaraðilar til þess að með tölvupósti dags. 10. mars 2009 hafi þáverandi bankastjóri samþykkt að ganga frá láninu líkt og samið hafði verið um. Hins vegar hafi aldrei verið gengið frá láninu.

Sóknaraðilar vísa til þess að ekkert greiðslumat hafi farið fram þegar varnaraðili gerði samkomulag við þau þann 15. mars 2017.

Sóknaraðilar vísa til þess að þau hafi í tölvupóstsamskiptum sínum á árunum 2017 til 2018 margoft nefnt fyrrgreindan samningi þeirra við þáverandi bankastjóra.

IV.

Athugasemdir varnaraðila

Varnaraðili krefst þess að kröfu sóknaraðila verði hafnað.

Varnaraðili byggir á því að sóknaraðilar beri sönnunarbyrðina fyrir staðhæfingu þeirra um að í gildi sé samningur milli þeirra og varnaraðila. Varnaraðili mótmælir þeirri staðhæfingu sóknaraðila sem rangri og ósannaðri. Engin gögn í fótum varnaraðila styðji umræddar fullyrðingar sóknaraðila. Þá bendir varnaraðili á að við gerð réttarsáttar haustið 2016 og í tengslum við undirritun á uppgjörssamkomulaginu í mars 2017 hafi sóknaraðilar aldrei minnst á meint loforð þáverandi útibússtjóra varnaraðila eða gert kröfur á hendur varnaraðila á þeim grundvelli. Þvert á móti hafi sóknaraðilar gert

réttarsátt við varnaraðila og undirritað uppgjörssamkomulag án nokkurs fyrirvara og telur varnaraðili að með því hafi komist á bindandi samkomulag um uppgjör skuldanna sem mál þetta á rætur sínar að rekja til sem sóknaraðilum beri að efna. Varnaraðili vísar til að þess að hafi sóknaraðilar einhvern tímann átt þann rétt sem þau staðhæfa að þau eigi er ljóst að þau hafa glatað honum með áralöngu tómlæti um rétt sinn með vísan til framangreinds.

Varnaraðili byggir á því að úrskurðarnefnd um viðskipti við fjármálafyrirtæki hafi engar heimildir til þess að þvinga fjármálafyrirtæki til samningsgerðar við viðskiptavin líkt og krafist sé enda stríði það gegn meginreglu samningaréttar um samningsfrelsi. Hafi nefndin þannig hvorki heimild til þess að þvinga varnaraðila til að veita tiltekna lánaþingreiðslu með tilteknum hætti eða taka tilteknu boði viðskiptavinar um uppgjör skulda, þvert á innri reglur varnaraðila og lög og reglur er varða heilbrigða viðskiptahætti og áhættustýringu fjármálafyrirtækja. Vísar varnaraðili til þess að nefndin geti eingöngu úrskurðað um að varnaraðila beri að efna gerða samninga. Framangreindu til stuðnings vísar varnaraðili til úrskurða úrskurðarnefndar um viðskipti við fjármálafyrirtæki í málum nr. 68/2013, 11/2014, 37/2014, 37/2014, 58/2014 og 27/2016.

V.

Niðurstaða

Ágreiningur aðila lýtur að því hvort að varnaraðili eigi að falla frá kröfu sinni á hendur sóknaraðila og semja við þau samkvæmt loforði frá árinu 2007.

Sóknaraðilar byggja á því að gerður hafi verið samningur við þáverandi útibússtjóra í útibúi varnaraðila þess efnis að yfirdrætti á tékkareikningum þeirra yrði breytt í langtímalán til 20 ára með veði í fasteign þeirra að framkvæmdum lokum. Samkvæmt meginreglum samningaréttar hvílir sönnunarbyrði á þeim sem heldur því fram að samningur hafi komist á. Bera sóknaraðilar því sönnunarbyrði fyrir því að samningur hafi komist á milli aðila um fyrrgreindar breytingar á yfirdrætti á tékkareikningum þeirra. Sóknaraðilar hafa ekki lagt fram nein haldbær sönnunargögn um það að komist hafi á samningur milli þeirra og varnaraðila. Er því fallist á með varnaraðila að sóknaraðilar hafi ekki sýnt fram á að samningur hafi stofnast milli aðila um tiltekið atriði.

Kröfu sóknaraðila um að varnaraðila verði gert að falla frá kröfu sinni og semja við þau í samræmi við tiltekin kjör er hafnað. Úrskurðarnefnd um viðskipti við fjármálafyrirtæki hefur engar lagaheimildir til þess að knýja fjármálafyrirtæki til samningsgerðar við viðskiptavinina sína. Að því sögðu telur nefndin að hafna beri kröfu sóknaraðila.

Úrskurðarorð:

Kröfu sóknaraðila, M1 og M2, á hendur varnaraðila, F, er hafnað.

Reykjavík, 28. júní 2019.

Auður Inga Ingvarsdóttir

Geir Arnar Marelsson
Magnús Fannar Sigurhansson

Hildigunnur Hafsteinsdóttir
Unnur Erla Jónsdóttir

Ár 2019, föstudaginn 6. september, er fundur haldinn í úrskurðarnefnd um viðskipti við fjármálafyrirtæki.

Mætt eru: Auður Inga Ingvarsdóttir, formaður, Geir Arnar Marelsson, Hildigunnur Hafsteinsdóttir, Erla Arnardóttir og Magnús Fannar Sigurhansson.

Fyrir er tekin **endurupptaka máls nr. 5/2019:**

**M1 og M2
gegn
fjármálafyrirtækinu F**

og kveðinn upp svohljóðandi

ú r s k u r ð u r :

I.

Málsmeðferð

Málsaðilar eru M1 og M2, hér eftir nefnd sóknaraðilar, annars vegar og F, hér eftir nefndur varnaraðili, hins vegar.

Málið barst úrskurðarnefndinni 4. mars 2019, með kvörtun sóknaraðila, dags. 1. mars 2019. Með tölvupósti nefndarinnar, dags. 15. mars 2019, var kvörtunin send varnaraðila og honum gefinn kostur á að tjá sig um hana og skýra sjónarmið sín. Svör varnaraðila bárust með tölvupósti 15. maí 2019. Bréfið var sent sóknaraðila með tölvupósti nefndarinnar hinn 17. maí 2019 og honum gefinn kostur á að koma athugasemdum sínum á framfæri. Athugasemdir sóknaraðila bárust með bréfi hinn 6. júní 2019.

Með úrskurði, dags. 28. júní 2019, var kröfu sóknaraðila hafnað. Sóknaraðili fór fram á endurupptöku málsins með tölvupósti, dags. 4. júlí 2019. Með tölvupósti, dags. 7. júlí 2019, var kvörtunin send varnaraðila og honum gefinn kostur á að koma á framfæri athugasemdum sínum. Athugasemdir varnaraðila bárust með bréfi, dags. 18. júlí 2019. Bréfi var sent sóknaraðila með tölvupósti nefndarinnar samdægurs og honum gefinn kostur á að koma athugasemdum sínum á framfæri. Athugasemdir sóknaraðila bárust 28. ágúst 2019 með tölvupósti.

Endurupptökubeiðnin var tekin fyrir á fundi nefndarinnar 6. september 2019.

II.

Málsatvik

Þann 21. júlí 2008 fékk sóknaraðili M1 yfirdráttarheimild að fjárhæð 4.000.000 kr. á tékkareikning sinn nr. X í útibúi varnaraðila. Heimildin var hækkuð og framlengd í nokkur skipti til 1. júní 2010 þegar hún féll niður. Reikningnum var lokað í kjölfarið og skuldin send í lögfræðiinnheimtu. Staða skuldarinnar nam þá 8.299.720 kr.

Hinn 25. nóvember 2008 fékk sóknaraðili M2 yfirdráttarheimild að fjárhæð 1.500.000 kr. á tékkareikning sinn nr. Y í útibúi varnaraðila. Heimildin var hækkuð og framlengd í nokkur skipti til 5. febrúar 2010 þegar hún féll niður. Reikningnum var lokað í kjölfarið og skuldin send í lögfræðiinnheimtu. Staða skuldarinnar nam þá 4.656.428 kr.

Þann 25. október 2010 lögðu sóknaraðilar sameiginlega inn umsókn um samning um greiðsluaðlögun hjá umboðsmanni skuldara og var hún samþykkt þann 8. febrúar 2011. Með kröfulýsingum, dags. 17. mars 2011, lýsti varnaraðili kröfum sínum

á hendur sóknaraðilum vegna samningsumleitana þeirra til greiðsluaðlögunar. Þar af nam krafa vegna yfirdráttar á fyrrgreindum tékkareikningi sóknaraðila M1 9.535.486 kr. og krafa vegna yfirdráttar á fyrrgreindum tékkareikningi sóknaraðila M2 5.380.335 kr. Embætti umboðsmanns skuldara felldi niður greiðsluaðlögunarumleitunir sóknaraðila og var ákvörðunin kærð til kærunefndar greiðsluaðlögunarmála sem staðfesti ákvörðun embættisins með úrskurði sínum þann 4. júní 2015.

Í kjölfar þess að varnaraðili stefndi sóknaraðila M1 til greiðslu skuldarinnar í mars 2016 óskuðu sóknaraðilar eftir samningum við varnaraðila til uppgjors á skuldunum. Gerði varnaraðili þá kröfu að sóknaraðilar greiddu 122.500 kr. í fjóra mánuði til varnaraðila til þess að sýna greiðsluvilja áður en uppgjörssamkomulag yrði undirritað. Aðilar gerðu réttarsátt þessa efnis þann 26. október 2018. Þegar sóknaraðilar höfðu staðið við framangreindar greiðslur var samkomulag um uppgjör á umræddum skuldum þeirra undirritað þann 15. mars 2017. Nam staða skuldanna þá samtals 29.989.564 kr. Samkvæmt efni samkomulagsins gáfu sóknaraðilar út tvö skuldabréf samtals að fjárhæð 10.500.000 kr. til 7 ára bundin vísitölu neysluverðs til verðtryggingar, með vöxtum samkvæmt kjörvaxtaflokki 3 og jöfnum greiðslum. Andvirði skuldabréfanna var ráðstafað til uppgreiðslu á fyrrgreindum skuldum sóknaraðila og eftirstöðvar þeirra, að fjárhæð 19.489.564 kr., voru felldar niður.

Hin nýju skuldabréf féllu aftur í vanskil og vegna greiðsluerfiðleika óskuðu sóknaraðilar eftir því í nóvember 2018 að gera upp umrædd skuldabréf með eingreiðslu að fjárhæð 4.437.285 kr. gegn því að eftirstöðvarnar yrði niðurfelldar. Varnaraðili hafnaði framangreindri tillögu þeirra sem nam um 40% greiðslu upp í kröfur varnaraðila. Þess í stað bauð varnaraðili þeim að gegn eingreiðslu að fjárhæð 8.000.000 kr. yrðu skuldirnar felldar niður og teknar af kröfuvakt, án þess þó að fjármagna greiðsluna. Tilboð varnaraðila gildi til 11. mars 2019. Sóknaraðilar tóku ekki tilboði varnaraðila og lögðu fram kvörtun til úrskurðarnefndar um viðskipti við fjármálafyrirtæki.

Í úrskurði nefndarinnar nr. 5/2019, dags. 28. júní 2019, var kröfu sóknaraðila hafnað á þeim grundvelli að annars vegar hafi sóknaraðilar ekki lagt fram nein haldbær sönnunargögn um það að komist hafi samningur milli þeirra og varnaraðila, og að hins vegar hafi nefndin engar lagaheimildir til þess að knýja fjármálafyrirtæki til samningsgerðar við viðskiptavini sína.

Með erindi dags. 4. júlí 2019 var, af hálfu sóknaraðila, gerð sú krafa að úrskurðarnefnd um viðskipti við fjármálafyrirtæki tæki upp að nýju mál nefndarinnar nr. 5/2019. Í erindinu er því haldið fram að ekkert tillit hafi verið tekið til kjarna málsins, sem er, að mati sóknaraðila, að varnaraðili hafi staðið bak við yfirdrætti sóknaraðila, átt hugmyndina, og lofað að breyta þeim í langtímalán, sem hann hafi svikið.

Með tölvupósti, dags. 7. júlí 2019, var kvörtunin send varnaraðila og honum gefinn kostur á að koma á framfæri athugasemdum sínum. Athugasemdir varnaraðila bárust með bréfi, dags. 18. júlí 2019.

III.

Umkvörtunarefni

Sóknaraðilar krefjast þess að úrskurður nefndarinnar nr. 5/2019, dags. 28. júní 2019, verði endurskoðaður.

Í úrskurði nefndarinnar nr. 5/2019 kröfðust sóknaraðilar þess að varnaraðili félli frá kröfu sinni á hendur þeim um eingreiðslu að fjárhæð 8.000.000 kr. og semji við þau samkvæmt loforði sem þeim hafi verið gefið árið 2007.

Sóknaraðilar byggja á því að í gildi sé samningur milli sóknaraðila og þáverandi útibússtjóra útibús varnaraðila frá árinu 2007 þess efnis að yfirdrætti á tékkareikningi þeirra yrði breytt í langtímalán til 20 ára með veði í fasteign þeirra að framkvæmdum loknum.

Í viðbótarathugasemdum vísa sóknaraðilar til þess að þáverandi bankastjóri útibús varnaraðila hafi alfarið átt hugmyndina að fyrrgreindum samningi. Bankastjórinn hafi því borið ábyrgð á því að kanna greiðslubyrði þeirra.

Sóknaraðilar hafna þeirri athugasemd varnaraðila að þau hafi ekki borið fyrir sig fyrrgreindan samning áður. Vísa sóknaraðilar til þess að með tölvupósti, dags. 10. mars 2009, hafi þáverandi bankastjóri samþykkt að ganga frá láninu líkt og samið hafði verið um. Hins vegar hafi aldrei verið gengið frá láninu.

Sóknaraðilar vísa til þess að ekkert greiðslumat hafi farið fram þegar varnaraðili gerði samkomulag við þau þann 15. mars 2017.

Sóknaraðilar vísa til þess að þau hafi í tölvupóstsamskiptum sínum á árunum 2017 til 2018 margoft nefnt fyrrgreindan samning þeirra við þáverandi bankastjóra. Í fyrnefndri beiðni um endurupptöku vísar sóknaraðili til þriggja meðfylgjandi tölvupósta til sönnunar á tilvist ofangreinds samkomulags.

IV.

Athugasemdir varnaraðila

Varnaraðili krefst þess að kröfu sóknaraðila verði hafnað.

Varnaraðili byggir á því að sóknaraðilar beri sönnunarbyrðina fyrir staðhæfingu þeirra um að í gildi sé samningur milli þeirra og varnaraðila. Varnaraðili mótmælir þeirri staðhæfingu sóknaraðila sem rangri og ósannaðri. Engin gögn varnaraðila í máli nefndarinnar nr. 5/2019 eða í endurupptökubeiðni þessari styðji umræddar fullyrðingar sóknaraðila. Þá bendir varnaraðili á að við gerð réttarsáttar haustið 2016 sem og í tengslum við undirritun á uppgjörssamkomulaginu í mars 2017 hafi sóknaraðilar aldrei minnst á meint loforð þáverandi útibússtjóra varnaraðila eða gert kröfur á hendur varnaraðila á þeim grundvelli. Þvert á móti hafi sóknaraðilar gert réttarsátt við varnaraðila og undirritað uppgjörssamkomulag án nokkurs fyrirvara og telur varnaraðili að með því hafi komist á bindandi samkomulag um uppgjör skuldanna sem mál þetta á rætur sínar að rekja til sem sóknaraðilum beri að efna. Varnaraðili vísar til þess að hafi sóknaraðilar einhvern tímann átt þann rétt sem þau staðhæfa að þau eigi sé ljóst að þau hafi glatað honum með áralöngu tómlæti um rétt sinn með vísan til framangreinds.

Varnaraðili byggir á því að úrskurðarnefnd um viðskipti við fjármálafyrirtæki hafi engar heimildir til þess að þvinga fjármálafyrirtæki til samningsgerðar við viðskiptavin líkt og krafist sé enda stríði það gegn meginreglu samningaréttar um samningsfrelsi. Hafi nefndin þannig hvorki heimild til þess að þvinga varnaraðila til að veita tiltekna lánaþingreiðslu með tilteknum hætti eða til að taka tilteknu boði viðskiptavinar um uppgjör skulda, þvert á innri reglur varnaraðila og lög og reglur er varða heilbrigða viðskiptahætti og áhættustýringu fjármálafyrirtækja. Vísar varnaraðili til þess að nefndin geti eingöngu úrskurðað um að varnaraðila beri að efna gerða samninga. Framangreindu til stuðnings vísar varnaraðili til úrskurða úrskurðarnefndar um viðskipti við fjármálafyrirtæki í málum nr. 68/2013, 11/2014, 37/2014, 37/2014, 58/2014 og 27/2016.

V.

Niðurstaða

Ágreiningur aðila lýtur að því hvort að endurupptaka skuli mál nefndarinnar nr. 5/2019 frá 28. júní 2019.

Sóknaraðilar byggja á því að ekkert tillit hafi verið tekið til kjarna málsins, sem er, að mati sóknaraðila, að varnaraðili hafi staðið bak við yfirdrætti sóknaraðila, átt hugmyndina, og lofað að breyta þeim í langtímalán, sem hann hafi svikið. Þessari staðhæfingu til stuðnings vísa sóknaraðilar til þriggja tölvupósta sem fylgdu erindi þeirra. Ekki fæst séð að þau gögn sem lögð voru fram með endurupptökubeiðninni séu þess eðlis að hefðu þau legið fyrir við uppkvaðningu máls nefndarinnar nr. 5/2019 frá 28. júní 2019 gætu þau hafa leitt til annarrar niðurstöðu, sbr. 13. gr. samþykktta fyrir úrskurðarnefndar um viðskipti við fjármálafyrirtæki frá 8. júní 2000, sbr. og 24. gr. stjórnslulaga nr. 37/1993.

Að öllu framangreindu virtu verður ekki fallist á kröfu sóknaraðila.

Ú r s k u r ð a r o r ð :

Kröfu sóknaraðila, M1 og M2, um endurupptöku máls nr. 5/2019, er hafnað.

Reykjavík, 6. september 2019.

Auður Inga Ingvarsdóttir

Geir Arnar Marelsson
Magnús Fannar Sigurhansson

Hildigunnur Hafsteinsdóttir
Erla Arnardóttir

Ár 2019, miðvikudaginn 28. júní, er fundur haldinn í úrskurðarnefnd um viðskipti við fjármálafyrirtæki.

Mætt eru: Auður Inga Ingvarsdóttir, formaður, Geir Arnar Marelsson, Hildigunnur Hafsteinsdóttir, Unnur Erla Jónsdóttir og Magnús Fannar Sigurhansson.

Fyrir er tekið **mál nr. 6/2019**:

M
gegn
fjármálafyrirtækinu F

og kveðinn upp svohljóðandi

ú r s k u r ð u r:

I.

Málsmeðferð

Málsaðilar eru M, hér eftir nefndur sóknaraðili, annars vegar og F, hér eftir nefndur varnaraðili, hins vegar.

Málið barst úrskurðarnefndinni. 8 mars 2019, með kvörtun sóknaraðila dags sama dag. Með tölvupósti nefndarinnar 15 mars 2019, var kvörtunin send varnaraðila og honum gefinn kostur á að tjá sig um hana og skýra sjónarmið sín. Svör varnaraðila bárust með bréfi dags. 16. apríl 2019. Bréfið var sent sóknaraðila með tölvupósti nefndarinnar 16. apríl 2019 og honum gefinn kostur á að koma athugasemdum sínum á framfæri. Athugasemdir sóknaraðila bárust með bréfi dags. 4. maí 2019.

Málið var tekið fyrir á fundi nefndarinnar dags. 12. og 28. júní 2019

II.

Málsatvik.

Þann 16. apríl 2007 gerðu sóknaraðili sem leigutaki og X sem leigusali með sér bílasamning í formi kaupleigusamnings um bifreiðina A. Samningurinn var gerður í tveimur eintökum, þ.e. einu fyrir leigusala og öðru fyrir leigutaka. Á árinu 2011 tók varnaraðili við öllum réttindum og skyldum X.

Með bréfi dags. 16. júlí 2014, tilkynnti varnaraðili sóknaraðila um leiðréttan endurútreikning á umræddu bílaláni með hliðsjón af dómum Hæstaréttar í málum nr. 600/2011, 464/2012 og 50/2013. Nam staða lánsins eftir leiðréttingu 1.371.697 kr. Í kjölfarið, eða hinn 6. ágúst 2014, gerðu aðilar með sér nýjan bílasamning í formi kaupleigusamnings um sömu bifreið til uppgreiðslu á eldri samningnum. Gerði sóknaraðili upp bílasamninginn hinn 18. maí 2019 og fékk í kjölfarið send gögn frá varnaraðila varðandi eigendaskipti og afsal í bréfpósti til að afhenda Samgöngustofu til skráningar. Í kjölfarið óskaði sóknaraðili eftir frumriti beggja bílasamninganna. Frumrit bílasamnings, dags. 16. apríl 2007, fannst ekki hjá varnaraðila, heldur eingöngu afrit hans auk frumrita af viðaukum við hann, dags. 16. júní 2009 og 2. febrúar 2010.

III.

Umkvörtunarefni

Sóknaraðili óskar eftir áliti úrskurðarnefndar um viðskipti við fjármálafyrirtæki á því hvort að það sé löglegt að varnaraðili geti ekki framvísað frumriti bílasamnings við gerð nýs lánasamnings.

Í viðbótarathugasemdum vísar sóknaraðili til þess að það sé brot á stjórnarskrá lýðveldisins Íslands nr. 33/1944 að breyta skilmálum afturvirkkt til óhagræðis fyrir skuldara. Slíkt sé jafnframt brot á lögum nr. 48/2003 um neytendakaup. Útreikningar varnaraðila séu því ólögmatir. Þá vísar sóknaraðili til þess að mun ríkari skylda hvíli á fjármálafyrirtækjum heldur en á einstaklingum út í bæ.

IV.

Athugasemdir varnaraðila.

Varnaraðili krefst aðallega frávísunar en til vara að kröfum sóknaraðila verði hafnað.

Til stuðnings frávísunarkröfu varnaraðila vísar hann til 6. gr. samþykktta fyrir úrskurðarnefnd um viðskipti við fjármálafyrirtæki frá 8. júní 2000. Í 6. gr. er kveðið á um hvers konar mál nefndin fjallar ekki um. Samkvæmt b-lið greinarinnar fjallar nefndin ekki um kröfu viðskiptamanns sem verður ekki metin til fjár. Þá fjallar nefndin ekki um mál sem eru það óljós, illa upplýst eða kröfur aðila svo óskýrar að þau eru ekki tæk til úrskurðar, sbr. 1. másl. e-liðar sömu greinar.

Varnaraðili vísar til þess að á kvörtunareyðublaði úrskurðarnefndar segi ekkert undir liðnum kröfur. Undir liðnum skrá yfir skjöl og önnur gögn sem fylgja kvörtun sé vísað til meðfylgjandi skjala með kvörtuninni. Þar óski sóknaraðili eftir álitni nefndarinnar á málinu. Loks beini sóknaraðili eftirfarandi spurningu til úrskurðarnefndar: „Er þetta löglegt?“. Að mati varnaraðila er kröfugerð sóknaraðila svo óskýr að hún er ekki tæk til úrskurðar. Engar lagatíðanir eða málsástæður séu nefndar til stuðnings kröfu sóknaraðila og því ómögulegt fyrir varnaraðila að taka til varna í málinu. Varnaraðili vísar einnig til þess að kröfugerðin sé það óskýr að úrskurðarnefndin geti ekki orðað niðurstöðu sína í samræmi við hana. Að mati varnaraðila eru því skilyrði ákvæðis b-liðar 6. gr. samþykktta úrskurðarnefndar ekki uppfyllt í málinu og því beri að vísa málinu frá. Þá telur varnaraðili að kröfugerð sóknaraðila, sem virðist lúta að því að fá afhent frumrit uppgreidds bílasamnings, sé ekki fjárhagslegs eðlis. Sóknaraðili hafi enga beina fjárkröfu uppi á hendur varnaraðila auk þess sem ekki komi fram hvernig meta eigi umrædda kröfugerð sóknaraðila til fjár. Varnaraðili telur því að vísa beri málinu frá með vísan til b-liðar 6. gr. samþykktta fyrir úrskurðarnefnd. Framangreindu til stuðnings vísar varnaraðili m.a. til úrskurða úrskurðarnefndar í máli nr. 12/2012 og 17/2016.

Til stuðnings varakröfu varnaraðila vísar hann til þess að varnaraðili hafi áður hafnað kröfum sóknaraðila í þessa veru, með tölvupósti, dags. 19. júní 2018, 17. september 2018 og 17. desember 2017. Í þeim og samskiptum aðila símleiðis hafi sóknaraðila m.a. verið gerð grein fyrir muninum á bílasamningum og bílalánum/veðskuldabréfum. Í tölvupósti dags. 19. júní 2018 komi þannig fram að við gerð bílasamninga, sem í eðli sínu séu kaupleiga, sé skrifað undir tvö eintök, þ.e. eitt fyrir leigusala og annað fyrir leigutaka, sem eigi sitt eintakið hvor af samningnum. Við uppgreiðslu sé leigumuninum afsalað yfir á leigutaka og fram komi á afsali að samningurinn sé uppgreiddur. Í tölvupóstum dags. 17. september 2018 og 17. desember 2017 komi enn fremur fram að þar sem bílasamningurinn sé ekki skuldabréf eigi ákvæði tilskipunar um áritun afborgana á skuldabréf frá 9. febrúar 1798 ekki við um samninginn og því hvíli ekki skylda á varnaraðila til að skila sóknaraðila sem lántaka bílasamningnum með áritaðri kvittun um uppgreiðslu. Vísar varnaraðili til þess að sóknaraðila var einnig boðið að sjá afrit varnaraðila af bílasamningnum, sem beri með sér að vera annað eintak en eintak sóknaraðila, auk frumrits af viðaukum við hann, dags. 16. júní 2009 og 2. febrúar 2010.

Varnaraðili ítrekar framangreind sjónarmið og mótmælir því að sér beri skylda til að afhenda eða framvísa sóknaraðila frumrit af sínu eintaki bílasamningsins, dags. 16. apríl 2007. Varnaraðili bendir einnig á að eins og fram hefur komið í gögnum málsins sé varnaraðili ófær um að afhenda eða framvísa sóknaraðila frumriti af eintaki varnaraðila af umræddum bílasamningi þar sem það finnst ekki hjá varnaraðila. Hins vegar bendir varnaraðili á að ljóst sé að skönnuðu eintaki af samningnum sem varnaraðili hafi lagt fram að varnaraðili hafði frumrit af eintaki Avant undir höndum við sameininguna árið 2011, sem beri með sér að vera annað en eintak sóknaraðila. Er ljóst að vegna mistaka hafi frumritið verið sett á rangan stað í skjalageymslu varnaraðila. Jafnframt ítrekar varnaraðili að sóknaraðila hafi staðið til boða að sjá frumrit af viðaukum frá 2009 og 2010 við umræddan bílasamning. Enn fremur bendir varnaraðili á að sóknaraðili hafi fyrst óskað eftir umræddu frumriti fjórum árum eftir að upphaflegi bílasamningurinn var gerður upp árið 2014, eða vorið 2018. Bárust engar athugasemdir við gildi samningsins.

V.

Niðurstaða.

Samkvæmt a-lið 2. mgr. 3. gr. samþykktu úrskurðarnefndarinnar tekur nefndin til meðferðar kvartanir sem varða réttarágreiðing milli fjármálafyrirtækis og viðskiptamanns, enda sé samningssamband á milli aðila. Samkvæmt b-lið 6. gr. samþykktanna fjallar nefndin ekki um kröfu viðskiptamanns, sem ekki verður metin til fjár. Samkvæmt e-lið 6. gr. samþykktanna fjallar nefndin ekki um þau mál sem eru það óljós, illa upplýst eða kröfur aðila svo óskýrar að þau eru ekki tæk til úrskurðar.

Ágreiningur aðila lýtur að því hvort að það sé löglegt að varnaraðili geti ekki framvísað frumriti bílasamnings við gerð nýs lánasamnings. Sóknaraðili hefur ekki uppi beina fjárkröfu á hendur varnaraðila og verður krafa hans eins og hún er sett fram ekki metin til fjár. Þar að auki telur nefndin kröfur sóknaraðila svo óljósar að ekki sé hægt að úrskurða í málinu.

Af þeim sökum verður ekki hjá því komist að vísa kröfu sóknaraðila frá úrskurðarnefndinni.

Ú r s k u r ð a r o r ð:

Kröfu sóknaraðila, M, á hendur varnaraðila, F, er vísað frá.

Reykjavík, 28. júní 2019.

Auður Inga Ingvarsdóttir

Geir Arnar Marelsson
Magnús Fannar Sigurhansson

Hildigunnur Hafsteinsdóttir
Unnur Erla Jónsdóttir

Ár 2019, fimmtudaginn 10. október er fundur haldinn í úrskurðarnefnd um viðskipti við fjármálafyrirtæki.

Mætt eru: Auður Inga Ingvarsdóttir, formaður, Einar Bjarni Einarsson, Erla Arnardóttir, Hildigunnur Hafsteinsdóttir, og Magnús Fannar Sigurhansson.

Fyrir er tekið **mál nr. 7/2019**:

M
gegn
fjármálafyrirtækinu F

og kveðinn upp svohljóðandi

ú r s k u r ð u r :

I.

Málsmeðferð.

Málsaðilar eru M, hér eftir nefnd sóknaraðili, annars vegar og F hér eftir nefndur varnaraðili, hins vegar.

Málið barst úrskurðarnefndinni 3. maí 2019 með kvörtun sóknaraðila, dags. 20. desember 2018. Með tölvupósti nefndarinnar 3. maí var kvörtunin send varnaraðila og honum gefinn kostur á að tjá sig um hana og skýra sjónarmið sín. Með bréfi 21. júní 2019 bárust athugasemdir varnaraðila og voru þær áframsendar með tölvupósti 24. júní 2019 til sóknaraðila og honum gefinn kostur á að koma athugasemdum sínum á framfæri. Ítrekanir voru sendar 1. ágúst og 6. september 2019 en engin frekari gögn bárust.

Málið var tekið fyrir á fundi nefndarinnar 27. september og 4. og 10. október 2019.

II.

Málsatvik

Á tímabilinu 1.-4. október 2018 voru fimm erlendar færslur framkvæmdar á kreditkorti sóknaraðila frá X. Í kvörtun, dagsettri 24. október 2018, til A gerði sóknaraðili athugasemdir við framangreindar færslur. Í kvörtuninni hakaði sóknaraðili við valmöguleikana að ekki kannast við færslurnar og að hún hefði hvorki átt hlutdeild né samþykkt notkun á korti sínu fyrir umræddum úttektum. Einnig hakaði sóknaraðili við að kortið hefði verið í hennar vörslu á þeim tíma sem úttektin hefði átt sér stað. A setti málið í endurkröfufurli á þeim forsendum og voru sóknaraðila endurgreiddar færslurnar hinn 8. nóvember 2018. Í kjölfarið bárust A mótmæli í ódagsettu bréfi frá Y ásamt gögnum. Í bréfinu heldur Y því fram að meðfylgjandi gögn sýni fram á að korthafi hafi átt aðild að færslunum, þ.e. tekið þátt í viðskiptunum með því að gefa upp kortaupplýsingar sínar. Hinn 6. desember sl. barst varnaraðila tölvupóstur frá A með þeim upplýsingum að ekki hefði verið um svíksamlegar færslur að ræða þar sem að korthafi hefði tekið þátt í viðskiptunum. Varnaraðili skuldfærði því á ný kröfur Y á kort sóknaraðila.

III.

Umkvörtunarefni

Sóknaraðili krefst þess að fá endurgreiddar fimm færslur sem voru framkvæmdar á kreditkorti hennar á tímabilinu 1.-4. október 2018.

Sóknaraðili telur færslurnar óeðlilegar. Þá vísar sóknaraðili til þess í kvörtun sinni að ástæða þess að Y séu með mynd af ökuskírteini hennar sé sú að Y hafi beðið um mynd af því til að leggja pening inn á kort hennar, en það hafi aldrei verið gert.

IV.

Athugasemdir varnaraðila

Varnaraðili krefst þess að kröfu sóknaraðila verði hafnað.

Varnaraðili telur að um viðskipti aðila gildi lög um greiðsluþjónustu nr. 120/2011 og að lögin gildi um greiðsluþjónustu sem veitt er hér á landi, sbr. 1. gr. laganna. Varnaraðili vísar til 51. gr. laganna og telur jafnframt að samkvæmt 2. mgr. 56. gr. laganna skuli greiðandi bera allt tjón sem rekja megi til óheimilaðra greiðslna ef hann hafi stofnað til þeirra með sviksamlegum hætti eða látið ógert að uppfylla eina eða fleiri af skyldum sínum samkvæmt 51. gr. af ásetningi eða stórfelldu gáleysi.

Með hliðsjón af meðfylgjandi gögnum byggir varnaraðili á því að líta verði svo á að sóknaraðili hafi sýnt af sér stórfellt gáleysi í skilningi 2. mgr. 56. gr. laga um greiðsluþjónustu nr. 120/2011 og greinar 5.3 í almennum viðskiptaskilmálum varnaraðila. Að mati varnaraðila vegur þungt við það mat að sóknaraðili skráði inn upplýsingar um sjálfa sig og kreditkort sitt á heimasíðu Y til að eiga í viðskiptum í gegnum síðuna, auk þess sem hún hafi sent afrit af ökuskírteini sínu. Þá hafi verið um alls fimm erlendar færslur að ræða og vísar varnaraðili til þess að sóknaraðili hafi haldið viðskiptunum áfram þrátt fyrir að hafa mátt átta sig á því eftir hverja færslu að um úttektir en ekki innborganir væri að ræða. Telur varnaraðili einnig að líta verði til þess að sóknaraðili gerði fyrst athugasemd við færslurnar með kvörtun, dags. 24. október sl., eða 10 dögum eftir síðustu úttekt Y af kortinu. Kveðst varnaraðili því ekki með neinu móti geta talist bera ábyrgð á tjóni sóknaraðila. Framangreindu til stuðnings vísar varnaraðili jafnframt til úrskurða nefndarinnar í málum nr. 120/2011, 22/2013, 33/2016 og 19/2018.

V.

Niðurstaða

Ágreiningur aðila lýtur að því hvort varnaraðili skuli endurgreiða sóknaraðila fimm erlendar færslur sem voru framkvæmdar á kreditkorti sóknaraðila á tímabilinu 1.-4. október 2018.

Fallist er á með varnaraðila að lög um greiðsluþjónustu nr. 120/2011 gildi um greiðsluþjónustu sem veitt er hér á landi, sbr. 1. gr. laganna. Einnig er fallist á með varnaraðila að um samningssamband aðila gildi almennir viðskiptaskilmálar varnaraðila, sbr. 1. mgr. 51. gr. laganna. Í grein 5.3 almennu viðskiptaskilmála varnaraðila er fjallað um ábyrgð. Þar segir m.a. að varnaraðili gangi út frá því að allar greiðslur/úttektir með korti hafi verið framkvæmdar af korthafa og í samræmi við vilja reikningsseiganda þar til sýnt hafi verið fram á annað.

Í kvörtun sóknaraðila til A, dagsettri 24. október 2018, hakaði sóknaraðili við valmöguleikana að ekki kannast við færslurnar og að hún hefði hvorki átt hlutdeild né samþykkt notkun á korti sínu fyrir umræddum úttektum. Gögn málsins gefa hins vegar

til kynna að sóknaraðili hafi framkvæmt greiðslurnar af fúsum og frjálsum vilja og hefur hún ekki sýnt fram á annað.

Þá ber að nefna að sóknaraðili hefur ekki svarað boðum nefndarinnar um að koma að athugasemdum eða röksemdum eftir að athugasemdir varnaraðila bárust.

Að öllu framangreindu virtu verður ekki fallist á kröfur sóknaraðila.

Ú r s k u r ð a r o r ð :

Kröfu sóknaraðila, M, á hendur varnaraðila, F, er hafnað.

Reykjavík, 10. október 2019.

Auður Inga Ingvarsdóttir

Einar Bjarni Einarsson
Hildigunnur Hafsteinsdóttir

Erla Arnardóttir
Magnús Fannar Sigurhansson

Ár 2019, fimmtudaginn 10. október er fundur haldinn í úrskurðarnefnd um viðskipti við fjármálafyrirtæki.

Mætt eru: Auður Inga Ingvarsdóttir, formaður, Geir Arnar Marelsson, Hildigunnur Hafsteinsdóttir, Magnús Fannar Sigurhansson og Þorvaldur E. Jóhannesson.

Fyrir er tekið **mál nr. 8/2019**:

M
gegn
fjármálafyrirtækinu F

og kveðinn upp svohljóðandi

ú r s k u r ð u r :

I.

Málsmeðferð.

Málsaðilar eru M, hér eftir nefndur sóknaraðili, annars vegar og F, hér eftir nefndur varnaraðili, hins vegar. Málið barst úrskurðarnefndinni 15. maí 2019 með kvörtun sóknaraðila, dags. 16. apríl 2019. Með tölvupósti nefndarinnar 17. maí 2019 var kvörtunin send varnaraðila og honum gefinn kostur á að tjá sig um hana og skýra sjónarmið sín. Svör varnaraðila bárust með bréfi dags. 20. júní 2019. Bréfið var sent sóknaraðila í tölvupósti 21. júní 2019 og honum gefinn kostur á að koma athugasemdum sínum á framfæri. Athugasemdir sóknaraðila bárust með bréfi dags. 10. september 2019.

Málið var tekið fyrir á fundum nefndarinnar 27. september og 4. og 10. október 2019.

II.

Málsatvik

Sóknaraðili tók lán nr. X hjá FF, nú varnaraðila, dags. 12. júlí 2006, upphaflega að fjárhæð JPY 24.500.000 og CHF 260.000 eða jafnvirði þeirra fjárhæða í íslenskum krónum, miðað við sölugengi í íslenskum sparisjóðum á gjalddaga.

Hinn 8. október 2018 óskaði sóknaraðili eftir endurfjármögnun á láni nr. X hjá varnaraðila. Staða lánsins var þá að jafnvirði 44.417.859 kr. Sóknaraðili óskaði eftir nýjum lánum í formi veðskuldabréfa og skyldu hann og eiginkona hans, vera sameiginlegir greiðendur lánanna og veðsalar. Voru þau greiðslumetin í kjölfarið. Greiðslumatið er dagsett föstudaginn 12. október 2018 og var niðurstaðan jákvæð.

Þriðjudaginn 16. október 2018 voru öll viðeigandi skjöl, að undanskildum tilteknum veðleyfum, undirrituð. Nánar tiltekið var um að ræða: íbúðalán I, að fjárhæð 25.500.000 kr., dags. 16. október 2018, ásamt stöðluðum upplýsingum um fasteignalán til neytenda og uppgreiðslusamningi; íbúðalán II, að fjárhæð 3.650.000 kr., dags. 16. október 2018, ásamt stöðluðum upplýsingum um fasteignalán til neytenda og uppgreiðslusamningi; veðskuldabréf til atvinnurekstrar að fjárhæð 5.150.000 kr., dags. 16. október 2018; kostnaðarblað vegna vinnslu lánsútsóknar, dags. 16. október 2018; niðurstöður greiðslumats, dags. 16. október 2018. Við undirritunina var sóknaraðili upplýstur um að staða láns nr. X hafi verið 45.272.898 kr. á undirritunardegi.

Sama dag barst undirritað skilyrt veðleyfi frá A en skilyrta veðleyfið frá B barst undirritað 1. nóvember 2018.

Hinn 8. nóvember 2018 var undirritað veðleyfi varnaraðila og öll veðskjölin send í þinglýsingu. Daginn eftir voru afrit af lánunum send til frágangs og kaups hjá viðskiptaumsjón varnaraðila.

Þegar veðskjölin voru komin úr þinglýsingu var frágangur og kaup lánanna klárað hjá viðskiptaumsjón varnaraðila og þau greidd út í kjölfarið, hinn 16. nóvember 2018. Staða láns nr. X var þá 47.394.983 kr.

Í skilmálum beggja framangreindra uppgreiðslusamninga kemur fram að uppgafið uppgreiðsluverðmæti sé áætlað og miðast við dagsetningu sammingsins, þ.e. 16. október 2018, en að fjárhæðin geti breyst á uppgreiðsludegi. Einnig kemur fram að greiða skyldi upp lán nr. X með þremur lánnum auk umframgreiðslu.

Andvirði hinna þriggja nýju lána til útborgunar var á uppgreiðsludegi, þ.e. 16. nóvember 2018, samtals að fjárhæð 34.175.515 kr. og var þeirri fjárhæð ráðstafað allri til niðurgreiðslu inn á lán nr. X í samræmi við framangreinda uppgreiðslusamninga. Mismunur andvirðis hinna þriggja nýju lána og uppgreiðsluverðmætis láns nr. X þ.e. 13.219.468 kr., var skuldfærður af reikningi nr. Y í eigu sóknaraðila.

III.

Umkvörtunarefni

Sóknaraðili krefst þess að varnaraðili endurgreiði sóknaraðila og taki á sig gengisbreytingu, sem varð á láni nr. X, frá undirritun lánessamninganna og þar til lánin voru greidd út.

Til stuðnings kröfu sinni heldur sóknaraðili því fram að tveir starfsmenn varnaraðila hafi fullyrt að uppgreiðsluverðmæti láns nr. X myndi miðast við dagsetningu undirritunar hinna þriggja nýju lánessamninga.

Í viðbótarathugasemdum sóknaraðila er því haldið fram að vanræksla varnaraðila hafi ollið töfum á lúkningu láns nr. X. Sóknaraðili telur varnaraðila hafa tekið sér óeðlilega langan tíma til þess að svara fyrirspurnum B í tengslum við skilyrta veðleyfið og að ekkert hafi verið unnið í málinu frá 1. til 8. nóvember 2018.

IV.

Athugasemdir varnaraðila

Varnaraðili krefst þess að kröfu sóknaraðila verði hafnað.

Til stuðnings kröfu sinni vísar varnaraðili til þess í fyrsta lagi að ekkert óeðlilegt hafi verið við framkvæmd varnaraðila á uppgreiðslu láns nr. X eða í tengslum við tímalengd endurfjármögnunarinnar.

Því til stuðnings vísar varnaraðili til þess að frá undirritun allra nauðsynlegra skjala, hinn 1. nóvember 2018, liðu 11 virkir dagar til lúkingar láns sóknaraðila nr. X. Varnaraðili telur að tíminn fram að því, þ.e. frá beiðni um endurfjármögnun hinn 8. október 2018 til 1. nóvember 2018, geti ekki haft neitt að segja í þessu samhengi þar sem sá tími réðst aðallega af aðstæðum sem voru varnaraðila óviðkomandi, þ.e. bið eftir veðleyfi B. Varnaraðili vísar til þess að á þessum 11 virku dögum, sem liðu þar til lánin voru greidd út, átti eftir að klára endanlegan frágang allra skjala í útibúinu, senda skjölin í þinglýsingu, senda þau í frágang og kaup til viðskiptaumsjónar varnaraðila, bíða eftir skjölunum úr þinglýsingu og að þá fyrst hafi verið hægt að greiða lánin út og framkvæma uppgjörið. Varnaraðili telur að hér hafi alls ekki verið um óeðlilegan biðtíma að ræða og í fullkomnu samræmi við það sem almennt gengur og gerist hjá fjármálastofnunum landsins.

Í öðru lagi vísar varnaraðili til þess að hann geti ekki borið ábyrgð á gengisbreytingum lána á meðan mál eru í vinnslu vegna endurfjármögnunar.

Því til stuðnings vísar varnaraðili til þess að sóknaraðili hafi undirritað hin nýju lán, ásamt öðrum skjölum, samtímis hinn 16. október 2018. Varnaraðili vísar til þess að þá hafi legið fyrir að uppgreiðsluverðmæti láns nr. X yrði töluvert hærra en heildarandvirði hinna þriggja nýju lána og að til þess að sóknaraðili gæti greitt upp allt lánið yrði hann sjálfur að leggja til umframgreiðslu á annan hátt. Einnig vísar varnaraðili til þess að, að sögn útibússtjóra viðkomandi útibús, hafi íbúðalán II verið veitt sérstaklega sem viðbótarlán við íbúðalán I í þeim tilgangi að verða við mögulegum gengishækkunum enda gengið hækkað töluvert á þessum tíma og ljóst að frágangur skjala, þinglýsing og kaup lána tæki einhvern tíma eins og eðlilegt er.

Þá vísar varnaraðili til þess að í uppgreiðslusamningi við íbúðalán I hafi sérstaklega komið fram í athugasemdum að það átti að greiða upp lánið með þremur lánnum auk umframgreiðslu og að því hafi verið gert ráð fyrir því að íbúðalán II, sem varnaraðili heldur fram að sé viðbótarlán vegna gengishættu, hafi verið hluti af lántöku sóknaraðila. Varnaraðili telur að af þeim sökum sé ljóst að sóknaraðili vissi að staða láns nr. X yrði ekki sú sama á undirritunardegi og á uppgreiðsludegi. Í þessu samhengi vísar varnaraðili til þess að í uppgreiðslusamningunum komi fram að uppgreiðsluverðmæti miðist við dagsetningu samnings í uppgreiðslusamningi en að það gæti breyst á uppgreiðsludegi.

Einnig mótmælir varnaraðili því að gengishækkanir sem verða á meðan mál er í vinnslu hjá honum sé á ábyrgð hans. Varnaraðili telur sig ekki þurfa að fella niður í kerfum sínum þá hækkun sem myndast á vinnslutíma endurfjármögnunarinnar vegna aðstæðna sem varnaraðili telur að sé óviðkomandi. Jafnframt vísar varnaraðili til þess að sóknaraðila hafi ekki verið skylt að endurfjármagna lánið og að varnaraðili hafi ekki haft neinn sérstakan hag af því að gengið yrði frá endurfjármögnuninni.

Með vísan í framangreint telur varnaraðili að hafna beri kröfu sóknaraðila um endurgreiðslu vegna gengisbreytingar láns nr. X. Varnaraðili telur ekkert óeðlilegt hafa verið við framkvæmd endurfjármögnunarinnar af hálfu starfsmanna útibús varnaraðila og að ekkert bendi til annars en að sóknaraðili hafi verið fullfær um að taka ákvörðun um skuldbindingar sínar og verið upplýstur um þá áhættu sem felst í erlendum lántökum. Varnaraðili heldur því fram að starfsmenn varnaraðila hafi verið í samskiptum við sóknaraðila á vinnslutímanum og að ekkert hafi komið fram á þeim tíma sem hafi gefið annað til kynna eða að hann hafi ekki samþykkt hina umdeildu ráðstöfun.

Loks vísar varnaraðili til grundvallarreglu íslensks samningaréttar um að samninga beri að efna. Varnaraðili byggir á því að sóknaraðila hafi borið að efna samning sinn á þeim degi þegar uppgreiðsla fór fram hinn 16. nóvember 2018. Varnaraðili vísar til þess að staða láns nr. X hafi þá verið 47.394.983 kr. og að ekki hafi verið samið annað en að sóknaraðila hafi borið að greiða þá fjárhæð til uppgreiðslu lánsins.

V.

Niðurstaða

Ágreiningur aðila lýtur að ábyrgð varnaraðila á grundvelli gengisbreytingar sem varð á láni nr. X frá undirritun lánsamninga og þar til lánin voru greidd út.

Sóknaraðili heldur því fram í fyrsta lagi að vanræksla varnaraðila hafi valdið töfum á lúkningu láns nr. X, nánar tiltekið telur sóknaraðili að varnaraðili hafi tekið sér óeðlilega langan tíma til þess að svara fyrirspurnum B í tengslum við skilyrta veðleyfið

auk þess sem sóknaraðili telur varnaraðila ekki hafa unnið í málinu frá 1. til 8. nóvember 2018.

Af gögnum málsins verður ekki séð að sóknaraðili hafi sýnt fram á að varnaraðili hafi tekið sér óeðlilega langan tíma til þess að svara fyrirspurnum B í tengslum við skilyrta veðleyfið eða að varnaraðili hafi ekki unnið í málinu frá 1. til 8. nóvember 2018. Hvað sem því líður fæst ekki séð að framkvæmd varnaraðili á uppgreiðslu láns nr. X hafi verið óeðlileg eða að uppgreiðslan hafi tekið óeðlilega langan tíma.

Sóknaraðili heldur því fram í öðru lagi að tveir starfsmenn varnaraðila hafi fullyrt að uppgreiðsluverðmæti láns nr. X yrði miðað við dagsetningu undirritunar hinna þriggja nýju lánessamninga.

Ekki fæst séð af gögnum málsins að sóknaraðili hafi sýnt fram á að tveir starfsmenn varnaraðila hafi fullyrt að uppgreiðsluverðmæti láns nr. X yrði miðað við dagsetningu undirritunar hinna þriggja nýju lánessamninga. Þvert á móti kemur skýrt fram í skilmálum beggja uppgreiðslusamninganna að uppgæfið uppgreiðsluverðmæti sé áætlað og miðist við dagsetningu sammingsins, þ.e. 16. október 2018, en að fjárhæðin geti breyst á uppgreiðsludegi.

Að teknu tilliti til alls framangreinds er kröfu sóknaraðila hafnað.

Ú r s k u r ð a r o r ð :

Kröfu sóknaraðila, M, á hendur varnaraðila, F, er hafnað.

Reykjavík, 10. október 2019.

Auður Inga Ingvarsdóttir

Geir Arnar Marelsson
Magnús Fannar Sigurhansson

Hildigunnur Hafsteinsdóttir
Þorvaldur E. Jóhannesson

Ár 2019, fimmtudaginn 10. október er fundur haldinn í úrskurðarnefnd um viðskipti við fjármálafyrirtæki.

Mætt eru: Auður Inga Ingvarsdóttir, formaður, Erla Arnardóttir, Geir Arnar Marelsson, Hildigunnur Hafsteinsdóttir, og Magnús Fannar Sigurhansson.

Fyrir er tekið **mál nr. 9/2019**:

M
gegn
fjármálafyrirtækinu F

og kveðinn upp svohljóðandi

ú r s k u r ð u r :

I.

Málsmeðferð.

Málsaðilar eru M, hér eftir nefnd sóknaraðili, annars vegar og F hér eftir nefndur varnaraðili, hins vegar.

Málið barst úrskurðarnefndinni 19. júní 2019 með kvörtun sóknaraðila, dags. sama dag. Með tölvupósti nefndarinnar 20. júní 2019 var kvörtunin send varnaraðila og honum gefinn kostur á að tjá sig um hana og skýra sjónarmið sín. Svör varnaraðila bárust með bréfi dags. 12. júlí 2019. Bréfið var sent sóknaraðila með tölvupósti nefndarinnar þann 15. júlí 2019 og henni gefinn kostur á að koma athugasemdum sínum á framfæri. Athugasemdir sóknaraðila bárust með ódagsettu bréfi í tölvupósti 29. júlí 2019.

Málið var tekið fyrir á fundum nefndarinnar 6., 17. og 27. september og 4. og 10. október 2019.

II.

Málsatvik

Þann 15. maí 2008 gaf sóknaraðili út skuldabréf nr. X, upphaflega að fjárhæð kr. 6.715.000 til F með nánar þar tilgreindum skilmálum. Til tryggingar skuldinni voru tvö tryggingarbréf sem sóknaraðili og A gáfu út. Hið fyrra, dags. 29. júní 2007, nr. Y, var upphaflega allt að fjárhæð kr. 2.000.000 og hið seinna, dags. 27. júlí 2007, nr. Z, allt að fjárhæð kr. 3.800.000. Í báðum tryggingarbréfunum er sérstaklega tiltekið að auk tilgreindrar hámarksfjárhæðar standi veðið einnig til fullnustu á öðrum kröfum, þ.e. dráttarvöxtum, verðbótum, lögbundnu vanskilaálagi, kostnaði við kröfugerð, innheimtu- og málskostnaði, kostnaði af fjárnámsgerð og frekari fullnustugerðum, öðrum kostnaði sem af vanskilum kann að leiða, og aukagreiðslum svo sem útlögðum tryggingariðgjöldum vegna hins veðsetta (hér eftir vextir og kostnaður við innheimtu). Bæði tryggingarbréfin voru allsherjarveð með veðrétti í fasteigninni B.

Lánið var í vanskilum frá 1. september 2008.

Þann 26. maí 2011 gaf varnaraðili út fréttatilkynningu þess efnis að hann byði einstaklingum í viðskiptum við varnaraðila þrjár leiðir til lækkunar skulda.

Á árinu 2011 sótti sóknaraðili um það gagnvart varnaraðila að veðskuldir yrðu færðar niður í 110% af verðmæti fasteignar hennar samkvæmt svokallaðri „110% leið“, á grundvelli samkomulags lánveitenda á íbúðalánamarkaði um verklagsreglur í þágu yfirveðsettra heimila, dags. 15. janúar 2011 (hér eftir 110% samkomulagsins). Sóknaraðili uppfyllti skilyrði úrræðisins. Við útreikning á lækkun veðskulda var miðað við að verðmat fasteignarinnar væri hið sama og fasteignamat eignarinnar, þ.e. kr.

24.550.000. Uppgefin staða á veðkröfum FF var kr. 23.482.329 og uppgefin staða á veðkröfum varnaraðila var kr. 7.979.608, þ.e. staða tilgreindrar hámarksfjárhæðar samkvæmt fyrrgreindum tryggingarbréfum án vaxta og kostnaðar við innheimtu. Var lán nr. X því fært niður um kr. 4.474.386 þann 28. júlí 2011 og sóknaraðila tilkynnt um það með bréfi dagsett sama dag. Mismunur um kr. 17.449 sóknaraðila í hag skýrist af drætti við bókun niðurfærslunnar. Í bréfinu kom fram að ef sóknaraðili hefði athugasemdir við þessa niðurstöðu þá væri hann beðinn um að hafa samband við sitt útibú innan 10 daga frá dagsetningu bréfsins.

Síðar kom í ljós að uppgefin staða á veðskuldum sóknaraðila hjá Arion banka var röng. Rétt staða var kr. 26.080.180. Var lánið því fært niður um kr. 2.543.063 til viðbótar þann 18. febrúar 2016 og nam þá heildarniðurfærslan kr. 7.017.449.

Þann 23. febrúar 2016 óskaði lögmaður sóknaraðila eftir því að varnaraðili myndi útskýra forsendur að baki niðurfærslunni. Starfsmaður varnaraðila svaraði 24. febrúar með þeim útskýringum að niðurfærslan væri skráð samkvæmt dagsetningu 28. júlí 2011 og væri alls kr. 2.543.063. Starfsmaður varnaraðila sagðist einnig láta fylgja með póstinum yfirlit frá Lögheimtunni þar sem lánið var þá til innheimtu, með sundurliðun á kostnaði, auk sundurliðunar á dráttarvöxtum. Lögmaður sóknaraðila svaraði 25. febrúar 2016. Í tölvupóstinum útskýrði lögmaðurinn að svör starfsmanns varnaraðila útskýrðu afskaplega lítið fyrir sér. Lögmaðurinn óskaði eftir upplýsingum um hvernig upphæð niðurfærslunnar, kr. 2.543.063, væri fundin út. Einnig lýsti lögmaðurinn efasemdum um réttmæti þess að varnaraðili reiknaði sér dráttarvexti og innheimtukostnað vegna láns sem virtist hafa verið skrá nokkrum milljónum of hátt í 5 ár. Jafnframt ítrekaði lögmaðurinn beiðni sína um að fá frekari útskýringar og útlistun á útreikningum að baki niðurfærslunni, helst af hálfu þess aðila sem hefði framkvæmt þá útreikninga fyrir hönd varnaraðila. Lögmaður vísaði svo til þess að hann teldi augljóst að mistök hafi verið gerð af hálfu varnaraðila í málinu og óskaði svars við því hvort að varnaraðili ætlaði með einhverjum hætti að bregðast við þeim mistökum gagnvart sóknaraðila. Varnaraðili svaraði þessum pósti hinn 2. mars 2016. Varnaraðili útskýrði þar að upphæð niðurfærslunnar, kr. 2.543.063, væri fengin með því að áður fengin leiðrétting lánsins upp á kr. 4.456.937 væri dregin frá stöðu tryggingarbréfanu, en staða þeirra hafi verið kr. 7.979.608 Hvað dráttarvexti og innheimtukostnað varðaði þá sagði starfsmaður varnaraðila að þeir reiknuðust á ógreidda gjalddaga eins og venja væri, en leiðréttingin sem hafi verið gerð hafi ekki verið greidd inn á ógreidda gjalddaga heldur hafi höfuðstóllinn verið lækkaður miðað við dagsetninguna 28. júlí 2011.

Í tölvupósti dags. 13. ágúst 2017 óskaði sóknaraðili eftir því að fá upplýsingar um af hverju vanskil og annar kostnaður hafi ekki verið tekinn með í endurútreikning lánsins. Sóknaraðili sendi erindi á kvörtunardeild varnaraðila 28. ágúst 2017. Starfsmaður varnaraðila svaraði hinn 12. september 2017 með þeim útskýringum að það hafi fyrirfarist að lækka lánið um kr. 979.608 til samræmis við rétta stöðu á tryggingarbréfinu á sínum tíma. Þann 14. september 2017 var lánið fært niður um kr. 979.608 og nam þá heildarniðurfærslan kr. 7.997.057.

Í tölvupósti starfsmanns varnaraðila til sóknaraðila dags. 29. nóvember 2017 kom fram að varnaraðili hafi miðað við það að reikna dráttarvexti eitt ár aftur í tímann þegar til innheimtu skulda væri komið og krafist hefði verið uppboðs á grundvelli tryggingarbréfa. Innheimta hafi verið hafin í tilfelli sóknaraðila, en henni hafi ekki lokið með uppboði, heldur hafi eignin verið seld á markaði. Í sama bréfi kom fram að varnaraðili væri tilbúinn að koma til móts við sóknaraðila með frekari niðurfærslu sem miðaðist þá við dráttarvexti af tryggingarbréfi nr. X, fyrir tímabilið 30. júní 2010 til 30. júní 2011, en umræddir dráttarvextir næmu kr. 639.208.

Sóknaraðili svaraði þessum tölvupósti hinn 11. desember 2017. Í tölvupóstinum sagði sóknaraðili að hann væri ekki að biðja um neitt utan þess sem skilmálar tryggingabréfsins tækju til. Sóknaraðili vísaði til þess að hann og varnaraðili hefðu skrifað undir skjal þar sem skýrt kæmu fram ýmsir skilmálar og að það væri að mati sóknaraðila einkennilegt að varnaraðili skoði það ekki og ákvæði upp á sitt einsdæmi að fylgja ekki þeim skilmálum. Því næst vitnaði sóknaraðili til þess að í texta 5. gr. laga um samningsveð, segði: „Eftirtaldar kröfur eru tryggðar með aðalkröfunni nema annað leiði af samningi þeim sem til veðréttarins stofnaði“, en í tilfelli sóknaraðila væri það skýrt af texta tryggingabréfsins að upphæðin eigi að taka auk þess til vaxta og kostnaðar við innheimtu. Sóknaraðili óskaði í lok tölvupóstsins eftir tilteknum upplýsingum, þar á meðal hvers vegna lánið væri ekki reiknað eftir skilmálum tryggingabréfsins. Starfsmaður varnaraðila svaraði tölvupósti sóknaraðila þann 15. desember 2017. Spurningu sóknaraðila um af hverju lánið væri ekki reiknað eftir skilmálum tryggingabréfsins svaraði varnaraðili með því að skilmálar tryggingarbréfs sem tryggi greiðslu skuldabréfs hefðu ekki áhrif á hvernig skuldabréfið væri reiknað. Að öðru leyti hvað þessa spurningu varðaði vísaði varnaraðili til svarsins sem sóknaraðila hafi verið sent 29. nóvember 2017.

Í kjölfar fundar aðila hinn 4. febrúar 2019 sendi starfsmaður varnaraðila tölvupóst til sóknaraðila þar sem fram kom afstaða varnaraðila um frekari niðurfellingu. Starfsmaðurinn taldi í fyrsta lagi að fyrri svör væru nægilega skýr um það hvers vegna ekki yrði fallist á frekari niðurfellingar. Í öðru lagi að skilmálar tryggingarbréfsins hafi ekki áhrif á útreikning skuldabréfsins sjálfs, að varnaraðili hafi í raun gengið lengra en hann hefði þurft að gera og að bankinn hafi því lokið uppreikningi samkvæmt 110% leiðinni. Í þriðja lagi að sé sóknaraðili ósáttur geti hann leitað með málið til úrskurðarnefndar um viðskipti við fjármálafyrirtæki.

III.

Umkvörtunarefni

Sóknaraðili krefst þess, í ódagsettu svarbréfi við athugasemdum varnaraðila, að varnaraðili endurreikni niðurfærslu að teknu tilliti til þess að staða á veðkröfum varnaraðila í eigninni verði að upphaflegum höfuðstóll kr. 7.168.216 auk vaxta og kostnaðar við innheimtu, þannig að heildarafskrift sé kr. 10.677.618 og eftirstöðvar lánsins kr. 924.820, þ.e. mismunur á stöðu veðkröfum banka og 110% af fasteignamati, þar sem mismunurinn (hámarksafskrift) er lægri heldur en staða veðkrafa varnaraðila í eigninni.

Framangreinda vexti og kostnað við innheimtu sundurliðar sóknaraðili svo:

Samningsvextir til 01.09.2008	73.474
Dráttarvextir til 14.07.2011	4.316.560
Kostn. kröfuhafa fyrir löginnh.	16.595
Innheimtuþóknun	353.428
Aðfarabeidni	6.275
Kostnaðar vegna aðfarar	19.188
Uppboðsbeiðni	6.275
Kostnaður vegna uppboðs	43.324
Birting greiðsluáskorunar	1.850
Vextir af kostnaði	14.906
Innborgun	(300.000)
Afsláttur	(17.584)
Samtals	kr. 4.534.291

Til stuðnings kröfu sinni vísar sóknaraðili til skilmála framangreindra tryggingarbréfa, bls. 151 í bókinni „Veðréttur“ eftir Þorgeir Örlygsson og dóma Hæstaréttar frá 21. september 1995 nr. 166/1993 og 23. október 1997 nr. 2/1997.

Í viðbótarathugasemdum hafnar sóknaraðili þeirri athugasemd varnaraðila að hámarksniðurfærsla með hinni svokölluðu 110% leið hafi verið kr. 7.000.000 á þeim grundvelli að ekki sé getið um slíkt hámark í skilmálum sem sóknaraðili gekkst undir hjá varnaraðila og að starfsmenn bankans hafi ítrekað tekið fram að hámarksafskrift miðist við uppreiknað virði tryggingarbréfanna.

Í viðbótarathugasemdum hafnar sóknaraðili einnig þeirri athugasemd varnaraðila að krafa sóknaraðila á hendur varnaraðila sé fallin niður vegna tómlætis á þeim grundvelli að hægt sé að sýna fram á fyrirspurnir og beiðni um upplýsingar og ráðgjöf um úrlausn þessa máls frá árinu 2011.

IV.

Athugasemdir varnaraðila

Varnaraðili krefst þess aðallega að málinu verði vísað frá nefndinni. Til vara krefst varnaraðili þess að kröfu sóknaraðila verði hafnað.

Til stuðnings aðalkröfu sinni vísar varnaraðili til e-liðar 6. gr. samþykktar fyrir úrskurðarnefnd um viðskipti við fjármálafyrirtæki frá 8. júní 2000, þ.e. að vísa skuli málinu frá á grundvelli þess að kröfugerð sóknaraðila í heild sé svo óskýr að hún sé ekki tæk til úrskurðar. Þá séu engar lagatilvísanir eða málsástæður í kvörtun sóknaraðila til stuðnings kröfu hennar og því ómögulegt fyrir varnaraðila að taka til varna með fullnægjandi hætti í málinu.

Þá byggir varnaraðili aðalkröfu sína einnig á því að sóknaraðili eigi enga lögvarða hagsmuni af niðurstöðu málsins á þeim grundvelli að innheimtu lánsins hafi lokið fyrir „löngu“ og að lögfræðikostnaður sé ekki inni í bókfærðri afskriftarfjárhæð varnaraðila.

Til stuðnings varakröfu sinni vísar varnaraðili til þess að hin svokallaða 110% leið hafi verið ívilnandi aðgerð í þágu heimilanna í formi verklagsreglna og að verklagsreglur séu viðmiðunarreglur sem hafa ekki lagagildi. Samkvæmt varnaraðila var virði allra tryggingarbréfa í 110% leiðinni metið með sama hætti, þ.e. miðað við uppreiknaða stöðu höfuðstólsins. Ef bæta ætti einhverju við, í tilviki sóknaraðila, væri hann að fá meiri niðurfærslu en aðrir fengu og sóknaraðili hafi ekki sýnt fram á hvers vegna hann eigi að fá slíka afgreiðslu.

Þá mótmælir varnaraðili alfarið skilningi sóknaraðila eins og hann kemur fram í rökstuðningi fyrir kvörtuninni, þar sem sóknaraðili kallar áfallna dráttarvexti kostnað. Veðréttirnir hafi að mati varnaraðila fylgt tryggingarbréfunum en ekki skuldabréfinu. Í þessu tilliti vísar sóknaraðili til þess að niðurfærslan, samkvæmt virði tryggingarbréfanna, hafi farið til lækkunar á skuldabréfaláninu eins og staða þess var á niðurfærsludegi.

Varnaraðili byggir einnig á því að krafa sóknaraðila sé löngu fallin niður vegna tómlætis. Slík krafa hefði að mati varnaraðila þurft að koma fram þegar upphafleg niðurfærsla fór fram eða fljótlega í kjölfarið.

Jafnframt vekur varnaraðili athygli á því að jafnvel þótt talið yrði að niðurfærslan hefði átt að vera framkvæmd með einhverjum öðrum hætti hefði sóknaraðili aldrei getað fengið bæði fullan uppreikning tryggingarbréfanna miðað við vísitölu neysliverðs og alla dráttarvexti til viðbótar við það ofan á tryggingarbréfin, enda hafi engar verðbætur fallið á skuldabréfalánið frá 1. september 2008. Varnaraðili bætir við að ef svo ætti að vera, þá hefði verið miðað við uppreiknaða stöðu

tryggingarbréfanna á upphafsdegi vanskila og svo reiknaðir dráttarvextir miðað við þá stöðu til niðurfærsludags. Þetta kæmi þó ekki til álita enda væri 110% niðurfærsla ekki framkvæmd með þessum hætti.

Þá vekur varnaraðili athygli á því að sóknaraðili hefur aldrei lýst yfir áhuga á að semja um eftirstöðvar lánsins við varnaraðila, en komi einhvern tímann til þess verði auðvitað tekið tillit til þess að dráttarvextir eldri en fjögurra ára eru fyrndir.

V.

Niðurstaða

Ágreiningur aðila lýtur að því hvort taka eigi tillit til vaxta og kostnaðar við innheimtu við útreikning á niðurfellingu á grundvelli 110% leiðarinnar.

Varnaraðili krefst þess aðallega að málinu verði vísað frá á grundvelli e-liðar 6. gr. samþykktar fyrir úrskurðarnefnd um viðskipti við fjármálafyrirtæki, þ.e. að málið sé það óljóst, illa upplýst eða kröfur aðila svo óskýrar að þau eru ekki tæk til úrskurðar. Svo hægt sé að taka afstöðu til kröfu sóknaraðila um leiðréttingu vaxta telur nefndin nauðsynlegt að fyrir liggi annað hvort skýrir og glögglega framsettir útreikningar á því sem sóknaraðili telur vera rétta stöðu lánsins og kröfugerð sem byggir á þeim útreikningum, eða skýr, rökstudd krafa um að einhver tiltekin atriði í útreikningi varnaraðila verði reiknuð með öðrum hætti en gert er, sbr. t.d. úrskurð nefndarinnar í máli nr. 51/2017.

Í kvörtun sóknaraðila til nefndarinnar kemur skýrt fram að krafist sé þess að varnaraðili endurreikni lánið miðað við skilmála tryggingarbréfsins og taki tillit til kostnaðar auk höfuðstóls. Sé bréfið lesið í heild er ljóst að átt er við að endurreikningurinn eigi að taka tillit til dráttarvaxta og kostnaðar við innheimtu eins og staðan var þegar útreikningar fóru fram. Í viðbótarathugasemdum sóknaraðili eru sömu kröfur ítrekaðar.

Af framangreindu leiðir að ekki er fallist á að krafa sóknaraðila sé of óskýr eða óljós. Þá verður ekki talið að máli þessu verði vísað frá á þeim grundvelli að sóknaraðili eigi ekki lögvarða hagsmuni, enda tekur varnaraðili skýrt fram í athugasemdum sínum að þótt innheimtu lánsins lyki hafi ekki falist í því eftirgjöf kröfunnar gagnvart sóknaraðila í kröfuréttarlegum skilningi.

Verður því tekið efnislega á atriðum málsins. Sóknaraðili telur að vextir og kostnaður við innheimtu, vegna hins veðsetta, rúmist innan fjárhæðar framangreindra tryggingarbréfa sem voru áhvílandi á eigninni og að það eigi að taka tillit til þess við niðurfellingu á grundvelli 110% leiðarinnar. Varnaraðili krefst þess að kröfu sóknaraðila verði hafnað.

Varnaraðili vísar til þess að 110% samkomulagið sé ekki lagalega bindandi gjörningur. 110% samkomulagið var nánari útfærsla á viljayfirlýsingu ríkisstjórnarinnar, Íbúðalánasjóðs, Samtaka fjármálafyrirtækja, Landssamtaka lífeyrissjóða og Dróma hf. frá 3. desember 2010, sem kvað á um aðgerðir í þágu yfirveðsettra heimila, sbr. inngang umrædds samkomulags. Aðgerðir til aðlögunar íbúðaskulda að verðmæti veðsettrar eignar og greiðslugetu, sbr. A lið 1. gr. áðurnefndrar viljayfirlýsingar ríkisstjórnarinnar o.fl., byggðust á heimild í lögum nr. 107/2009 um aðgerðir í þágu einstaklinga, heimila og fyrirtækja vegna banka- og gjaldeyrishrunsins. Áðurnefnt samkomulag, sem Samtök fjármálafyrirtækja stóðu að fyrir hönd varnaraðila, á sér stoð í umræddum lögum. Ekki er annað fram komið en að samtökin hafi haft fulla heimild til að skuldbinda varnaraðila og að samkomulagið feli í sér bindandi ráðstöfun fyrir hans hönd. Verður ekki á það fallist að varnaraðili sé óbundinn af ákvæðum samkomulagsins.

Varnaraðili vísar til þess að krafa sóknaraðila sé fallin niður sökum tómlætis. Samkvæmt gögnum málsins hefur sóknaraðili ítrekað óskað eftir því að varnaraðili endurreikni kröfu sína á hendur sér með þeim hætti að tekið sé tillit til vaxta og kostnaðar við innheimtu líkt og að framan greinir. Verður því ekki talið að sóknaraðili hafi sýnt af sér slíkt tómlæti að það varði því að krafa sóknaraðila sé fallin niður.

Sóknaraðili krefst þess að umþrætt lán verði endurreiknað með þeim hætti að dráttarvextir af láninu eigi að bætast við uppreiknaða hámarksfjárhæð tryggingabréfs. Krafa sóknaraðila virðist vera sú að dráttarvextir af skuldabréfinu fyrir þriggja ára tímabil, frá 1. september 2008 til 14. júlí 2011, bætist við hámarksfjárhæð tryggingarbréfsins. Samkvæmt gögnum málsins liggur fyrir að nú þegar hafi eins árs dráttarvextir, reiknaðir af tryggingarbréfunum, verið afskrifaðir af láni sóknaraðila. Þarf því einungis að taka til skoðunar kröfur sóknaraðila um niðurfellingu dráttarvaxta umfram eitt ár. Í dómi Hæstaréttar frá 23. janúar 2019 í máli nr. 21/2018 var það niðurstaða dómsins að almennt væri það meginregla laga nr. 75/1997 um sammingsveð að tilgreind hámarksfjárhæð í tryggingarbréfi skírskotaði til höfuðstóls veðtryggðar kröfu, að viðbættum vöxtum samkvæmt samningi eða lögum. Ef hin veðtryggða krafa bæri vexti eða dráttarvexti gildi þó sú takmörkun skv. b. lið 5. gr. laga nr. 75/1997 að við uppreikning nýtu dráttarvextir aðeins veðtryggingar sem hafi fallið í gjalddaga á síðasta árinu áður en krafa um nauðungarsölu á veðinu væri sett fram. Lögin girtu þó ekki fyrir að ákveða mætti í ákvæðum tryggingarbréfs að hámarksfjárhæð þess væri ekki háð þeirri takmörkun sem fram kæmi í b. lið 5. gr. laganna, en að slíkt frávik frá meginreglu laganna þyrfti að koma skýrlega fram í texta tryggingarbréfs eða leiða ótvírætt af skýringu þess. Tryggingarbréf þau sem liggja að baki ágreiningi málsaðila eru orðuð með hefðbundnum hætti. Af texta bréfanna, og með vísan til framangreinds, verður talið að skýra eigi ákvæði þeirra um dráttarvexti sem svo að einungis njóti veðtryggingar þeir dráttarvextir sem hafi fallið til einu ári fyrir þann tíma er krafa um nauðungarsölu var sett fram, skv. b. lið 5. gr. laga nr. 75/1997. Verður því kröfu sóknaraðila hafnað um að endurreikna lán hans með þeim hætti að dráttarvöxtum umfram eitt ár verði bætt við hámarksfjárhæð tryggingarbréfa og lán sóknaraðila fært niður sem því nemur.

Í athugasemdum varnaraðila kemur fram að varnaraðili hafi ákveðið að ganga lengra en samkomulagið frá 15. janúar 2011 kveður á um og færa lán viðskiptavina niður um allt að kr. 30.000.000 á hjón. Varnaraðili hefur sett sér ákveðnar viðmiðunarreglur um útreikning á þessu ívilnandi úrræði og giltu sömu viðmið um alla viðskiptavinini hans. Vandséð er á hverju sóknaraðili byggir kröfu sína um frekari niðurfærslu og ekki fæst séð að sóknaraðili eigi lagalegan rétt á því.

Að öllu framangreindu virtu verður ekki fallist á kröfu sóknaraðila.

Ú r s k u r ð a r o r ð :

Kröfu sóknaraðila, M, á hendur varnaraðila, F, er hafnað.

Reykjavík, 10. október 2019.

Auður Inga Ingvarsdóttir

Geir Arnar Marelsson
Magnús Fannar Sigurhansson

Hildigunnur Hafsteinsdóttir

VI.

Sératkvæði Erlu Arnardóttur

Ég er ekki samþykk rökstuðningi meirihluta nefndarinnar hvað varðar skýringu á ákvæði b. liðar 5. gr. laga nr. 75/1997 og túlkun á dómi Hæstaréttar í máli nr. 21/2018. Ákvæði b. liðar 5. gr. laga nr. 75/1997 fjallar eingöngu um forgangsrétt veðhafa gagnvart síðari veðhöfum fyrir gjaldföllnum vöxtum við nauðungarsölu, sjá t.d. dóma Hæstaréttar í máli nr. 610/2017 og í máli nr. 198/2017. Í dómi Hæstaréttar í máli nr. 21/2018 er fjallað um það að ákvæði laga nr. 75/1997 girði ekki fyrir að ákveða megi í tryggingarbréfi að hámarksfjárhæð þess taki til heildarfjárhæðar sem ætlast er til að veðtrygging taki til að meðtöldum vöxtum og kostnaði, þ.e. að hámarksfjárhæð tryggingarbréfs væri það há að hún næði yfir höfuðstól skuldar ásamt öllum ófyrndum vöxtum og kostnaði. Ekki er um þau atvik að ræða í fyrirliggjandi máli.

Ég er þó sammála niðurstöðu nefndarinnar um að hafna beri kröfu sóknaraðila með vísan til annarra röksemda nefndarinnar.

Ár 2019, föstudaginn 13. desember er fundur haldinn í úrskurðarnefnd um viðskipti við fjármálafyrirtæki.

Mætt eru: Auður Inga Ingvarsdóttir, formaður, Erla Arnardóttir, Geir Arnar Marelsson, Hildigunnur Hafsteinsdóttir, og Magnús Fannar Sigurhansson.

Fyrir er tekið **mál nr. 10/2019**:

M
gegn
fjármálafyrirtækinu F

og kveðinn upp svohljóðandi

ú r s k u r ð u r :

I.

Málsmeðferð.

Málsaðilar eru M, hér eftir nefnd sóknaraðili, annars vegar og F, hér eftir nefndur varnaraðili, hins vegar.

Málið barst úrskurðarnefndinni 2. júlí 2019 með kvörtun sóknaraðila, dags. 1. júlí 2019. Með tölvupósti nefndarinnar var kvörtunin send varnaraðila og honum gefinn kostur á að tjá sig um hana og skýra sjónarmið sín. Athugasemdir varnaraðila bárust með bréfi dags. 30. ágúst 2019 og voru þær sendar sóknaraðila í tölvupósti 5. september 2019. Athugasemdir sóknaraðila við þeim bárust 18. september.

Málið var tekið fyrir á fundum nefndarinnar 4. og 10. október, 8. og 22. nóvember og 13. desember 2019.

II.

Málsatvik

Hinn 18. nóvember 2009 gaf sóknaraðili út skuldabréf nr. A upphaflega að fjárhæð kr. 500.000 þar sem hún viðurkenndi að skulda FF þá fjárhæð með nánar tilgreindum skilmálum. Fjármálaeftirlitið tók hinn 22. apríl 2010 þá ákvörðun að ráðstafa eignum og skuldum FF. Hinn 5. mars 2011 tók Fjármálaeftirlitið þá ákvörðun að F tæki í einu lagi við eignum og skuldbindingum FF á grundvelli samnings milli íslenska ríkisins og F. Fékk skuldabréfið þá númerið A.

Hinn 26. september 2011 rituðu sóknaraðili og AF undir bílasamning um bifreið. Kom þar fram að um væri að ræða kaupleigusamning með jöfnum mánaðarlegum greiðslum á tímabilinu frá 26. september 2011 til 1. október 2015 með fyrsta gjalddaga 1. nóvember 2011. Samningsverðið var kr. 1.335.025 og skyldi mánaðarleg leiga samningsins vera kr. 33.706 og kaupverð í lok samningsins kr. 1.000. Vextir skyldu vera óverðtryggðir vextir bílasamninga samkvæmt ákvörðun AF. á hverjum tíma. Samhliða undirritaði sóknaraðili greiðsluáætlun sem miðaði við 9,25% vexti eins og þeir voru hjá AF. á þeim tíma sem bílasamningurinn var undirritaður. Hinn 6. október 2011 var AF. sameinað varnaraðila og varð við sameininguna nýtt svið innan varnaraðila. Hinn 20. desember 2011 rituðu sóknaraðili og varnaraðili undir yfirlýsingu um tækjaskipti samningsins að beiðni sóknaraðila. Í stað x kom nýr leigumunur með fastanúmerið Y. Í tækjaskiptasamningnum kom fram að samningurinn innihéldi alla sömu skilmála og segði í upphaflegum samningi, útgefnum 29. september 2011, og síðar framkvæmdum breytingum sem gerðar hafi verið á samningstímanum. Einnig

kom þar fram að á undirritunardegi væru 45 gjalddagar eftir af samningnum, að heildarstaða hans væri kr. 1.295.651 og að samningurinn væri í skilum.

Sóknaraðili greiddi ekki neinn gjalddaga af samningnum eftir það og var bílasamningnum því rift með bréfi dags. 2. ágúst 2012 og krafan send í lögfræðihæðheimtu. Þar sem riftunarbrefinu var ekki sinnt sendi varnaraðili aðfararbeiðni til Héraðsdóms Reykjavíkur dags. 26. september 2012. Héraðsdómur kvað upp úrskurð hinn 6. febrúar 2013 um að varnaraðila væri heimilt að fá bifreiðina Y tekna, með beinni aðfarargerð, úr vörslu sóknaraðila auk þess sem sóknaraðili skyldi greiða varnaraðila kr. 80.000 í málskostnað. Með bréfi, dags. 8. febrúar 2013, sendi varnaraðili sóknaraðila úrskurð Héraðsdóms Reykjavíkur og bað sóknaraðila um að skila bifreiðinni strax til varnaraðila svo ekki þyrfti að koma til frekari fyrirhafnar eða kostnaðar. Sóknaraðili varð ekki við því og sendi því varnaraðili aðfararbeiðni, dags. 13. febrúar 2013, til sýslumanns. Sóknaraðili greiddi kr. 500.000 inn á kröfuna hinn 20. mars 2013 sem innheimtuaðili ráðstafaði fjárhæðinni hinn 25. mars 2013 þannig að kr. 100.000 fóru í innheimtukostnað og kr. 400.000 inn á bílasamninginn

Skuldabréfið fór í vanskil 1. september 2012 og var greiðsluáskorun, dags. 26. nóvember 2012, birt fyrir sóknaraðila hinn 6. desember 2012. Sóknaraðili brást ekki við greiðsluáskoruninni og því sendi varnaraðili aðfararbeiðni til Sýslumannsins í Keflavík dags. 25. janúar 2013. Aðfarargerðinni lauk með árangurslausu fjárnámi hinn 20. mars 2013.

Síðar á árinu 2013 varð bifreiðin fyrir tjóni og fékk varnaraðili kr. 660.500 greiðslu frá Sjóvá-Almennar tryggingar hf. vegna tjónsins hinn 19. desember 2013. Fjárhæðinni ráðstafaði varnaraðili hinn 13. febrúar 2014 þannig að kr. 228.497 fóru til lækkunar bílasamningsins, en kr. 431.503 til svokallaðra SAK krafna, sem eru gjöld til þriðju aðila sem leiddu af notkun og vörslu sóknaraðila.

Síðasta greiðsla af hálfu sóknaraðila inn á bílasamninginn barst 27. febrúar 2014 að fjárhæð kr. 55.882.

Sóknaraðila barst innheimtubréf frá Motus, dags. 16. mars 2018, vegna eftirstöðva kröfu varnaraðila. Í apríl 2019 sendi varnaraðili sóknaraðila skjal sem sýndi stöðu kröfunnar. Í bréfi dagsettu 11. júní 2019 lýsti sóknaraðili því yfir að hún krefðist skuldajafnaðar á kröfu sem hún ætti, að hennar mati, á hendur varnaraðila vegna ofgreiðslu á bílasamningi gegn kröfu sem varnaraðili innheimti á hendur henni vegna skuldabréfs nr. A.

III.

Umkvörtunarefni

Kröfur sóknaraðila snúa annars vegar að bílasamningi og hins vegar að skuldabréfi nr. A.

Sóknaraðili gerir kröfur vegna bílasamningsins í þremur liðum. Fyrsta krafa sóknaraðila er aðallega að nefndin úrskurði kröfu á grundvelli bílasamnings niðurfallna, en til vara, að nefndin viðurkenni með úrskurðarorði að krafan sé að fullu greidd. Önnur krafa sóknaraðila er að nefndin viðurkenni með úrskurðarorði að ekki sé heimild í bílasamningnum til að krefjast vaxta. Þriðja krafa sóknaraðila er að nefndin viðurkenni með úrskurðarorði að varnaraðila sé óheimilt að krefjast dráttarvaxta á eftirstöðvar höfuðstóls bílasamningsins þann tíma sem innheimta hans lá niðri.

Sóknaraðili gerir kröfur í tveimur liðum vegna skuldabréfsins. Fyrsta krafa sóknaraðila er aðallega að nefndin úrskurði kröfu á grundvelli skuldabréfsins niðurfallna, en til vara, að nefndin viðurkenni með úrskurðarorði að krafan sé að fullu greidd. Önnur krafa sóknaraðila er að nefndin viðurkenni með úrskurðarorði að

varnaraðila sé óheimilt að krefjast dráttarvaxta á eftirstöðvar höfuðstóls skuldabréfsins þann tíma sem innheimta bréfsins lá niðri.

Fyrsti kröfuliður vegna bílasamnings

Sóknaraðili byggir aðalkröfu sína í fyrsta lagi á því að í stöðuskjali, dags. 23. apríl 2019, hafi varnaraðili, að mati hennar, í senn viðurkennt og lýst því yfir að hann hafi fellt niður kröfuna með óafturkræfum hætti. Í stöðuskjalinu kemur fram að síðasta aðgerð málsins hafi verið að fella kröfuna niður og að staða málsins sé að krafan sé felld niður. Í sama skjali er tiltekinn innheimtukostnaður og kostnaður við aðför sem sóknaraðili telur að ekki sé hægt að sjá á gögnum málsins að hún hafi verið krafín um á nokkru stigi. Sóknaraðili taldi að niðurfelling kröfunnar samræmdist því vel að innheimta meintrar kröfu hefði legið niður í fimm ár, en jafnframt var það mat sóknaraðila að fyrirbyggjandi réttur til að krefjast greiðslu og greiðsluskjöl bentu til þess að krafan væri að fullu greidd og að varnaraðili stæði í skuld við sóknaraðila í ljósi þess að varnaraðili hafði fengið kr. 1.560.500 greiddar vegna bílasamningsins. Sóknaraðili sundurliðar fjárhæðina þannig: hinn 20. mars hafi sóknaraðili greitt inn á samninginn kr. 500.000, hinn 25. mars 2013 kr. 400.000 og hinn 13. febrúar 2014 hafi Sjóvá-Almennar tryggingar hf. greitt varnaraðila kr. 660.500 vegna tjóns sem varð á bifreiðinni. Í yfirlýsingu sinni um skuldajöfnun heldur sóknaraðili því fram að varnaraðili hafi ekki fengið upplýsingar um greiðslur tryggingafélagsins fyrr en með tölvupósti hinn 4. júlí 2018 en um sumarið 2018 tilkynnti sóknaraðili varnaraðila að hún teldi sig ekki vera í skuld við hann og sendi honum upplýsingar um þær greiðslur sem hefðu verið inntar af hendi inn á samninginn.

Sóknaraðili byggir aðalkröfu sína í öðru lagi á því að krafan sé fallin niður fyrir fyrningu. Því til stuðnings vísar sóknaraðili til þess að hvort sem talið verði að um fjármögnunarleigusamning eða kaupleigusamning sé að ræða þá fyrnist kröfur á grundvelli slíkra samninga á fjórum árum. Sóknaraðili telur að af málsatvikum sé ljóst að engin þau atvik hafi orðið í að minnsta kosti fimm ár sem rofið geti fyrningu. Í tilviki fjármögnunarleigu þá bendir sóknaraðili á að orðalag samningsins innihaldi orðalagið leiga, eins og um leigusamning sé að ræða. Í tilviki kaupleigusamnings þá bendir sóknaraðili á að slíkir samningar hafi þess lags eðli að þeir séu í raun afborgunarkaup, þar sem kaupandi tækis greiðir með afborgunum til seljanda tækisins sem sá seljandi hafi þegar greitt til þriðja aðila. Sóknaraðili telur engan eðlismun vera á slíkum samningum með tilliti til réttarsambands milli kaupanda og seljanda og annarra samning þar sem greiðslufrestur sé gefinn á fullu kaupverði við afhendingu munar þannig að kaupverðið greiðist með afborgunum á nánar tilteknum tíma. Sóknaraðili vísar til þess að samkvæmt 5. gr. laga nr. 150/2007 fyrnist kröfur á grundvelli slíkra samninga á fjórum árum. Þessu til stuðnings vísar sóknaraðili til þess að nefndin hafi þegar í úrskurði sínum í máli nr. 6/2018 bent á framangreint og byggt úrskurðinn á framangreindum forsendum og réttarheimildum.

Sóknaraðili byggir aðalkröfu sína í þriðja lagi á því að krafa varnaraðila á grundvelli samningsins sé fallin niður vegna tómlætis. Því til stuðnings bendir sóknaraðili á að hún hafi ekkert heyrt um kröfurnar eftir að hann greiddi síðustu innborgunarinn á hana árið 2013. Varnaraðili hafi ekki sent sóknaraðila uppgjörsupplýsingar né tilkynnt henni á nokkru stigi að hann teldi sig eiga kröfur á hendur henni vegna annars kostnaðar sem hún hafi nú borið við í samskiptum aðila. Sóknaraðili bendir á að varnaraðili sé sérfræðingur á sviði viðskipta- og fjármálagerninga sem beri skyldur á grundvelli laga nr. 161/2002. Sóknaraðili vísar til þess að í 19. gr. laga nr. 161/2002 sé lögð sú skylda á varnaraðila að haga viðskiptum

sínum í samræmi við góða viðskiptahætti. Sóknaraðili byggir jafnframt á því að varnaraðili beri skyldu samkvæmt leiðbeinandi tilmælum fjármálaeftirlitsins nr. 670/2013, um góða viðskiptahætti, til að forðast að setja fram misvísandi, óljósar, eða villandi upplýsingar um viðskiptasamband. Þá beri fjármálafyrirtæki skyldu samkvæmt 10. gr. framangreindra tilmæla FME til að hafa samskipti við viðskiptamenn skýr og að tryggja að erindi þeirra fái sanngjarna og skilvirka afgreiðslu. Sóknaraðili vísar til innheimtulaga nr. 95/2008, en í 1. og 2. mgr. 6. gr. laganna sé kveðið á um góða innheimtuhætti, þar á meðal að valda ekki meira óhagræði en þörf sé á. Innheimta varnaraðila í málinu var að mati sóknaraðila framkvæmd með þeim hætti að kröfur hafi verið óljóst fram settar, þær innheimtar seint og miklir vextir hafi verið lagðir á kröfurnar. Innheimta varnaraðila var því þannig að mati sóknaraðila að hún stangaðist á við góða innheimtu- og viðskiptahætti og hafi falið í sér verulegt tómlæti sem rétt sé að leiði til þess að kröfur varnaraðila og krafa samkvæmt bílasamningi nr. 118714 sé niðurfalinn.

Sóknaraðili byggir aðalkröfu sína í fjórða lagi á því að ákvæði 36. gr. og ákvæði 36.gr. a til 36. gr. c í samningalögum nr. 7/1936 eigi við um kröfu varnaraðila, og vísar þar sóknaraðili til heimildar í nefndum ákvæðum til að víkja skuldbindingu neytanda til hliðar að hluta eða í heild ef talið yrði ósanngjarnt eða andstætt góðri viðskiptavenju að bera skuldbindinguna fyrir sig. Jafnframt vísar sóknaraðili sérstaklega til 36. gr. b. sömu laga, þar sem samningur á milli sérfróðs lánveitanda og neytanda skuli vera skýr og að allan vafa sem upp komi um túlkun samningsins skuli skýra neytanda í hag. Áðurnefndur bílasamningur sé að mati sóknaraðila óskýr og framangreind ákvæði eigi af þeim sökum að standa þess í vegi að varnaraðili geti borið fyrir sig skuld án grundvelli þess að hann hafi haft heimild til þess að krefjast vaxta af samningnum og annarra afleiddra krafna, án þess að semja skýrlega um þær eða tilkynna sóknaraðila um meintar afleiddar kröfur.

Sóknaraðili byggir varakröfu sína á því að hún hafi þegar greitt kröfuna að fullu. Bílasamningurinn hafi að mati sóknaraðila ekki kveðið á um vexti og lántökukostnað. Í ljósi þess, að á þeim tíma sem til bílasamningsins stofnaðist voru í gildi lög um neytendalán nr. 121/1994, hafi varnaraðili ekki getað öðlast ríkari rétt á hendur sóknaraðila en lögin kváðu á um. Sóknaraðili telur í ljósi grundvallarreglna um neytendavernd og 1. gr. laga nr. 121/1994 að lögin séu ófrávikjanleg. Sóknaraðili byggir á að samkvæmt 14. gr. laganna hafi varnaraðila ekki verið heimilt að krefja sóknaraðila um greiðslu vaxta og lántökukostnaðar ef ekki hafi verið getið um slíkar álögur í samningnum. Sóknaraðili telur að í ljósi þess hvernig samningurinn hljóðar og skortir skýr ákvæði um framangreindar álögur hafi varnaraðila ekki verið heimilt að innheimta vexti eða annan kostnað af samningnum. Allar greiðslur sóknaraðila inn á samninginn hafi því átt að leiða til lækkunar á höfuðstól hans. Leiði það til þess að þrjár greiðslur, að andvirði kr. 400.000, kr. 500.000 og kr. 660.500, samtals að andvirði kr. 1.560.500, hafi átt að koma beint til lækkunar á höfuðstólnum. Hafi krafan því verið að fullu greidd við ráðstöfun 660.500 króna inn á kröfuna árið 2013. Sóknaraðila vísar til þess að lög um neytendalán séu sérlög gagnvart öllum öðrum lögum og reglum varðandi heimildir varnaraðila til að krefjast vaxta og annarra álagna á kröfu sína. Þessu til stuðnings vísar sóknaraðili til dóms Héraðsdóms Reykjavíkur frá 19. júní 2018 í máli nr. E-76/2017.

Annar kröfuliður vegna bílasamnings

Sóknaraðili byggir á því að ekki sé að finna skýra og fullnægjandi vaxtatökuheimild í samningnum. Það sé í andstöðu við 3. gr. laga nr. 38/2001, sbr. 14. gr. laga nr. 121/1994.

Þriðji kröfuliður vegna bílasamnings

Sóknaraðili byggir á því að ákvæði 7. gr. laga nr. 38/2001 kveði á um að dráttarvaxta verði ekki krafist af peningakröfu ef ástæða þess að greiðsla fer ekki fram varði kröfuhafa. Sóknaraðili byggir á því að hún hafi haft ástæður og réttmætar væntingar til þess að telja skuld sína á grundvelli bílasamningsins að fullu uppgerða. Þessar væntingar sóknaraðila hafi fengið frekari grundvöll í því að varnaraðili hafi ekki beint að henni neins konar tilkynningum eða uppgjörsskjölum sem gátu gefið henni ástæður til að ætla annað. Sóknaraðili byggir einnig á því að varnaraðili hafi ekki hlutast til um innheimtu kröfunnar í fjölda ára og því standi áður nefnd 7. gr. laga nr. 38/2001, auk athugasemda við hana í frumvarpi, því í vegi að varnaraðili geti krafist dráttarvaxta fyrir þann tíma sem innheimta lá niðri. Að auki vísar sóknaraðili til reglna um tómlæti og neytendavernd þessari kröfu sinni til stuðnings.

Fyrsti kröfuliður vegna skuldabréfs nr. A

Sóknaraðili byggir aðalkröfu sína á því að varnaraðili hafi lýst því yfir að skuldbinding á grundvelli skuldabréfsins hafi verið felld niður og afskrifuð. Að mati sóknaraðila feli afskrift kröfu, hvernar innheimta hefur legið niðri í fjölda ára í sér að falli sé frá henni í skilningi almennra reglna kröfuréttar. Atvik málsins leiði því til þess að kröfunni sé lokið á grundvelli almennra reglna kröfuréttar. Þá hafi varnaraðili sýnt af sér tómlæti um innheimtu kröfunnar, sem að mati sóknaraðila leiði til þess að krafan sé niður fallin fyrir athafnaleysi.

Sóknaraðili byggir varakröfu sína á því að krafan hafi verið greidd í gegnum skuldajöfnuð. Sóknaraðili hafi sent varnaraðila yfirlýsingu um skuldajöfnuð þar sem sóknaraðili lýsi því yfir að hún hafi greitt kr. 1.560.500 vegna bílasamningsins. Þar sem samningsverð tækjasamningsins hafi verið kr. 1.295.651 og þar sem varnaraðili geti byggt rétt á öðrum kröfum eða álögum þá eigi sóknaraðili gagnkröfu til skuldajafnaðar upp á kr. 264.849. Þar sem höfuðstóll skuldabréfsins hafi numið að hámarki kr. 253.280 þegar varnaraðili hætti innheimtu þess þá eigi sóknaraðili kröfu á grundvelli skuldabréfsins uppgerða fyrir skuldajöfnuð.

Annar kröfuliður vegna skuldabréfs nr. A

Sóknaraðili byggir annan kröfulið sinn, vegna skuldabréfsins, í fyrsta lagi á því að 7. gr. laga nr. 38/2001 kveði á um að dráttarvaxta verði ekki krafist af peningakröfu ef ástæða þess að greiðsla fari ekki fram varði kröfuhafa. Sóknaraðili vísar hvað þetta snertir til þess að henni hafi á sínum tíma verið ófært um að fá upplýsingar um kröfuna hjá varnaraðila. Þá hafi varnaraðili að sögn sóknaraðila ekki hlutast til um innheimtu kröfunnar í fjölda ára né sent tilkynningar um tilvist hennar eða stöðu. Telur sóknaraðili því að tilvísuð lagagrein og athugasemdir við hana í frumvarpi standi því í vegi að varnaraðili geti nú krafist dráttarvaxta fyrir þann tíma sem innheimta lá niðri. Sóknaraðili byggir í öðru lagi á því að almennar reglur um tómlæti og neytendavernd standi því í vegi að varnaraðili geti innheimt vexti af kröfu sem lá óhreyfð í mörg ár.

Önnur atriði varðandi innheimtu

Sóknaraðili vísar til þess að ef til þess komi að ekki verði fallist á kröfur hennar óski hún eftir því að nefndin kveði á um í forsendum sínum fyrir niðurstöðu að allir vextir eldri en fjögurra ára séu fyrndir. Að lokum óskar sóknaraðili eftir því að nefndin fjalli um hvernig starfsaðferðir varnaraðila samræmist þeim reglum um góða viðskiptahætti og neytendavernd sem honum ber að starfa eftir.

IV.

Athugasemdir varnaraðila

Varnaraðili krefst þess að öllum kröfum sóknaraðila verði hafnað. Varnaraðili mótmælir málsatvikalýsingu sóknaraðila að því marki sem hún fari ekki saman við eftirfarandi málsatvikalýsingu varnaraðila.

Fyrsti kröfuliður vegna bílasamnings

Varnaraðili mótmælir því að hann hafi viðurkennt og lýst því yfir að hann hafi fellt kröfu á grundvelli samningsins niður. Sú staða máls þýði einfaldlega að málið hafi verið tekið úr innheimtu á sínum tíma vegna þess að innheimtutilraunir hafi verið taldar fullreyndar með vísan til árangurslauss fjárnáms hjá sóknaraðila. Telur varnaraðili að sóknaraðili geti ekki byggt neinn rétt á slíku stöðuyfirliti enda hafi honum verið fullkunnugt á þeim tíma þegar yfirlitið hafi verið prentað út að varnaraðili teldi sig aldrei hafa gefið kröfu sína á hendur sóknaraðila niður.

Varnaraðili mótmælir einnig þeirri staðhæfingu að krafan sé fallin niður fyrir fyrningu. Varnaraðili vísar til þess að Hæstiréttur Íslands hafi komist að þeirri niðurstöðu í tveimur dómum 16. júní 2010 í málum nr. 92/2010 og 153/2010 að sambærilegir bílasamningar teldust í raun vera lánsamningar en ekki leigusamningar. Að sama skapi hafi Hæstiréttur komist að sömu niðurstöðu um fjármögnunar-leigusamninga, sbr. dóm Hæstaréttar frá 12. desember 2013 í máli nr. 430/2013. Af þeirri niðurstöðu leiðir að kröfum samkvæmt slíkum samningum fyrnast á 10 árum, enda sé um peningalán að ræða samkvæmt 2. mgr. 5. gr. laga nr. 150/2007. Varnaraðili mótmælir því að úrskurður nefndarinnar í máli nr. 6/2018 geti haft fordæmisgildi, enda fari niðurstaða meirihluta nefndarinnar í því máli í bága við skýrt dómafordæmi Hæstaréttar frá 20. apríl 2018 í máli nr. 23/2017 þar sem reyndi á þessa málsástæðu. Í því máli hafi skuldir að baki tryggingarbréfi verið fjármögnunar-leigusamningar og kaupleigusamningur sem hefðu verið gjaldfelldir en veðsali greitt með fyrirvara. Varnaraðili vísar til þess að í dómi Hæstaréttar hafi sagt eftirfarandi: „Veðréttur í eign fyrnist ekki og þær fjárkröfur sem féllu undir tryggingabréfið voru ófyrndar þegar áfrýjendur inntu greiðslu sína af hendi. Samkvæmt þessu verður hafnað málstæðum áfrýjenda sem reistar eru á fyrningu.“ Varnaraðili telur að þessi orð Hæstaréttar séu afdráttarlaus og því beri nefndinni að hafna kröfu sóknaraðila sem byggð sé á fyrningu.

Varnaraðili mótmælir einnig því að krafa varnaraðila á grundvelli samningsins sé fallin niður fyrir tómlæti. Varnaraðili telur að ljóst sé að krafa eins og um ræðir í þessu máli geti aldrei fallið niður fyrir tómlæti enda skyti það skökku við ef krafa félli niður vegna tómlætis mörgum árum áður en krafan hefði ella fyrnst. Með því að hafa 10 ára fyrningarfrest á peningalánnum og ábyrgðarskuldbindingum hafi löggjafinn lagt ríka áherslu á að þeir sem gangist undir slíkar fjárskuldbindingar verði að efna þær. Varnaraðili vísar hvað þetta varðar til dóms Hæstaréttar frá 18. desember 2008 í máli nr. 243/2008 sem sneri að innheimtu um sjö ára gamallar yfirdráttarskuldar. Sóknaraðili gekk aldrei til uppgjörs við varnaraðila í kjölfarið eins og henni bar að gera samkvæmt 17. gr. samningsins og skorað hafði verið á hana að gera í riftunarbréfinu frá 2. ágúst 2012. Síðasta greiðsla sem barst varnaraðila var kr. 55.882 hinn 27. febrúar 2014. Í ljósi þess að sóknaraðili var með árangurslaust fjárnám var ekki haldið áfram með innheimtu eftirstöðva bílasamningsins. Varnaraðili afskrifaði lánin í bókum sínum og var öllum innheimtutilraunum hætt. Í því fólst þó ekki eftirgjöf krafanna gagnvart sóknaraðila í kröfuréttarlegum skilningi enda voru kröfurnar færðar síðar á kröfuvakt hjá Motus.

Varnaraðili mótmælir einnig því að hann hafi á einhvern hátt farið í bága við góða innheimtuhætti. Raunar sýni gögn málsins að innheimtan hafi farið fljótt af stað og ekkert hafi verið óeðlilegt við innheimtuhraða málsins. Varnaraðili telur að breytileg yfirlit yfir stöðu lánsins virðist stafa af því að SAK kröfurnar hafi verið að bætast við málið meðan innheimtan hafi verið í gangi. Ljóst sé að staða lánsins á þeim degi sem tækjaskiptin hafi farið fram hafi verið kr. 1.295.651. Við þá fjárhæð hafi bæst samningsvextir fram að næsta gjalddaga sem hafi lagst við höfuðstólinn og dráttarvextir frá þeim gjalddaga ásamt áföllnum SAK kröfum og innheimtukostnaði. Varnaraðili telur að í dag séu dráttarvextir eldri en fjögurra ára fyrndir.

Varnaraðili mótmælir því að víkja eigi samningnum til hliðar með vísan til 36. gr. samningalaga nr. 7/1936, en hann telur engin rök standa til þess. Sóknaraðili hefur að mati varnaraðila á engan hátt sýnt fram á að það sé ósanngjarnt eða andstætt góðri viðskiptavenju að varnaraðili beri fyrir sig samninginn.

Varnaraðili mótmælir því sem hann nefnir varakröfu í fyrsta kröfulið vegna bílasamningsins. Greiðslur inn á samninginn, eftir að hann fór í vanskil, hafi, að mati sóknaraðila, numið samtals kr. 784.379 og kr. 431.503 til greiðslu SAK krafna. Nánar tiltekið sundurliðast SAK kröfurnar með eftirfarandi hætti:

SAK 138492 Bifreiðagjöld 02/2012	kr. 28.225
SAK 140527 Vanrækslugjald	kr. 27.453
SAK 140682 Innleystar tryggingar frá Sjóvá	kr. 184.983
SAK 151660 Bifreiðagjöld 01/2013	kr. 29.800
SAK 173380 Bifreiðagjöld 02/2013	kr. 22.091
SAK 174.840 Innl. tr. Sjóvá 1.9.13-4.12.2013	kr. 93.414
SAK 141280 Stöðumælasekt	kr. 45.537

Telur varnaraðili því augljóst að samningurinn sé ekki uppgreiddur, jafnvel þótt öllum greiðslunum hefði verið ráðstafað inn á höfuðstólinn, sbr. hver staða lánsins hafi verið þegar tækjaskiptin fóru fram. Varnaraðili lýsir því sem alröngu að sóknaraðili hafi greitt kr. 400.000 til viðbótar 25. mars 2013 heldur er um að ræða skilagrein innheimtuaðilans af kr. 500.000 greiðslunni hinn 20. mars 2013 en innheimtuaðilinn hélt kr. 100.000 af fjárhæðinni eftir hjá sér upp í greiðslu innheimtukostnaður. Varnaraðili telur því að sóknaraðili tvítaki sömu greiðsluna og ofreikni því innborganir um kr. 400.000.

Varnaraðili mótmælir því að ekki hafi verið heimilt að krefja sóknaraðila um vexti og lántökukostnað en bæði komi nægjanlega skýrlega fram í samningnum og á greiðsluáætluninni sem sóknaraðili hafi ritað undir samhliða undirritun samningsins. Til viðbótar við það hafi sóknaraðili greitt athugasemdarlaust fyrstu gjalddaga lánsins, ritað undir yfirlýsingu um tækjaskipti auk afsals bifreiðarinnar sem umráðamaður. Varnaraðili byggir á því að svo virðist sem sóknaraðili hafi ekkert hafa haft við kröfuna að athuga fyrir en hann hafi fengið bréf frá kröfuvakt Motus vorið 2018. Um þetta atriði vísar varnaraðili til dóms Hæstaréttar frá 22. desember 2014 í máli nr. 349/2014, þar sem í máli sem snerist um ágreining um yfirdráttarlán hafi sambærilegum málsástæðum byggðum á neytendarétti og sóknaraðili haldi fram verið hafnað.

Varnaraðili telur að ef ekki verði fallist á ofangreindar röksemdir hans þá gildi það einu þar sem ekki sé hægt að fallast á kröfu sóknaraðila eins og hún sé sett fram enda sé hún fyrnd með vísan til 3. gr. laga nr. 150/2007. Sóknaraðili hafi ekki gefið fyrirsmæli á sínum tíma um innborganir sínar né gert athugasemdir við ráðstöfun söluandvirðis bifreiðarinnar og verði hún að bera hallann af því.

Annar kröfuliður vegna bílasamnings

Varnaraðili mótmælir því að 3. gr. vaxtalaga nr. 38/2001 og 14. gr. laga um neytendalán nr. 121/1994 eigi við með vísan til röksemda varnaraðila um varakröfu fyrsta kröfuliðar hér að framan. Þá telur varnaraðili að ekki verði séð að sóknaraðili hafi lögvarða hagsmuni af úrlausn um þennan kröfulið þar sem enginn hluti eftirstöðva kröfunnar séu í dag samningsvextir og telur varnaraðili því að vísa eigi þessum kröfulið frá ex officio.

Þriðji kröfuliður vegna bílasamnings

Varnaraðili mótmælir því að ekki hafi verið heimild til þess að krefjast dráttarvaxta af kröfunni. Skýrlega komi fram í 8. gr. samningsins að sóknaraðili skuli greiða dráttarvexti af vangoldinni fjárhæð frá gjalddaga í samræmi við ákvæði vaxtalaga. Sama komi fram í 17. grein samningsins. Varnaraðili telur erfitt að sjá hvernig vanskil sóknaraðila geti talist vera atvik sem varði varnaraðila sem kröfuhafa. Sama eigi við um réttmætar væntingar sóknaraðila til þess að skuld hennar samkvæmt bílasamningnum væri uppgerð. Varnaraðili segir sóknaraðila hafa fengið send þó nokkur bréf vegna kröfunnar og að það að hún hafi ekki fengið send bréf vegna kröfunnar í einhvern tíma geti aldrei skapað henni rétt til þess að telja kröfuna uppgerða eða fallna niður.

Fyrsti kröfuliður vegna skuldabréfs nr. A

Varnaraðili mótmælir því að hann hafi lýst því yfir að skuldbinding á grundvelli skuldabréfsins hafi verið felld niður. Telur hann vandséð hvernig sóknaraðili hafi talið svo vera með vísan til tölvupósts, dagsetts 26. júní 2019, en sent kvörtun til úrskurðarnefndarinnar fimm dögum síðar. Varnaraðili telur að sóknaraðila hafi mátt ljóst vera að um hafi verið að ræða afskrift sem bókhaldslega aðgerð hjá varnaraðila sem hafi ekki falið í sér neina eftirgjöf í skilningi almennra reglna kröfuréttar.

Varnaraðili mótmælir því að hann hafi sýnt tómlæti um innheimtu kröfunnar. Innheimtutilraunir hafi verið fullreyndar og lokið á sínum tíma með árangurslausu fjárnámi. Krafan geti aldrei fallið niður fyrir tómlæti með vísan til þess sem að framan sagði um þá málsástæðu um bílasamninginn.

Varnaraðili mótmælir einnig varakröfunni að krafan sé að fullu greidd með vísan til skuldajafnaðaryfirlýsingarinnar frá 11. júní 2019. Varnaraðili mótmælti henni hér að framan en hann telur að sóknaraðili eigi ekki þá gagnkröfu sem hún byggir á að hann eigi. Verði ekki fallist á það byggir varnaraðili á að gagnkrafan sé fyrnd og því ekki tæk til skuldajafnaðar.

Annar kröfuliður vegna skuldabréfs nr. A

Varnaraðili mótmælir því einnig að ástæða þess að greiðsla á þessari kröfu hafi ekki farið fram varði varnaraðila sem kröfuhafa og að sóknaraðila hafi verið ófært að fá upplýsingar um kröfuna hjá varnaraðila. Ekkert lagaákvæði hindri varnaraðila í að áskilja sér dráttarvexti af kröfu þótt virk innheimta hafi legið niðri um skeið. Engin ástæða hafi verið til að halda slíkri innheimtu áfram eftir að gert hafi verið árangurslaust fjárnám hjá sóknaraðila. Það gefi því auga leið að 7. gr. vaxtalaga nr. 38/2001 eigi ekki við í þessu máli. Sama eigi við um almennar reglur um tómlæti og neytendavernd.

Önnur atriði varðandi innheimtu

Varnaraðili sér ekki ástæðu til þess að nefndin þurfi að kveða sérstaklega á um í forsendum sínum fyrir niðurstöðu að allir vextir eldri en fjögurra ára séu fyrndir, enda séu aðila sammála um það. Komi einhvern tímann til þess að sóknaraðili lýsi yfir áhuga

á að semja um eftirstöðvar lánanna verði auðvitað tekið tillit til þess að dráttarvextir eldri en fjögurra ára séu fyrndir.

V.

Niðurstaða

Ágreiningur málsaðila lýtur að gildi kröfu varnaraðila á hendur sóknaraðila á grundvelli bílasamnings annars vegar og skuldabréfs hins vegar.

Fyrsti kröfuliður vegna bílasamnings

Sóknaraðili byggir í fyrsta lagi á því að krafa varnaraðila sé niðurfallin þar sem varnaraðili hafi fellt kröfuna niður í stöðuskjali úr kerfum CreditInfo sem dagsett er 23. apríl 2019. Varnaraðili hefur mótmælt þessu og vísað til þess að sú staða máls sem fram komi á skjalinu þýði einfaldlega að varnaraðili hafi tekið málið úr innheimtu á sínum tíma eftir að tekið var árangurslaust fjárnám hjá sóknaraðila. Þá telur varnaraðili að sóknaraðila hafi mátt vera það fullkunnugt þegar stöðuskjalið var prentað út að varnaraðili hafi ekki gefið eftir kröfu sína á hendur sóknaraðila. Fallast verður á það með varnaraðila að ekki skuli skilja skjalið sem svo að varnaraðili hafi fellt niður kröfu sína á hendur sóknaraðila í kröfuréttarlegum skilningi. Slík niðurfelling hefði þurft að vera skýr, afdráttarlaus, og vera beint að sóknaraðila með beinum hætti á lögformlegan og sannanlegan hátt, sjá í þessu samhengi til dæmis mál nefndarinnar nr. 12/2017.

Í öðru lagi telur sóknaraðili að krafa varnaraðila sé fallin niður fyrir sakir fyrningar. Fallast verður á það með varnaraðila að umþrættur bílasamningur teljist í raun vera lánsamningur, sbr. dóma Hæstaréttar Íslands frá 16. júní 2010 í málum nr. 92/2010 og 153/2010, en slíkir samningar fyrnast á 10 árum skv. 2. mgr. 5. gr. laga nr. 150/2007. Er krafa varnaraðila því ekki fyrnd.

Í þriðja lagi byggir sóknaraðili á því að krafa varnaraðila sé fallin niður vegna tómlætis. Síðasta greiðsla sóknaraðila inn á kröfuna átti sér stað 27. febrúar 2014. Innheimta kröfunnar lá niðri frá þeim tíma þar til að sóknaraðila barst innheimtubréf 16. mars 2018. Varnaraðili byggir á því að eðlilegt hafi verið að innheimta kröfunnar félli niður tímabundið eftir að árangurslaust fjárnám hafi átt sér stað hjá sóknaraðila. Varnaraðili mótmælir því að hann hafi sýnt af sér tómlæti, á þeim grundvelli að krafan hafi 10 ára fyrningarfrést, og það myndi skjóta skökku við að kröfur með slíkan fyrningarfrést féllu niður vegna tómlætis mörgum árum áður en þær hefðu ella fyrnst. Í dómi Landsréttar frá 6. desember 2019 í máli nr. 33/2019 var talið að þegar um væri að ræða peningalán þá teldist 4 ár á milli samskipta vegna innheimtu ekki nægilega langur tími til að skuldari hefði mátt vænta þess að lánveitandi hefði fallið frá kröfunni. Taldist krafan því ekki fallin niður fyrir sakir tómlætis. Af ofangreindu leiðir að hafna verður því að varnaraðili hafi sýnt af sér slíkt tómlæti í máli því er hér er til úrlausnar að það varði því að krafa varnaraðila sé fallin niður.

Krafa sóknaraðila um að krafa varnaraðila sé ógild á grundvelli 36. og 36. gr. b samningalaga nr. 7/1936 er lítt rökstudd. Ekki verður fallist á að samningur sá sem hér er um ræðir sé ósanngjarn eða það gegn góðri viðskiptavenju að bera hann fyrir sig, eða svo óskýr að hið sama eigi við. Verður því að hafna þessari málsástæðu sóknaraðila.

Sóknaraðili gerir loks þá varakröfu að krafa varnaraðila sé niðurfallin þar sem hún sé að fullu greidd. Bílasamningur sá sem hér er um ræðir var undirritaður milli sóknaraðila og forvera varnaraðila 26. september 2011, og var að samningsvirði 1.335.025 kr., sem greiðast skyldi með jöfnum mánaðarlegum greiðslum. Þá bæri samningurinn vexti samkvæmt ákvörðun forvera varnaraðila, sem fyrst um sinn voru 9,25%. Þá undirritaði sóknaraðili greiðsluáætlun þar sem fram komu þessir skilmálar,

þar á meðal um vexti. Óumdeilt er að 20. desember 2011 rituðu sóknaraðili og varnaraðili undir yfirlýsingu um tækjaskipti samningsins, að beiðni sóknaraðila. Í þeirri yfirlýsingu kom fram að nýr leigumunur varð andlag hins nýja samnings, en einnig að hinn nýi samningur innihéldi alla sömu skilmála og sá eldri. Í yfirlýsingunni kom fram að á undirritunardegi væru 45 gjalddagar eftir af samningnum og að heildarstaða hans væri þá 1.295.651 kr. og að samningurinn væri í skilum. Hefur þessu ekki verið mótmælt af hálfu sóknaraðila.

Vegna vanskila sóknaraðila var bílasamningnum rift og krafan send í innheimtu. Í kjölfar þess að varnaraðili sendi samþykktu aðfararbeiðni til sýslumanns greiddi sóknaraðili 500.000 kr. inn á kröfuna. Af því fóru 400.000 kr. til lækkunar á kröfunni og 100.000 kr. í innheimtukostnað. Bifreiðin varð fyrir tjóni árið 2013 og fékk varnaraðili 660.500 kr. frá tryggingafélagi sínu vegna þess. 228.497 kr. fóru til lækkunar bílasamningsins en 431.503 kr. til greiðslu ógreiddra gjalda af bifreiðinni samkvæmt samningi. Sóknaraðili hefur ekki mótmælt því að þessi gjöld hafi verið ógreidd. Loks greiddi sóknaraðili 55.882 kr. inn á bílasamninginn 27. febrúar 2014. Hefur því sóknaraðili greitt 455.882 kr. inn á hina ógreiddu kröfu síðan 20. desember 2011, auk þess sem 228.497 kr. komu til lækkunar kröfunnar vegna greiðslu til varnaraðila frá tryggingafélagi hans í kjölfar tjóns á bifreiðinni. Samtals nema því greiðslur til varnaraðila vegna bílasamningsins 684.379 kr. frá 20. desember 2011. Er því ljóst að hafna verður varakröfu sóknaraðila.

Annar kröfuliður vegna bílasamnings

Sóknaraðili gerir kröfu um að viðurkennt sé að ekki sé heimild í bílasamningnum til að krefjast vaxta þar sem ekki sé skýr og fullnægjandi vaxtatökuheimild í samningnum, sem sé í andstöðu við 3. gr. laga nr. 38/2001, sbr. 14. gr. laga nr. 121/1994. Ekki verður fallist á þetta. Umþrættur bílasamningur hefur að geyma ákvæði um vaxtafót og lántökukostnað og um hvernig vaxtafótur skuli verða ákvarðaður. Þá undirritaði sóknaraðili greiðsluáætlun þar sem kemur fram vaxtabyrði samningsins og áætlaðar greiðslur af honum. Þá greiddi sóknaraðili greiðslur af láninu áður en til vanskila kom, án athugasemda við þær, en óumdeilt er að þær greiðslur báru vexti. Sjónarmið um neytendavernd sem sóknaraðili byggir á haggja ekki gildi ákvæða samningsins um vexti og kostnað. Verður því að hafna þessari kröfu sóknaraðila.

Þriðji töluliður vegna bílasamnings

Sóknaraðili krefst þess að viðurkennt sé að varnaraðili megi ekki krefjast dráttarvaxta á eftirstöðvar bílasamningsins þann tíma sem innheimta lá niðri þar sem ákvæði 7. gr. laga nr. 38/2001 leiði til þess að ekki verði krafist dráttarvaxta ef ástæða þess að greiðsla fer ekki fram varðar kröfuhafa. Skýrt kemur fram í 8. gr. bílasamningsins að krefjast megi dráttarvaxta af kröfunni á grundvelli vaxtalaga. Sóknaraðili greiddi ekki af kröfunni, sem leiddi til þess að bílasamningnum var rift, og árangurslaust fjárnám var gert hjá sóknaraðila. Ekkert hefur komið fram sem styður þá fullyrðingu sóknaraðila að ástæður sem varði varnaraðila hafi staðið í vegi fyrir því að sóknaraðili greiddi ekki af kröfunni. Verður því þessari kröfu sóknaraðila hafnað.

Fyrsti kröfuliður vegna skuldabréfs nr. A

Sóknaraðili byggir á því að krafa varnaraðila á grundvelli skuldabréfs sé niðurfalinn þar sem varnaraðili hafi lýst því yfir í tölvupósti dags. 26. júní 2019. Varnaraðili hefur mótmælt þessu og lýst því yfir að með niðurfellingu í tölvupóstinum sé vísað til bókhaldslegrar aðgerðar hjá varnaraðila sem ekki hafi falið í sér eftirgjöf kröfunnar í kröfuréttarlegum skilningi. Þá bendir varnaraðili á að 5 dögum eftir að

sóknaraðili fékk áður nefndan tölvupóst sendi hún erindi til úrskurðarnefndarinnar. Fallast verður á það með varnaraðila að sóknaraðili hafi ekki mátt skilja efni ofangreinds tölvupósts sem svo að varnaraðili hafi fallið frá kröfunni.

Sóknaraðili byggir einnig á því að um tómlæti hafi verið að ræða af hálfu varnaraðila vegna skuldabréfsins. Varnaraðili mótmælir því á grundvelli sömu raka og að ofan hvað varðar meint tómlæti vegna bílasamningsins. Með vísan til ofangreinds og umfjöllunar um sömu málsástæðu vegna bílasamningsins verður kröfu sóknaraðila hafnað.

Þá byggir sóknaraðili á því til vara að krafan vegna skuldabréfsins sé að fullu greidd með vísan til skuldajafnaðaryfirlýsingar hennar frá 11. júní 2019. Ekki verður fallist á að sóknaraðili hafi sýnt fram á að hún eigi gilda kröfu til skuldajafnaðar eða hafi greitt kröfuna að öðru leyti. Verður því þessari kröfu sóknaraðila hafnað. Af ofangreindu leiðir að ekki verður fallist á að krafa varnaraðila á grundvelli skuldabréfs sé fallin niður.

Annar kröfuliður vegna skuldabréfs A

Sóknaraðili krefst þess jafnframt að viðurkennt sé með úrskurðarorði að varnaraðila sé óheimilt að krefjast dráttarvaxta á eftirstöðvar höfuðstóls skuldabréfsins þann tíma sem innheimta þess lá niðri. Sóknaraðili hefur ekki fært rök fyrir því að atriði sem varði varnaraðila hafi staðið því í vegi að hún gæti greitt kröfuna. Af þeirri ástæðu, en einnig með vísan til umfjöllunar um sama atriði hér að ofan verður kröfu sóknaraðila hafnað.

Ú r s k u r ð a r o r ð :

Kröfum sóknaraðila, M, á hendur varnaraðila F, er hafnað.

Reykjavík, 13. desember 2019.

Auður Inga Ingvarsdóttir

Erla Arnardóttir
Hildigunnur Hafsteinsdóttir

Geir Arnar Marelsson
Magnús Fannar Sigurhansson

Ár 2020, föstudaginn, 22. maí, er rafrænn fundur haldinn í úrskurðarnefnd um viðskipti við fjármálafyrirtæki.

Mætt eru: Auður Inga Ingvarsdóttir, formaður, Geir Arnar Marelsson, Hildigunnur Hafsteinsdóttir, Erla Arnardóttir og Magnús Fannar Sigurhansson.

Fyrir er tekið **mál nr. 11/2019**:

M1 og M2
gegn
fjármálafyrirtækinu F

og kveðinn upp svohljóðandi

ú r s k u r ð u r:

I.

Málsmeðferð.

Málsaðilar eru M (M1 og M2) hér eftir nefnd sóknaraðilar, annars vegar og F hér eftir nefndur varnaraðili, hins vegar.

Málið barst úrskurðarnefndinni 4. júlí 2019, með kvörtun sóknaraðila, dags. 26. júní 2019. Með tölvupósti nefndarinnar 8. júlí 2019, var kvörtunin send varnaraðila og honum gefinn kostur á að tjá sig um hana og skýra sjónarmið sín. Svör varnaraðila bárust með bréfi dags. 31. júlí 2019. Bréfið var sent sóknaraðila með tölvupósti nefndarinnar 1. ágúst 2019 og honum gefinn kostur á að koma athugasemdum sínum á framfæri. Athugasemdir sóknaraðila bárust með bréfi dags. 2. mars 2020.

Málið var tekið fyrir á fundum nefndarinnar 15. og 22. maí 2020.

II.

Málsatvik

Sóknaraðilar búa í húsnaði sem var áður í eigu þeirra og er nú í eigu varnaraðila. Um tíma ráku sóknaraðilar félagið A og var það í samstarfi við B. Í kjölfar þess að B sagði upp öllum viðskiptasamningum við félagið varð rekstur þess erfiður og gengust sóknaraðilar í persónulegar ábyrgðir fyrir skuldum félagsins á árinu 2008. Sóknaraðilar keyptu raðhús í Grafarvogi. Félag sóknaraðila var tekið til gjaldþrotaskipta í apríl 2009. Sóknaraðilar réðu ekki við að standa skil á skuldum sínum og afborgunum af lánum vegna raðhússins í kjölfar efnahagshrunsins. Bú sóknaraðilans M1 var tekið til gjaldþrotaskipta 10. desember 2014. Varnaraðili leysti til sín eignarhluta M1 í fasteigninni samkvæmt afsali dags. 13. maí 2015.

Þann 24. ágúst 2016 krafðist varnaraðili nauðungarsölu á eignarhluta sóknaraðilans M2 í fasteigninni með beiðni dags. 24. ágúst 2016. Nauðungarsalan, sem byggð var á veðskuldabréfi á 1. veðrétti, útgefnu 27. febrúar 2007 átti að fara fram 21. febrúar 2017 en gerðin var stöðvuð þar sem frumrit skuldabréfsins var ekki lagt fram til stuðnings beiðninni. Var því gerðin felld niður af fulltrúa sýslumanns.

Síðla árs 2016 lýstu sóknaraðilar áhuga á því að fá að kaupa 50% eignarhluta varnaraðila í eigninni. Varnaraðili vísaði þeim á stefnu sína um sölu fullnustueigna og gerði varnaraðilum grein fyrir því að varnaraðili myndi ekki lána sóknaraðilum til kaupa á eigninni og að þau yrðu að sýna fram á fulla fjármögnun eignarinnar ef þau gerðu tilboð í hana. Sóknaraðilar gerðu kautilboð í fasteignina upp á kr. 42.000.000 dags. 2. nóvember 2016 með fyrirvara um fjármögnun. Varnaraðili lét verðmeta eignina í

kjölfarið, og var það mat upp á kr. 55.000.000, og lá fyrir 14. desember 2016. Eftir verðmat á eigninni samþykkti varnaraðili að ganga til viðræðna um endurkaup sóknaraðila á eigninni gegn staðfestingu á fjármögnun. Sóknaraðila tókst ekki að fá fjármögnun innan tilskilins tíma og fór því uppboðið fram 21. febrúar 2017, en var svo fellt niður eins og áður sagði. Sóknaraðilar óskuðu eftir staðfestingu frá varnaraðila um að hann hefði frumrit skuldabréfsins í sinni vörslu og vöktu athygli á reglum um bótaskyldu gerðarbeiðanda vegna nauðungarsölu.

Haustið 2017 lögðu sóknaraðilar til að félag í eigu þeirra (X) myndi leysa til sín eignina á grundvelli verðmatsins sem varnaraðili hafði látið gera. Varnaraðili féllst á þá tillögu gegn því að sóknaraðilar gætu aflað staðfestingar á lánsloforði frá annarri fjármálastofnun.

Sóknaraðilar öfluðu staðfestingar á fjármögnun upp á kr. 36.500.000 frá ALM sem gildi til 5. nóvember 2017 og sendu hana ásamt formlegu kautilboði 31. október 2017. Varnaraðili tilkynnti með bréfi 8. nóvember 2017 að hann vildi óska eftir nýju verðmati vegna breytinga á fasteignamarkaði. Varnaraðili fékk nýtt verðmat 9. nóvember 2017 og var það upp á kr. 64.000.000. Var kautilboði sóknaraðila hafnað. Sóknaraðilar óskuðu frekari skýringa á þessari breyttu afstöðu varnaraðila, en ekki náðist samkomulag um lausn málsins. Varnaraðili hóf í kjölfarið fullnustuaðgerðir á ný og fór fram nauðungarsala á eignarhlut sóknaraðilans M2 í fasteigninni þann 18. júní 2018, og voru lok samþykkisfrests 13. ágúst 2018. Sýslumaður úthlutaði sóknaraðilum við uppboðið allt að 12 mánaða afnotum, til 13. ágúst 2019. Sóknaraðilar óskuðu eftir þetta ítrekað eftir því að vera veittur lengri afnotatími eða eftir endurkaupum á eigninni, en þeim beiðnum hefur varnaraðili hafnað.

III.

Umkvörtunarefni

Sóknaraðilar telja að eðlilegt hefði verið að félag þeirra X hefði fengið að kaupa fasteignina eins og hafi beinlínis verið samið um og ákvarðanir sóknaraðila hafi miðast við. Sóknaraðilar telja að varnaraðili hafi hafnað eigin nálgun og forsendum með því að krefjast nýs verðmats sem hafi farið þvert á áður gerðar yfirlýsingar varnaraðila. Sóknaraðilar telja að varnaraðili sé bundinn við þær yfirlýsingar nú sem endranær. Af þeim sökum telja sóknaraðilar að varnaraðila sé óheimilt að synja þeim um endurkaup á fasteigninni og beri skylda til að taka upp fyrri samningaviðræður um endurkaup sóknaraðila á eigninni. Í þeirri skyldu varnaraðila felist jafnframt skylda til að koma til móts við sóknaraðila með lengri afnotatíma svo þau fái tækifæri til að skila inn tilboði ásamt staðfestingu á fjármögnun.

Sóknaraðilar líta svo á að eftir að varnaraðili eignaðist fasteignina að fullu í ágúst 2018 hafi varnaraðili lokað algjörlega á allar viðræður og möguleika á að semja um endurkaup sóknaraðila á fasteigninni. Þá hafi varnaraðili jafnframt, sem sóknaraðilar telja mjög alvarlegt, hafnað að leigja sóknaraðilum fasteignina lengur en til 1. ágúst 2019. Sóknaraðili vísar til þess að aðstæður þeirra séu þær að viðkomandi eign sé heimili þeirra og barna þeirra, auk þess sem fyrsta barnabarn þeirra hafi fæðst nýverið, og búi hjá foreldrum sínum, afa og ömmu í fasteigninni. Það sé því verulegt rask fyrir sóknaraðila og fjölskyldu að flytja að svo stöddu. Sóknaraðilar vísa til þess að þekkjja vel til tilvika þar sem varnaraðili hafi heimilað öðrum áframhaldandi leigu fasteignar og einnig gefið viðkomandi tækifæri á að leysa til sín eign með endurkaupum hennar án þess að eignin sé rýmd og sett í almenna sölu, þrátt fyrir að um fullnustueign hafi verið að ræða. Sóknaraðilar viðurkenna að það sé meginreglan að fullnustueignir séu seldar í opnu sölufarli en benda á að varnaraðili hafi oft vikið frá meginreglunni ef

lögmæt og sanngjörn sjónarmið hafi mælt með því. Þessu til stuðnings vísa sóknaraðilar til stefnu varnaraðila um sölu fullnustueigna sem finna megi í gögnum málsins. Í nefndri stefnu varnaraðila segi meðal annars að hægt sé að víkja frá meginreglunni um opið sölufjerli ef verðmæti eignar sé það lítið að það réttlæti ekki kostnað við opið sölufjerli. Jafnframt hafi varnaraðili víðtækari heimildir til að víkja frá meginreglunni ef fasteignir séu undir kr. 300.000.000 að verðmæti líkt og hér sé raunin, en um þetta vísar sóknaraðili til 7. gr. áðurnefndrar stefnu varnaraðila.

Sóknaraðilar lýsa undrun sinni á því af hverju ekki sé hægt í þessu máli að verða við óskum þeirra um að fá að kaupa fasteignina, og telur sóknaraðili að ætla mætti að varnaraðili sé að vinna gegn hagsmunum sóknaraðila af ásetningi, þar sem engin önnur skýring sé á þeirri hörku sem varnaraðili hafi beitt í þessu máli.

Í athugasemdum sóknaraðila við andmælum varnaraðila, sem send voru nefndinni með bréfi dags. 2. mars 2020 er efni bréfs varnaraðila mótmælt og er þar lýst þeirri afstöðu sóknaraðila að andmæli varnaraðila séu haldlaus með öllu fyrir utan að vera villandi um staðreyndir málsins.

Hvað varðar það hvort að varnaraðili hafi verið bundinn af því að selja félaginu X fasteignina vísa sóknaraðilar til þess að jafnvel þótt varnaraðili hafi ekki samþykkt kauptilboð sóknaraðila með undirritun sinni þá liggi fyrir að sóknaraðilar hafi uppfyllt þau skilyrði af hálfu varnaraðila að eignin yrði keypt á markaðsvirði og með fjármögnun frá þriðja aðila. Nánar tiltekið hafi skilyrðin verið uppfyllt hinn 31. október 2017 með kauptilboði í eignina að fjárhæð kr. 55.000.000 sem hafi tekið mið af verðmati varnaraðila á þeim tíma, svo og með lánsloforði frá ALM að fjárhæð kr. 36.500.000. Samkvæmt framansögðu þá hafi komist á bindandi samningur um kaup á fasteigninni miðað við þau kjör sem varnaraðili hafði samþykkt. Hins vegar hafi varnaraðili tilkynnt án fyrirvara að hann hygðist óska eftir nýju verðmati. Sóknaraðilar telja að málsatvik bendi eindregið til þess að þessi afstaða varnaraðila hafi verið tilhæfalaus með öllu enda hefðu sóknaraðilar þá uppfyllt öll skilyrði til að kaupa eignina. Fyrir hönd sóknaraðila var krafist skýringa á þessari afstöðu varnaraðila, en engin viðhlítandi svör borist.

Sóknaraðilar vísa einnig til þess í viðbótarathugasemdum sínum að í þessu máli séu uppfyllt skilyrði 6. tl. reglna varnaraðila um sölu eigna hans, sem hafi að geyma frávik frá meginreglunni um opið sölufjerli. Með vísan til þess þá beri varnaraðila að efna umrætt kauptilboð sem leiði til þess að varnaraðila sé óheimilt að synja sóknaraðilum um endurkaup á fasteigninni.

Að endingu í viðbótarathugasemdum sóknaraðila gera sóknaraðilar alvarlegar athugasemdir við að varnaraðili hafi með bréfi, dags. 26. febrúar 2020, skorað á sóknaraðila að rýma fasteignina þvert á gefin fyrirheit. Hinn 31. júlí 2019 hafi varnaraðili samþykkt, án skilyrða, full afnot sóknaraðila af eigninni þar til niðurstaða nefndarinnar fengist vegna kvörtunar sóknaraðila og hafi samþykki þetta verið áréttað í athugasemdum varnaraðila dags. 31. júlí 2019. Sóknaraðilar vilja taka fram að loforð varnaraðila sé án takmarkana og ekki bundið neinum skilyrðum, hvorki frest- né lausnarskilyrðum né háð því að niðurstaða úrskurðarnefndar liggi fyrir innan tiltekins tíma. Hér sé því varnaraðili enn og aftur að ganga á bak orða sinna með ámælisverðum hætti og sé gerð alvarleg athugasemd við þá háttsemi af hálfu sóknaraðila. Með vísan til þess gera sóknaraðilar enn fremur þá kröfu að varnaraðila beri að efna gerðan samning um afnot og sé óheimilt að afturkalla samþykki sitt á þessu stigi málsins sem sé ótvírætt og án fyrirvara.

IV.

Athugasemdir varnaraðila

Varnaraðili vísar til þess í tölvupósti til lögmanns sóknaraðila 13. júní 2019 að 2. nóvember 2016 hafi M2 gert kauptilboð upp á kr. 42.000.000 í 50% hlut varnaraðila í fasteigninni. Ekki hafi fylgt með tilboðinu staðfesting á fjármögnun. Í framhaldi hafi varnaraðili ákveðið að fá verðmat á eigninni, sem fram fór 14. desember 2016, verðmatið var upp á kr. 55.000.000. Í kjölfarið hafi varnaraðila borist nokkur kauptilboð í eignina frá sóknaraðila en ekki hafi legið fyrir hvernig þau kaup yrðu fjármögnuð. Annað félag, X, gerði tilboð að fjárhæð kr. 55.000.000 þann 31. október 2017, en með kauptilboðinu hafi fylgt lánsloforð frá ALM að fjárhæð kr. 36.500.000 sem hafi gilt til 5. nóvember 2017. Þarna hafi vantað upp á kr. 18.500.000 upp á lánsloforðið miðað við tilboðið og hvergi hafi komið fram hvernig brúa skyldi mismuninn. Þegar þetta tilboð barst var tæplega ár komið frá tilboði M2 og lét varnaraðili því verðmeta eignina aftur, þann 8. nóvember 2017, og var það mat upp á kr. 64.000.000. Til stóð að verðmeta eignina aftur í desember 2017, en að sögn varnaraðila hentuðu tímar sem nefndir voru ekki sóknaraðilum.

Varnaraðili eignaðist svo 50% eignarhlut sóknaraðilans M2 á nauðungarsölu þann 18. júní 2018. Sýslumaður úthlutaði sóknaraðilum allt að 12 mánaða afnotum við uppboðið á kr. 290.000 á mánuði.

Í athugasemdum varnaraðila til úrskurðarnefndarinnar, í bréfi dags. 31. júlí 2019, krefst varnaraðili þess að kröfum sóknaraðila verði hafnað.

Varnaraðili byggir á því að úrskurðarnefnd um viðskipti við fjármálafyrirtæki hafi engar heimildir til þess að þvinga fjármálafyrirtæki til sammingsgerðar við gerðarþola vegna nauðungaruppboðs, líkt og hér sé krafist, enda stríði það gegn meginreglu samningaréttar um sammingsfrelsi. Hafi nefndin þannig hvorki heimild til þess að þvinga varnaraðila til þess að veita ákveðna lánaþingreiðslu né til að selja fullnustueign á ákveðnu verði til fyrri eigenda, þvert á innri lög varnaraðila og reglur. Nefndin geti einungis úrskurðað að varnaraðila beri að efna gerða samninga en varnaraðili hafi aldrei samþykkt kauptilboð frá sóknaraðilum í fasteignina né samþykkt að leigja þeim hana áfram eftir að leigusamningurinn renni út. Framangreindu til stuðnings vísar varnaraðili til úrskurða nefndarinnar í málum nr. 68/2013, 11/2014, 37/2014, 58/2014 og 27/2016.

Varnaraðili hafnar fullyrðingum sóknaraðila um að réttur og eðlilegur farvegur fyrir málið hefði verið að félagið X hefði fengið að kaupa fasteignina eins og beinlínis hafi verið samið um og ákvarðanir sóknaraðila hafi miðast við. Þessar fullyrðingar eru að mati varnaraðila rangar og ósannaðar. Eins og gögn málsins beri með sér hafi varnaraðili aldrei samþykkt kauptilboð sóknaraðila eða félaga þeim tengdum í eignina og strax í upphafi hafi legið fyrir þau skilyrði af hálfu varnaraðila að fasteignin yrði eingöngu seld á markaðsvirði á hverjum tíma í samræmi við stefnu varnaraðila um sölu eigna hans og jafnframt að varnaraðili myndi ekkert lána af kaupverði eignarinnar og að sóknaraðilar yrðu að sýna fram á það við gerð kauptilboðs að þau hefðu tryggt sér fjármögnun á öllu kaupverðinu. Sóknaraðilar hafi ekki getað uppfyllt þessi skilyrði og sé því ljóst að ekkert verði af kaupum þeirra á eigninni. Langur tími sé liðinn frá því að varnaraðili eignaðist 50% eignarhluta sóknaraðilans M1 í eigninni og ár síðan varnaraðili eignaðist alla eignina og að mati varnaraðila sé komið að því að sóknaraðilar þurfi að rýma fasteignina svo hægt sé að selja hana í opnu sölufarli.

Í stefnu varnaraðila um sölu eigna hans komi fram grunnreglur sem ekki sé vikið frá nema í undantekningartilvikum. Í 3-5. tl. þeirra komi fram að sala eigna fari fram á viðskiptalegum forsendum á hverjum tíma og að teknu tilliti til markaðsástæðna.

Þannig sé tryggt að sanngjarnt verð fáið fyrir eignirnar. Meginreglan sé sú að eignirnar séu seldar í opnu söluferli. Í því felist að fasteignir varnaraðila séu settar í sölumeðferð á að minnsta kosti tveimur fasteignasölum sem hafi verðmetið þær og og þurfi fasteignasölnar að auglýsa eignirnar til sölu og sýna þær hugsanlegum kaupendum. Varnaraðili setji fasteignir sínar í sölumeðferð þegar fyrri eigendur hafi rýmt þær svo að kaupendur geti skoðað og gert kautilboð á jafnræðisgrundvelli. Samkvæmt 10. tl. reglna varnaraðila sé sala fullnustueigna eðlilegur þáttur í starfsemi viðskiptabanka og skuli stefnt að því að selja þær eignir eins fljótt og unnt sé að teknu tilliti til markaðsaðstæðna og sé þessi regla í samræmi við 2. mgr. 22. gr. laga um fjármálafyrirtæki nr. 161/2002. Í 6. tl. reglnanna séu ákvæði um frávik frá reglunni um opið söluferli og telji varnaraðili að skilyrði fyrir frávikum frá reglunni séu ekki uppfyllt í þessu máli.

Sóknaraðilar hafa að sögn varnaraðila ekki getað gert kautilboð í eignina í eigin nafni heldur hafi tilboðin verið fyrir hönd félaga en það bendi til þess að þau hafi ekki greiðslugetu til kaupanna og þess vegna hafi þau ekki getað sýnt fram á fjármögnun kaupverðsins. Einnig séu sóknaraðilar ekki sátt við að greiða eðlilegt markaðsverð eignarinnar sem sé ófrávikjanleg regla varnaraðila við sölu fullnustueigna.

Varnaraðilar benda á að ekkert þeirra kautilboða sem félög, fyrir hönd sóknaraðila, hafi gert í fasteignina hafi uppfyllt skýr skilyrði af hálfu varnaraðila um að fjármögnun væri tryggð og eða eignin væri seld á markaðsvirði á hverjum tíma. Að mati varnaraðila sé fullreynt að sóknaraðilar geti keypt eignina aftur í samræmi við þessi skilyrði og því liggi fyrir að þau verði að rýma eignina enda sé meginreglan sú að varnaraðili leigi ekki fullnustueignir sínar umfram það sem sýslumaður geti ákveðið á grundvelli 28. gr. laga um nauðungarsölu nr. 90/1991. Sóknaraðilar hafi vitað að leigusamningurinn þeirra hafi verið til eins árs og hafi varnaraðili ávallt gert þeim grein fyrir því að leigutíminn yrði ekki lengdur og verði sóknaraðilar að virða efni gerðra samninga og hafi sóknaraðilar haft góðan tíma til þess að finna sér annað húsnæði. Varnaraðili sé þó tilbúinn að leigja þeim eignina áfram þar til úrskurður nefndarinnar liggi fyrir í málinu og hafi bankinn kynnt sóknaraðilum þá afstöðu sína.

Frá 13. maí 2015, er varnaraðili eignaðist 50% eignarhlut sóknaraðilans M1, og fram að ákvörðun sýslumanns um að sóknaraðilar gætu tekið eignina á leigu í kjölfar nauðungaruppboðs á henni þann 13. ágúst 2018, greiddu sóknaraðilar ekki fyrir afnot af eigninni né af áhvílandi lánnum varnaraðila. Sé því ekki hægt að halda því fram að varnaraðili hafi gengið hart fram gegn sóknaraðilum og hafi þau haft rúman tíma til þess að reyna að kaupa eignina aftur og til að finna sér annað húsnæði til að búa í. Með vísan til alls framangreinds krefst varnaraðili þess að kröfum sóknaraðila verði hafnað.

V.

Niðurstaða

Ágreiningur aðila lýtur að því hvort varnaraðila beri skylda til að samþykkja kautilboð sóknaraðila á umþrættri fasteign er félagið X sendi kautilboð til varnaraðila 31. október 2017.

Í 6. gr. samþykktu fyrir úrskurðarnefnd um viðskipti við fjármálafyrirtæki er fjallað um þau mál sem nefndin fjallar ekki um. Samkvæmt b-lið greinarinnar fjallar nefndin ekki um kröfu viðskiptamanns sem ekki verður metin til fjár.

Eins og krafa sóknaraðila er uppbyggð virðast þau krefjast þess að viðurkennt verði að varnaraðila sé óheimilt að gangast ekki til samninga við X. Sóknaraðili hefur því ekki uppi beina fjárkröfur á hendur varnaraðila og verður krafan eins og hún er sett fram ekki metin til fjár.

Jafnvel þótt krafan yrði metin til fjár, má af þeim gögnum, sem aðilar hafa lagt fram, ráða að þótt varnaraðili hafi lýst því yfir að hann væri reiðubúinn til þess að ganga til viðræðna um að félagið keypti umþrætta fasteign ef fjármögnun væri til staðar, hafi ekki í því falist loforð um að selja umþrætta fasteign á tilteknu verði. Þvert á móti má af gögnunum ráða að varnaraðili hafi skýrlega hafnað kautilboði sóknaraðila. Í ljósi þessa og meginreglu samningaréttar um sammingsfrelsi verður ekki fallist á með sóknaraðila að varnaraðila verði gert skylt að selja umþrætta fasteign til X. Kröfu sóknaraðila er því hafnað.

Ú r s k u r ð a r o r ð :

Kröfu sóknaraðila, M, á hendur varnaraðila, F, er hafnað.

Reykjavík, 22. maí 2020.

Auður Inga Ingvarsdóttir

Geir Arnar Marelsson
Hildigunnur Hafsteinsdóttir

Erla Arnardóttir
Magnús Fannar Sigurhansson

Ár 2019, föstudaginn 22. nóvember er fundur haldinn í úrskurðarnefnd um viðskipti við fjármálafyrirtæki.

Mætt eru: Auður Inga Ingvarsdóttir, formaður, Erla Arnardóttir, Geir Arnar Marelsson, Hildigunnur Hafsteinsdóttir og Þorvaldur E. Jóhannesson.

Fyrir er tekið **mál nr. 12/2019**:

M
gegn
fjármálafyrirtækinu F

og kveðinn upp svohljóðandi

ú r s k u r ð u r :

I.

Málsmeðferð.

Málsaðilar eru M, hér eftir nefndur sóknaraðili, annars vegar og F, hér eftir nefndur varnaraðili, hins vegar.

Málið barst úrskurðarnefndinni 8. ágúst 2019 með kvörtun sóknaraðila, dags. sama dag. Með tölvupósti nefndarinnar 8. ágúst 2019 var kvörtunin send varnaraðila og honum gefinn kostur á að tjá sig um hana og skýra sjónarmið sín. Athugasemdir varnaraðila bárust með bréfi dags. 5. september 2019 og voru þær sendar sóknaraðila í tölvupósti 6. september 2019. Athugasemdir sóknaraðila við þeim bárust 28. október 2019.

Málið var tekið fyrir á fundi nefndarinnar 22. nóvember 2019.

II.

Málsatvik

Sóknaraðili tók hinn 23. janúar 2006 húsnæðislán hjá forvera sóknaraðila að fjárhæð kr. 7.500.000. Lánið var í formi skuldabréfs og var það verðtryggt og bar 4,35% fasta vexti. Skuldabréfið innihélt ákvæði um endurskoðun vaxta þar sem varnaraðila var veitt heimild til að breyta vöxtunum á vaxtagjalddögum en þó ekki fyrr en að fimm árum liðnum frá útgáfudegi skuldabréfsins og síðan á fimm ára fresti. Rúmum fimm árum eftir að lánið var tekið hækkaði varnaraðili vexti skuldabréfsins í 5,60%. Hinn 12. október 2017 féll dómur Hæstaréttar í máli 623/2016 þar sem staðfest var sú niðurstaða áfrýjunarnefndar neytendamála að sambærilegt ákvæði um vaxtaendurskoðun og í skuldabréfi sóknaraðila bryti í bága við lög nr. 121/1994 um neytendalán og forvera varnaraðila var bannað að breyta vöxtum samkvæmt endurskoðunarákvæðinu. Í kjölfar þessa dóms gerði sóknaraðili kröfu um að fá oftekna vexti endurgreidda. Hinn 11. júlí 2018 sendi varnaraðili sóknaraðila tölvupóst þar sem lýst var yfir að varnaraðili hefði fallist á að endurgreiða sóknaraðila ákveðna fjárhæð vegna oftekinna vaxta. Þegar sú greiðsla hafði ekki enn borist sendi sóknaraðili varnaraðila innheimtubréf 17. ágúst 2018 þar sem hann krafðist þess að varnaraðili endurgreiddi sér samtals kr. 974.070. Hinn 3. september 2018 endurgreiddi varnaraðili sóknaraðila kr. 870.894. Sóknaraðili sendi því varnaraðila innheimtuviaðvörðun hinn 17. september 2018 með kröfu um greiðslu eftirstöðva sem námu þá kr. 109.383. Þar sem tilraunir sóknaraðila til

innheimtu krafna sinna báru ekki árangur sendi hann kvörtun þessa til úrskurðarnefndar 8. ágúst 2019.

III.

Umkvörtunarefni

Sóknaraðili krefst þess aðallega að varnaraðila verði gert að leiðrétta lán hans samkvæmt 18. gr. laga um vexti og verðtryggingu nr. 38/2001 sbr. lög nr. 151/2010. Þannig reiknaðar hefðu eftirstöðvar lánsins á gjalddaga 8. júlí 2019 átt að vera kr. 3.085.754 að nafnverði.

Til vara er þess krafist að varnaraðila verði gert að greiða sóknaraðila 747.673 krónur með vöxtum samkvæmt 4. gr. sbr. 18. gr. laga nr. 38/2001 um vexti og verðtryggingu af kr. 9.317 Frá 8. mars 2011 til 8. apríl 2011, kr. 18.721 frá þeim degi til 8. maí 2011, kr. 28.189 frá þeim degi til 8. júní 2011, kr. 37.708 frá þeim degi til 8. júlí 2011, kr. 47.292 frá þeim degi til 8. ágúst 2011, kr. 36.900 frá þeim degi til 8. september 2011, kr. 66.491 frá þeim degi til 8. október 2011, kr. 76.079 frá þeim degi til 8. nóvember 2011, kr. 85.699 frá þeim degi til 8. desember 2011, kr. 95.323 frá þeim degi til 8. janúar 2012, kr. 104.918 frá þeim degi til 8. febrúar 2012, kr. 114.519 frá þeim degi til 8. mars 2012, kr. 124.120 frá þeim degi til 8. apríl 2012, kr. 133.789 frá þeim degi til 8. maí 2012, kr. 143.529 frá þeim degi til 8. júní 2012, kr. 153.316 frá þeim degi til 8. júlí 2012, kr. 163.071 frá þeim degi til 8. ágúst 2012, kr. 172.844 frá þeim degi til 8. september 2012, kr. 182.516 frá þeim degi til 8. október 2012, kr. 192.141 frá þeim degi til 8. nóvember 2012, kr. 201.807 frá þeim degi til 8. desember 2012, kr. 211.468 frá þeim degi til 8. janúar 2013, kr. 221.129 frá þeim degi til 8. febrúar 2013, kr. 230.763 frá þeim degi til 8. mars 2013, kr. 240.393 frá þeim degi til 8. apríl 2013, kr. 230.150 frá þeim degi til 8. maí 2013, kr. 259.894 frá þeim degi til 8. júní 2013, kr. 269.624 frá þeim degi til 8. júlí 2013, kr. 279.315 frá þeim degi til 8. ágúst 2013, kr. 289.024 frá þeim degi til 8. september 2013, kr. 298.672 frá þeim degi til 8. október 2013, kr. 308.319 frá þeim degi til 8. nóvember 2013, kr. 317.964 frá þeim degi til 8. desember 2013, kr. 327.574 frá þeim degi til 8. janúar 2014, kr. 337.184 frá þeim degi til 8. febrúar 2014, kr. 346.810 frá þeim degi til 8. mars 2014, kr. 356.333 frá þeim degi til 8. apríl 2014, kr. 365.884 frá þeim degi til 8. maí 2014, kr. 375.422 krónum frá þeim degi til 8. júní 2014, kr. 384.9354 frá þeim degi til 8. júlí 2014, kr. 394.456 krónum frá þeim degi til 8. ágúst 2014, kr. 403.955 frá þeim degi til 8. september 2014, kr. 413.400 frá þeim degi til 8. október 2014, kr. 422.829 frá þeim degi til 8. nóvember 2014, kr. 432.208 frá þeim degi til 8. desember 2014, kr. 441.561 frá þeim degi til 8. janúar 2015, kr. 450.826 frá þeim degi til 8. febrúar 2015, kr. 460.079 frá þeim degi til 8. mars 2015, kr. 469.228 frá þeim degi til 8. apríl 2015, kr. 478.397 frá þeim degi til 8. maí 2015, kr. 487.619 frá þeim degi til 8. júní 2015, kr. 496.814 frá þeim degi til 8. júlí 2015, kr. 505.994 frá þeim degi til 8. ágúst 2015, kr. 515.155 frá þeim degi til 8. september 2015, kr. 524.288 frá þeim degi til 8. október 2015, kr. 533.426 frá þeim degi til 8. nóvember 2015, kr. 542.484 frá þeim degi til 8. desember 2015, kr. 551.502 frá þeim degi til 8. janúar 2016, kr. 560.444 frá þeim degi til 8. febrúar 2016, kr. 369.368 frá þeim degi til 8. mars 2016, kr. 578.194 frá þeim degi til 8. apríl 2016, kr. 587.032 frá þeim degi til 8. maí 2016, kr. 595.831 frá þeim degi til 8. júní 2016, kr. 604.638 frá þeim degi til 8. júlí 2016, kr. 613.409 frá þeim degi til 8. ágúst 2016, kr. 622.145 frá þeim degi til 8. september 2016, kr. 630.798 frá þeim degi til 8. október 2016, kr. 639.427 frá þeim degi til 8. nóvember 2016, kr. 648.044 frá þeim degi til 8. desember 2016, kr. 656.606 frá þeim degi til 8. janúar 2017, kr. 665.112 frá þeim degi til 8. febrúar 2017, kr. 673.574 frá þeim degi til 8. mars 2017, kr. 681.934 frá þeim degi til 8. apríl 2017, kr. 690.298 frá þeim degi til 8. maí 2017, kr. 698.613 frá þeim degi til 8. júní

2017, kr. 706.914 frá þeim degi til 8. júlí 2017, kr. 715.176 frá þeim degi til 8. ágúst 2017, kr. 723.379 frá þeim degi til 8. september 2017, kr. 731.520 frá þeim degi til 8. október 2017, kr. 139.621 frá þeim degi til 8. nóvember 2017, kr. 747.673 frá þeim degi til 17. september 2018, kr. en með dráttarvöxtum samkvæmt 1. mgr. 6. gr. sömu laga frá þeim degi til greiðsludags, kr. allt að frádreginni innborgun 3. september 2018 að fjárhæð kr. 870.894. Jafnframt er þess krafist að varnaraðila verði gert að greiða sóknaraðila kostnað vegna innheimtubrúfs að fjárhæð kr. 950, kostnað vegna innheimtuviðvörunar að fjárhæð kr. 950, kr. kostnað vegna milliinnheimtu að fjárhæð 5.900 krónur, kr. innheimtuþóknun að fjárhæð kr. 18.438, eða samtals kr. 26.238 í málskostnað. Sá kostnaður á jafnt við um aðalkröfu og varakröfu varnaraðila.

Aðalkröfu sína byggir sóknaraðili á 18. gr. laga um vexti og verðtryggingu eins og henni var breytt með lögum nr. 151/2010. Samkvæmt dómi Hæstaréttar Íslands 12. október 2017 í máli nr. 623/2016 liggja fyrir að skilmálar lánsins um vexti þ.e. um breytingar á þeim voru ógildir en þegar svo ber undir mæli 5. gr. 18. gr. laga um vexti og verðtryggingu nr. 38/2001 fyrir um að við ákvörðun endurgreiðslu eða útreikning á stöðu skuldar skuli upphaflegur höfuðstóll skuldar vaxtareiknaður samkvæmt ákvæðum 1. mgr. og við útreikning skuli draga frá fjárhæðir sem inntar hafi verið af hendi fram að uppgjörstegi í vexti og hvers kyns vanskilaálögur miðað við hvern innborgunardag. Þannig útreiknuð fjárhæð myndi eftirstöðvar skuldarinnar og skuli þá upphaflegir eða síðar ákvarðaðir endurgreiðsluskilmálar gilda að því er varðar lánstíma, gjalddaga og aðra tilhögun á greiðslu skuldar, allt að teknu tilliti til þeirra breytinga sem leiði af ákvæðum þessarar greinar.

Sóknaraðili byggir enn fremur á því að við endurútreikning lánsins sé rétt að miða við vexti samkvæmt 2. másl. 4. gr. laga um vexti, en þó aldrei hærra en 4,35% sammingsvexti lánsins á hverjum gjalddaga, í samræmi við 2. másl. 2. gr. laga nr. 38/2001 sbr. 24. gr. laga nr. 121/1994.

Varakröfu sína byggir sóknaraðili á því að endurgreiðsla 3. september 2018 hefði átt að bera vexti samkvæmt fyrrnefndum ákvæðum vaxtalaga þannig að á hana reiknuðust vextir samkvæmt 1. másl. 4. gr. þeirra laga, en ekki sammingsvextir lánsins eins og varnaraðili lagði til grundvallar.

Krafa um dráttarvexti er reiknuð frá 17. september 2018 þegar einn mánuður var liðinn frá því að sóknaraðili krafðist fyrst endurgreiðslu með innheimtubrúfi dags. 17. ágúst 2018, sbr. 3. mgr. 5. gr. laga um vexti og verðtryggingu nr. 38/2001. Dráttarvaxtakrafa sóknaraðila styðjist við þau rök að á sama tímabili og hér um ræði hafi varnaraðili reiknað dráttarvexti á ógreiddar eftirstöðvar yfirdráttar á tékkareikningi sem varnaraðili hafi gjaldfellt einhliða í janúar 2017 án heimildar og hafi ekki gefið kost á framlengingu heimildarinnar. Fyrrnefndri innborgun 3. september 2018 að fjárhæð 870.894 krónur hafi einmitt verið ráðstafað inn á þann reikning, upp í dráttarvexti og aðrar eftirstöðvar þeirrar yfirdráttarskuldar.

Kröfur sóknaraðila um kostnað vegna innheimtubrúfs, innheimtuviðvörunar og milliinnheimtu styðjast við 12. gr. innheimtulaga nr. 95/2008 sbr. reglugerð nr. 133/2010 um breytingu á reglugerð nr. 37/2009 um hámarksfjárhæð innheimtukostnaðar o.fl. Fjárhæð innheimtuþóknunar miðast við leiðbeinandi reglur um hæfilegt endurgjald fyrir innheimtu sbr. auglýsingu ráðherra nr. 450/2013.

Í viðbótarathugasemdum sóknaraðila í kjölfar þess að athugasemdir varnaraðila bárust kemur fram að sóknaraðili telur að úrskurðarnefndin hafi verið leidd á villigötur í tilvísuðu máli nr. 11/2018. Sóknaraðili telur að allir hlutaðeigandi hafi gleymt því þegar skorið var úr um ólögmeti gengistryggingar og tugþúsundir lána hafi verið endurreiknuð, þar á meðal af varnaraðila, eftir sömu lagareglum og samskonar

reikniaðferð og hér um ræði. Við þá framkvæmd hafi ekki verið spurt að því hvort samningsákvæði um vexti ættu að standa að öðru leyti óbreytt frá því sem um var samið, óháð ógildingu annarra samningsákvæða. Þvert á móti hafi verið gengið út frá því að ef eitt slíkt ákvæði væri ógilt skyldi endurreikna allt lánið upp á nýtt og miða þá við svokallaða seðlabankavexti samkvæmt 4. gr., sbr. 18. gr. laga nr. 38/2001. Sú framkvæmd hlýtur að mati sóknaraðila að virka í báðar áttir, hvorum aðilanum sem það hugnist betur, enda sé um lögbundnar reglur að ræða. Að fylgja þeim svo ekki ef það reynist lánveitanda óhentugt sé með öllu óviðunandi óréttlæti. Ekki síst með hliðsjón af þeim gríðarlega aðstöðumun sem sé á milli sóknaraðila og varnaraðila, sem og jafnræðisreglu 65. gr. stjórnarskrárinnar.

Sóknaraðili byggir á því að ákvæði 18. gr. laga um vexti og verðtryggingu nr. 38/2001 eigi við ef samningsákvæði um vexti eða annað endurgjald fyrir lánveitingu eða umlíðun skuldar eða dráttarvexti teljist ógild, en allan vafa um skýringu þeirra orða verði að meta sóknaraðila í hag sem neytanda. Í því samhengi vísar sóknaraðili til skýringa við 2. gr. í frumvarpi til laga nr. 151/2010. Með 1. gr. laga nr. 151/2010 hafi verið kveðið skýrt á um að ef samningsákvæði um vexti eða annað endurgjald teljist ógild skuli peningakrafan bera vexti skv. 1. másl. 4. gr. Ljóst sé að ákvæðinu hafi verið ætlað að hafa viðtækt gildissvið þar sem orðalagið annað endurgjald feli það í sér að ekki sé um tæmandi talningu að ræða. Ekkert bendi til þess að orðalagið annað endurgjald geti ekki einnig átt við um oftekið fé vegna þeirrar hækkunar á vöxtum sem hafi byggst á hinum ólögumæta vaxtaendurskoðunarskilmála.

Sóknaraðili mótmælir þeirri fullyrðingu varnaraðila að niðurstaða dóms Hæstaréttar Íslands í máli nr. 623/2016 hafi þær afleiðingar einar að styðjast skuli við þá vexti sem samið hafi verið um í upphafi og því sé ekki unnt að fallast á að 18. gr. eigi við í málinu þar sem samningsákvæði um vexti hafi ekki verið talin ógild. Þessar ályktanir séu alfarið komnar frá varnaraðila og eigi sér enga stoð í forsendum hins tilvísaða Hæstaréttardóms. Engum slíkum málsástæðum hafi verið leyst úr í málinu, þar sem málatilbúnaður varnaraðila hafi eingöngu lotið að kröfu um ógildingu stjórnvaldsákvörðunar.

IV.

Athugasemdir varnaraðila

Varnaraðili krefst þess að kröfum sóknaraðila verði hafnað. Varnaraðili telur að ekki sé um það deilt að honum hafi verið óheimilt að byggja endurskoðun vaxta á skilmálum umrædds láns og hafi varnaraðili nú þegar endurgreitt sóknaraðila ofgreidda vextu á húsnæðisláni hans. Reikniaðferðin sem beitt er sé sú að draga fram muninn á greiddum vöxtum og þeim vöxtum sem voru á láninu í upphafi, fyrir hvern gjalddaga og flytja svo ofgreiðslurnar til uppgjörsdags á sömu vöxtum og lánið bar. Varnaraðili hafi ákveðið að þrátt fyrir að lög standi almennt ekki til þess að greiða skuli vexti af ofgreiddu fé þá hafi verið reiknaðir vextir á inneign sem næmi vöxtum lánsins sjálfs.

Varnaraðili fellst ekki á þá kröfu að á grundvelli 18. gr. vaxtalaga skuli útreikningur á ofteknum fjárhæðum taka mið af vöxtum sem Seðlabankinn birtir, skv. 4. gr. vaxtalaga. Í ofangreindum dómi hafi Hæstiréttur komist að þeirri niðurstöðu að vaxtaendurskoðunarákvæði tiltekinna lána hjá varnaraðila hefðu ekki uppfyllt það skilyrði 2. mgr. 6. gr. og 9. gr. laga nr. 121/1994 um neytendalán að þar yrði að tilgreina við hvaða aðstæður breyta mætti vöxtum. Dómsniðurstaðan hafi snúið einungis að því, að skilmálum varðandi heimild til endurskoðunar vaxta lántaka í óhag hafi verið ábótavant, sem hefði þær afleiðingar einar að styðjast skyldi við þá vexti sem samið

hefði verið um í upphafi. Varnaraðili telur ekki unnt að fallast á að 18. gr. eigi við í málinu þar sem samningsákvæði um vexti hafi ekki verið talin ógild. Þeir lánaskilmálar sem hér um ræði séu skýrir hvað vexti varðar og beri því hvorki að styðjast við vexti sem Seðlabanki Íslands ákveður við útreikning á endurgreiðslukröfu sóknaraðila né við útreikning á vöxtum lánsins til framtíðar. Upphaflegir vextir lánsins hafi verið 4,35% og hafi vextir af láninu verið færðir til fyrra horfs. Varnaraðili vísar þessu til stuðnings til úrskurðar úrskurðarnefndar um viðskipti við fjármálafyrirtæki nr. 11/2018 þar sem nefndin hafnaði kröfu sóknaraðila um að vaxtaþrósentu samskonar láns skyldi miða við vexti sem Seðlabanki Íslands ákveði. Af framangreindu leiði að varnaraðili telur að nefndinni beri að hafna aðalkröfu sóknaraðila.

Hvað varakröfu sóknaraðila snertir vísar varnaraðili til þess að ákvörðun hans um að greiða sóknaraðila vexti af endurgreiðslunni hafi verið umfram skyldu. Varnaraðili byggir á því að samkvæmt 3. gr. vaxtalaga skuli aðeins greiða almenna vexti af peningakröfu að það leiði af samningi, venjum eða lögum. Engar almennar reglur sé að finna í lögum um vexti af ofgreiddu fé. Varnaraðili vísar jafnframt til dóms Hæstaréttar í máli nr. 544/2013 þar sem sambærilegri kröfu um vexti á endurgreiðslukröfu hafi verið hafnað.

Varnaraðili telur að þegar af þeirri ástæðu beri að hafna varakröfu sóknaraðila um að fjárhæð vegna endurgreiðslu hinna ofgreiddu vaxta skuli bera vexti samkvæmt 4. gr. laga nr. 38/2001, enda verði henni ekki fundin stoð í samningi, venju né lögum. Þá skuli það ítrekað að þrátt fyrir að lög standi ekki til þess að greiða skuli vexti af ofgreiddu fé þá hafi það samt sem áður verið gert.

Varnaraðili telur að hvað varðar kröfu um greiðslu dráttarvaxta frá 17. september 2018 þá verði ekki á það fallist. Dráttarvextir séu vextir sem skuldara beri að greiða eftir að vanefndir hafi orðið af hans hálfu á greiðslu skuldar. Krafan hafi hins vegar verið greidd þann 3. september 2018 og skilyrði 5. gr. vaxtalaga um að krafan sé ógreidd séu því ekki uppfyllt. Þá geti engu skipt að varnaraðili hafi reiknað dráttarvexti á ógreiddar eftirstöðvar sóknaraðila á yfirdráttarheimild hans þar sem um tvö algjörlega aðskilin mál sé að ræða. Af sömu sjónarmiðum leiði að kröfum sóknaraðila um greiðslu kostnaðar vegna innheimtubrúfs, innheimtuviaðvörunar og milliinnheimtu sé hafnað. Varnaraðili áréttar að ekkert hafi komið fram í málinu sem sýni að hann hafi ekki sýnt af sér góða viðskiptahætti eða vandað vinnubrögð sín í samræmi við meginreglur og lög nr. 161/2002.

V.

Niðurstaða

Ágreiningur aðila lýtur aðallega að því hvaða áhrif niðurstaða dóms Hæstaréttar Íslands hinn 12. október 2017 í máli nr. 623/2016 hafi á vaxtafót umþrættis skuldabréfs. Að mati sóknaraðila ber að skilja niðurstöðu dómsins á þann veg að þar sem ákvæði lánsins um heimild til endurskoðunar á vöxtum hafi verið metið ógilt þá sé uppfyllt skilyrði 1. mgr. sbr. 5. mgr. 18. gr. laga nr. 38/2001 og eigi því skuldabréf sóknaraðila að bera vexti sem Seðlabanki Íslands ákveður skv. 1. málslíð 4. gr. sömu laga og varnaraðila beri skylda til að endurreikna lán sóknaraðila út frá þeim forsendum. Varnaraðili byggir á því að af dómnum leiði að einungis ákvæði skuldabréfsins um heimild til endurskoðunar vaxta sé andstætt lögum en ákvæði um umsamda fasta vexti haldi sér.

Umrætt skuldabréf inniheldur ákvæði um fasta vexti upp á 4,35%. Ekkert hefur komið fram í málinu sem haggar gildi þess ákvæðis, þó svo að heimildarákvæði skuldabréfsins um endurskoðun vaxta sé andstætt lögum eins og fram kom í tilvitnuðum

dómi Hæstaréttar. Af ofangreindu leiðir að hafna ber bæði aðal- og varakröfu sóknaraðila.

Ú r s k u r ð a r o r ð :

Kröfum sóknaraðila, M, á hendur varnaraðila, F, um endurgreiðslu vegna ofgreiðslu vaxta er hafnað.

Reykjavík, 22. nóvember 2019.

Auður Inga Ingvarsdóttir

Erla Arnardóttir
Hildigunnur Hafsteinsdóttir

Geir Arnar Marelsson
Þorvaldur E. Jóhannesson

Ár 2019, föstudaginn 22. nóvember er fundur haldinn í úrskurðarnefnd um viðskipti við fjármálafyrirtæki.

Mætt eru: Hjörleifur Gíslason, varaformaður, Erla Arnardóttir, Geir Arnar Marelsson, Hildigunnur Hafsteinsdóttir og Þorvaldur E. Jóhannesson.

Fyrir er tekið **mál nr. 13/2019**:

M
gegn
fjármálafyrirtækinu F

og kveðinn upp svohljóðandi

ú r s k u r ð u r :

I.

Málsmeðferð.

Málsaðilar eru M, hér eftir nefnd sóknaraðili, annars vegar og F, hér eftir nefndur varnaraðili, hins vegar. Málið barst úrskurðarnefndinni 6. ágúst 2019 með kvörtun sóknaraðila, dags. 2. ágúst 2019. Með tölvupósti nefndarinnar 9. ágúst 2019 var kvörtunin send varnaraðila og honum gefinn kostur á að tjá sig um hana og skýra sjónarmið sín. Athugasemdir varnaraðila bárust með bréfi dags. 20. september 2019 og voru þær sendar sóknaraðila í tölvupósti 23. september 2019. Athugasemdir sóknaraðila við þeim bárust samdægurs.

Málið var tekið fyrir á fundum nefndarinnar 8. og 22. nóvember 2019.

II.

Málsatvik

Aðilar hafa gert fjóra samninga sín á milli um rafræna birtingu gagna frá 6. febrúar 2008. Í lið 2.3. allra samninganna segir að sóknaraðili greiði varnaraðila þóknun vegna birtingar gagna samkvæmt verðskrá varnaraðila á hverjum tíma. Í liðum 4.1., 4.2. og 4.5. kemur fram að varnaraðili beri ekki ábyrgð á tjóni sem verður vegna: utanaðkomandi atburða án þess að starfsmenn varnaraðila hafi átt þar hlut að máli, s.s. tæknibilana eða annars konar truflana; óþæginda, kostnaðar eða annars fjártjóns, beinu eða óbeinu, sem stafar af lokun, bilun, truflun eða annarri röskun á starfsemi varnaraðila, gildir þá einu þótt truflunin stafi af uppfærslu eða endurbótum á búnaði bankans, en þegar þess sé kostur skuli bankinn tilkynna sóknaraðila og/eða starfsmönnum sóknaraðila um slíkar truflanir með fyrirvara; ófyrirsjáanlegra ytri atvika sem koma í veg fyrir að varnaraðili geti staðið við skuldbindingar sínar um birtingu gagna.

Frá september 2018 fóru skuldfærslur ekki í gegn vegna innheimtuþjónustunnar. Þetta gerði það að verkum að kvittanir vegna þjónustugjalda, dags. 1. september 2018, 1. október 2018, 1. nóvember 2018, 1. desember 2018, 1. janúar 2019 og 1. febrúar 2019 að fjárhæð 0 kr.

Sóknaraðila var tilkynnt um villuna þann 5. apríl 2019 og að unnið væri að lausn hennar. Þá var honum einnig tjáð að þjónustugjöld væru vangoldin vegna rafrænnar birtingar gagna. Framkvæmdastjóri sóknaraðila nefndi þá, við starfsmann útibús varnaraðila, að starfsmaður sinn hefði áður minnst á að ekki væri skuldfært af reikningum sóknaraðila vegna hinnar keyptu þjónustu.

Þá hefur varnaraðili tekið fram að þar sem skuldfærslur fóru ekki í gegn vegna kerfisvanda hjá varnaraðila hafi ekki verið gerð krafa um dráttarvexti eða vanskilakostnað af fjárhæðinni.

III.

Umkvörtunarefni

Sóknaraðili krefst þess að þær kvittanir, sem eru að fjárhæð 0 kr. frá og með 1. september 2018 til og með 1. febrúar 2019, sem hún fékk frá varnaraðila, standi sem fullnaðarkvittanir, þannig að henni verði ekki gert að greiða þjónustugjöld fyrir það tímabil.

Til stuðnings kröfu sinni, um að kvittanirnar teljist fullnaðarkvittanir þrátt fyrir að á þeim standi fjárhæð 0 kr., vísar sóknaraðili til þess hún telji að frá upphafi samningssambands aðila, um rafræna birtingu gagna, hafi ávallt verið gefnar út sambærilegar kvittanir og þær verið metnar fullnaðarkvittanir. Þá vísar sóknaraðili til þess að hluti þjónustugjaldanna skuldfærðist en ekki allur hlutinn.

Til stuðnings kröfu sinni, um að verða ekki gert að greiða þjónustugjöld fyrir framangreint tímabil, vísar sóknaraðili til þess að hún telji mistök starfsmanna varnaraðila hafa leitt til þess að þjónustugjöld voru ekki skuldfærð af reikningi sóknaraðila líkt og hafi verið gert frá upphafi samningssambandi aðila um rafræna birtingu gagna. Þá vísar sóknaraðili til þess að hafi varnaraðili ekki áttað sig á að um mistök á innheimtu eigin gjalda var að ræða, vegna breytinga sem varnaraðili var að gera á eigin tölvukerfum, og innheimt lægri þóknun en ætlunin var, séu það alfarið mistök starfsmanna varnaraðila sem varnaraðili einn ber ábyrgð á. Auk þess telur sóknaraðili ekki eðlilegt að varnaraðili krefjist greiðslu aftur í tímann fyrir mistök sem hún telur vera varnaraðila.

Í viðbótarathugasemdum tekur sóknaraðili fram að hún hafi verið upplýst mjög seint um villu kerfisins.

IV.

Athugasemdir varnaraðila

Varnaraðili telur ekki unnt að fallast á að útprentanir á birtingarmynd úr fyrirtækjabanka, af kvittun vegna þjónustugjalda, feli í sér fullnaðarkvittun, þar sem þær bera ekki með sér að nokkur greiðsla hafi átt sér stað. Þá tekur varnaraðili fram að fullnaðarkvittanir, að hans mati, leysi greiðanda almennt ekki undan greiðsluskyldu hafi hann greitt minna en honum bar. Varnaraðili telur það einungis vera í undantekningartilvikum og að uppfylltum ríkum skilyrðum, svo sem að skuldari hafi við móttöku kvittunar fengið í hendur yfirlýsingu kröfuhafa um að greiðslu væri lokið. Þá telur varnaraðili að umþrættar útprentanir feli ekki í sér neina slíka yfirlýsingu og vísar til þess að það sé meginregla í kröfurétti að kröfuhafi, sem fengið hefur minna greitt en hann átti rétt á í lögskiptum aðila, eigi kröfu á hendur skuldara um það sem vangreitt er, sbr. dóm Hæstaréttar frá 15. febrúar 2012 í máli nr. 600/2011. Varnaraðili vísar til þess að í dómnum komi fram að frá meginreglunni séu undantekningar, m.a. um að fullnaðarkvittun kröfuhafa geti að vissum skilyrðum fullnægðum valdið því að hann glati frekari kröfu. Þá hvíli áherslan á því, að skuldari hafi við móttöku kvittunar fengið í hendurnar viljayfirlýsingu kröfuhafa um að greiðslu sé lokið og þar með réttmæta ástæðu til að ætla að hann sé búinn að gera upp að fullu greiðslu sína á viðkomandi gjalddaga og geti treyst því að ekki komi til frekari kröfu síðar.

Þá vísar varnaraðili til þess að jafnframt þyki vert að nefna að fullnaðarkvittun feli í sér staðfestingu á móttöku greiðslu en umræddar útprentanir gefi skýrlega til kynna að engin greiðsla hafi átt sér stað og geti því ekki verið sönnun þess að greiðsla hafi farið fram. Í reynd feli útprentanirnar í sér sönnun á því að engin greiðsla hafi farið fram og því beri sóknaraðila að greiða vangoldin þjónustugjöld. Af því leiði að varnaraðili fallist ekki á að útprentanirnar feli í sér að þjónustugjöld fyrir tilgreind tímabil séu fallin niður svo ekki verði krafist frekari greiðslu. Þá hafi varnaraðili reynt að skuldfæra reikninga sóknaraðila fyrir hinum vangoldnu gjöldum vegna rafrænnar birtingar en reikningar sóknaraðila hafi reynt án innstæðu.

Varnaraðili byggir á því að sóknaraðili skuldbindi sig til þess að greiða þóknun vegna rafrænnar birtingar skv. verðskrá bankans á hverjum tíma, sbr. áður nefnda 2.3. grein samninga aðilanna um rafræna birtingu gagna. Um lagarök fyrir fullar efndir vísar varnaraðili til grundvallarreglu fjármunaréttar um skuldbindingargildi samninga og réttar kröfuhafa til að fá efndir kröfu sinnar. Að mati varnaraðila væri um að ræða óréttmæta auðgun af hálfu sóknaraðila á kostnað varnaraðila ef greiðsluskylda hins fyrrnefnda væri ekki viðurkennd.

Varnaraðili telur að sóknaraðila hafi verið með fullu ljóst að gjald yrði tekið fyrir birtingu rafrænna gagna. Jafnframt hafi sóknaraðila verið ljóst að um augljósa kerfisvillu hafi verið að ræða, enda hafi hann verið upplýstur um hana án tafar þegar villunnar var vart, og hefði ekki getað búist við því að villan fæli í sér eftirgjöf kröfunnar um greiðslu þjónustugjalds. Þá megi telja að sóknaraðili hafi verið grandsamur um að fullar efndir hefðu ekki átt sér stað fyrir veitta þjónustu en kröfu varnaraðila til stuðnings fyrir fullar efndir megi vísa til dóms Hæstaréttar frá 4. desember 1997 í máli nr. 252/1997. Í þeim dómi hafi krafa um viðbótargreiðslu verið tekin til greina á hendur grandsömum skuldara þótt að ástæða þess að greitt hafi verið of lítið yrði rakin til mistaka kröfuhafa. Varnaraðili byggir á því að þrátt fyrir að hér sé um að ræða kerfisvillu í kerfum varnaraðila hafi sóknaraðili ekki haft ástæðu til þess að ætla að innheimtuþjónustan væri gjaldfrjáls og því ekki verið í góðri trú um að engin greiðsla væri fullnægjandi, sbr. 2.3. grein samninganna.

Hvað varðar ábyrgð bankans vísar varnaraðili til þess að skýrlega komi fram í 4.2. grein samninga á milli aðila að bankinn skuli í engu tilfelli vera ábyrgur fyrir óþægindum, kostnaði, eða öðru fjártjóni, beinu eða óbeinu, sem stafar af lokun, bilun, truflun eða annarri röskun á starfsemi bankans. Það gildi einu þótt truflunin stafar af uppfærslu eða endurbótum á búnaði bankans, en þegar þess sé kostur skuli bankinn tilkynna fyrirtækinu og/eða starfsmönnum fyrirtækisins um slíkar truflanir með fyrirvara. Af framansögðu telur varnaraðili ljóst að hann beri ekki ábyrgð á því að skuldfærslurnar fóru ekki í gegn sem skyldi.

Varnaraðili vill áréttta að ekkert hafi komið fram í málinu sem sýni að varnaraðili hafi ekki sýnt af sér góða viðskiptahætti eða vandað vinnubrögð sín í samræmi við meginreglur og lög um fjármálafyrirtæki nr. 161/2002 og kröfu sinni til stuðnings vísar varnaraðili til meginreglu samningaréttar um að samninga skuli halda.

V.

Niðurstaða

Ágreiningur aðila lýtur að því hvort tiltekna kvittanir séu almennar kvittanir eða fullnaðarkvittanir. Ef þær teljast fullnaðarkvittanir lýtur ágreiningur aðila einnig að því hvort þær feli í sér staðfestingu á eftirgjöf kröfu varnaraðila á hendur sóknaraðila.

Sóknaraðili telur kvittanirnar fullnaðarkvittanir og að henni verði því ekki gert að greiða þjónustugjöld fyrir tímabil kvittananna.

Með fullnaðarkvittun kröfuhafa er átt við kvittun sem felur í sér staðfestingu þess efnis að krafan er endanlega fallin niður og að ekki verði krafist frekari greiðslu. Slík kvittun getur því verið skrifleg sönnun þess að skuldari hafi innt af hendi greiðslu með fullnægjandi hætti og að kröfuhafi eigi ekki frekari kröfu á hendur skuldara vegna viðkomandi viðskipta og yfirlýsing kröfuhafa um eftirgjöf skuldar. Sú háttsemi skuldara að inna af hendi greiðslu eða að efna skuld gegn útgáfu slíkrar fullnaðarkvittunar, getur haft þau réttaráhrif, að kröfuhafi geti ekki krafist skuldara um viðbótargreiðslu sem nemur því er vangreitt var.

Það er meginregla í kröfurétti að kröfuhafi, sem fengið hefur minna greitt en hann átti rétt til í lögskiptum aðila, á kröfu á hendur skuldara um það sem vangreitt er. Í dómi Hæstaréttar frá 15. febrúar 2012 í máli nr. 600/2011 sem fjallaði meðal annars um fullnaðarkvittun kröfuhafa kom fram að frá meginreglunni um fullar efnir eru þó undantekningar, meðal annars um að slík kvittun geti að vissum skilyrðum fullnægðum valdið því að kröfuhafi glati frekari kröfu. Samkvæmt dómnum hvílir áherslan þá á því, að skuldari hafi við móttöku kvittunar fengið í hendur viljayfirlýsingu kröfuhafa um að greiðslu sé lokið og þar með réttmæta ástæðu til að ætla að hann sé búinn að gera upp að fullu greiðslu sína á viðkomandi gjalddaga og geti treyst því að ekki komi til frekari kröfu síðar. Í dómnum var einnig áréttað að af meginreglunni leiðir að einungis við sérstakar aðstæður verður tilkalli kröfuhafa um viðbótargreiðslu hafnað.

Í fyrirliggjandi samningi aðila um rafræna birtingu gagna kemur fram í 2.3. gr. að varnaraðili veiti sóknaraðila tiltekna þjónustu sem hún skuli greiða þóknun fyrir. Í samningnum kemur einnig fram í 4.2. gr. að varnaraðili sé ekki ábyrgur fyrir óþægindum, kostnaði eða öðru fjártjóni, beinu eða óbeinu, sem stafar af lokun, bilun, truflun eða annarri röskun á starfsemi varnaraðila.

Af gögnum málsins og framangreindu verður ekki ráðið að umþrættar kvittanir beri með sér eiginleika fullnaðarkvittana. Þvert á móti kemur skýrlega fram að engin fjárhæð hafi verið greidd sem ekki samræmist samningsbundnum skyldum aðila.

Ekki verður ráðið að sóknaraðili hafi við móttöku kvittananna fengið í hendur slíka viljayfirlýsingu varnaraðila um að greiðslu sé lokið eða að hún hafi með öðrum hætti haft réttmæta ástæðu til að ætla að hún sé búin að gera upp að fullu greiðslu sína á viðkomandi gjalddaga og geti treyst því að ekki komi til frekari kröfu síðar. Þegar litið er til þess að varnaraðili hefur um langt skeið veitt sóknaraðila þjónustu sem hún hefur staðið skil á greiðslum fyrir með þjónustugjöldum, telur nefndin að sóknaraðili hafi vitað eða mátt vita að fullnaðargreiðsla hafi ekki farið fram. Hinar umþrættu kvittanir geta ekki talist til fullnaðarkvittana og á varnaraðili því rétt á greiðslu sem nemur kröfunni.

Að teknu tilliti til alls framangreinds er kröfum sóknaraðila hafnað.

Ú r s k u r ð a r o r ð :

Kröfum sóknaraðila, M, á hendur varnaraðila, F, er hafnað.

Reykjavík, 22. nóvember 2019.

Hjörleifur Gíslason

Erla Arnardóttir
Hildigunnur Hafsteinsdóttir

Geir Arnar Marelsson
Þorvaldur E. Jóhannesson

Ár 2020, föstudaginn 8. maí er fundur haldinn í úrskurðarnefnd um viðskipti við fjármálafyrirtæki.

Mætt eru: Auður Inga Ingvarsdóttir, formaður, Geir Arnar Marelsson, Hildigunnur Hafsteinsdóttir, Magnús Fannar Sigurhansson og Margrét A. Jónsdóttir.

Fyrir er tekið **mál nr. 14/2019**:

M
gegn
fjármálafyrirtækinu F

og kveðinn upp svohljóðandi

ú r s k u r ð u r :

I.

Málsmeðferð.

Málsaðilar eru M, hér eftir nefndur sóknaraðili, annars vegar og F, hér eftir nefnt varnaraðili, hins vegar.

Málið barst úrskurðarnefndinni 22. ágúst 2019 með kvörtun sóknaraðila, dags. 10. ágúst 2019. Með tölvupósti nefndarinnar 22. ágúst 2019 var kvörtunin send varnaraðila og honum gefinn kostur á að tjá sig um hana og skýra sjónarmið sín. Athugasemdir varnaraðila bárust með bréfi dags. 11. október 2019 og voru þær sendar sóknaraðila í tölvupósti sama dag. Athugasemdir sóknaraðila við þeim bárust 31. október 2019 og viðbótarathugasemdir 21. nóvember 2019.

Kallað var eftir viðbótar gögnum frá F og M eftir fund nefndarinnar 21. febrúar 2020. Bárust þær í nokkrum tölvupóstum fyrri hluta mars.

Málið var tekið fyrir á fundi nefndarinnar 21. febrúar og 8. maí 2020.

II.

Málsatvik

Á tímabilinu 31. janúar til 17. júlí 2018 framkvæmdi sóknaraðili færslur í tengslum við fjárfestingar á kreditkorti sínu að samtals fjárhæð USD 208.000 tilfyrirtækis, hér eftir nefnt N. Í tölvupósti, dagsettum 2. febrúar 2018, lofaði N sóknaraðila í það minnsta 20% gróða en að sóknaraðili gæti gert ráð fyrir 31-56% gróða. Sóknaraðili fékk endurgreidda fjárhæð USD 5.000 í apríl 2018, USD 15.000 í desember 2018 og USD 9.000 í janúar 2019. Hinn 4. mars 2019 barst tilkynning frá vefsíðunni um að starfsemi hafi verið hætt vegna rannsóknar fjármálayfirvalda og rofnuðu þar með allar samskiptaleiðir sóknaraðila við N.

Í kvörtun, dagsettri 17. maí 2019, til varnaraðila, gerði sóknaraðili athugasemdir við framangreindar færslur. Í kvörtuninni hakaði sóknaraðili við valmöguleikann að vara hafi verið pöntuð, en ekki móttækin. Með tölvupósti, hinn 14. júní 2019, hafnaði varnaraðili því að aðstoða sóknaraðila við að endurheimta framangreindar færslur.

III.

Umkvörtunarefni

Sóknaraðili krefst þess að varnaraðili aðstoði sig við að endurheimta færslur í tengslum við fjárfestingar á kreditkorti sínu að samtals fjárhæð USD 179.000 til N á tímabilinu 31. janúar til 17. júlí 2018.

Sóknaraðili kvartar yfir túlkun varnaraðila á ákvæði 13.1 í skilmálum kreditkorts. Sóknaraðili telur fjárfestinguna vera þjónustu í skilningi reglunnar. Þá telur sóknaraðili að ákvæðið kveði á um að endurkröfurétturinn gildi í allt að 120 daga frá síðustu dagsetningu sem sóknaraðili mátti gera ráð fyrir að fá þjónustuna en að hámarki 540 dögum frá dagsetningu kortafærslunnar. Sóknaraðili heldur því fram að hann hafi búist við þjónustunni sem var lofað allt þar til tilkynning um lok starfsemi N var birt í mars 2019.

Þá heldur sóknaraðili því fram að N hafi rekið starfsemi sína frá árinu 2015 og að það hafi verið skráð af fjármálaeftirliti Kýpur. Af þeim ástæðum telji hann N hafa starfað undir lögum og reglum Evrópusambandsins. Sóknaraðili segir að þetta hafi ekki reynst rétt og að hafin hafi verið rannsókn á starfsemi N vorið 2019. Sóknaraðili segir að í kjölfarið hafi samband sitt við N reynst ómögulegt, netföng og símanúmer hafi verið óvirk, engin þjónusta veitt og ógerningur að nálgast innistæðureikning hjá N.

Í viðbótarathugasemdum sóknaraðila kemur fram að hann geti fallist á að ganga út frá að ákvæði 13.5 í skilmálum kreditkortsins eigi við um viðskipti sín á þeim grundvelli að ljóst sé að N villi á sér heimildir og standi ekki við loforð um þjónustu. Sóknaraðili túlkar endurkröfuregluna með þeim hætti að frestur til endurkröfu sé allt að 540 daga frá dagsetningu kortafærslunnar og að allar færslurnar séu innan þess tímaramma.

Þá vísar sóknaraðili til álits aðila frá vefsíðunni „MyChargeBack.com“ á málsatvikum. Þar segir að þar sem þjónusta N var viðvarandi og búist var við að þjónustan yrði veitt þar til N hætti rekstri og allar sambandsleiðir rofnuðu. Þá segir í álitinu að þar sem sóknaraðili hafði samband við fjármálafyrirtæki kreditkortsins og varnaraðila innan 120 daga frá síðasta þjónustudegi og 540 daga frá dagsetningum kortafærslunnar eigi ákvæði 13.1 í skilmálum VISA við. Einnig segir að ákvæði 13.3 í skilmálum kreditkorts geti átt við þar sem N auglýsti verðbréfamarkaðsþjónustu en skorti tilskilin leyfi til þess að veita þá þjónustu og ákvæði 13.5 í skilmálum kreditkorts geti einnig átt við þar sem sóknaraðila var ekki heimilt að nálgast innistæðureikning sinn hjá N.

Loks vísaði sóknaraðili, með tölvupósti hinn 20. nóvember 2019, til þess að bæði SIX Payment Services í Lúxemborg og Banque Internationale à Luxembourg höfðu samþykkt endurkröfubeiðni sóknaraðila, sem hann lagði inn í ágúst 2019, um USD 20.000, sem hann hafði greitt til N á sömu forsendum og í máli nefndarinnar. Veltir sóknaraðili því upp hvernig varnaraðili geti hafnað beiðni sóknaraðila þegar tvö önnur kortafyrirtæki, sem sóknaraðili telur starfa undir sömu reglum og varnaraðili, hafa samþykkt endurkröfubeiðni hans. Máli sínu til stuðnings bendir sóknaraðili á þrjú fylgiskjöl.

IV.

Athugasemdir varnaraðila

Varnaraðili krefst þess að öllum kröfum sóknaraðila verði hafnað.

Varnaraðili vísar til kvörtunar sóknaraðila, dags. 17. maí 2019, og að af henni sé ljóst að kortafærslurnar sem um ræðir voru framkvæmdar í tengslum við fjárfestingar sóknaraðila. Varnaraðili telur að þar sem hinar umdeildu færslur voru framkvæmdar á kreditkortu greiðslukorti gilda skilmálar kreditortafyrirtækisins um endurkröfurétt. Túlkun varnaraðila á ákvæði 13.1 í skilmálum kreditortafyrirtækis eigi aðeins við um hefðbundin vöru- og/eða þjónustukaup en ekki fjárfestingar.

Þá vísar varnaraðili til ákvæði 13.5 í skilmálum kreditkorts, sem varnaraðili telur viðskipti sóknaraðila falla undir. Í reglunni segir varnaraðili að sóknaraðili eigi aðeins

endurkröfurétt í allt að 120 daga frá því að kortafærsla var framkvæmd. Einnig segir varnaraðili að samkvæmt fyrirmælum í skemareglum komi fram að í tilvikum þar sem korthafi hefur lagt fram staðfestingu á því að samningaviðræður við söluaðila hafi hafist innan 120 daga frá dagsetningu kortafærslu kunni frestur til endurkröfu að lengjast, að hámarki í 540 daga. Varnaraðili telur þessa undantekningu ekki eiga við í tilviki sóknaraðila þar sem varnaraðili heldur því fram að ekki liggi fyrir nein staðfesting þess efnis að sóknaraðili hafi verið í viðræðum við söluaðila innan frestsins.

Að lokum telur varnaraðili tilefni til þess að benda á að samningssambandi á milli varnaraðila og sóknaraðila sé ekki til að dreifa. Varnaraðili segir að sóknaraðili sé með greiðslukort útgefið af fjármálafyrirtæki en að varnaraðili aðstoði útgefandann við framkvæmd endurkröfubeiðna.

Í viðbótarathugasemdum sínum vísar varnaraðili til athugasemdar sóknaraðila um að samskonar máli hafi lokið með fullri endurgreiðslu til korthafa frá Banque Internationale. Varnaraðili hafi engar forsendur til þess að meta hvers vegna Banque Internationale hafi ákveðið að endurgreiða sóknaraðila í því máli. Samkvæmt reglum kreditkorts sé ekki um bakfærslurétt að ræða þegar gerð er athugasemd við útgreiðslu af fjárvörslureikningi, en vera megi að Banque Internationale hafi tekið ákvörðun um að greiða korthafanum samt sem áður. Hafa beri í huga að varnaraðili sé ekki í sömu stöðu gagnvart korthafanum og Banque Internationale. Fjármálafyrirtæki sé útgáfubanki kortsins og hann geti tekið sjálfstæðar ákvarðanir um afskriftir þó að varnaraðili, sem þjónustuaðili fjármálafyrirtækis hvað varðar endurkröfur, hafi ekki bakfærslurétt í gegnum kortasamsteypurnar.

Þá vísar varnaraðili til þess að samkvæmt reglum kreditkorts eigi korthafi, sem stundar fjárfestingar, sem séu viðskipti sem falli undir endurkröfureglu nr. 13.5, aðeins endurkröfurétt í allt að 120 daga frá því að kortafærsla var framkvæmd.

Einnig vísar varnaraðili til þess að samkvæmt reglum kreditkorts, varðandi kortafærslur sóknaraðila sem um ræðir, þá teljist varan eða þjónustan afhent þegar féð er komið í ávöxtun eða aðra sýslan hjá söluaðilanum, þess vegna gildi ekki endurkröfuréttur á þeim forsendum að þjónustan hafi ekki verið veitt innan 540 daga.

Þar að auki vísar varnaraðili til þess að þegar beiðni sóknaraðila, um endurgreiðslu kom fram hafi frestir til að gera endurkröfur verið liðnir og beiðni um endurkröfu því hafnað. Varnaraðili sé að fylgja reglum kreditkorts um endurkröfur og tímarammi í máli sóknaraðila sé 120 dagar frá því að færslan var gerð samkvæmt þeim.

Loks telur varnaraðili tilefni til að benda á að samningssamband milli varnaraðila og sóknaraðila sé ekki til að dreifa. Sóknaraðili sé með greiðslukort útgefið hjá fjármálafyrirtæki en varnaraðili aðstoði útgefandann við framkvæmd endurkröfubeiðna.

V.

Niðurstaða

Ágreiningur málsaðila lýtur einkum að því hvert upphaf tímafrests til að krefjast endurgreiðslu sé.

Varnaraðili vísar til þess í athugasemdum sínum að ekki sé til að dreifa samningssambandi milli varnaraðila og sóknaraðila. Fyrir liggur að sóknaraðili var með kreditkort greiðslukort útgefið af fjármálafyrirtæki. Varnaraðili hefur umsjón með sölu og viðskiptatengslum við innlenda útgefendur greiðslukorta og er óumdeilt í málinu að það er hlutverk varnaraðila að aðstoða viðskiptavini íslenskra banka með deilur vegna kortafærslna á greiðslukortum á vegum varnaraðila. Þá liggur fyrir að sóknaraðili hafði fyrst samband við viðskiptabanka sinn vegna hinna umdeildu færslna, en

viðskiptabankinn benti sóknaraðila á að hafa samband við varnaraðila. Er því ljóst að kröfu sóknaraðila er beint að réttum aðila, þar sem samningssamband er milli sóknaraðila og viðskiptabanka hans, og varnaraðili er raunverulegur útgefandi greiðslukorta þess banka og ber skylda til að aðstoða eigendur slíkra greiðslukorta að því leyti sem honum er kleift.

Óumdeilt er milli aðila að ákvæði 13.5 í skilmálum kreditkorts eigi við um viðskipti þau sem sóknaraðili óskar eftir því að fá endurgreitt vegna. Í töflu 11-118 í ákvæði 13.5 í skilmálum kreditkorts er fjallað um tímafresti þar sem fram koma tvö skilyrði sem kvörtun sóknaraðila þarf að uppfylla. Í fyrsta lagi þarf kvörtunin að hafa borist varnaraðila innan 540 daga frá framkvæmd færslanna. Af gögnum málsins er ljóst að þetta skilyrði er uppfyllt. Í öðru lagi þarf kvörtunin að hafa borist innan 120 daga frá því að annað hvort færslurnar voru framkvæmdar eða þeirrar dagsetningar sem sóknaraðili fékk þjónustuna. Samkvæmt gögnum málsins var síðasti þjónustudagur 4. mars 2019 þegar N tilkynnti á vefsíðu sinni að starfsemi hafi verið hætt. Kvörtun sóknaraðila barst 17. maí 2019 og er annað skilyrðið því einnig uppfyllt.

Af framangreindu má ráða að skilyrði þau, sem ákvæði 13.5 í skilmálum kreditkorts gerir, eru uppfyllt og ber varnaraðila því að aðstoða sóknaraðila að því leyti sem honum er kleift við að endurheimta færslur í tengslum við fjárfestingar sóknaraðila á kreditkortu hans vegna viðskipta hans við N.

Ú r s k u r ð a r o r ð :

Fallist er á kröfu sóknaraðila, M, á hendur varnaraðila, F, um að varnaraðili aðstoði sóknaraðila að því leyti sem honum er kleift við að endurheimta færslur í tengslum við fjárfestingar á kreditkortu sóknaraðila að samtals fjárhæð USD 179.000 til N á tímabilinu 31. janúar 2018 til 17. júlí 2018.

Reykjavík, 8. maí 2020.

Auður Inga Ingvarsdóttir

Geir Arnar Marelsson
Magnús Fannar Sigurhansson

Hildigunnur Hafsteinsdóttir
Margrét A. Jónsdóttir

Ár 2020, 21. febrúar er fundur haldinn í úrskurðarnefnd um viðskipti við fjármálafyrirtæki.

Mætt eru: Auður Inga Ingvarsdóttir, formaður, Geir Arnar Marelsson, Erla Arnardóttir, Hildigunnur Hafsteinsdóttir og Þorvaldur E. Jóhannesson.

Fyrir er tekið **mál nr. 15/2019**:

M
gegn
fjármálafyrirtækið F

og kveðinn upp svohljóðandi

ú r s k u r ð u r :

I.

Málsmeðferð.

Málsaðilar eru M, hér eftir nefnd sóknaraðilar, annars vegar og F, hér eftir nefndur varnaraðili, hins vegar.

Málið barst úrskurðarnefndinni 5. september 2019 með kvörtun sóknaraðila, dagsettri sama dag. Með tölvupósti nefndarinnar 13. september 2019 var kvörtunin send varnaraðila og honum gefinn kostur á að tjá sig um hana og skýra sjónarmið sín. Athugasemdir varnaraðila bárust með bréfi dagsettu 25. október 2019 og voru þær sendar sóknaraðila í tölvupósti sama dag. Athugasemdir sóknaraðila við þeim bárust 11. nóvember 2019.

Málið var tekið fyrir á fundum nefndarinnar 24. janúar og 21. febrúar 2020.

II.

Málsatvik

Sóknaraðilar leigðu út fasteign sína til leigjanda og var um það gerður skriflegur húsaleigusamningur, dagsettur 30. ágúst 2018. Til tryggingar vegna vanskila á leigugreiðslum og tjóns á fasteigninni X, á ábyrgð leigjanda óskuðu sóknaraðilar eftir og fengu ábyrgðaryfirlýsingu frá varnaraðila, sem dagsett er 6. september 2018. Við lok leigutímabils reyndist ástand eignar vera óviðunandi. Sóknaraðilar töldu þrif af hálfu leigjanda hafa verið óásættanleg, en nýr leigjandi var væntanlegur sama dag og íbúðinni var skilað. Sóknaraðilar ákváðu því að þrifa sjálfir íbúðina. Sættir á milli aðila um kostnað sem falla skyldi á leigjanda vegna þessa náðust ekki þrátt fyrir að aðilar væru að mati sóknaraðila sammála um hvert ástand eignarinnar var við afhendingu. Við lok leigutímabils voru vanskil húsaleigu kr. 90.600. Tjón vegna skemmda, tapaðs húslykils og ónægra þrifa var að mati sóknaraðila kr. 45.000. Sóknaraðilar höfðu fengið bankaábyrgð frá varnaraðila sem tryggingu fyrir tjóni á fasteign og vanskilum á leigugreiðslum. Varnaraðili bætti vanskil á leigugreiðslum en einungis tjón upp að því marki sem leigutaki var tilbúinn að samþykkja að greiða, kr. 22.000, samtals kr. 112.600. Sóknaraðilar voru ósáttir við að varnaraðili teldi sér ekki skylt að bæta allt tjón þeirra. Niðurstaða varnaraðila var byggð á því að ábyrgðaryfirlýsing vegna tjóns næði ekki yfir vanefndir leigjanda þar sem að ekki hefði legið fyrir úttekt óháðs aðila á ástandi eignarinnar við upphaf leigutíma. Sóknaraðilar og varnaraðilar áttu í tölvupóstsamskiptum þar sem varnaraðili hafnaði kröfu sóknaraðila um að greiða þeim

mismuninn á kröfu sóknaraðila og innborgun varnaraðila. Sóknaraðilar vísuðu í kjölfarið málinu til nefndarinnar með kvörtun dagsettri 5. september 2019.

III.

Umkvörtunarefni

Sóknaraðilar krefjast þess aðallega að varnaraðila verði gert að greiða þeim kr. 23.000 vegna ábyrgðaryfirlýsingar sem gefin var út vegna útleigu á fasteign sóknaraðila.

Til vara krefjast sóknaraðilar þess að varnaraðila verði gert að greiða þeim upphæð sem ákvörðuð er af óháðum úttektaraðila vegna ábyrgðaryfirlýsingar sem gefin var út vegna útleigu á fasteign sóknaraðila.

Sóknaraðilar byggja kröfur sín á því að hvorki texti ábyrgðaryfirlýsingarinnar né 69. gr. húsaleigulaga nr. 36/1994 setji þær kvaðir á leigusala að þurfa að láta framkvæma úttekt á ástandi eignarinnar í upphafi leigutíma svo að tjón á eigninni vegna leigjanda verði bætt. Sóknaraðilar telja að varnaraðila hefði verið í lófa lagið að benda þeim á það við útgáfu ábyrgðaryfirlýsingarinnar að hann teldi sér ekki skylt að bæta slíkt tjón án úttektar. Varnaraðili hefði að mati sóknaraðila getað gert það með því að benda sóknaraðilum á óháðan úttektaraðila eða með því að tilgreina það með óyggjandi hætti í texta ábyrgðaryfirlýsingarinnar að slíkrar úttektar væri krafist. Sóknaraðilar byggja á því að það hafi staðið varnaraðila nær að bera skaðann af ófullnægjandi upplýsingagjöf sinni í texta ábyrgðaryfirlýsingarinnar eða í samskiptum við sóknaraðila, enda sé varnaraðili fagaðili á markaði sem gefi út fjöldann allan af slíkum ábyrgðaryfirlýsingum árlega. Að mati sóknaraðila sé það að falla frá ábyrgð í tilvikum sem þessum nokkuð sem falli undir óásættanlega viðskiptahætti. Sóknaraðilar telja að afar mikilvægt sé að staða leigusala sé skýrð í slíkum málum. Ætla megi að það séu hundruðir ef ekki þúsundir ábyrgðaryfirlýsinga banka vegna leiguhúsnæðis í umferð, þar sem að mati sóknaraðila sé sú staða uppi að handhafar slíkra ábyrgða séu ómeðvitaðir um að þær séu haldlausar þegar kemur að tjóni á hinu leigða hafi úttekt á vegum óháðs aðila ekki farið fram við upphaf leigutöku. Sóknaraðilar fara í aðalatriðum fram á að varnaraðila verði gert að viðurkenna ábyrgð í málinu og bæta sóknaraðilum að fullu það tjón sem þau telja sig hafa orðið fyrir vegna vanefnda leigjanda.

Í viðbótarathugasemdum sóknaraðila til nefndarinnar sem sendar voru með bréfi dags. 11. nóvember 2019 kemur fram að sóknaraðilar hafna aðalkröfu varnaraðila um að málinu verði vísað frá. Sóknaraðilar byggja í fyrsta lagi á því að mál þetta heyri undir nefndina á grundvelli 3. gr. samþykktu úrskurðanefndar um viðskipti við fjármálafyrirtæki. Í a. lið greinarinnar komi fram að nefndin taki til meðferðar kvartanir sem varði réttarágreining milli fjármálafyrirtækis og viðskiptamanns enda sé samningssamband milli aðila. Sóknaraðili telur að með greiðslu til sóknaraðila vegna vangoldinnar leigu og skemmda hafi varnaraðili viðurkennt að það væri samningssamband á milli sóknaraðila og varnaraðila, enda hafi leigutaki verið í vanskilum og bankaábyrgð útgefin af varnaraðila því orðin virk og varnaraðili búinn að taka yfir skyldur leigjanda. Í öðru lagi vísa sóknaraðilar til þess að í tölvupósti frá starfsmanni varnaraðila til sóknaraðila vegna málsins þann 27. ágúst 2019 hafi starfsmaðurinn bent sóknaraðilum á að ef þeim þætti mál þeirra ekki hafa hlotið efnislega umfjöllun og úrlausn hjá bankanum í samræmi við gildandi lög og reglur bankans gætu sóknaraðilar vísað ágreiningi til úrskurðanefndar um viðskipti við fjármálafyrirtæki. Þar sem varnaraðili hafi sjálfur bent sóknaraðilum á úrskurðanefndina sem vettvang til úrlausnar á ágreiningi hafi sóknaraðilar haft enga ástæðu til að ætla að varnaraðili myndi ekki fella sig við að málið fengi efnislega

meðferð hjá nefndinni. Í þriðja lagi segja sóknaraðilar í viðbótarathugasemdum sínum til nefndarinnar að þeir séu ósammála því mati varnaraðila að ágreiningurinn í málinu heyri augljóslega undir kærunefnd húsnæðismála. Sóknaraðilar hafa bent á að ábyrgðir varnaraðila útgefnar vegna leigu á húsnæði séu til þess fallnar að veita handhöfum slíkra ábyrgða falskt öryggi um þá vernd sem þeir megi ætla að þeir hafi við móttöku slíkra ábyrgða. Þessar athugasemdir sóknaraðila lúti að því sem sóknaraðili telji vera óásættanleg vinnubrögð varnaraðila við útfærslu fjármálagjörnings sem augljóslega heyri undir Fjármálaeftirlitið að úrskurða um og hafa eftirlit með.

Í viðbótarathugasemdum sóknaraðila um varakröfu varnaraðila kemur fram að sóknaraðilar hafna þeim röksemdum varnaraðila að ágreiningur í málinu sé bara á milli leigutaka og leigusala. Sóknaraðilar byggja á því að við vanskil leigutaka hafa skyldur leigutaka til greiðslu vangoldinnar leigu og skaðabóta færst yfir á varnaraðila í samræmi við útgefna bankaábyrgð.

Sóknaraðilar hafna einnig þeirri málsástæðu að mál þetta eigi sér samsvörun í áliti kærunefndar húsnæðismála í máli nr. 21/2015. Ekki hafi verið um aðkeypta þjónustu að ræða þar sem atburðarásina hafi borið upp á laugardagskvöldi, því hafi sóknaraðilar séð um þrif sjálfir. Sóknaraðilar sendu varnaraðila myndir til staðfestingar á vanefndum vegna þrifa eins og komi fram í tölvupóstkeðju 1 í gögnum málsins. Þau tölvupóstsamskipti beri með sér að ekki hafi verið ágreiningur á milli leigutaka og sóknaraðila um umfang þeirra þrifa sem þurftu að fara fram eða þeirra skemmda sem hafi orðið á vegg. Sóknaraðilar telja að það sé því ekkert því til fyrirstöðu að meta umfang þess tjóns sem sóknaraðili varð fyrir enda séu þónokkur fyrirtæki á markaði sem gefi út verðskrá yfir kostnað við flutningsþrif. Umfang þrifa í þessu máli sé skjalfest sem sjö klukkustunda vinna um helgi og krefjist varnaraðili þess að fá kvittun fyrir kostnaði vegna þessarar vinnu þá sé hægt að verða við því.

Sóknaraðilar hafna því að skilyrði 3. gr. ábyrgðaryfirlýsingar séu ekki uppfyllt af hálfu sóknaraðila. Sóknaraðilar fóru fram á það í tölvupóstsamskiptum, nánar tiltekið með pósti í tölvupóstkeðju 2 í gögnum málsins, 23. ágúst 2019, að varnaraðili tilnefndi úttektaraðila til að meta tjón sóknaraðila en varnaraðili hafnaði því.

Hvað varðar athugasemdir varnaraðila um góða viðskiptahætti og vönduð vinnubrögð þá vill sóknaraðili ítreka að það geti ekki talist vönduð vinnubrögð hjá varnaraðila, sem sé fagaðili í útgáfu bankaábyrgða, að orða ábyrgðaryfirlýsingar þannig að vilji varnaraðila komi ekki skýrt fram. Það væru betri vinnubrögð að mati sóknaraðila að setja það með skýrum hætti inn í texta ábyrgðaryfirlýsinga að varnaraðili telji ábyrgð á tjóni sem leigusalar kynnu að verða fyrir að engu hafandi ef ekki hafi farið fram úttekt af óháðum aðila við upphaf leigutöku. Ekki sé nægjanlegt að vísa í lagatexta sem kveði á um að ekki þurfi að fá slíkan aðila til að gera fullnægjandi úttekt á ástandi þess leigða við upphaf leigutöku. Það er túlkun sóknaraðila á XIV. kafla laga nr. 36/1994 að slík úttekt sé framkvæmd af leigusala og leigutaka nema að annar hvor aðilinn óski þess að fá óháðan aðila til þess að taka út ástand eignar.

Þá vilja sóknaraðilar benda á að þar fyrir utan gegni varnaraðili mikilvægu hlutverki á leigumarkaði sem útgefandi bankaábyrgða. Tilgangur bankaábyrgðanna í stærra samhengi sé m.a. að aga leigumarkað og varðveita eignir því leigutaki og leigusali hafi eftir útgáfu bankaábyrgðar sameiginlegan hag af því að lágmarka tjón á fasteignum á leigutíma, því ella virkist ábyrgðin með eftirfylgjandi endurkröfum af hálfu útgefanda slíkra ábyrgða á hendur leigutaka. Það að varnaraðili neiti að gangast við ábyrgð, að ekki sé talað um að fara fram á frávísun á máli til þess að forðast úrskurð, endurspegli að varnaraðili taki hlutverk sitt sem lykilaðila í að viðhalda heilbrigðum leigumarkaði ekki alvarlega. Það er mat sóknaraðila að eðlilegasta málsmeðferð

varnaraðila í þessu máli hefði verið sú að að gangast við bótaskyldunni, uppfæra texta bankayfirlýsinga til framtíðar svo vilji varnaraðila sé leigutökum og leigusölum ljós, og, ef þyrfti, að uppfæra efnahagsreikning bankans sem endurspeglir raunkostnað varnaraðila vegna þeirra bankaábyrgða sem þegar hafa verið gefnar út og séu samhljóða texta ábyrgðaryfirlýsingar. Það er það sem sóknaraðili myndi kalla vönduð vinnubrögð í svona máli.

IV.

Athugasemdir varnaraðila

Varnaraðili krefst þess aðallega að málinu verði vísað frá nefndinni. Til vara krefst varnaraðili þess að öllum kröfum sóknaraðila verði hafnað.

Aðalkrafa

Varnaraðili vísar til þess til stuðnings kröfu sinni um frávísun að í a. lið 6. gr. samþykktu úrskurðarnefndar um viðskipti við fjármálafyrirtæki komi fram að nefndin fjalli ekki um ágreining sem samkvæmt lögum heyrir undir stjórnvöld. Varnaraðili krefst frávísunar þar sem málið varði óleystan ágreining á milli leigutaka og sóknaraðila um greiðslu meintra eftirstöðva skaðabóta vegna tjóns að fjárhæð kr. 23.000. Leigusala beri að vísa ágreiningi um bótaskyldu leigutaka til kærunefndar húsamála eða höfða mál um bótaskyldu leigjanda innan fjögurra vikna frá þeim degi er leigjandi hafnaði kröfunni ella falli veitt ábyrgð úr gildi, sbr. 8. mgr. 40. gr. húsaleigulaga nr. 36/1994. Í þessu máli sé um að ræða ágreining milli leigutaka og leigusala um kostnað en að slíkum ágreiningi eigi varnaraðili ekki aðild. Að framansögðu þykir varnaraðila skýrt tilefni til þess að nefndin vísi málinu frá.

Varakrafa

Varnaraðili telur ekki unnt að fallast á greiðsluskyldu varnaraðila, hvorki samkvæmt aðalkröfu né varakröfu sóknaraðila.

Sóknaraðili beri fyrir sig að skilyrði 3. töluliðar ábyrgðaryfirlýsingarinnar hafi ekki verið skýrt. Varnaraðili hafnar þessari málsástæðu þar sem áðurgreint skilyrði feli skýrlega í sér áskilnað um að mat í samræmi við XIV. kafla laga nr. 36/1994 hafi verið framkvæmt af aðila sem varnaraðili og ábyrgðarhafi samþykki. Í máli þessu sé fyllilega ljóst að slíkt mati var ekki framkvæmt og ekki tilefni til þess að víkja frá framangreindu skilyrði.

Varnaraðili byggir á því að í máli þessu sé um að ræða ágreining milli leigutaka og leigusala. Varnaraðili hafi vísað sóknaraðila á að honum væri unnt að vísa ágreiningi sínum til kærunefndar húsamála og að ábyrgðin myndi halda gildi sínu þar til endanleg niðurstaða lægi fyrir um bótaskyldu leigjanda, sbr. 8. mgr. 40. gr. laga nr. 36/1994. Ennfremur benti varnaraðili sóknaraðila á að varnaraðili ætti enga aðild að ágreiningi leigutaka og sóknaraðila um fjárhæð skaðabóta vegna tjóns á hinu leigða.

Í umræddri ábyrgðaryfirlýsingu komi fram að um hana gildi reglur Alþjóðaviðskiptaráðsins um greiðsluábyrgðir nr. 758. Í a. lið 5. gr. reglnanna komi fram að bankaábyrgðin sé sjálfstæð í eðli sínu og óháð undirliggjandi sambandi ábyrgðarbeiðanda og ábyrgðarhafa en þess vegna eigi varnaraðili engan hlut í undirliggjandi sambandi er búi að baki ábyrgðinni og sé jafnframt óbundinn af því.

Í þessu máli þykir varnaraðila vert að vísa til álits kærunefndar húsamála í máli nr. 21/2015 er varðaði þrif við lok leigutíma. Leigusali hafi talið ástand íbúðarinnar óviðunandi og greiddi hann fyrir aðkeypta þjónustu vegna þrifanna sem þörf hafi verið á en kvittun vegna þjónustunnar hafi ekki verið til. Í málinu hafði ekki farið fram úttekt á íbúð við upphaf eða lok leigutíma samkvæmt XIV. kafla laga nr. 36/1994. Varnaraðili vísar til þess að niðurstaða kærunefndar húsamála var í þessu máli að ekki hafi legið

fyrir viðhlítandi sönnun fyrir því ástandi sem leigusali lýsti á húsnæðinu við lok leigutíma og því var ekki unnt að fallast á að leigusali hefði heimild til þess að halda eftir tryggingafé vegna þrifa á hinu leigða. Varnaraðili telur að með hliðsjón af framangreindu megi telja að sóknaraðili eigi ekki rétt á viðbótargreiðslu úr hendi leigutaka þar sem sönnun skorti á ástandi íbúðarinnar við skil hennar.

Varnaraðili byggir á því að skylda hans til greiðslu skaðabóta til ábyrgðarhafa takmarkist við greiðslu úr bankaábyrgðinni eftir skilmálum ábyrgðaryfirlýsingarinnar, sbr. 12. gr. reglna alþjóðaviðskiptaráðsins nr. 758. Skylda varnaraðila til greiðslu umdeildrar fjárhæðar skaðabóta vegna meints tjóns getur því ekki átt við þar sem skortur er á að skilyrði 3. töluliðar bankaábyrgðarinnar sé uppfyllt og leigutaki og sóknaraðilar höfðu ekki komið sér saman um bótafjárhæð.

Varnaraðili vill áréttta að ekkert hafi komið fram í málinu sem sýni að hann hafi ekki sýnt af sér góða viðskiptahætti eða vandað vinnubrögð sín í samræmi við meginreglur og lög um fjármálafyrirtæki nr. 161/2002.

V.

Niðurstaða

Ágreiningur málsaðila lýtur einkum að fjárhæð skaðabóta á grundvelli ábyrgðarlýsingar varnaraðila vegna tjóns og þrifa á hinu leigða.

Varnaraðili krefst þess aðallega að málinu verði vísað frá nefndinni á grundvelli a-liðar 6. gr. samþykktu úrskurðarnefndar um viðskipti við fjármálafyrirtæki, þ.e. að málið heyri undir stjórnvöld og fjalli nefndin því ekki um ágreininginn. Að mati varnaraðila varðar málið óleystan ágreining á milli leigutaka og sóknaraðila um greiðslu meintra eftirstöðva skaðabóta vegna tjóns að fjárhæð kr. 23.000. Leigusala beri því að vísa ágreiningi um bótaskyldu leigutaka til kærunefndar húsamála eða höfða mál um bótaskyldu leigjanda innan fjögurra vikna frá þeim degi er leigjandi hafnaði kröfunni ella falli veitt ábyrgð úr gildi, sbr. 8. mgr. 40. gr. húsaleigulaga nr. 36/1994. Í þessu máli sé um að ræða ágreining milli leigutaka og leigusala um kostnað en að slíkum ágreiningi eigi varnaraðili ekki aðild að.

Í a-lið 3. gr. samþykktu úrskurðarnefndar um viðskipti við fjármálafyrirtæki segir að nefndin taki til meðferðar kvartanir sem varða réttarágreining milli fjármálafyrirtækis annars vegar og viðskiptamanns hins vegar, enda sé samningssamband milli aðila. Undantekningu frá þessu er m.a. að finna í a-lið 6. gr. samþykktanna sem segir að nefndin fjalli ekki um ágreining, sem samkvæmt lögum heyri undir stjórnvöld. Í 2. másl. 8. mgr. 40. gr. húsaleigulaga nr. 36/1994 segir m.a. að vísa skuli ágreiningi um bótaskyldu leigjanda til kærunefndar húsamála. Að mati nefndarinnar hverfist ágreiningur aðila ekki um að það hvort sóknaraðili hafi orðið fyrir tjóni heldur um það hvort framkvæmd samnings um bankaábyrgð varðandi verklag við mat á tjóni sé í samræmi við skilmála samningsins og varðar fjárhagslega hagsmuni sóknaraðila. Af framangreindu leiðir að ekki er fallist á að vísa eigi málinu frá á grundvelli a-liðar 6. gr. samþykktu úrskurðarnefndar um viðskipti við fjármálafyrirtæki.

Verður því tekið efnislega á atriðum málsins. Samkvæmt ábyrgðaryfirlýsingunni ábyrgist varnaraðili annars vegar greiðslur til tryggingar því að ábyrgðarbeiðandi inni af hendi leigugreiðslur samkvæmt húsaleigusamningi og hins vegar skaðabætur vegna tjóns á hinu leigða sem leigjandi ber ábyrgð á samkvæmt húsaleigulögum nr. 36/1994 eða almennum reglum, sbr. 39. gr. húsaleigulaga. Samkvæmt skilmálum ábyrgðaryfirlýsingarinnar eru þrjú skilyrði fyrir því að greiðsla skaðabóta verði innt af hendi. Málsaðilar deila einkum um það skilyrði, að sóknaraðilum beri að afhenda afrit af úttekt í samræmi við XIV. kafla húsaleigulaga nr.

36/1994, framkvæmdri af úttektaraðila sem varnaraðili og sóknaraðilar samþykkja, sem staðfestir fjárhæð tjóns sóknaraðila, sem ábyrgðarbeiðandi ber ábyrgð á, ef krafa er gerð um greiðslu skaðabóta vegna tjóns á hinu leigða sem ábyrgðin tekur til, sbr. 3. tl. ábyrgðaryfirlýsingarinnar.

Að mati varnaraðila er það skilyrði fyrir greiðslu að sóknaraðilar hafi látið framkvæma úttekt á ástandi hins leigða í upphafi leigutíma af óháðum aðila sem varnaraðili hefur samþykkt. Sóknaraðilar telja hins vegar að það komi hvorki fram í ábyrgðaryfirlýsingunni né 69. gr. húsaleigulaga nr. 36/1994 að leigusali þurfi að hafa framkvæmt slíka úttekt.

Að mati nefndarinnar er það ekki skylda, að óháður úttektaraðili annist úttekt hins leigða við upphaf og lok leigutíma, nema annar aðilinn óski eftir því, sbr. 69. gr. húsaleigulaga nr. 36/1994. Í tölvupósti varnaraðila dagsettum 27. ágúst 2019 segir að framkvæmd hans sé sú að sé úttektar ekki aflað verði ekki greitt úr bankaábyrgð vegna skaðabóta nema leigusali og leigutaki séu sammála um bótafjárhæð. Í tölvupósti dagsettum 21. ágúst 2019 viðurkenndi leigutaki bótaskyldu vegna vanrækra þrifa.

Af gögnum málsins er ljóst að hið leigða hafi ekki verið nægilega vel þrifið við skil hins leigða til sóknaraðila. Er því bersýnilegt að sú úttekt, sem 3. tl. ábyrgðaryfirlýsingarinnar gerir kröfu um, hefði enga þýðingu getað haft um hið fjárhagslega tjón sem sóknaraðilar urðu fyrir vegna ófullnægjandi þrifa á hinu leigða við skil þess til sóknaraðila. Er því fallist á kröfu sóknaraðila um að varnaraðili skuli greiða sóknaraðilum kostnað vegna þrifa á hinu leigða.

Varðandi ætlaðar skemmdir af hálfu leigjanda á hinu leigða liggur ekki fyrir jafnafráttarlaus viðurkenning skaðabótaskyldu af hálfu leigjanda. Þar sem ekki var gerð úttekt á hinu leigða í samræmi við 3. tl. ábyrgðaryfirlýsingarinnar eru skilyrði ekki uppfyllt til þess að fallast á kröfu sóknaraðila hvað þetta varðar.

Að öllu framangreindu virtu er fallist á kröfu sóknaraðila að hluta.

Ú r s k u r ð a r o r ð :

Fallist er á kröfu sóknaraðila, á hendur varnaraðila, að hluta. Varnaraðili greiði sóknaraðila kostnað vegna þrifa á hinu leigða, fasteigninni X, á grundvelli ábyrgðaryfirlýsingar. Hafnað er kröfu sóknaraðila um greiðslu skaðabóta úr hendi varnaraðila vegna ætlaðra skemmda á hinu leigða.

Reykjavík, 21. febrúar 2020.

Auður Inga Ingvarsdóttir

Erla Arnardóttir
Hildigunnur Hafsteinsdóttir

Geir Arnar Marelsson
Þorvaldur E. Jóhannesson

Ár 2020, miðvikudaginn 26. febrúar, er fundur haldinn í úrskurðarnefnd um viðskipti við fjármálafyrirtæki.

Mætt eru: Auður Inga Ingvarsdóttir, formaður, Erla Arnardóttir, Geir Arnar Marelsson, Hildigunnur Hafsteinsdóttir og Magnús Fannar Sigurhansson.

Fyrir er tekið **mál nr. 16/2019**:

M
gegn
fjármálafyrirtækið F

og kveðinn upp svohljóðandi

ú r s k u r ð u r :

I.

Málsmeðferð.

Málsaðilar eru M, hér eftir nefnt sóknaraðili, annars vegar og F, hér eftir nefndur varnaraðili, hins vegar.

Málið barst úrskurðarnefndinni 7. október 2019 með kvörtun sóknaraðila dags. 4. október 2019. Með tölvupósti nefndarinnar 7. október 2019 var kvörtunin send varnaraðila og honum gefinn kostur á að tjá sig um hana og skýra sjónarmið sín. Athugasemdir varnaraðila bárust með bréfi dags. 21. nóvember 2019 og voru þær sendar sóknaraðila í tölvupósti sama dag. Athugasemdir sóknaraðila við þeim bárust 20. desember 2019.

Málið var tekið fyrir á fundum nefndarinnar 21. og 26. febrúar 2020.

II.

Málsatvik

Hinn 29. janúar 2009 gaf X ehf., út veðskuldabréf til A að fjárhæð kr. 2.673.000. Til tryggingar skuldinni var veðsett með 1. veðrétti lóðin Y, en hún var í eigu félagsins Z. Jafnframt gengust B og C undir sjálfskuldarábyrgð fyrir lánsfjárhæðinni. A framseldi veðskuldabréfið til sóknaraðila sem síðan framseldi veðskuldabréfið til varnaraðila hinn 26. janúar 2012. Við framsalið tókst sóknaraðili á hendur sjálfskuldarábyrgð á fjárhæð bréfsins.

Hinn 21. mars 2017 var hin veðsetta eign seld á nauðungarsölu. Uppboðsbeiðandi var D vegna fasteignaskatts en lán við varnaraðila var í skilum. Varnaraðili fékk fasteignasala til þess að verðmeta lóðina fyrir uppboðið. Lögmaður með málflutningsréttindi fyrir Hæstarétti og fasteignasali skilaði verðmati dagsettu 16. mars 2017 að fjárhæð kr. 1.000.000 til 1.500.000. Varnaraðili var hæstbjóðandi á nauðungaruppboðinu með boð að fjárhæð kr. 1.350.000. Í frumvarpi sýslumanns að úthlutunargerð á söluverði fasteignarinnar kemur fram að varnaraðili lýsti kröfu að fjárhæð kr. 2.389.757 og komu kr. 1.105.947 upp í kröfu varnaraðila af uppboðsandvirðinu. Eftir uppboðið stóð krafa varnaraðila í kr. 1.283.810. Lögmannsstofa sem gætti hagsmuna varnaraðila á nauðungaruppboðinu, sendi aðalskuldara hinn 29. júní 2017 uppgjör vegna nauðungarsölnunnar, en samkvæmt því var ráðstafað kr. 1.103.947. Varnaraðili hefur verið með lóðina í söluferli frá því að hann eignaðist hana en hún er ekki ennþá seld.

Eftir uppboðið var áfram greitt af láninu til og með gjalddagans 1. október 2017 en gjalddaginn 1. nóvember 2017 var ekki greiddur. Hinn 2. mars 2018 sendi lögmannsstofan innheimtuviaðvörðun til aðalskuldara lánsins og ábyrgðarmanna, þ.m.t. sóknaraðila. Hinn 9. apríl 2018 sendi lögmannsstofan greiðsluáskoranir á alla aðila skuldabréfsins, sem var birt fyrir sóknaraðila hinn 30. apríl 2018. Krafa varnaraðila samkvæmt greiðsluáskoruninni stóð í kr. 1.310.268. Samkvæmt tölvupósti dagsettum 15. júní 2018 frá varnaraðila var uppgreiðsluverð þá kr. 1.196.938. Sóknaraðili greiddi því til varnaraðila kr. 1.196.938 hinn 20. júní 2018. Við uppgreiðsluna kom í ljós að varnaraðili hafði misreiknað fjárhæð kröfunnar um kr. 14.468 og var sú fjárhæð millifærð af bankanum inn á reikning sóknaraðila sama dag. Sóknaraðili greiddi því kr. 1.182.470 til uppgreiðslu skuldabréfsins.

Í tölvupósti dagsettum 9. janúar 2019 krafðist framkvæmdastjóri sóknaraðila endurgreiðslu úr hendi varnaraðila. Tölvupóstinum var svarað af fulltrúa varnaraðila hinn 14. janúar 2019 þar sem fram kom að erindið væri mótttekið en að þar sem erindið væri ekki á hennar borði myndi fulltrúinn koma því áleiðis. Hinn 8. apríl 2019 sendi lögmaður sóknaraðila tölvupóst til sama fulltrúa varnaraðila þar sem skorað var á varnaraðila að senda sér kvittun fyrir greiðslunni og frumrit skuldabréfsins innan sjö daga. Ella yrði óhjákvæmilegt að setja málið í formlegan lögfræðilegan farveg án frekari fyrirvara. Daginn eftir, 9. apríl 2019, svaraði fulltrúi varnaraðila tölvupóstinum þar sem fram kom að hún hafi verið í veikindaleyfi síðan 16. janúar 2019 og sé óvíst hvenær hún snúi aftur til vinnu en að hún hefði framsent bréfið til réttara aðila. Hinn 6. maí 2019 sendi lögmaður sóknaraðila bréf með kröfu um endurgreiðslu auk dráttarvaxta og innheimtukostnaðar. Bréfinu var svarað hinn 10. maí 2019 með tölvupósti frá lögfræðingi á fyrirtækjasviði varnaraðila. Í bréfinu hafnaði varnaraðili endurgreiðslu-kröfu sóknaraðila á þeim grundvelli að greiðslan hefði verið framkvæmd með samþykki sóknaraðila. Lögmaður sóknaraðila svarar þeim tölvupósti samdægurs og óskar þá eftir upplýsingum um það í hvaða skyni greiðslan var gerð og hvort að varnaraðili hafi látið gögn af hendi vegna hennar til sóknaraðila. Í sama pósti segir lögmaður sóknaraðila að það að greiðsla hafi átt sér stað þurfi ekki endilega að þýða að varnaraðili geti haldið greiðslunni. Lögfræðingur á fyrirtækjasviði varnaraðila sendi samdægurs þær útskýringar að sóknaraðili hafi framkvæmt greiðsluna í tengslum við uppgjör á sjálfskuldarábyrgð sóknaraðila á skuldabréfi sem félagið framseldi varnaraðila og að tölvupóstar þar að lútandi gengu á milli starfsmanna félagsins og varnaraðila. Í lok tölvupóstsins kom fram að gögn þessu tengd yrðu lätin af hendi á næstu vikum. Hinn 3. september 2019 ítrekaði lögmaður sóknaraðila endurgreiðslukröfu sóknaraðila og vakti athygli á því að ekkert hafi orðið úr því að gögn þessu tengd væru lätin af hendi.

Af málgögnum verður ráðið að frumrit veðskuldabréfsins glataðist þrátt fyrir mikla eftirgrennslan. Höfðaði varnaraðili því ógildingarmál vegna veðskuldabréfsins. Í því skyni birti varnaraðili stefnu í Lögbirtingablaðinu 19. júlí 2019. Við þingfestingu málsins 19. september 2019 mætti enginn til að mótmæla ógildingunni veðskuldabréfsins. Með dómi héraðsdóms Reykjavíkur 11. október 2019 var umþrætt veðskuldabréf því dæmt ógilt og kom dómurinn í stað frumrits skuldabréfsins. Varnaraðili áritaði dóminn um greiðslu sóknaraðila að fjárhæð kr. 1.182.470 og sendi dóminn í ábyrgðarpósti til lögmanns sóknaraðila. Dómurinn barst lögmanni sóknaraðila í lok nóvember 2019.

III.

Umkvörtunarefni

Sóknaraðili krefst þess að varnaraðili endurgreiði sér kr. 1.196.938 auk dráttarvaxta frá 19. júní 2018 til greiðsludags og innheimtu- og lögmanskostnaðar að fjárhæð kr. 275.000 auk virðisaukaskatts.

Kröfu sinni til stuðnings vísar sóknaraðili í fyrsta lagi til 1. gr. tilskipunar um áritun afborgana á skuldabréf nr. 9/1798. Sóknaraðili kveður liggja fyrir að varnaraðili hafi krafið sóknaraðila um uppgreiðslu skuldabréfs á grundvelli framsals þess til varnaraðila með sjálfskuldarábyrgð sóknaraðila. Á grundvelli greiðslunnar, sem ágreiningslaust er að fór fram 19. júní 2018, bar varnaraðila, að mati sóknaraðila, skylda til, samkvæmt 1. gr. fyrrnefndrar tilskipunar nr. 9/1798, að skila sóknaraðila frumriti skuldabréfsins með áritun um innlausnina, sem og sérstakri kvittun, eins og nánar greinir í tilskipuninni. Í 1. gr. tilskipunarinnar sé einnig kveðið á um að skuldara sé óskýlt að inna af hendi greiðslu greiðslu inn á skuldabréf nema tryggt sé að greiðslan sé færð inn á bréfið. Að öðrum kosti sé skuldara rétt að neita greiðslu vítalaut, sbr. dóm Hæstaréttar 2. apríl 1998 í máli nr. 356/1997. Af 1. gr. tilskipunarinnar leiði að ef kröfuhafi áritar ekki skuldabréf um fullnaðargreiðslu eða innborgun, eða áritar bréf um lægri greiðslu en innt af hendi eða afhendir skuldara eða ábyrgðarmanni ekki frumrit bréfs eftir að greiðsla á sér stað, eignist skuldari, sem þannig hefur fullgreitt bréfið, bótarétt á hendur kröfuhafa, sbr. nánar t.d. Páll Hreinsson Viðskiptabréf, 2. útg. bls. 195-198.

Sóknaraðili telur upplýst að varnaraðili hafi hvorki afhent sér umrætt skuldabréf áritað um innlausnargreiðslu félagsins né látið félaginu í té sérstaka kvittun um greiðsluna eins og 1. gr. fyrrgreindrar tilskipunar kveði á um að kröfuhafi skuli gera. Að mati sóknaraðila getur hann því ekki endurkrafið skuldara eða ábyrgðarmenn hans um þá fjárhæð sem hann greiddi með tilheyrandi réttarspjöllum, eins og hann hefði ella gert í beinu framhaldi af greiðslu bréfsins til varnaraðila. Þá telur sóknaraðili einnig upplýst að varnaraðili sendi umrætt skuldabréf, áritað um uppgreiðslu til aðalskuldara og geti því ekki efnt þá skyldu sem á bankanum hvíldi samkvæmt framansögðu og það skuldabréf verði því ekki endurvakið sem viðskiptabréf.

Með hliðsjón af framangreindu telur sóknaraðili bótaskyldu varnaraðila ótvíræða og beri varnaraðila að greiða sér svo félagið verði skaðlaust af þessum viðskiptum við varnaraðila. Í því samhengi vísar sóknaraðili til dóms Hæstaréttar 11. maí 2006 í máli nr. 5/2006.

Kröfu sinni til stuðnings vísar sóknaraðili í öðru lagi til þess að skuldabréfið hafi verið með veði í fasteign og að hans mati liggi fyrir að varnaraðili hafi boðið upp í veðrétt sinn á nauðungaruppboði fasteignarinnar og keypt eignina. Sóknaraðili telur að þegar varnaraðili krafði sig um greiðslu eftirstöðva skuldabréfsins hafi í engu verið sýnt fram á af hálfu varnaraðila að markaðsverð hinnar keyptu lóðar hafi ekki nægt til lúkningar alls skuldabréfsins, líkt og honum bar að gera, sbr. 57. gr. laga um nauðungarsölu nr. 90/1991. Þar af leiðandi hafi varnaraðili, að mati sóknaraðila, ekki mátt krefja sig um greiðslu skuldabréfsins með þeim hætti sem gert var. Af þessum ástæðum beri varnaraðila einnig að endurgreiða sóknaraðila þá fjárhæð sem krafist er.

Að endingu telur sóknaraðili sig tilneyddan til að gera verulegar athugasemdir við framgöngu varnaraðila í þessu máli og að því fari fjarri að varnaraðili hafi sýnt af sér fagleg vinnubrögð gagnvart viðskiptamanni sínum í þessu máli, hvort sem lítið sé til framgöngu varnaraðila varðandi meðhöndlun skuldabréfsins og skorts á afhendingu greiðslukvittunar eða samskipta hans við sóknaraðila í þeirri viðleitni félagsins til að leita eftir rétti sínum.

Í viðbótarathugasemdum hinn 20. desember 2019 svaraði lögmaður sóknaraðila athugasemdum varnaraðila, dagsettum 21. nóvember 2019, og vildi koma eftirfarandi á framfæri.

Í fyrsta lagi að varnaraðili hafi í fyrsta sinn í umræddum athugasemdum sínum upplýst að annars vegar hefði skuldabréfið týnst og hins vegar að varnaraðili hafi höfðað ógildingarmál vegna hins umdeilda skuldabréfs og að dómurinn yrði framseldur sóknaraðila að honum gengnum. Þá kveðst sóknaraðili að varnaraðili hafi frá öndverðu neitað sóknaraðila um bréfið með þeirri rökleysu að hann ætti ekki rétt til bréfsins umfram aðalskuldara, þó að varnaraðili hafi fengið innlausnargreiðslu frá sóknaraðila. Sóknaraðili telur það út af fyrir sig saknæma og ólögmæta háttsemi af hálfu varnaraðila að árita ekki bréfið um innlausn sóknaraðila og afhenda honum bréfið. Á þeim grunni hafi sóknaraðili leitað lögmanns og hafði eðlilega af því kostnað sem krafist er að bankinn greiði honum.

Í öðru lagi hafi lögmanni sóknaraðila borist í lok nóvember 2019 ábyrgðarbréf sem innihélt ógildingardóm framseldan til sóknaraðila af hálfu bankans, án frekari tilskrifna.

Í þriðja lagi sé í vanskilaskrá CreditInfo skráð að framhaldsuppboð hafi verið á eign aðalskuldara 1. apríl 2019 að E í Reykjavík, og sé beiðnin því á þá fasteign sem keypt er á kr. 62.000.000. Á henni hvíli 3 veðbréf, á 1. og 2. veðrétti hvíli tvö veðbréf útg. af öðru fjármálafyrirtæki upp á um kr. 41.500.000 og svo á 3. veðrétti sé handhafabréf kr. 17.860.000, skráð þinglýst 31. maí 2018. Samtals séu þinglýst bréf að nafnverði 59,6 milljónir króna. Þá séu skráð í vanskilaskrá 2 alvarleg vanskil á útgefanda bréfsins, X og 1 ógjaldfærnistilvik. Samkvæmt þessu hafi félagið verið ógjaldfært á árinu 2019.

Í fjórða lagi að samkvæmt gögnum málsins greiddi sóknaraðili innlausnarfjárhæðina 20. júní 2018. Á þeim tíma hafi varnaraðili borið að afhenda sóknaraðila hið innleysta bréf og hefði sóknaraðili þá farið strax í innheimtuaðgerðir gegn félaginu. En þar sem bréfið var ekki afhent gat sóknaraðili ekki aðhafst neitt til innheimtu skuldarinnar, þ.m.t. til þess að staðreyna í hvaða tilgangi handhafabréfið væri gefið út.

Í fimmta lagi liggja nú fyrir, þegar varnaraðili hefur sent lögmanni sóknaraðila ógildingardóminn, að fjárhagsstaða aðalskuldara er slæm og má ætla að innheimtutilraunir sóknaraðila beri ekki árangur. Lakari staða til innheimtu bréfsins verði því beinlínis rakin til saknæmrar og ólögmætrar háttsemi bankans, þ.e. að framselja ekki bréfið gegn viðtöku innlausnarfjárhæðar fyrr en réttu einu og hálfu ári eftir greiðslu þess. Lögmaður sóknaraðila vísar þá til þess að ef orð varnaraðila, að sóknaraðili eigi ekki endurkröfurétt á hendur ábyrgðarmönnum á skuldabréfinu, séu rétt sé greiðsla þess undir getu aðalskuldara komið til að greiða skuldina, sem virðist ekki vera fyrir hendi.

Í sjötta lagi liggja fyrir að samkvæmt 1. gr. tilskipunar um áritun afborgana á skuldabréf nr. 9/1798 bar varnaraðila skylda til að afhenda sóknaraðila skuldabréfið um leið og varnaraðili móttók greiðslu innlausnarfjárhæðar. Af því leiði að varnaraðili átti ekki lögvarinn rétt til að krefja sóknaraðila um innlausn skuldabréfsins ef hann gat ekki afhent sóknaraðila skuldabréfið þá um leið. Úr því að varnaraðili krafðist engu að síður greiðslu úr hendi sóknaraðila án þess að sóknaraðili gæti sótt andvirði hennar á hendur aðalskuldara, beri varnaraðila að endurgreiða sóknaraðila innlausnarfjárhæðina og taka sjálfur áhættu af því að innheimta einu og hálfu ári eftir greiðsluna muni bera árangur. Þá bendir lögmaður sóknaraðila á að sóknaraðili muni gegn greiðslu framselja dóminn til varnaraðila á ný.

Í sjöunda lagi telur lögmaður sóknaraðila fulla ástæðu til að gera verulegar athugasemdir við háttsemi varnaraðila í tengslum við upplýsingagjöf til sóknaraðila, en varnaraðili hafi, að mati sóknaraðila, í engu sinnt eðlilegum samskiptum við sóknaraðila, sem hafi knúið sóknaraðila til að leita lögmannsaðstoðar og að lögmannskostnaður standi nú í um kr. 350.000.

IV.

Athugasemdir varnaraðila

Varnaraðili krefst þess að kröfum sóknaraðila verði hafnað.

Varnaraðili byggir á því að sóknaraðili hafi, að mati varnaraðila, ekki orðið fyrir tjóni vegna dráttar á því að fá frumrit skuldabréfsins/dómsins áritað um greiðslu hans, enda engin gögn lögð fram um það í málinu. Þá hafi varnaraðili orðið við kröfu sóknaraðila um að afhenda honum frumrit dómsins, í stað skuldabréfsins, með áritun um greiðsluna. Varnaraðili telur að hinn áritaði dómur, auk millifærslu úr fyrirtækjabanka sóknaraðila, dagsettri 19. júní 2018 að fjárhæð kr. 1.196.938, ásamt millifærslu frá varnaraðila hinn 20. júní 2018, að fjárhæð kr. 14.470, auk millifærslu að fjárhæð kr. 1.182.470, séu kvittanir fyrir því að sóknaraðili hafi greitt upp skuldabréfið. Uppgreiðslan hafi verið í framhaldi af samningsviðræðum aðila þar sem sóknaraðili hafi fengið afslátt af kröfunni. Einnig hafi varnaraðili útbúið sérstaka yfirlýsingu sem staðfestir uppgreiðslu sóknaraðila á kröfu samkvæmt skuldabréfinu.

Varnaraðili hafnar þeim rökum sóknaraðila að ekki hafi verið farið að ákvæðum 56. gr. laga um nauðungarsölu nr. 90/1991. Þegar skuldabréfið var gefið út hinn 29. janúar 2009 hafi aðilum verið þess ljóst að umrætt veð væri ekki fullnægjandi trygging fyrir fjárhæð lánsins. Af þeim sökum hafi B og C gengist undir sjálfskuldarábyrgð fyrir láninu. Sóknaraðili hafi fengið skuldabréfið framselt frá upphaflegum kröfuhafa, A, sem hafi síðan framselt bréfið til varnaraðila. Við framsalið hafi varnaraðili gert kröfu um að sóknaraðili gengist undir sjálfskuldarábyrgð fyrir láninu, en það sé vinnuregla bankans þegar hann kaupir skuldabréf af viðskiptavinum sínum. Þá fékk varnaraðili verðmat á veðinu áður en það var selt á nauðungarsölu.

Varnaraðili mótmælir þeirri kröfu sóknaraðila að reikna skuli dráttarvexti frá 19. júní 2018. Þar sem sóknaraðili sendi varnaraðila kröfu um endurgreiðslu með bréfi dagsettu 6. maí 2019 sé fyrst hægt að reikna dráttarvexti mánuði eftir dagsetningu þess bréfs, sbr. 3. mgr. 5. gr. laga um vexti og verðtryggingu nr. 38/2001.

Hvað varði kröfu sóknaraðila um greiðslu innheimtu- og lögmannskostnaðar fyrir nefndinni bendir varnaraðili á að slíkar kröfur séu í eðli sínu málskostnaðarkröfur. Að mati varnaraðila verði þessum kröfulið hvergi fundin stoð, hvorki í samþykktum úrskurðarnefndarinnar né öðrum samningum sem bankinn kann að hafa undirgengist. Vísar varnaraðili í því sambandi til úrskurða úrskurðarnefndar um viðskipti við fjármálafyrirtæki í málum nr. 39/2014 og 2/2019.

V.

Niðurstaða

Ágreiningur málsaðila lýtur að því hvort varnaraðila beri að endurgreiða sóknaraðila þá fjárhæð sem hann innti af hendi við uppgreiðslu skuldabréfsins. Greiðsluskylda sóknaraðila á grundvelli sjálfskuldarábyrgðar til tryggingar veðskuldabréfsins er óumdeild.

Sóknaraðili byggir endurgreiðslukröfu sína í fyrsta lagi á því að varnaraðili hafi ekki afhent honum skuldabréfið eftir uppgreiðslu þess. Í 1. mgr. 1. gr. tilskipunar um áritun afborgana á skuldabréf nr. 9/1798 er fjallað um skyldu kröfuhafa til þess að

afhenda skuldabréf þegar skuldari greiðir höfuðstól þess. Í 2. mgr. sömu greinar er fjallað um afleiðingar þess, að kröfuhafi uppfylli ekki skyldur sínar samkvæmt 1. mgr., en þar segir að skuldara sé þá heimilt að fresta afborguninni án þess að reiknaðir séu vextir frá því tímabili. Þá heimilar ógildingardómur dómhafa að ráðstafa því sem skuldabréf hljóðar um eins og hann hefði skjalið undir höndum, sbr. 2. málsl. 1. mgr. 120. gr. laga um meðferð einkamála nr. 91/1991. Sóknaraðili nýtti ekki heimild sína til að fresta uppgreiðslunni og varnaraðili hefur nú þegar afhent sóknaraðila frumrit ógildingardómsins. Ekki er til að dreifa viðhlítandi lagaheimild til þess að fallast á kröfu sóknaraðila um endurgreiðslu. Þá hefur sóknaraðili ekki byggt kröfur sínar á grundvelli reglna skaðabótaréttarins og hefur ekki sýnt fram á tjón sitt. Af því leiðir að ekki er unnt að fallast á kröfu sóknaraðila á þessum grundvelli.

Sóknaraðili byggir endurgreiðslukröfu sína í öðru lagi á því að varnaraðili hafi ekki sýnt fram á að markaðsverð hinnar veðsettu eignar hafi ekki nægt til lúkningar alls skuldabréfsins. Af þeim sökum hafi varnaraðili, að mati sóknaraðila, ekki mátt krefja sig um greiðslu skuldabréfsins, sbr. 57. gr. laga um nauðungarsölu nr. 90/1991. Samkvæmt gögnum málsins fékk varnaraðili verðmat á hinni veðsettu eign áður en það var selt á nauðungarsölu og var kaupverð eignarinnar í samræmi við það mat. Af því leiðir að ekki er heldur unnt að fallast á kröfu sóknaraðila á þessum grundvelli.

Loks gerir sóknaraðili kröfu um greiðslu innheimtu- og lögmannskostnaðar að fjárhæð kr. 350.000. Samkvæmt samþykktum úrskurðarnefndar um viðskipti við fjármálafyrirtæki hefur nefndin enga heimild til að ákvarða sóknaraðila málskostnað í málinu og verður kröfu hans þar að lútandi vísað frá, sbr. t.d. úrskurði nefndarinnar í málum nr. 105/2013, 44/2016 og 17/2018.

Að öllu framangreindu virtu verður ekki fallist á kröfur sóknaraðila.

Ú r s k u r ð a r o r ð :

Kröfu sóknaraðila, M, á hendur varnaraðila, F, er hafnað.

Reykjavík, 26. febrúar 2020.

Auður Inga Ingvarsdóttir

Erla Arnardóttir
Hildigunnur Hafsteinsdóttir

Geir Arnar Marelsson
Magnús Fannar Sigurhansson

Ár 2020, miðvikudaginn 26. febrúar er fundur haldinn í úrskurðarnefnd um viðskipti við fjármálafyrirtæki.

Mætt eru: Auður Inga Ingvarsdóttir, formaður, Erla Arnardóttir, Geir Arnar Marelsson, Hildigunnur Hafsteinsdóttir og Magnús Fannar Sigurhansson.

Fyrir er tekið **mál nr. 17/2019**:

M
gegn
fjármálafyrirtækinu F

og kveðinn upp svohljóðandi

ú r s k u r ð u r :

I.

Málsmeðferð.

Málsaðilar eru M hér eftir nefndur sóknaraðili, annars vegar og F, hér eftir nefndur varnaraðili, hins vegar.

Málið barst úrskurðarnefndinni 7. október 2019 með kvörtun sóknaraðila dags. sama dag. Með tölvupósti nefndarinnar 7. október 2019 var kvörtunin send varnaraðila og honum gefinn kostur á að tjá sig um hana og skýra sjónarmið sín. Athugasemdir varnaraðila bárust með bréfi dags. 8. nóvember 2019 og voru þær sendar sóknaraðila í tölvupósti 11. nóvember 2019. Athugasemdir sóknaraðila við þeim bárust 2. desember 2019.

Málið var tekið fyrir á fundum nefndarinnar 24. janúar og 21. og 26. febrúar 2020.

II.

Málsatvik

Hinn 21. júlí 2006 gaf sóknaraðili út skuldabréf nr. A til varnaraðila. Skuldabréfið var verðtryggt að fjárhæð kr. 2.000.000 með 120 jöfnum mánaðarlegum afborgunum og breytilegum vöxtum. Vextir lánsins reiknuðust frá útborgunardegi og var lánið í vaxtaflokk K4. Kjörvextir voru 5,35% og vaxtaálag 2,75%, samtals voru vextirnir því 8,10%. Í greiðsluáætlun sem fylgdi skuldabréfinu kom fram að árleg hlutfallstala kostnaðar var 9,58%. Sóknaraðili greiddi af láninu til og með júní 2011 en þá sótti sóknaraðili um greiðsluáðlögun hjá Umboðsmanni skuldara. Hinn 20. mars 2012 tók embætti Umboðsmanns skuldara ákvörðun um að synja sóknaraðila um greiðsluáðlögun. Sóknaraðili greiddi ekki af láninu eftir synjunina og hóf varnaraðili innheimtuáðgerðir í kjölfarið með því að senda sóknaraðila innheimtuviðvörðun hinn 22. ágúst 2014 og greiðsluáskorun sem var birt sóknaraðila 28. október 2014. Sóknaraðili sendi fyrirspurn varðandi upplýsingar um lánskostnað hinn 4. nóvember 2014. Aðfararbeiðni var send hinn 28. janúar 2015. Hinn 27. mars 2015 var fyrirspurn sóknaraðila frá 4. nóvember 2014 svarað og umbeðin gögn afhent. Með þau gögn til hliðsjónar reiknaði sóknaraðili út eftirstöðvar lánsins á þeim grundvelli að verðbætur falli undir heildarlántökukostnað samkvæmt 1. mgr. 7. gr. laga nr. 121/1994 og að árleg hlutfallstala kostnaðar geti ekki orðið hærri en 9,58%, sbr. 14. gr. sömu laga. Með bréfi dags. 16. júlí 2015 bauðst sóknaraðili til að gera lánið upp í samræmi við þessa útreikninga, þ.e. að fullnaðargreiðsla yrði samtals kr. 531.837. Varnaraðili hafnaði því

greiðslutilboði með bréfi dags. 27. júlí 2015 á þeim grundvelli að upphafleg greiðsluáætlun lánsins hafði verið gerð í samræmi við þágildandi lög nr. 121/1994, sbr. 11. og 12. gr. laganna. Þá vísaði varnaraðili í bréfinu til dóms Hæstaréttar 13. maí 2015 í máli nr. 160/2015. Samkvæmt fullnaðarkvittun dags. 7. október 2015 greiddi ábyrgðarmaður sóknaraðila kr. 2.814.756 til að gera upp skuldina að fullu. Með innheimtubrési dags. 9. ágúst 2019 krafðist sóknaraðili greiðslu að fjárhæð kr. 1.612.342, þ.e. kr. 1.277.238 vegna þess sem sóknaraðili telur ofgreiddan lánskostnað, kr. 334.154 í vexti og kr. 950 í innheimtukostnað. Varnaraðili hafnaði þeirri kröfu sóknaraðila hinn 3. september 2019 á þeim grundvelli að hann hefði ekki lögvarða hagsmuni af endurgreiðslunni þar sem ábyrgðarmaður hafði greitt upp lánið en ekki sóknaraðili. Með milliinnheimtubrési dags. 18. september 2019 ítrekaði sóknaraðili kröfu sína með frekari rökstuðningi og innheimtukostnaði.

III.

Umkvörtunarefni

Í viðbótarathugasemdum sínum gerir sóknaraðili þá athugasemd við lýsingu varnaraðila á málsatvikum, að eftir að greiðsluskjóli sóknaraðila lauk 20. mars 2012 hafi engir innheimtuseðlar eða greiðslutilkynningar frá varnaraðila borist fyrr en hann sendi innheimtviðvörðun, dags. 22. ágúst 2014, og greiðsluáskorun sem birt var sóknaraðila hinn 28. október 2014. Samkvæmt þeirri greiðsluáskorun hafi lánið verið gjaldfellt 1. júlí 2011.

Sóknaraðili krefst þess aðallega að varnaraðili greiði sér kr. 1.277.238 með vöxtum samkvæmt 4. gr. laga um vexti og verðtryggingu nr. 38/2001 frá 7. október 2015 til 9. september 2019, en með dráttarvöxtum samkvæmt 1. mgr. 6. gr. sömu laga frá þeim degi til greiðsludags.

Sóknaraðili krefst til vara annars vegar að varnaraðili greiði sér kr. 152.220 með vöxtum samkvæmt 4. gr. laga um vexti og verðtryggingu nr. 38/2001, á nánar tilgreindan hátt, en með dráttarvöxtum samkvæmt 1. mgr. 6. gr. sömu laga frá 9. september 2019 til greiðsludags. Hins vegar krefst sóknaraðili þess að varnaraðili greiði sér kr. 531.728 með vöxtum samkvæmt 4. gr. laga um vexti og verðtryggingu nr. 38/2001 frá 7. október 2015 til 9. september 2019, en með dráttarvöxtum samkvæmt 1. mgr. 6. gr. sömu laga frá þeim degi til greiðsludags.

Í báðum tilvikum krefst sóknaraðili þess að varnaraðili greiði sér kr. 56.850 í innheimtukostnað.

Aðalkrafa

Sóknaraðili telur að 2. liður skuldabréfsins um breytilega vexti hafi verið ólögsmætur og á grundvelli hans hafi varnaraðili innheimt sífellt hækkandi vexti á því tímabili sem lánið var í skilum. Sóknaraðili telur að skilmálar skuldabréfsins hafi í raun áskilið varnaraðila sjálfðæmi um ákvörðun vaxta og fari því í bága við 2. mgr. 6. gr. og 9. gr. laga um neytendalán nr. 121/1994. Þetta rökstyður sóknaraðili á þann veg að ekkert segi í skilmálum um með hvaða hætti eða við hvaða aðstæður vextir muni breytast, heldur sé varnaraðila áskilinn einhliða réttur til að ákveða vaxtakjör lánsins hvenær sem er. Sóknaraðili telur þessa skilmála veita svo víðtækt svigrúm til breytinga á vöxtum að það jafngildi í raun galopinnum gjaldtökuheimild.

Sóknaraðili telur skilmála um breytilega vexti, sem áskilja lánveitanda einhliða rétt til að breyta vaxtakjörum, ítrekað hafa verið úrskurðaða ólögsmæta. Í því samhengi vísar sóknaraðili til úrskurða áfrýjunarnefndar neytendamála í málum nr. 6/2009, 6/2010, 6/2018 og 17/2018, ákvörðunar Neytendastofu nr. 27/2019 og dóms Hæstaréttar í máli nr. 623/2016 þar sem sóknaraðili telur ólögsmæti slíkra skilmála vera

staðfest. Sóknaraðili telur því fullvíst að hinn umþrætti skilmáli hafi verið ólögmætur og hljóti því jafnframt að vera óréttmætur í skilningi ógildingarreglna samningaréttar, sbr. sérreglur um neytendasamninga. Þá vísar sóknaraðili til þess að staðfest hafi verið í dómaframkvæmd á sviði Evrópuréttar að tryggja skuli að neytendur verði ekki bundnir af óréttmætum skilmálum og vísar í því sambengi til dóms Evrópudómstólsins í máli nr. C-618/2010 og dóma EFTA dómstólsins í málum nr. E-25/13 og E-27/13. Sóknaraðili byggir á því að taka verði mið af þessum fordæmum við úrlausn málsins.

Sóknaraðili byggir aðalkröfu sína því á því að þar sem ákvæði lánsins um breytilega vexti hafi verið ólögmætt skuli endurreikna lánið með vöxtum samkvæmt 4. gr. laga um vexti og verðtryggingu nr. 38/2001, sbr. 5. mgr. 18. gr. sömu laga. Samkvæmt slíkum útreikningi sem fylgdi innheimtubræfi sóknaraðila til varnaraðila voru kr. 1.277.238 ofgreiddar við uppgreiðslu lánsins 7. október 2015. Aðalkrafa sóknaraðila er um endurgreiðslu þeirrar fjárhæðar auk vaxta, en um vaxtaviðmið vísar sóknaraðili til 5. og 6. mgr. 18. gr., sbr. 4. gr. laga um vexti og verðtryggingu nr. 38/2001. Þá vísar sóknaraðili til þess að þessar sömu reglur hafi til dæmis verið lagðar til grundvallar við endurútreikning lána með ólögmætri gengistryggingu og sé hér í raun um að ræða sömu reikniaðferðir og hafa mótast í framkvæmd lánveitenda sjálfra.

Í viðbótarathugasemdum sínum vísar sóknaraðili til þess að varnaraðili hafi fallist á það með sér að 2. og 3. liður skuldabréfsins hafi ekki uppfyllt ákvæði 9. gr. laga um neytendalán nr. 121/1994. Verði því gengið út frá því að ágreiningur um það atriði snúist aðeins um afleiðingar þess að umræddir skilmálar hafi verið andstæðir lögum.

Sóknaraðili telur varnaraðila einkum byggja mótmæli sín við aðalkröfu sóknaraðila á því að mismunandi reglur eigi að gilda um endurútreikning og leiðréttingu lána með ólögmæta skilmála um lánskostnað, eftir því hvaða nafni slíkir kostnaðarliðir kunni að nefnast. Sóknaraðili mótmælir þessum málalíbúnaði og byggir þvert á móti á því að jafnt skuli yfir alla ganga í þessum efnum, enda byggist aðalkrafa málsins á almennt orðuðum ákvæðum laga um vexti og verðtryggingu nr. 38/2001, sbr. breytingarlög nr. 151/2010.

Sóknaraðili gerir sérstaklega athugasemdir við tilvísun varnaraðila til dóms Hæstaréttar í máli nr. 471/2010. Telji varnaraðili þann dóm hafa þýðingu í þessu máli sé óljóst hvort hann sé að halda því fram að tilvikin séu sambærileg eða ekki. Hvað sem því líði byggist kröfugerð sóknaraðila ekki á þeim dómi heldur ákvæðum laga um vexti og verðtryggingu nr. 38/2001.

Enn fremur sé að mati sóknaraðila óhjákvæmilegt að mótmæla þeirri fullyrðingu varnaraðila að lögum um vexti og verðtryggingu nr. 38/2001 hafi verið breytt með lögum nr. 151/2010 til að lögfesta niðurstöðu Hæstaréttar í fyrrnefndu máli nr. 471/2010. Þrátt fyrir að tilefni þeirrar breytingar megi rekja til dómsins séu ákvæði laganna samt almennt orðuð og verði því að skýra þau eins og unnt sé samkvæmt orðanna hljóðan. Þess vegna byggir sóknaraðili á því að sjálfur texti laganna sé hinn gildandi réttur, óháð tilefnum að baki hans.

Þessar tilvísanir varnaraðila til dóms Hæstaréttar í máli nr. 471/2010 og meiningar um gildissvið laga nr. 38/2001 telur sóknaraðili misvísandi og þversagnakenndar svo vægt sé til orða tekið. Óljóst sé hvort varnaraðili telji tilvikin sambærileg eða ekki og túlkun hans á gildissviði laganna sé örökstudd.

Sóknaraðili segist hafa byggt tilboð sitt til varnaraðila um uppgreiðslu lánsins upphaflega á útreikningi miðað við árlega hlutfallstölu kostnaðar samkvæmt ákvæðum laga um neytendalán nr. 121/1994. Eins og hafi komið fram í kvörtun sóknaraðila hafnaði varnaraðili því tilboði. Síðar kvað svo Hæstiréttur Íslands upp dóm 26. júní 2018 í máli nr. 636/2017 sem hafi eftirfarandi þýðingu í þessu máli.

Ágreiningur máls Hæstaréttar nr. 636/2017 snerist um skilmála um breytilega vexti sem brutu í bága við sömu ákvæði laga um neytendalán nr. 121/1994 og varnaraðili hefur viðurkennt brot gegn í þessu máli. Rétt sé að taka fram að í því máli var ekki um að ræða neina viðmiðun við svokallaða LIBOR vexti eins og varnaraðili vísar til í málatilbúnaði sínum, heldur kjörvexti sem voru einhliða ákveðnir af bankanum, líkt og í þessu máli. Neytandinn í málinu byggði aðallega á því að um endurútreikning lánsins skyldi fara eftir ákvæðum laga um neytendalán þar sem þau væru sérlög og ættu því að ganga framur lögum um vexti og verðtryggingu nr. 38/2001. Hæstiréttur hafnaði þeirri málsástæðu með þeim rökum að þar sem ákvæði lánsins um vexti væri ógilt yrði að fara um uppgjör þess eftir 18. gr. laga um vexti og verðtryggingu nr. 38/2001.

Sóknaraðili telur ekki hægt að skilja niðurstöðu Hæstaréttar á annan hátt en að 18. gr. laga um vexti og verðtryggingu nr. 38/2001 gangi framur lögum um neytendalán nr. 121/1994. Sóknaraðili byggir á því að innan orðalags 18. gr. laga um vexti og verðtryggingu nr. 38/2001 um vexti eða annað endurgjald geti rúmast auknar álögur með vaxtahækkunum á grundvelli ólögmæts skilmála. Sóknaraðili bendir á að þeir vextir sem voru lagðir á lánið fóru lengst framan af hækkandi og höfðu ekki lækkað niður fyrir upphaflega sammingsvexti þegar það var gjaldfellt. Í því sambandi sé rétt að ítreka að sóknaraðili byggir á því að varnaraðili sé bundinn við þá gjaldfellingu.

Verði engu að síður talið rétt að líta til dóms Hæstaréttar nr. 471/2010 bendir sóknaraðili á að í þeim dómi komi fram sú forsenda að bein og órjúfanleg tengsl hafi verið milli ákvæða um viðmiðun við erlenda gjaldmiðla og fyrirmæla um vexti. Sóknaraðili byggir á því að við lántöku þá sem um ræðir í þessu máli hafi hann verið í góðri trú um að ef staðið yrði í skilum með afborganir af láninu eins og varð raunin lengst framan af, gætu vextir af því farið lækandi. Þannig væru órjúfanleg tengsl milli ákvæða um vaxtabreytingar og skilvísrar framkvæmdar lánsammingsins, en það varð þó ekki raunin heldur fóru þeir vexti hækkandi eftir því sem á lánstímann leið. Á tímabili hafi þeir vextir farið, að teknu tilliti til verðtryggingar, nærri dráttarvöxtum og jafnvel yfir þá en að mati sóknaraðila ber það skýran vott um hversu ósanngjarnir þeir skilmálar, sem varnaraðili ber fyrir sig, voru. Í því sambandi vísar sóknaraðili til 36. gr. laga um sammingsgerð, umboð og ógilda löggerninga nr. 7/1936 og sérákvæða 36. gr. a-d sömu laga. Samkvæmt dómi Hæstaréttar í máli nr. 636/2017 gangi ákvæði 18. gr. laga um vexti og verðtryggingu nr. 38/2001 framur ákvæðum laga um neytendalán nr. 121/1994 þegar ákvæði um breytilega vexti brjóta í bága við ákvæði síðarnefndu laganna. Þess vegna hafi kröfugerð sóknaraðila verið byggð upp á sama hátt og endurútreikningar lánveitenda voru byggðir upp vegna gengistryggðu lánanna.

Varðandi vaxtabátt aðalkröfu sóknaraðila ítrekar hann að hún styðst við 5. og 6. mgr. 18. gr., sbr. 4. gr., laga um vexti og verðtryggingu nr. 38/2001 þar sem kemur fram að við ákvörðun endurgreiðslu þess sem var ranglega haft af skuldara skuli miða við vexti samkvæmt 1. mgr. sem vísi til 1. másl. 4. gr. laganna, þ.e. um lægstu vexti á nýjum óverðtryggðum útlánnum. Vegna tilvísunar varnaraðila til dóms Hæstaréttar nr. 544/2013 verði því að benda á að í því máli var krafist vaxta sem tækju mið af nýjum verðtryggðum útlánnum auk verðbóta. Slík kröfugerð sé ekki sambærileg við kröfugerð sóknaraðila og sé þess vegna hafnað að umræddur dómur hafi þýðingu í þessu máli. Enn fremur vísar sóknaraðili til 18. gr. laga nr. 38/2001 eins og hún var orðuð þegar lánið var tekið.

Varakröfur

Sóknaraðili byggir *fyrri* varakröfu sína á því að varnaraðili hafi oftekið vexti af láninu á grundvelli hins ólögmæta skilmála á því tímabili sem það var í skilum fram að

júlí 2011, en sóknaraðili telur varnaraðila bera skyldu til að endurgreiða þær fjárhæðir sem þannig hafi verið ranglega hafðar af skuldara, með viðeigandi vöxtum á þær endurkröfur. Þessi krafa sé því byggð á mismun þeirra breytilegu vaxta sem voru innheimtir og útreikningi vaxta miðað við hin upphaflega umsömdu 8,10% vaxtakjör.

Sóknaraðili byggir *seinni* varakröfu sína á því að samkvæmt ákvæðum 8. lið skilmála skuldabréfsins hafi varnaraðila verið veitt val um hvort hann reikni áfram verðtryggingu og samningsvexti, eða dráttarvexti á skuld eftir gjaldfellingu. Sóknaraðili telur að af fullnaðarkvittun, dags. 7. október 2015, fyrir uppgreiðslu á skuldabréfinu, verði þó vart annað ráðið en að hvort tveggja hafi í raun verið gert. Þannig hafi ekki aðeins verið innheimtar gjaldfallnar afborganir og samningsvextir til greiðsludags, heldur einnig dráttarvextir til greiðsludags, þó aðeins annað hvort samningsvextir eða dráttarvextir hafi átt sér stoð í samningnum. Sóknaraðili telur ekkert réttlæta að auk samningsvaxta og verðtryggingar, hafi einnig verið lagðir á lánið dráttarvextir á sama tímabili, enda telji sóknaraðili slíkt eiga sér enga stoð í skilmálum þess né lögum eða almennum reglum á sviði kröfuréttar. Þess vegna hljóti varnaraðila að hafa verið óheimilt að krefjast dráttarvaxta að fjárhæð kr. 531.728 við uppgreiðslu lánsins og varnaraðila beri því að endurgreiða sóknaraðila þá fjárhæð. Sóknaraðili telur þetta einnig styðjast við þau rök að vegna greiðsluskjóls hafi verið óheimilt samkvæmt dómi Hæstaréttar Íslands í máli nr. 159/2017 að krefjast dráttarvaxta fyrir það tímabil sem það stóð yfir og þess vegna hafi sú heildarupphæð sem krafist var greiðslu á 7. október 2015 verið allt of há.

Þá telur sóknaraðili framsetningu varnaraðila á kröfum sínum og sundurliðun í tilkynningum til sóknaraðila hafa verið mjög á reiki og villandi. Því til rökstuðnings bendir hann á að varnaraðili hafi a.m.k., að mati sóknaraðila, verið tvísaga um hvenær lánið hafi verið gjaldfellt og ýmsar ólíkar sundurliðanir á fjárhæðum hafi komið fram. Sóknaraðili byggir á því að allan vafa um slík atriði verði að skýra neytanda í hag gagnvart fjármálafyrirtæki.

Að auki tekur sóknaraðili fram að þessar tvær varakröfur séu sjálfstæðar þó þær séu settar fram samhliða.

Í viðbótarathugasemdum sínum hafnar sóknaraðili þeim sjónarmiðum varnaraðila að varakröfur séu fyrndar. Í því sambandi bendir hann á að þær greiðslur sem voru skilvíslega greiddar af láninu allt þar til það var gjaldfellt, vegna umsóknar um greiðsluáðlögun, höfðu, hver fyrir sig og samanlagt, áhrif á stöðu lánsins á hverjum tíma og þar með eftirstöðvar þess þegar það var greitt upp 7. október 2015. Þar sem lánið hafði ekki verið leiðrétt á þeim degi með tilliti til ofgreiddra fjárhæða var það fyrst þá sem tjón sóknaraðila raungerðist að fullu með endanlegum hætti. Þess vegna verði að miða við að krafa sóknaraðila um leiðréttingu á þessum ofgreiðslum hafi stofnast við þá uppgreiðslu og falli því undir þágildandi lög um fyrningu kröfuréttinda nr. 150/2007. Samkvæmt ákvæðum 2. mgr. 16. gr. þeirra laga hafi fyrningunni verið slitið með málskoti til úrskurðarnefndarinnar nákvæmlega fjórum árum seinna upp á dag.

Sóknaraðili vísar til þess að varnaraðili haldi því fram að með greiðslunni hinn 7. október 2015 hafi gjaldfallnir gjalddagar lánsins verið greiddir, sá elsti frá 1. júlí 2011, auk ógjaldfallinna eftirstöðva lánsins. Þessu mótmælir sóknaraðili með vísan til fyrrnefndrar greiðsluáskorunar þar sem lánið var sagt hafa verið gjaldfellt í heild 1. júlí 2011 og byggir á því að varnaraðili sé bundinn við þá gjaldfellingu. Þess vegna standist ekki sú framsetning varnaraðila að reiknaðir hafi verið samningsvextir á hvern eftirfarandi gjalddaga lánsins þar til mánuði seinna þegar þeir hafi breyst í dráttarvexti. Eðli málsins samkvæmt hafi ekki getað verið um neina eftirfarandi gjalddaga af láninu að ræða eftir að það hafði verið gjaldfellt.

Auk þess að vera þversagnakenndur sé ofangreindur málatilbúnaður varnaraðila í beinni andstöðu við 8. lið skilmála skuldabréfsins. Í skilmálanum segi að eftir gjaldfellingu geti kröfuhafi valið um að viðhalda umsaminni verðtryggingu og krefja skuldara um vexti í samræmi við það eða að skuldin beri dráttarvexti af gjaldfallinni eða gjaldfelldri upphæð. Samkvæmt orðanna hljóðan skuli kröfuhafi því velja á milli þessara tveggja valkosta við gjaldfellingu. Skilmálinn veiti aftur á móti enga heimild til að velja báða þessa valkosti eins og varnaraðili hefur gengist við í málatilbúnaði sínum að hafa þó gert og endurspeglast í sundurliðun á fullnaðarkvittun fyrir endurgreiðslu lánsins 7. október 2015 þar sem eru bæði tilgreindir samningsvextir til 7. október 2015 og dráttarvextir til 7. október 2015. Verði því að hafna þeirri afstöðu varnaraðila að hann telji óumdeilt að honum hafi verið heimilt að reikna dráttarvexti af þeirri fjárhæð sem var í vanskilum. Þvert á móti sé það álitaefni rót þess ágreinings sem umræddur kröfuliður snýst um og sé því eins fjarri því að vera óumdeilt og hugsast getur.

Sóknaraðili byggir enn fremur á því að varnaraðili sé bundinn af fyrrnefndri fullnaðarkvittun dags. 7. október 2015 þar sem hún hafi uppfyllt það skilyrði, sem hafi komið fram í dómi Hæstaréttar í máli nr. 600/2011 og margítrekaðri dómaframkvæmd, að fela í sér viljayfirlýsingu kröfuhafa um að greiðslu sé lokið. Hún hafi þar með gefið skuldara réttmæta ástæðu til að ætla að hann sé búinn að gera upp að fullu og geti treyst því að ekki komi til frekari kröfu síðar vegna einstakra kröfuliða. Varnaraðili geti því ekki verið stætt á að endurupptaka útreikninga sína á vöxtum eins og hann virðist ætla í athugasemdum sínum og meðfylgjandi útreikningum. Sóknaraðili hafnar því alfarið að varnaraðili geti nú, rúmum fjórum árum síðar, gert viðbótarkröfu um mismuninn á dráttarvöxtum og samningsvöxtum fyrir þetta tímabil þvert gegn mótmælum handhafa fullnaðarkvittunar.

Með hliðsjón af málatilbúnaði varnaraðila verði jafnframt að áréttu að kröfugerð sóknaraðila byggist alls ekki á 1. mgr. 11. gr. laga um greiðsluaðlögun nr. 101/2010, sbr. dóm Hæstaréttar nr. 159/2017, heldur einungis á því að 8. liður skilmála skuldabréfsins hafi einfaldlega ekki veitt heimild til álagningar dráttarvaxta fyrir sama tímabil og reiknaðir voru samningsvextir af láninu.

Með sömu rökum og um fyrri kröfulið í varakröfu sóknaraðila hafnar sóknaraðili þeirri málsástæðu sóknaraðila að seinni kröfuliðurinn sé fyrndur. Sóknaraðili byggir á því að krafa um endurgreiðslu oftekinna dráttarvaxta frá gjaldfellingu lánsins 1. júlí 2011 til 7. október 2015 hafi stofnast þegar þeir voru greiddir samkvæmt fullnaðarkvittun 7. október 2015. Hún falli því undir þágildandi lög um fyrningu kröfuréttinda nr. 150/2007 og hafi verið ófyrnd samkvæmt meginreglu 3. gr. laganna þegar þessu máli var skotið til úrskurðarnefndarinnar 7. október 2019. Enn fremur hafi fyrningunni verið slitið með málskotinu samkvæmt 2. mgr. 16. gr. sömu laga og kröfurnar því ófyrndar.

Verði engu að síður talið að fyrri eða síðari kröfuliður varakröfu, eða eftir atvikum báðir, falli undir eldri lög um fyrningu skulda og annarra kröfuréttinda nr. 14/1905, þrátt fyrir að hafa stofnast eftir brottfall þeirra og gildistöku laga um fyrningu kröfuréttinda nr. 150/2007, bendir sóknaraðili á að samkvæmt 5. tl. 3. gr. laga nr. 14/1905 fyrndist krafan á 4 árum. Orðalag ákvæðisins nái m.a. yfir kröfu um endurgreiðslu oftekinna vaxta líkt og í þessu máli, enda hafi sóknaraðila ekki verið kunnugt um öll þau atriði sem að framan greinir þegar lánið var greitt upp. Þar af leiðandi hafi kröfur sóknaraðila, sem ganga út á að fá hlut hans réttan, verið ófyrndar þegar þessu máli var skotið til úrskurðarnefndarinnar. Þrátt fyrir að ekki hafi verið gert ráð fyrir slíkri úrskurðarnefnd við samningu þeirra laga árið 1905 sé hægt að fella málskotið undir hugtakið „lögsókn“ samkvæmt 1. mgr. 1. gr. laganna enda sé rétturinn

til málskots nú lögbundinn og úrskurðir nefndarinnar fela jafnan í sér bindandi úrlausn ágreinings í þeim tilvikum sem ágreiningsefni eru ekki borin undir dómstóla í kjölfarið.
Kröfur um vexti

Sóknaraðili byggir kröfur um vexti frá stofndögum krafna á 4. gr., sbr. 18. gr., laga um vexti og verðtryggingu nr. 38/2001. Kröfur um dráttarvexti byggir sóknaraðili á 1. mgr. 6. gr. sömu laga, en tímamark þeirra er, samkvæmt 3. mgr. 5. gr. laganna, einum mánuði eftir að sóknaraðili krafði varnaraðila með réttu um greiðslu.

Loks bendir sóknaraðili á að samkvæmt 15. og 27. gr. laga um neytendalán nr. 121/1994 varði brot gegn lögunum bótaskyldu í samræmi við almennar reglur skaðabótaréttar. Sóknaraðili telur tjónið sem um ræðir megi rekja til ólögmatra skilmála í lánessamningi og óheimillar innheimtu dráttarvaxta. Umfang tjónsins endurspeglar framangreindri kröfugerð og að af almennum reglum leiði að varnaraðila beri skylda til að bæta það tjón. Þá telur sóknaraðili að ef talið yrði unnt að fallast á kröfur hans á þessum grundvelli sé rétt í því sambandi að taka fram að hann telji skaðabótavexti samkvæmt 8. gr. laga um vexti og verðtryggingu nr. 38/2001 rúmast fyllilega innan kröfugerðar sinnar eins og hún er sett fram.

Í viðbótarathugasemdum sínum ítrekar sóknaraðili að samkvæmt 18. gr. laga um vexti og verðtryggingu nr. 38/2001, eins og hún var orðuð fyrir breytingar samkvæmt lögum nr. 150/2010 og eins og segi í 5. og 6. mgr. 18. gr. eftir þá breytingu, skuli við endurgreiðslu oftekinna vaxta miða við vexti samkvæmt 4. gr. laganna. Um upphafsdag dráttarvaxta bendir sóknaraðili á að þar sem varakrafan gangi skemur rúmist umfang hennar innan þeirra ítrustu krafna sem voru settar fram í innheimtubréfi til varnaraðila 9. ágúst 2019 og sé því fullkomlega eðlilegt að krefjast dráttarvaxta frá 9. september 2019.

Kröfur um innheimtukostnað

Sóknaraðili byggir kröfur sínar um innheimtukostnað á reglugerð um hámarksfjárhæð innheimtukostnaðar nr. 37/2009, með breytingum samkvæmt reglugerð nr. 133/2010, sbr. 12. gr. innheimtulaga nr. 95/2008. Krafa um innheimtubókun sé hóflega ákveðin og innan marka leiðbeinandi reglna innanríkisráðherra um hæfilegt endurgjald fyrir löginheimtu peningakröfu, dags. 26. apríl 2013, sbr. auglýsingu nr. 450/2013 í stjórnartíðindum á grundvelli 24. gr. laga um lögmennt nr. 77/1998.

Einnig vekur sóknaraðili athygli á því að kröfuliðir vegna innheimtukostnaðar eigi jafnt við um aðalkröfu og varakröfur.

IV.

Athugasemdir varnaraðila

Varnaraðili krefst þess að öllum kröfum sóknaraðila verði hafnað.

Höfnun aðalkröfu sóknaraðila

Varnaraðili hafnar þeirri málsástæðu sóknaraðila að vextir lánsins séu ógildir og því verði að fara með útreikning á vöxtum þess eins og að um gengistryggt lán sé að ræða. Kveðið sé á um að vextir lánsins séu við lántökuna 8,10% og þar sem ekki séu skilyrði til þess að breyta þeim séu þetta fastir vextir lánsins en óumdeilt sé að vaxtaprósentu lánsins sé ekki ólögmat.

Höfnun sinni til rökstuðnings vísar varnaraðili til dóms Hæstaréttar 16. september 2010 í máli nr. 471/2010. Í dómnum kom fram að vextir samkvæmt samningi aðila væru tengdir beint við LIBOR vexti af lánum í þeim myntum, sem hin ógilda gengistrygging samkvæmt samningi aðilanna miðaðist við. Í þessu sambandi yrði að gæta að því að fullljóst væri að slík vaxtakjör af láninu gætu ekki komið til álita nema

í tengslum við gengistryggingu þess, sem nú lægi fyrir að óheimilt hafi verið að kveða á um. Einnig yrði að líta til þess að eftir að ákvæði í samningnum um gengistryggingu hefði verið metið ógilt væru skuldbindingar G við L, að öllu leyti í íslenskum krónum, og algerlega óháðar tengingu við hinar erlendu myntir, sem aðilarnir gengu út frá við gerð sammingsins. Þegar virt væri að ákvæðið um gengistryggingu í samningi aðilanna væri ógilt, og bein og órjúfanleg tengsl væru samkvæmt framansögðu milli þess ákvæðis og fyrirmæla þar um vexti, væri hvorki unnt að styðjast við þau fyrirmæli óbreytt eftir orðanna hljóðan né gefa þeim með skýringu annað inntak, enda lægi fyrir í málinu að á millibankamarkaði í London hefðu aldrei verið skráðir vextir af lánum í íslenskum krónum. Vegna þessa taldi Hæstiréttur óhjákvæmilegt að ógildi ákvæðisins um gengistryggingu leiddi til þess, að líta yrði með öllu fram hjá ákvæðum sammingsins um vaxtahæð. Þar sem í samningi aðila væru ákvæði um vaxtahæð, sem samkvæmt framansögðu yrði ekki beitt, svari atvik til þess að samið hefði verið um að greiða vexti af peningakröfu án þess að tiltaka hverjir vextirnir væru. Samkvæmt 4. gr., sbr. 3. gr. laga nr. 38/2001 um vexti og verðtryggingu skyldu vextir þegar svo stæði á vera á hverjum tíma jafnháir vöxtum, sem Seðlabanki Íslands ákveður með hliðsjón af lægstu vöxtum á nýjum almennum óverðtryggðum útlánnum hjá lánastofnunum og birtir eru samkvæmt 10. gr. laganna. Varnaraðili bendir á að þessi dómsniðurstaða hafi verið lögfest með 18. gr. laga um breytingu á lögum um vexti og verðtryggingu nr. 38/2001 nr. 151/2010, sem tók gildi hinn 29. desember 2010, en að hún eigi eingöngu við um endurreikning á gengistryggðum lánum.

Í skuldabréfinu sem sóknaraðili gaf út til varnaraðila sé kveðið á um vexti sem gilda fyrir íslenska krónu og því séu þeir ekki ógildir eins og sóknaraðili heldur fram. Í skuldabréfinu sé gerð grein fyrir að lánið sé í vaxtaflokki K4 og að þeir séu 8,10%. Þar sem skilyrði skortir fyrir því að hægt sé að breyta vöxtum lánsins gildi upphaflegir vextir þess út allan lánstímann.

Varnaraðili mótmælir sérstaklega kröfu sóknaraðila um að varnaraðili greiði vexti samkvæmt 4. gr. laga um vexti og verðtryggingu nr. 38/2001 frá 7. október 2015 til 9. september 2019 af kr. 1.277.238. Varnaraðili telur tilvísun sóknaraðila til 18. gr. laga um vexti og verðtryggingu nr. 38/2001 til stuðnings kröfu sinni ekki eiga stoð í samningi aðila eða í ákvæðum laga um vexti og verðtryggingu, enda eigi ákvæðið ekki við um lán aðila líkt og fyrir var komið að. Um þetta efni vísar varnaraðili til dóms Hæstaréttar 30. janúar 2014 í máli nr. 544/2013. Í forsendum héraðsdóms sem Hæstiréttur staðfesti komi fram að krafa stefnanda um að endurgreiðslukrafa hans beri vexti styðjist hvorki við samning aðila, né verði henni fundin stoð í 18. gr. laga um vexti og verðtryggingu nr. 38/2001 eða öðrum ákvæðum laga sem mæla fyrir um sérstakar heimildir til töku vaxta. Hið sama eigi við um varakröfu stefnanda þess efnis að endurgreiðslukrafa hans beri vexti samkvæmt 4. gr. laganna frá 20. júlí 2010 til þingfestingardags. Sé krafa stefnanda um þessa vexti og verðtryggingu því haldlaus.

Höfnun varakröfum sóknaraðila

Varnaraðila hafnar fyrri varakröfu sóknaraðila á þeim grundvelli að endurgreiðslukrafa sóknaraðila á ofteknun vöxtum af láninu frá 1. nóvember 2006 til 1. júní 2011 sé fyrnd. Sóknaraðili vísi ekki til lagaraka til stuðnings endurgreiðslukröfu sinni en að mati varnaraðila sé krafan byggð á ólögfestri meginreglu um endurgreiðslu ofgreidds fjár. Þegar lánið var gefið út giltu lög um fyrningu skulda og annarra kröfuréttinda nr. 14/1905 og komi fram í 3. gr. þeirra laga að kröfur vegna endurgreiðslu ofgreidds fjár fyrnist á fjórum árum og að samkvæmt 5. gr. laganna teljist fyrningarfresturinn frá þeim degi er ofgreiðslan átti sér stað. Þó talið væri að lög um fyrningu kröfuréttinda nr. 150/2007 ættu við um kröfu sóknaraðila sé krafan eftir sem

áður fyrnd samkvæmt 3. gr. þeirra laga, en þar sé kveðið á um fjögurra ára fyrningarfrest og samkvæmt 2. gr. laganna reiknist fyrningarfrestur frá þeim degi sem kröfuhafi gat fyrst átt rétt til efnda, þ.e.a.s. sá tími sem ofgreiðslan átti sér stað. Sóknaraðili eigi því ekki lögvarða kröfu á hendur varnaraðila vegna ofgreiðslna af láninu til og með 1. júní 2011.

Lánið var gert upp af ábyrgðarmanni hinn 7. október 2015. Samkvæmt 28. gr. laga um fyrningu kröfurettinda nr. 150/2007 gilda lögin einvörðungu um þær kröfur sem stofnast eftir gildistöku laganna. Lán sóknaraðila var gefið út hinn 21. júlí 2006, þ.e. fyrir gildistöku laga um fyrningu kröfurettinda nr. 150/2007, og því eiga ákvæði eldri laga um fyrningu skulda og annarra kröfurettinda nr. 14/1905 við um kröfur sóknaraðila. Því eigi ákvæði 2. mgr. 16. gr. laga nr. 150/2007 um að málskot til kærunefndar rjúfi fyrningu ekki við um endurkröfur sóknaraðila og sé krafa sóknaraðila vegna greiðslunnar hinn 7. október 2015 fyrnd þar sem ekki sé sambærilegt ákvæði í eldri fyrningarlögum.

Ef svo ólíklega yrði talið að ákvæði fyrningarlaga nr. 150/2007 eigi við um kröfu sóknaraðila telur varnaraðili að sóknaraðili eigi enga kröfu á hendur honum. Með greiðslunni hinn 7. október 2015 voru greiddir gjaldfallnir gjalddagar lánsins, sá elsti var frá 1. júlí 2011 auk ógjaldfallinna eftirstöðva lánsins. Varnaraðili hafi reiknað út meintar ofgreiðslur sóknaraðila vegna þessarar greiðslu. Vextir lánsins voru hærri en 8,10% vegna gjalddaganna 1. júlí 2011 til og með 1. febrúar 2012 og nam ofgreiðslan kr. 737 eins og sjáist á meðfylgjandi útreikningi. Frá og með gjalddaganum 1. mars 2012 og til uppgreiðsludags voru vextir lánsins lægri en 8,10% og vangreiddi sóknaraðili því vexti lánsins sem nemur kr. 8.514. Í raun skuldi sóknaraðili því varnaraðila kr. 7.777 vegna vangreiddra vaxta fyrir þetta tímabil.

Varnaraðili mótmælir kröfu sóknaraðila um vexti samkvæmt 4. gr. laga um vexti og verðtryggingu nr. 38/2001 og vísast til umfjöllunar um þetta efni í umfjöllun um aðalkröfu sóknaraðila.

Varnaraðili mótmælir einnig dráttarvaxtakröfu sóknaraðila. Sóknaraðili hafi ekki áður skorað á varnaraðila að greiða framangreinda kröfu en innheimtubréf sóknaraðila hafi eingöngu tekið til aðalkröfu hans. Séu því ekki uppfyllt skilyrði 6. gr., sbr. 3. mgr. 5. gr., laga um vexti og verðtryggingu nr. 38/2001 til að krefjast dráttarvaxta.

Varnaraðila hafnar seinni varakröfu sóknaraðila á þeim grundvelli að samkvæmt 8. lið skuldabréfsins hafi varnaraðila verið heimilt að gjaldfella skuldina án fyrirvara. Gat varnaraðili þá valið um að viðhalda umsaminni verðtryggingu eftir gjalddaga eða gjaldfellingu, og krefja skuldara um vexti í samræmi við það, eða að skuldin beri dráttarvexti af gjaldfallni eða gjaldfelldri upphæð. Í samræmi við þetta ákvæði reiknaði varnaraðili samningsvexti á hvern gjalddaga í samræmi við ákvæði skuldabréfsins. Mánuði frá gjalddaga hvernar afborgunar voru reiknaðir dráttarvextir á gjalddagann og hafi elsti gjalddagi í vanskilum verið 1. júlí 2011. Samningsvextir reiknast á gjalddaga frá 1. júní 2011 en dráttarvextir voru reiknaðir frá 1. júlí 2011 til greiðsludags.

Fjárhæðin sem sóknaraðili krefst endurgreiðslu á er samtala dráttarvaxta á vangreidda gjalddaga lánsins, þ.e. gjalddaga 1. júlí 2011 til og með 1. október 2015 að fjárhæð kr. 531.728. Varnaraðili telur óumdeilt að honum hafi verið heimilt að reikna dráttarvexti af þeirri fjárhæð sem var í vanskilum, gjaldfallna en ógreidda gjalddaga lánsins.

Sóknaraðili vísar til þess að varnaraðili hafi reiknað dráttarvexti á gjaldfallnar afborganir á greiðsluskjólstíma. Varnaraðili segir það rétt en bendir á að varnaraðili hafi

átt rétt á samningsvöxtum vegna gjalddaganna á greiðsluskjólstímabili sem stóð frá 30. júní 2011 til 16. apríl 2012. Í samræmi við þessar forsendur hafi varnaraðili reiknað út mismuninn á dráttarvöxtum og samningsvöxtum fyrir þetta tímabil. Niðurstaðan sé sú að sóknaraðili ofgreiddi vexti að fjárhæð kr. 2.320 og hefur sú fjárhæð verið lögð inn á reikning ábyrgðarmanns, sjá meðfylgjandi tilkynningu um millifærslu.

Varnaraðili telur að seinni varakrafa sóknaraðila sé fallin niður fyrir fyrningu og vísar til þess sem fram kemur í umfjöllun um fyrri varakröfur sóknaraðila.

Varnaraðili mótmælir vaxtakröfu sóknaraðila samkvæmt 4. gr. laga um vexti og verðtryggingu nr. 38/2001 og einnig sé dráttarvaxtakröfunni mótmælt og vísar til umfjöllunar um þetta efni við fyrri varakröfu sóknaraðila.

Sóknaraðili gerir kröfu um innheimtukostnað. Varnaraðili mótmælir kröfunni og vísar til úrskurðar nefndarinnar um að henni sé ekki heimilt að úrskurða fjármálafyrirtæki til greiðslu innheimtukostnaðar.

Með vísan til alls framangreinds krefst varnaraðili þess að kröfum sóknaraðila verði hafnað.

V.

Niðurstaða

Ágreiningur málsaðila lýtur einkum að uppgjöri skuldabréfs nr. A, sem sóknaraðili gaf út til varnaraðila. Samkvæmt staðfestu framsali kröfuréttinda dags. 17. september 2019 tilheyra ætlaðar kröfur máls þessa sóknaraðila.

Aðalkrafa

Sóknaraðili krefst þess aðallega að varnaraðili greiði sér kr. 1.277.238 með vöxtum samkvæmt 4. gr. laga um vexti og verðtryggingu nr. 38/2001 frá 7. október 2015 til 9. september 2019, en með dráttarvöxtum samkvæmt 1. mgr. 6. gr. sömu laga frá þeim degi til greiðsludags. Auk þess krefst sóknaraðili þess að varnaraðili greiði sér kr. 56.850 í innheimtukostnað. Sóknaraðili telur að 2. liður skuldabréfsins, um breytilega vexti, hafi verið ólögmætur og því skuli endurreikna lánið með vöxtum samkvæmt 4. gr. laga um vexti og verðtryggingu nr. 38/2001, sbr. 5. mgr. 18. gr. sömu laga.

Varnaraðili hafnar þeirri málsástæðu sóknaraðila að vextir lánsins séu ógildir og því verði að fara með útreikning á vöxtum þess eins og að um gengistryggt lán sé að ræða. Kveðið sé á um að vextir lánsins séu við lántökuna 8,10% og þar sem ekki séu skilyrði til þess að breyta þeim séu þetta fastir vextir lánsins þar sem vaxtaprósentu lánsins sé ekki ólögmæt.

Óumdeilt er milli aðila að skilyrði fyrir breytingu á vöxtum á lánstímanum voru ekki uppfyllt. Sóknaraðila og varnaraðila greinir hins vegar á um hvaða vexti skuldin hafi átt að bera á lánstímanum.

Samkvæmt 4. gr. laga um vexti og verðtryggingu nr. 38/2001, sbr. 1. og 5. mgr. 18. gr. sömu laga, eru skilyrði fyrir endurútreikningi og vöxtum skv. ákvæðinu að samið hafi verið um að skuld beri vexti en hundradshluti þeirra eða vaxtaviðmiðun er ekki tiltekin, eða að samningsákvæði um vexti eða annað endurgjald fyrir lánveitingu teljist ógild.

Án tillits til þess hvort varnaraðila hafi verið heimilt að beita ákvæðum skuldabréfsins um breytingu á vöxtum kemur skýrlega fram í skuldabréfinu að lánið beri 8,10% vexti við lánveitingu. Hafi skilyrði fyrir breytingu á vöxtum skuldabréfsins ekki verið til staðar standa efni ekki til annars en að skuldin hafi borið þá vexti sem koma fram í skuldabréfinu á lánstímanum án breytinga. Skilyrði fyrrnefndra ákvæða

laga um vexti og verðtryggingu fyrir öðrum vöxtum en tilgreindir voru í skuldabréfinu teljast því ekki uppfyllt.

Af framangreindu leiðir að krafa sóknaraðila, um að lán hans skuli endurreiknað vegna þessa á grundvelli 5. og 6. mgr. 18. gr. laga um vexti og verðtryggingu nr. 38/2001, sbr. 4. gr. sömu laga, á sér ekki stoð í samningi aðila, né verði henni fundin stoð í 18. gr. laga um vexti og verðtryggingu nr. 38/2001 eða öðrum málsástæðum sóknaraðila. Aðalkröfu sóknaraðila er því hafnað.

Varakrafa

Í fyrri varakröfu sóknaraðila er þess krafist að varnaraðili greiði sóknaraðila oftekna vexti af láninu á tímabilinu 1. nóvember 2006 til 1. júní 2011 að fjárhæð kr. 152.220 með vöxtum samkvæmt 4. gr. laga um vexti og verðtryggingu nr. 38/2001, á nánar tilgreindan hátt, en með dráttarvöxtum samkvæmt 1. mgr. 6. gr. sömu laga frá 9. september 2019 til greiðsludags.

Varnaraðili krefst þess að fyrri varakröfu sóknaraðila sé hafnað á þeim grundvelli að hún sé fyrnd.

Í 28. gr. laga um fyrningu kröfuréttinda nr. 150/2007 segir að lögin öðlist gildi 1. janúar 2008 og gildi einvörðungu um þær kröfur sem stofnast eftir gildistöku laganna. Um þær endurgreiðslukröfur sóknaraðila, sem stofnuðust á tímabilinu 1. nóvember 2006 til og með 1. desember 2007, gilda því lög um fyrningu skulda og annarra kröfuréttinda nr. 14/1905 en um þær endurgreiðslukröfur, sem stofnuðust á tímabilinu 1. janúar 2008 til 1. júní 2011, gilda lög um fyrningu kröfuréttinda nr. 150/2007.

Í 5. tl. 3. gr. laga nr. 14/1905 segir að kröfur vegna endurgreiðslu ofgreidds fjár fyrnist á fjórum árum og byrjar fyrningarfresturinn að líða þegar ofgreiðslan átti sér stað, sbr. 1. mgr. 5. gr. laganna. Þær endurgreiðslukröfur, sem stofnuðust á tímabilinu 1. nóvember 2006 til og með 1. desember 2007, fyrndust því í síðasta lagi 1. desember 2011.

Í 3. gr. laga nr. 150/2007 segir að almennur fyrningarfrestur kröfuréttinda sé fjögur ár og byrjar fyrningarfresturinn að líða þegar kröfuhafi gat fyrst átt rétt til efnda. Í athugasemdum með frumvarpi því sem varð að lögum nr. 150/2007 segir um 2. gr. frumvarpsins, sem er samhljóða 2. gr. laganna, að ef kröfuhafi hafi öðlast rétt til efnda byrji fyrningarfrestur að líða og breyti þá engu hvort hann hafði á því tímamarki tók á að framfylgja kröfu sinni eða vissi um tilvist kröfunnar eða önnur atvik. Þekkingarskortur og aðrar hindranir geti hins vegar leitt til þess að regla 10. gr. frumvarpsins um viðbótarfresti eigi við. Í 1. mgr. 10. gr. laga nr. 150/2007 kemur fram að ef kröfuhafi hefur ekki haft uppi kröfu sökum þess að hann skorti nauðsynlega vitneskju um kröfuna eða skuldarann og fyrnist þá krafa hans aldrei fyrr en einu ári eftir þann dag þegar kröfuhafi fékk eða bar að afla sér slíkrar vitneskju. Að framansögðu verður talið að endurgreiðslukröfur sóknaraðila, sem stofnuðust á tímabilinu 1. janúar 2008 til 1. júní 2011, fyrndust því í síðasta lagi 7. október 2016, þ.e. einu ári eftir að kröfuhafi fékk upplýsingar um ofgreiðsluna. Fyrri varakröfu sóknaraðila er því hafnað.

Í síðari varakröfu sóknaraðila er þess krafist að varnaraðili greiði sóknaraðila þá dráttarvexti sem ábyrgðarmaður innti af hendi hinn 7. október 2015 að fjárhæð kr. 531.728 með vöxtum samkvæmt 4. gr. laga um vexti og verðtryggingu nr. 38/2001 frá 7. október 2015 til 9. september 2019, en með dráttarvöxtum samkvæmt 1. mgr. 6. gr. sömu laga frá þeim degi til greiðsludags. Auk þess krefst sóknaraðili þess að varnaraðili greiði sér kr. 56.850 í innheimtukostnað.

Varnaraðili krefst þess að síðari varakröfu sóknaraðila sé hafnað á þeim grundvelli að hún sé fyrnd.

Í 28. gr. laga um fyrningu kröfuréttinda nr. 150/2007 segir að löggin öðlist gildi 1. janúar 2008 og gildi einvörðungu um þær kröfur sem stofnast eftir gildistöku laganna. Um endurgreiðslukröfur sóknaraðila vegna síðari varakröfu gilda því lög um fyrningu kröfuréttinda nr. 150/2007. Í 3. gr. laganna segir að almennur fyrningarfrestur kröfuréttinda sé fjögur ár og byrjar fyrningarfresturinn að líða þegar kröfuhafi gat fyrst átt rétt til efnda. Í athugasemdum með frumvarpi því sem varð að lögum nr. 150/2007 segir að fyrningarfrestir samkvæmt frumvarpinu séu taldir í árum eða mánuðum og að miðað sé við heila daga þannig að dagurinn sem talið sé frá sé ekki talinn með. Samkvæmt þessu væri síðasti dagur fjögurra ára fyrningarfrests 7. október 2019 ef gjalddagi kröfunnar var 7. október 2015. Krafan væri því fallin niður fyrir fyrningu 8. október 2019. Krafa sóknaraðila var því ófyrnd hinn 7. október 2019, er hann lagði málið fyrir úrskurðarnefnd um viðskipti við fjármálafyrirtæki, og rauf jafnframt fyrningu, sbr. 2. mgr. 16. gr. laganna. Kröfu varnaraðila, um að hafna síðari varakröfu sóknaraðila á þeim grundvelli að hún sé fyrnd, er því hafnað.

Þegar ábyrgðarmaður gerði upp lánið hinn 7. október 2015 voru greiddir gjaldfallnir gjalddagar lánsins, sá elsti frá 1. júlí 2011 auk ógjaldfallinna eftirstöðva lánsins. Varnaraðili hefur reiknað út meintar ofgreiðslur sóknaraðila vegna þessarar greiðslu. Vextir lánsins voru hærri en 8,10% vegna gjalddaganna 1. júlí 2011 til og með 1. febrúar 2012 og nam ofgreiðslan kr. 737. Frá og með gjalddaganum 1. mars 2012 og til uppgreiðsludags voru vextir lánsins lægri en 8,10% og vangreiddi sóknaraðili því vexti lánsins sem nemur kr. 8.514. Þá hefur varnaraðili fallist á með sóknaraðila að sér hafi ekki verið heimilt að reikna dráttarvexti á gjaldfallnar afborganir á greiðsluskjólstímabilinu frá 30. júní 2011 til 16. apríl 2012. Varnaraðila var hins vegar heimilt að reikna sammingsvexti á því tímabili og hefur varnaraðili nú þegar endurgreitt mismuninn, að fjárhæð kr. 2.320, til ábyrgðarmannsins. Sóknaraðili hefur ekki hnekk þessum útreikningum varnaraðila með neinum hætti og er því síðari varakröfu sóknaraðila hafnað.

Loks gerir sóknaraðili kröfu um kr. 56.850 í innheimtukostnað. Samkvæmt samþykktum úrskurðarnefndar um viðskipti við fjármálafyrirtæki hefur nefndin enga heimild til að ákvarða sóknaraðila málskostnað í málinu og verður kröfu hans þar að lútandi vísað frá, sbr. t.d. úrskurði nefndarinnar í málum nr. 105/2013, 44/2016 og 17/2018.

Ú r s k u r ð a r o r ð :

Aðalkröfu og varakröfum sóknaraðila M, á hendur varnaraðila F, er hafnað.

Reykjavík, 26. febrúar 2020.

Auður Inga Ingvarsdóttir

Geir Arnar Marelsson
Hildigunnur Hafsteinsdóttir

Erla Arnardóttir
Magnús Fannar Sigurhansson

Ár 2020, föstudaginn 8. maí, er fundur haldinn í úrskurðarnefnd um viðskipti við fjármálafyrirtæki.

Mætt eru: Auður Inga Ingvarsdóttir, formaður, Erla Arnardóttir, Geir Arnar Marelsson, Hildigunnur Hafsteinsdóttir og Þorvaldur E. Jóhannesson.

Fyrir er tekið **mál nr. 18/2019**:

M
gegn
fyrirtækið FF

og kveðinn upp svohljóðandi

ú r s k u r ð u r :

I.

Málsmeðferð.

Málsaðilar eru M, hér eftir nefnt sóknaraðili, annars vegar og FF, hér eftir nefnt varnaraðili, hins vegar.

Málið barst úrskurðarnefndinni 24. október 2019, með kvörtun sóknaraðila, dags. 17. október 2019. Með bréfi nefndarinnar dags. 25. október 2019, var kvörtunin send varnaraðila og honum gefinn kostur á að tjá sig um hana og skýra sjónarmið sín. Athugasemdir varnaraðila bárust með bréfi dags. 22. nóvember 2019 og voru þær sendar sóknaraðila í tölvupósti 3. desember 2019. Athugasemdir sóknaraðila við þeim bárust 25. desember 2019.

Málið var tekið fyrir á fundum nefndarinnar 21. og 26. febrúar og 8. maí 2020.

II.

Málsatvik

Sóknaraðili leitaði árið 2010 til varnaraðila í því skyni að varnaraðili myndi sjá um greiðslumiðlunarþjónustu fyrir viðskiptavinum sóknaraðila. Samningur þess efnis komst á milli sóknaraðila og varnaraðila á grundvelli skilmála varnaraðila sem birtir voru á heimasíðu hans. Samstarf komst á og sá varnaraðili um að veita milligöngu um greiðslumiðlunarþjónustu á milli sóknaraðila og viðskiptavina hans. Í samræmi við ákvæði samnings aðila var það hlutverk varnaraðila að skila greiðslum viðskiptavina sóknaraðila til hans og var fyrirkomulag þeirra greiðslna það að varnaraðili millifærði uppsafnaðar greiðslur yfir á reikning sóknaraðila einu sinni í mánuði. Árið 2018 hætti varnaraðili einhliða og án viðvörðunar að millifæra greiðslur í evrum yfir á reikning sóknaraðila. Síðasta millifærsla í evrum var hinn 8. júní 2018. Í upphafi árs 2019 hætti varnaraðili svo að millifæra greiðslur í dollurum yfir á reikning sóknaraðila, síðasta millifærsla í þeirri mynt var hinn 8. janúar 2019. Þrátt fyrir að varnaraðili hafi hætt að skila greiðslum viðskiptavina sóknaraðila til sóknaraðila þá hélt varnaraðili áfram að taka við greiðslum viðskiptavina sóknaraðila. Frá því að varnaraðili hætti að skila greiðslum til sóknaraðila hefur varnaraðili mótttekið greiðslur sem nema €53.909,47 og \$15.557,13 sem hann hefur ekki skilað til sóknaraðila.

Í kjölfar þessara aðgerða varnaraðila hefur sóknaraðili sent varnaraðila ítrekaðar beiðnir um að fénu verði skilað. Hinn 19. ágúst 2010 sendi sóknaraðili varnaraðila bréf og fylgdi því bréfi á eftir með því að senda á varnaraðila bréf í gegnum tengslanetsvefsíðuna LinkedIn. Í ljósi þess að ofangreindar samskiptatilraunir hafa ekki

borið árangur og varnaraðili enn ekki skilað umþrættum greiðslum til sóknaraðila ákvað sóknaraðili að leita til úrskurðarnefndarinnar.

III.

Umkvörtunarefni

Sóknaraðili krefst þess að varnaraðili greiði sér EUR 53.909,47 og USD 15.557,13. Kvörtun sóknaraðila er í fjórum liðum. Í fyrsta lagi krefst sóknaraðili þess að nefndin fari yfir aðgerðir Ff og kanni hvort þær standist lög, reglur og góða viðskiptahætti. Í öðru lagi óskar sóknaraðili eftir því að lagaleg réttindi sóknaraðila verði vernduð. Í þriðja lagi óskar sóknaraðili eftir því að upplýsingar þær sem fylgja kvörtun sóknaraðila verði rannsakaðar í því skyni að gengið verði úr skugga um hvort að refsiverð háttsemi hafi átt sér stað af hálfu starfsmanna Ff í tengslum við við vanefnd á að afhenda greiðslur viðskiptavina Ff. Í fjórða lagi óskar sóknaraðili eftir því að gripid verði til aðgerða til að tryggja að Ff standi við skuldbindingar sínar við alla viðskiptavinini sína.

Sóknaraðili vísar máli sínu til stuðnings til þess að á átta tilteknum vefsíðum sem hann vísar í í kvörtun sinni megi finna frásagnir annarra fyrirtækja af því að hafa orðið fyrir sömu reynslu og sóknaraðili í viðskiptum við varnaraðila, þar sem varnaraðili hafi ekki staðið skil á eða hætt að skila greiðslum til fyrirtækjanna.

Í viðbótarathugasemdum sóknaraðila segir að kvörtun þessi sé ekki hluti af undirbúningi hans fyrir gerðardómsmeðferð hjá Viðskiptaráði Íslands. Tilgangur kvörtunarinnar er að vekja athygli eftirlitsstofnana á þeirri staðreynd að til sé fyrirtæki á markaðnum sem felur sig á bak við ýmis vörumerki til þess að reyna að komast hjá reglugerðum og stundar óheiðarlega viðskiptahætti. Samhliða sé sóknaraðili auðvitað að undirbúa gerðardómsmeðferð hjá Viðskiptaráði Íslands.

Þá vísar sóknaraðili til þess að hann hafi svarað öllum spurningum sem varnaraðili lagði fram í tölvupósti sínum dags. 9. september 2019 með fullnægjandi hætti í tölvupósti hinn 18. september 2019 og að engar frekari spurningar hafi borist frá varnaraðila. Sóknaraðili telur varnaraðila vísvitandi fresta í því skyni að komast hjá því að greiða sóknaraðila. Í bréfi dags. 9. september tilkynnti varnaraðili sóknaraðila að hann hafi enga fjármuni til að greiða sóknaraðila og lofaði að greiða litla profugreiðslu, annað hvort €500 eða €1000, sem aldrei var greidd.

Sóknaraðili telur að varnaraðili haldi fé eftir, með ólögumætum hætti, án nokkurra útskýringa eða viðbragða við fyrirspurnum sóknaraðila. Að mati sóknaraðila leiti varnaraðili sífellt að fleiri ástæðum til þess að greiða sóknaraðila ekki umþrætta fjármuni, sem sé merki um ósanngjarna fjármálastarfsemi andstætt góðum viðskiptaháttum.

Að mati sóknaraðila skiptir það ekki máli hvort um sé að ræða einstakling í áhættuhópi vegna stjórnmalalegra tengsla. Slíkt sé ekki glæpur og hafi ekki í för með sér nein viðurlög sem heimili varnaraðila að halda eftir fé. Sé varnaraðili ósáttur við sóknaraðila að einhverju leyti geti varnaraðili rift samningnum og skilað fénu til sóknaraðila.

Sóknaraðili segir hluta af kvörtun sinni snúa að því að varnaraðili sé að komast hjá lögum og framkvæmi ólögumætar aðgerðir. Þá túlki varnaraðili reglugerðir að vild og eigi við upplýsingar í þeim tilgangi að tefja greiðslu til sóknaraðila.

Sóknaraðili segir sig vel kunnugan um hve samviskulausir aðilar á fjármálamarkaði séu með kennitölufلاك og reyni á sama tíma að flytja hugsanlegt tap af sinni starfsemi yfir á sóknaraðila og fleiri í hans stöðu. Svona komist varnaraðili hjá

bótaskyldu og því að fara fyrir gerðardóm. Slík hegðun sé andstæð góðum viðskiptaháttum fjármálafyrirtækja.

Um hugsanlegan aðildarskort vísar sóknaraðili til þess að varnaraðili sé móðurfélag Ff og systurfélag Fx. Þá sé sú manneskja, sem hafi verið haft samband við á LinkedIn, skráð sem framkvæmdastjóri varnaraðila á heimasíðum Ff og Fx.

Að lokum mótmælir sóknaraðili þeirri fullyrðingu varnaraðila að hann hafi aðeins nýlega haldið eftir fé. Sóknaraðili segir varnaraðila hafa haldið fé lengur en ár og sé því misvísandi að segja að það sé nýlega haldið eftir fé.

IV.

Athugasemdir varnaraðila

Varnaraðili mótmælir ekki þeirri fullyrðingu sóknaraðila að sóknaraðili hafi verið söluaðili (e. supplier) fyrir varnaraðila, né er því mótmælt að á þessari stundu sé fé haldið eftir sem hafi ekki verið afhent sóknaraðila. Varnaraðili aftur á móti mótmælir formi og inntaki kvörtunar sóknaraðila, þar sem hinn rétti vettvangur, samkvæmt samningi milli Ff og sóknaraðila sé gerðardómsmeðferð frammi fyrir Viðskiptaráði Íslands, og að því loknu, að teknu tilliti til reglna þess ferlis, málarekstur fyrir dómstólum.

Varnaraðili lýsir því að honum sé misboðið vegna ýmissa ásakana sóknaraðila í kvörtun hans, og er þá sérstaklega vísað til þeirrar ásökunar að varnaraðili hafi gerst brotlegur við lög.

Að sögn varnaraðila er ákvörðun sú, að halda fé eftir, tekin á grundvelli viðeigandi lagareglna, og að meðalhófs hafi verið gætt, þar sem áhætta hafi verið fyrir hendi.

Varnaraðili telur að þrátt fyrir að tilraunir hafi átt sér stað til að upplýsa málið, síðast með tölvupósti hinn 9. september 2019 þá hafi fulltrúar sóknaraðila ekki getað veitt fullnægjandi svör við upplýsingabeidnum varnaraðila sem höfðu það að leiðarljósi að upplýsa staðreyndir um eignarhlut og stjórn náins fjölskyldumeðlims erlends einstaklings í áhættuhópi vegna stjórnmalalegra tengsla. Nánar tiltekið vísar varnaraðili til þess að fyrrverandi eigandi reikningsins hjá varnaraðila hafi orðið þingmaður á þjóðþingi, og að kjörtímabili þingmannsins hafi staðið til ágúst 2019. Þessar upplýsingar hafi komið upp við viðvarandi áreiðanleikakönnun viðskiptavina í lok árs 2017. Við mat sitt tók varnaraðili mið af uppfærðum Wolfsberg leiðbeiningum um einstaklinga í áhættuhópi vegna stjórnmalalegra tengsla.

Varnaraðili telur að á grundvelli ofangreinds megi leiða að því líkur að hinn skráði endanlegi raunverulegi eigandi og prókúruhafi reikningsins hjá Ff, í gegnum hið skoska félag með takmarkaðri ábyrgð, sé eða hafi verið maki einstaklingsins í áhættuhópi vegna stjórnmalalegra tengsla á þessu tímabili. Varnaraðili byggir þetta á opinberum upplýsingum útgefnum af yfirvöldum í Úkraínu. Varnaraðili telur að söluaðilareikningurinn hafi ekki verið nýttur í tengslum við peningaþvætti og tengda refsiverða háttsemi, svo sem spillingu eða mútuþægni, bæði vegna eðlis söluaðilasamninganna og þeirra takmarkana sem varnaraðili hafi yfir að ráða.

Aftur á móti vísar varnaraðili til þess að hann hafi verið meðvitaður um nauðsyn þess að afla réttra gagna frá söluaðilum, og þá sér í lagi frá sóknaraðila, þar sem varnaraðili væri eftirlitsskyldur aðili, áður en unnt væri að gera upp greiðslur til söluaðila fyrir þá þjónustu vefsíðna sóknaraðili sem varnaraðili var endursöluaðili fyrir.

Varnaraðili lýsir því að ein ástæðna þess að hann gat ekki gert upp greiðslur til sóknaraðila með tímanum hafi verið að sóknaraðili hafi lokað reikningum hjá bönkum

og greiðslustofnunum oftast en Ff fannst ásættanlegt. Það hafi hins vegar ekki verið eina ástæðan.

Varnaraðili vísar til þess að þar sem einstaklingurinn í áhættuhópi vegna stjórnmalalegra tengsla hafði hætt sem þingmaður í ágúst 2019 hafi varnaraðili hafið endurskoðun ferlisins um einstaklinga með slík tengsl, en að á sama tíma hafi kvartanaferli þetta hafist, skömmu eftir að varnaraðili hafði sett fram nýjustu kröfu sína í fylgiskjali A, sem hafi ekki verið svarað efnislega.

Varnaraðili tekur fram að eins og hafi komið fram, og áhersla lögð á, í bréfi í júní 2018 undirrituðu af yfirmanni áhættustýringar hjá varnaraðila, þá hafi Ff verið endursöluaðili fyrir þjónustu sóknaraðila. Varnaraðili hafi ekki verið í hlutverki greiðslumiðlunaraðila fyrir kortafærslur. Að sögn varnaraðila komi þetta skýrlega fram í söluaðilasamningi sem sóknaraðili vísi í í gögnum málsins.

Hvað varðar þær kvartanir sem sóknaraðili vísi til þá vísar varnaraðili til þess að þar sé um að ræða óheppileg atvik, en þær kvartanir beinist ekki að Ff, heldur öðru vörumerki varnaraðila, Fx, og séu sögulegar í eðli sínu, réttmætar og ósanngjarnar færslur í bland. Enn séu í gangi deilur á milli tiltekinna söluaðila Fx og varnaraðila sem sé miður þó svo að Fx hafi hætt störfum.

Að lokum vill varnaraðili taka fram að sú manneskja sem hafi verið haft samband við á LinkedIn hafi ekki verið framkvæmdarstjóri varnaraðila síðan 2018, og að sú manneskja hafi upplýst yfirmann áhættustýringar Ff um skilaboðin, en sá sé sá einstaklingur í æðstu stjórn varnaraðila sem hafi það hlutverk með höndum að vinna að deilu þeirri sem hér er til umfjöllunar.

Varnaraðili vitnar til skýrslu FATF um sameiginlegt mat frá því í apríl 2018 sem hafi að geyma umfjöllun um verklag við tilteknar aðstæður í störfum fjármálafyrirtækja, en ekki er þörf á að rekja þá umfjöllun hér, enda er ekki rökstutt af hálfu varnaraðila hvernig eða hvaða atriði í þeirri skýrslu skipta máli varðandi ágreining aðila

Varnaraðili óskar eftir að það komi fram að að þó svo varnaraðili sé ekki eftirlitsskyldur aðili þá taki hann slíkar skyldur og áhættu alvarlega.

Varnaraðili tekur einnig fram að þó svo að hið óleysta mál sem varðaði einstaklinginn í áhættuhópi vegna stjórnmalalegra tengsla hafi ekki verið eina ástæðan fyrir því að greiðslum hafi nýlega verið haldið eftir þá hafi það verið aðalástæðan fyrir því að svo var gert. Loks vill varnaraðili koma því á framfæri að hér sé um fyrstu svör þeirra að ræða við þessu máli, en vonandi séu þessi svör fullnægjandi á þessu stigi ferlisins.

V.

Niðurstaða

Samkvæmt b-lið 6. gr. samþykktu fyrir úrskurðarnefnd um viðskipti við fjármálafyrirtæki, dags. 8. júní 2000, fjallar nefndin ekki um kröfur viðskiptamanns, sem ekki verður metin til fjár. Þá fjallar nefndin ekki um þau mál sem eru það óljós, illa upplýst eða kröfur aðila svo óskýrar að þau séu ekki tæk til úrskurðar, sbr. e-lið greinarinnar.

Sóknaraðili krefst þess að varnaraðili greiði sér EUR 53.909,47 og USD 15.557,13. Umkvörtunarefni sóknaraðila er í fyrsta lagi að nefndin fari yfir aðgerðir Ff og kanni hvort þær standist lög, reglur og góða viðskiptahætti. Í öðru lagi að lagaleg réttindi sóknaraðila verði vernduð. Í þriðja lagi að upplýsingar þær sem fylgja kvörtun sóknaraðila verði rannsakaðar í því skyni að gengið verði úr skugga um hvort að refsiverð háttsemi hafi átt sér stað af hálfu starfsmanna Ff í tengslum við við vanefnd á

að afhenda greiðslur viðskiptavina Ff. Í fjórða lagi að gripið verði til aðgerða til að tryggja að Ff standi við skuldbindingar sínar við alla viðskiptavini sína.

Starfssvið nefndarinnar er einkum að kveða upp úrskurði um einkaréttarlegar fjárkröfur. Nefndin hefur á hinn bóginn ekki eftirlitshlutverk eða heimildir til þess að úrskurða um framangreint umkvörtunarefni sóknaraðila. Þá er sú krafa sem sóknaraðili heldur uppi verulega óljós, illa upplýst, svo óskýr og verður ekki ráðið af kröfugerðinni á hvaða lagaákvæðum krafan er byggð á.

Að öllu framangreindu virtu er óhjákvæmilegt að vísa máli þessu frá nefndinni með vísan til b- og e-liðar 6. gr. samþykktu úrskurðarnefndar um viðskipti við fjármálafyrirtæki.

Ú r s k u r ð a r o r ð :

Máli sóknaraðila, M, gegn varnaraðila, FF, er vísað frá úrskurðarnefndinni.

Reykjavík, 8. maí 2020.

Auður Inga Ingvarsdóttir

Geir Arnar Marelsson
Hildigunnur Hafsteinsdóttir

Erla Arnardóttir
Þorvaldur E. Jóhannesson

Ár 2020, föstudaginn 21. febrúar, er fundur haldinn í úrskurðarnefnd um viðskipti við fjármálafyrirtæki.

Mætt eru: Auður Inga Ingvarsdóttir, formaður, Geir Arnar Marelsson, Hildigunnur Hafsteinsdóttir, Magnús Fannar Sigurhansson og Þorvaldur E. Jóhannesson.

Fyrir er tekið **mál nr. 19/2019**:

M
gegn
fjármálafyrirtækinu F

og kveðinn upp svohljóðandi

ú r s k u r ð u r :

I.

Málsmeðferð.

Málsaðilar eru M, hér eftir nefndur sóknaraðili, annars vegar og F, hér eftir nefndur varnaraðili, hins vegar.

Málið barst úrskurðarnefndinni 5. nóvember 2019 með kvörtun sóknaraðila dags. sama 4. nóvember 2019. Með tölvupósti nefndarinnar 5. nóvember 2019 var kvörtunin send varnaraðila og honum gefinn kostur á að tjá sig um hana og skýra sjónarmið sín. Athugasemdir varnaraðila bárust með bréfi dags. 26. nóvember 2019 og voru þær sendar sóknaraðila í tölvupósti 29. nóvember 2019. Athugasemdir sóknaraðila við þeim bárust 12. desember 2019.

Málið var tekið fyrir á fundi nefndarinnar 21. febrúar 2020.

II.

Málsatvik

Hinn 8. nóvember 2004 gaf A, hér eftir nefndur lántaki, út veðskuldabréf nr. X að fjárhæð kr. 40.000.000 til ff vegna kaupa sinna á fasteigninni B, sem var jafnframt sett að veði með fyrsta veðrétti til tryggingar greiðslu skuldarinnar. Samkvæmt skilmálum veðskuldabréfsins var fjárhæðin bundin vísitölu neysliverðs til verðtryggingar með breytilegum vöxtum, eins og þeir væru ákveðnir af ff á hverjum tíma. Þá skyldi lántaki endurgreiða lánið með 480 mánaðarlegum afborgunum. Samhliða undirritun veðskuldabréfsins undirritaði lántaki skjal þar sem hann staðfesti að tilteknir skilmálar væru hluti skuldabréfsins. Skjalið innihélt meðal annars nánari upplýsingar um aukagreiðslur sem lántaki skyldi greiða, svo sem vegna verðtryggingar, vaxta, innheimtukostnaðar og vanskila. Þá voru tilgreindar upplýsingar um heildarfjárhæð lánsins, árlega hlutfallstölu kostnaðar og heildarlántökukostnað.

Hinn 3. febrúar 2006 keypti C ehf., fasteignina af lántaka. Kaupverðið var kr. 60.000.000 og var samið um að félagið tæki yfir fyrrgreint veðskuldabréf, sem áfram hvíldi á fyrsta veðrétti. Eftir kaupin var sent bréf til ff og óskað eftir yfirtökuheimild á láninu, en því bréfi var aldrei svarað.

Svo fór að nauðungarsala á fasteigninni var fyrirhuguð 10. febrúar 2010 að beiðni ff í kjölfar vanskila. Hinn 8. febrúar 2010 gerðu ff og sóknaraðili með sér samkomulag. Samkomulagið fól í sér að sóknaraðili skyldi greiða inn á lánið kr. 15.000.000 hinn 9. febrúar 2010 gegn afturköllun nauðungarsölubeiðninnar og aðra

greiðslu eigi síðar en 1. apríl 2010 að fjárhæð kr. 10.000.000. Þess skyldi lækka lánið úr kr. 73.300.000 niður í kr. 67.000.000 og breyta skilmálum lánsins annars vegar þannig að sóknaraðili yrði greiðandi af láninu og hins vegar þannig að lánið skyldi bera 5,5% verðtryggða ársvexti, sem skyldu vera breytilegir en þó þannig að vextir skyldu vera fastir næstu þrjú árin. Sóknaraðili innti af hendi kr. 15.000.000 hinn 9. febrúar 2010 og nauðungarsölubeiðnin því afturkölluð en samkomulagið var að öðru leyti ekki eftir.

Með beiðni 11. september 2012 óskaði þess eftir því að fasteignin yrði seld nauðungarsölu á grundvelli veðskuldabréfsins. C ehf. lagði fram mótmæli við byrjun uppboðs hinn 5. nóvember 2013 og var málinu frestað til 12. sama mánaðar. Þann dag tók sýslumaðurinn ákvörðun, um að stöðva nauðungarsölubeiðnina. Rökstuðningur sýslumanns var sá að fyrir hafi legið að greiðsluáskorun og nauðungarsölubeiðni málsins voru undirritaðar í nafni löginnheimtu fff af starfsmanni fff sem uppfyllti ekki skilyrði laga nr. 95/2008 til þess að mega stunda innheimtu fyrir aðra. Ákvörðun sýslumanns, um að stöðva nauðungarsölubeiðnina, var síðar staðfest af héraðsdómi Reykjaness í febrúar 2014.

Í október 2013 var bú lántaka tekið til gjaldþrotaskipta með úrskurði héraðsdóms Reykjavíkur.

Hinn 31. desember 2013 var veðskuldabréfið framselt til varnaraðila og úr varð að varnaraðili var hæstbjóðandi á nauðungarsölu fasteignarinnar, sem fór fram hinn 12. október 2015, og var afsal gefið út til hans hinn 29. desember 2016.

Hinn 24. júní 2019 upplýsti Neytendastofa að stofnunin hefði komist að þeirri niðurstöðu að varnaraðili hefði með skilmálum veðskuldabréfsins og ákvörðunum um vaxtabreytingar á því brotið gegn lögum um neytendalán nr. 121/1994 með tvennum hætti. Annars vegar hefðu skilmálar veðskuldabréfsins brotið gegn 2. mgr. 6. gr. og 9. gr. laga um neytendalán nr. 121/1994. Hins vegar hefðu vaxtahækkningar frá gildistöku breytingarlaga nr. 63/2008, sem breyttu lögum um neytendalán nr. 121/1994, hinn 11. júní 2008 brotið gegn 3. mgr. 6. gr. laga um neytendalán nr. 121/1994. Tekið var fram að eftirliti Neytendastofu með ákvæðum laganna væri allsherjarréttarlegs eðlis og leysti stofnunin ekki úr einkaréttarlegum ágreiningi milli aðila.

Með bréfi dagsettu 14. ágúst 2019 óskaði sóknaraðili eftir fundi með fulltrúum varnaraðila. Fundur var haldinn með sóknaraðila og lögmanni hans 4. september 2019, en á fundinum kom fram beiðni sóknaraðila um að kaupa til baka af varnaraðila fasteignina. Með tölvupósti 25. september 2019 upplýsti fulltrúi varnaraðila að varnaraðili hefði selt eignina með kaupsamningi dagsettum 12. mars 2019 og væri því ómögulegt að verða við beiðninni. Með tölvupósti 9. október 2019 óskaði lögmaður sóknaraðila eftir fundi með varnaraðila til að semja um greiðslu bóta vegna vaxtaútreikninga og niðurfærslu, sem varnaraðili hafnaði með tölvupósti 25. október 2019.

III.

Umkvörtunarefni

Sóknaraðili krefst þess að varnaraðili endurgreiði sér allar umframgreiðslur inn á umþrætt veðskuldabréf frá tímabilinu 17. maí 2006 til og með 10. febrúar 2010 að fjárhæð kr. 30.978.752 auk verðbóta, innlánsvaxta Seðlabanka Íslands frá 10. febrúar 2010 til 5. nóvember 2019 og dráttarvaxta Seðlabanka Íslands frá 5. nóvember 2019 til greiðsludags. Einnig krefst sóknaraðili þess að varnaraðili endurgreiði sér eignarhlutfall sitt í fasteigninni að fjárhæð kr. 17.914.000 auk verðbóta, innlánsvaxta Seðlabanka Íslands frá 10. febrúar 2010 til 5. nóvember 2019 og dráttarvaxta Seðlabanka Íslands frá 5. nóvember 2019 til greiðsludags.

Sóknaraðili byggir kröfu sína annars vegar á því að hann telji ff. hafa hækkað vexti veðskuldabréfsins með ólögmetum hætti úr 5,95% í 10,25% án þess að gera sér viðvart. Hins vegar á því að ff hafi ráðstafað innborgunum sóknaraðila með ólögmetum hætti í innheimtu og lögfræðikostnað, dráttarvexti og hækkaða vexti án nokkurra útskýringa. Þessu tvennu til stuðnings vísar sóknaraðili til fyrrnefndrar niðurstöðu Neytendastofu dagsettri 24. júní 2019 og til þess að þar sem ff sé ekki starfandi í dag og varnaraðili nýr kröfueigandi, sé varnaraðili ábyrgur fyrir kröfum sínum.

Þá spyr sóknaraðili að sex spurningum. Í fyrsta lagi um hvaða vanskil hafi verið að ræða. Í öðru lagi hver sé grundvöllur fyrir dráttarvöxtum, innheimtukostnaði og hækkingu vaxta. Í þriðja lagi hvort fjármálafyrirtækjum beri ekki að fara eftir lögum og reglum í viðskiptum við viðskiptamenn. Í fjórða lagi ef það hafi ekki verið gert, hvort fjármálafyrirtækjum beri ekki að leiðrétta mistök sín. Í fimmta lagi hvort þessar ólöglegu vaxtahækkningar hafi verið verk eins manns í ff eða samþykktar af stjórn hans. Í sjötta og síðasta lagi hvort heiður og sómi, réttindi og skyldur eigi ekki að vera í fyrirrúmi fjármálafyrirtækja, en ekki barátta þeirra með her lögmanna við viðskiptamenn sína, sem eru að reyna að ná fram réttlæti og fá leiðréttingu á augljósum mistökum fjármálafyrirtækja.

Í viðbótarathugasemdum sóknaraðila kemur fram að samkvæmt fyrirbyggjandi greiðslufirirliti hafi allar afborganir verið greiddar á tímabilinu frá maí 2006 til febrúar 2010 og samkvæmt því hafi, að mati sóknaraðila, engin vanskil verið til staðar á þeim tíma og því hafi ff. ekki verið heimilt að ráðstafa greiðslum í innheimtu- og lögfræðikostnað, dráttarvexti og hækkaða vexti. Af þeim sökum taldi sóknaraðili sig tilneyddan til að stöðva síðari greiðsluna að fjárhæð kr. 10.000.000, sem átti að berast í síðasta lagi 1. apríl 2010, samkvæmt fyrrgreindu samkomulagi hans við ff þar til hinar ætluðu ólögmetu ráðstafanir yrðu leiðréttar. Þá vísar sóknaraðili til þess að ff hafi að sínu mati sýnt af sér algjört aðgerðarleysi í tengslum við þetta.

Sóknaraðili hafnar því að kröfur sínar séu fyrndar. Því til stuðnings vísar hann til þess að hann hafi ávallt haldið uppi kröfu um endurreikning á innheimtum vöxtum og endurgreiðslu á ólöglegum dráttarvöxtum og kostnaði svo og til þess að endurgreiðsla á ofgreiddum vöxtum sé hluti af stærra samkomulagi sem ekki verði hægt að efna þar sem varnaraðili hafi selt fasteignina öðrum.

Sóknaraðili hafnar því einnig að aðildarskortur geti átt við. Því til stuðnings vísar hann til fimm atriða. Í fyrsta lagi til samkomulags hans við ff, þar sem komi fram að hann sé skuldari lánsins. Í öðru lagi til þess að eftir að varnaraðili eignaðist fasteignina krafðist hann ekki leigu af lántaka, heldur af sóknaraðila, sem greiddi allar leigugreiðslur og hafði búsetu og skráð lögheimili frá árinu 2007 til 2018. Í þriðja lagi til þess að flest samskipti frá árinu 2006 hafi verið af sinni hálfu. Í fjórða og síðasta lagi til þess að fram til 26. nóvember 2019 hafi varnaraðili aldrei haldið fram aðildarskortu, þrátt fyrir marga fundi þeirra á milli.

Að lokum ber hann fram spurningum um hvers vegna fyrri spurningum sínum sex hafi ekki verið svarað.

IV.

Athugasemdir varnaraðila

Varnaraðili krefst þess aðallega að öllum kröfum sóknaraðila verði vísað frá nefndinni en til vara að öllum kröfum sóknaraðila verði hafnað.

Til stuðnings frávísunarkröfu sinni vísar varnaraðili til þess að kröfur sóknaraðila séu svo óskýrar að þær séu ekki tækar til úrskurðar og að málið í heild sinni sé óljóst og illa upplýst, sbr. e-lið 6. gr. samþykktar fyrir úrskurðarnefndina. Að mati

varnaraðila verði ekki ráðið hvaða kröfur séu gerðar. Umfjöllunin sé öll ómarkviss og óljós þannig að ómögulegt sé að átta sig á hvaða kröfum sóknaraðili tefli raunverulega fram. Málið í heild sinni sé þannig uppbyggt að ómögulegt sé fyrir varnaraðila að koma að vörnum í málinu. Að sama skapi sé ómögulegt fyrir nefndina að kveða upp úrskurð í málinu.

Til stuðnings varakröfu varnaraðila mótmælir hann öllum röksemdum og málsástæðum sóknaraðila. Vísar varnaraðili til þess að hann eigi mjög erfitt með að koma að vörnum í málinu enda sé málatilbúnaður sóknaraðila allur á reiki. Eftir því sem næst verði komist telur varnaraðili að sóknaraðili fari fram á að bankinn endurgreiði honum umframgreiðslur inn á skuldabréfið, sem eiga að hafa verið gerðar á tímabilinu 17. maí 2006 til og með 10. febrúar 2010, og eignarhlutfall sóknaraðila í fasteigninni. Afstaða varnaraðila er sú að skilyrði fyrir endurgreiðslukröfu séu ekki uppfyllt. Þess beri að geta að ekki sé rökstutt með fullnægjandi hætti á hvaða reglu byggt sé né með hvaða hætti skilyrði hennar séu uppfyllt og vísar því til stuðnings til fyrri umfjöllunar.

Varnaraðili telur að hafna verði kröfum sóknaraðila vegna aðildarskorts. Fyrir liggir að sóknaraðili hafi aldrei verið eigandi fasteignarinnar og hann hafi aldrei verið skuldari fyrrgreinds veðskuldabréfs. Varnaraðili áréttar að sóknaraðili festi ekki kaup á fasteigninni heldur c ehf. og þá hafi aldrei verið gerður viðauki við veðskuldabréfið þess efnis að sóknaraðili yrði skuldari lánsins. Ekkert liggir fyrir um að umframgreiðslur hafi verið inntar af hendi af hálfu sóknaraðila eða að eignarhlutfall tilheyri honum með nokkrum hætti.

Þá vísar varnaraðili til þess að hvað sem því líði sé í öllu falli ljóst að endurgreiðslukröfur séu fyrndar. Því til stuðnings vísar varnaraðili til þess að kröfur um endurgreiðslu fyrnist á fjórum árum, sbr. 3. gr. laga um fyrningu kröfuréttinda nr. 150/2007. Umframgreiðslur, sem krafist er endurgreiðslu á, fóru fram á tímabilinu 17. maí 2006 til 10. febrúar 2010 og hafi þær kröfur því fyrnst að mati sóknaraðila í síðasta lagi 10. febrúar 2014. Eignarhlutfall í fasteigninni miðar sóknaraðili, að mati varnaraðila, við upphaflegt kaupverð fasteignarinnar, samkvæmt kaupsamningi dagsettum 3. febrúar 2006 að frádreginni stöðu áhvílandi krafna á þeim tíma, og hafi sú krafa því fyrnst í síðasta lagi 3. febrúar 2010. Að mati varnaraðila eru því allar kröfur sóknaraðila um endurgreiðslu fyrndar.

Að endingu áréttar varnaraðili að ff hf. hafi gert samkomulag við sóknaraðila hinn 8. febrúar 2010, þ.e. eftir að þau atvik, sem sóknaraðili byggir endurgreiðslu kröfur sínar á, áttu sér stað. Með gerð samkomulagsins hafi sóknaraðili, að mati varnaraðila, fallist á þáverandi stöðu skuldarinnar og því sé vandséð hvernig röksemdir hans nú samrýmist efni samkomulagsins. Loks vísar varnaraðili til þess að þar sem sóknaraðili efndi ekki samkomulagið af sinni hálfu hafi ekki verið gerður viðauki við veðskuldabréfið, þess efnis að sóknaraðili yrði skuldari lánsins í stað lántaka.

V.

Niðurstaða

Ágreiningur málsaðila lýtur að því hvort varnaraðila beri að endurgreiða sóknaraðila allar innborganir inn á umþrætt veðskuldabréf frá tímabilinu 17. maí 2006 til og með 10. febrúar 2010 að fjárhæð kr. 30.978.752 auk verðbóta, innlánsvaxta Seðlabanka Íslands frá 10. febrúar 2010 til 5. nóvember 2019 og dráttarvaxta Seðlabanka Íslands frá þeim degi til greiðsludags. Einnig lýtur ágreiningur þeirra að því hvort varnaraðili beri skyldu til að endurgreiða sóknaraðila eignarhlutfall sóknaraðila í fasteigninni að fjárhæð kr. 17.914.000 auk verðbóta, innlánsvaxta Seðlabanka Íslands

frá 10. febrúar 2010 til 5. nóvember 2019 og dráttarvaxta Seðlabanka Íslands frá þeim degi til greiðsludags.

Varnaraðili krefst þess að öllum kröfum sóknaraðila verði vísað frá þar sem kröfur sóknaraðila séu svo óskýrar að þær séu ekki tækar til úrskurðar og að málið í heild sinni sé óljóst og illa upplýst, sbr. e-lið 6. gr. samþykktar fyrir úrskurðarnefndina.

Samkvæmt gögnum málsins er A skuldari veðskuldabréfsins nr. X, sem sóknaraðili byggir kröfur sínar á. Ekki liggur fyrir að kröfuframsafal hafi farið fram og hefur sóknaraðili ekki sýnt fram á forræði fyrir meintum kröfum A, á grundvelli framangreinds skuldabréfs og ætlaðrar ólögætrar ráðstöfunar innborgana. Að þessu leyti telst kröfugerð sóknaraðila vanreifuð í skilningi e-liðar 6. gr. samþykktar fyrir úrskurðarnefndina. Verður því kröfum sóknaraðila þegar af þessari ástæðu vísað frá úrskurðarnefndinni.

Ú r s k u r ð a r o r ð :

Kröfu sóknaraðila, M, á hendur varnaraðila, F, er vísað frá.

Reykjavík, 21. febrúar 2020.

Auður Inga Ingvarsdóttir

Geir Arnar Marelsson
Magnús Fannar Sigurhansson

Hildigunnur Hafsteinsdóttir
Þorvaldur E. Jóhannesson

Ár 2020, 22. maí, er fundur haldinn rafrænt í úrskurðarnefnd um viðskipti við fjármálafyrirtæki.

Mætt eru: Auður Inga Ingvarsdóttir, formaður, Erla Arnardóttir, Geir Arnar Marelsson, Hildigunnur Hafsteinsdóttir og Þorvaldur E. Jóhannesson.

Fyrir er tekið **mál nr. 20/2019**:

M
gegn
F

og kveðinn upp svohljóðandi

ú r s k u r ð u r :

I.

Málsmeðferð.

Málsaðilar eru M, hér eftir nefnd sóknaraðili, annars vegar og F, hér eftir nefnt varnaraðili, hins vegar.

Málið barst úrskurðarnefndinni 22. nóvember 2019, með kvörtun sóknaraðila, dags. 17. október 2019. Með tölvupósti nefndarinnar 25. nóvember 2019, var kvörtunin send varnaraðila og honum gefinn kostur á að tjá sig um hana og skýra sjónarmið sín. Athugasemdir varnaraðila bárust með bréfi dags. 16. desember 2019 og voru þær áframsendar sóknaraðila í tölvupósti 17. desember 2019. Athugasemdir sóknaraðila við þeim bárust 7. janúar 2020.

Málið var tekið fyrir á fundum nefndarinnar 21. og 26. febrúar og 15. og 22. maí 2020.

II.

Málsatvik

X Ltd., sem stundar viðskipti undir nöfnunum A og B og varnaraðili gerðu rammasamning um greiðsluþjónustu hinn 11. október 2017. Þá gerðu Y Ltd., sem stundar viðskipti undir nafninu A, og sóknaraðili samning um viðskipti á gjaldeyrismarkaði hinn 14. maí 2018. Í tölvupósti dagsettu 30. ágúst 2019 frá Seðlabanka Kýpur kemur fram að talið sé að miklar líkur séu á að félagið A, sem sé ekki með starfsleyfi, sé að notfæra sér með ólögætum hætti skráð heimilisfang tengds félags, X Ltd., sem sé skráð með heimilisfesti í Kýpur. Jafnframt beindi starfsmaður Seðlabanka Kýpur sóknaraðila á að vísa þessu máli til fjármálaeftirlits Kýpur, sem muni svo, með liðsinni lögregluþyrvalda, rannsaka skrifstofu X Ltd. á Kýpur. Sóknaraðili hafði samband í tölvupósti dagsettu 12. febrúar 2019 við fjármálayfirvöld í Vanuatu til að kvarta yfir Y Ltd.

Að sögn sóknaraðila braut A þann samning sem sóknaraðili og A höfðu gert um gjaldeyrisviðskipti og lokaði fyrir aðgang hennar að fjármunum sínum og hafði af henni fé. Sóknaraðili sendi kvörtun til útgáfubanka síns og kortaútgefanda, Z, og krafðist þess að sér yrðu endurgreiddir fjármunirnir. Z setti málið í endurkröfufurli og barst svar frá A hinn 25. júlí 2018. Í svarinu hafnaði A kröfum sóknaraðila að öllu leyti og lýsti yfir að sóknaraðili hafi undirritað skjal þar sem hún hafi afsalað sér öllum rétti til krafna eða til kvartana á hendur A vegna nokkurra þeirra færslna eða viðskipta sem hefðu átt sér stað í gegnum hennar reikning hjá A eða vegna nokkurs reiknings tengds henni.

III.

Umkvörtunarefni

Sóknaraðili krefst þess í fyrsta lagi að varnaraðili endurgreiði sér \$99.100,00 sem varnaraðili hafi haft milligöngu um að færa frá sóknaraðila til félagsins A, á tilgreindum dagsetningum sumarið 2018.

Sóknaraðili gerir í öðru lagi þá kröfu að varnaraðili afhendi sóknaraðila afrit af gildu starfsleyfi A og upplýsingar um það á hvaða verðbréfamarkaði A starfi. Að öðrum kosti, verði varnaraðili ekki við þessum kröfum, þá krefst sóknaraðili þess að varnaraðili endurgreiði sér allar greiðslur sem sóknaraðili hafi innt af hendi til A fyrir tilstilli varnaraðila.

Sóknaraðili gerir í þriðja lagi þá kröfu að varnaraðili afhendi undirritað eintak af riftunar- eða uppsagnarbréfi varnaraðila til X Ltd.

Sóknaraðili byggir á því að varnaraðili hafi brugðist skyldum sínum til þess að kynna sér hverjir viðskiptavinir þess séu, og einnig að varnaraðili hafi ekki uppfyllt skyldur sínar til að hafa eftirlit með og koma í veg fyrir mögulega peningaþvætti.

Sóknaraðili byggir á því að varnaraðili hafi veitt greiðslumiðlunarþjónustu til aðila (A), sem stundi svik og sé ekki með gilt starfsleyfi sem fjármálafyrirtæki, og að varnaraðili hafi ekki uppfyllt skyldur sínar um að gæta þess að fyrirtæki sem þeir veita greiðslumiðlunarþjónustu séu ekki að stunda ólögmat gjaldeyrisviðskipti án starfsleyfis og stunda verðbréfavíðskipti án leyfis og án þess að uppfylla til þess skilyrði samkvæmt lögum Íslands og innan hins evrópska efnahagssvæðis til að stunda slík viðskipti.

Sóknaraðili byggir á því að yfirvöld í Vanuatu og Kýpur hafi veitt sóknaraðila þær upplýsingar að A sé ekki með starfsleyfi og stundi fjársvik og peningaþvætti.

Sóknaraðili telur að á varnaraðila hafi hvílt bein athafnaskylda til að framkvæma áreiðanleikakönnun, eða í það minnsta nægilega greinargóða rannsókn, á félaginu A áður en varnaraðili samþykkti að stofna til viðskiptasambands við A. Einnig telur sóknaraðili að varnaraðili sé skyldugt til að veita þar til bærum yfirvöldum upplýsingar um þá viðskiptavini sem hafi verið sviknir af A, sem varnaraðili var milligönguaðili fyrir og sá um greiðsluþjónustu fyrir.

Sóknaraðili byggir kröfu sína meðal annars á sáttmála Sameinuðu þjóðanna gegn spillingu, sem Ísland er aðili að og var fullgiltur hér á landi 1. mars 2011. Nánar tiltekið byggir sóknaraðili á 27. grein sáttmálans um að aðildarríki séu skyldug til að taka upp eða innleiða löggjöf og grípa til framkvæmda sem nauðsynlegar séu til að gera það refsiverða háttsemi í landsrétti aðildarríkisins að taka þátt í með beinum hætti, eiga hlutdeild í, aðstoða við eða stuðla með beinum hætti að brotum samkvæmt ákvæðum sáttmálans.

Í viðbótarathugasemdam sínum til nefndarinnar vill sóknaraðili koma á framfæri ákveðnum leiðréttingum. Í fyrsta lagi bendir sóknaraðili á að í uppsagnarbréfi varnaraðila til X Ltd. sé ekki að finna undirritun eða nafn þess sem sendir bréfið og það skorti titil eða tilgreiningu á móttakanda bréfsins. Í öðru lagi vill sóknaraðili benda á að í svarbréfi varnaraðila til nefndarinnar sé ekki að finna undirskrift lögfræðings varnaraðila sem sé stílaður fyrir bréfinu.

Þá vill sóknaraðili í viðbótarathugasemdam koma því til skila að í skjölum frá A, í fylgiskjölum málsins, sé því haldið fram að sóknaraðili hafi notað sex greiðslukort en ekkert sé minnst á þær upphæðir sem hafi verið greiddar með fjórum öðrum kortum. Því sé upphæð ekki rétt á bls. 9 í skjölum A. Þá sé uppgæfin upphæð í bréfi A, sem sé \$153.800,00, ekki í samræmi við lista yfir greiddar færslur sem sé að finna á bls. 9 í skjölum A. Í þann færslulista vanti færslur sendar í gegnum D frá Kína og E frá Kóreu.

Ástæða þess, að mati sóknaraðila, sé sú að annað þessara félaga sé húsgagnaverslun sem sé í reynd leynilegt félag sem sé notað til að stunda peningaþvætti.

IV.

Athugasemdir varnaraðila

Aðalkrafa varnaraðila er að máli sóknaraðila verði vísað frá. Ef ekki verði fallist á kröfu um frávísun þá krefst varnaraðili þess til vara að öllum kröfum sóknaraðila verði hafnað.

Varnaraðili byggir á því að þær fjölmörgu kvartanir sem sóknaraðili setji fram um meintar vanefndir X Ltd. gagnvart sóknaraðila séu varnaraðila óviðkomandi og verði sóknaraðili að beina slíkum kröfum að X Ltd.

Hvað varðar fullyrðingar sóknaraðila, um meint brot varnaraðila með því að hafa ekki viðhaft fullnægjandi skoðanir á X Ltd. og um þátttöku varnaraðila í peningaþvætti með því að vinna fyrir X Ltd., þá er þeim ásökunum alfarið hafnað sem röngum. Varnaraðili telur að kjarninn í málflutningi sóknaraðila sé að varnaraðila hafi ekki verið heimilt að taka aðila í viðskipti sem hafi ekki verið með leyfi fyrir umrædd gjaldeyrisviðskipti. Varnaraðili byggir á því að sóknaraðili hafi ekki útskýrt hvernig löggjöf í Bahrein, þar sem sóknaraðili sé með lögheimili, sé háttað varðandi slík gjaldeyrisviðskipti. Þar að auki telur varnaraðili að kröfu um meinta óleyfisskylda starfsemi eigi sóknaraðili að beina að X Ltd., ekki varnaraðila.

Varnaraðili bendir á að í kvörtun sóknaraðila séu ekki settar fram neinar tilvísanir um meint brot varnaraðila á lögum um greiðsluþjónustu nr. 120/2011, sem varnaraðili starfi eftir, né hafi verið gerð nein tilraun til að sýna fram á að slík brot hafi átt sér stað. Varnaraðili lýsir málavöxtum með þeim hætti að eina aðkoma varnaraðila að þessu máli hafi verið fólgin í að veita færsluhirðingu, sem feli í sér að taka við fjármagni frá útgáfubanka kortsins, eftir að sóknaraðili hafði gefið fyrirmæli um notkun þess, og koma því fjármagni áfram til X Ltd. Viðskipti sem sóknaraðili stundaði í gegnum viðskiptareikning hjá X Ltd. séu varnaraðila óviðkomandi.

Varnaraðili hafnar kröfu sóknaraðila um endurgreiðslu á samtals \$99.100 auk daglegra 1.85% dráttarvaxta frá 21. júní 2018 til greiðsludags, vegna viðskipta við X Ltd. Varnaraðili byggir höfnun sína á því að þessari kröfu sé beint gegn röngum aðila. Ekki hafi verið færð fram nein rök fyrir því hvers vegna kröfunni sé beint að varnaraðila. Varnaraðili og sóknaraðili séu ekki í nokkurs konar samningssambandi.

Sóknaraðili leitaði til kortaútgefanda síns, Z, í því skyni að stofna til endurkrafna á hendur X Ltd. þar sem X Ltd. hafi með ólögætum hætti og samningsbrotum borið ábyrgð á fjártjóni sóknaraðila. Varnaraðili vísar til þess að Z, kortaútgefandi sóknaraðila, hafi í kjölfar þess, að hafa fengið tilskilin gögn frá X Ltd., hafnað því að halda áfram með málið þar sem kvörtunin ætti ekki við rök að styðjast og að umræddar færslur hafi verið framkvæmdar öruggan hátt og tilskilin gögn hafi verið fyrir hendi vegna færslanna.

Varnaraðili vill koma því á framfæri að á haustmánuðum ársins 2018 hafi bæði Visa og Mastercard breytt reglum sínum á þann hátt að starfsemi líkt og sú sem X Ltd. stundaði væri nú flokkuð sem „high-risk securities merchants“, og í kjölfar þess hafi forsendur áhættumats varnaraðila á söluaðilanum breyst. Á grundvelli þessa hafi varnaraðili sagt upp rammasamningi um greiðsluþjónustu við X Ltd. þann 24. október 2018 og lokið þar með greiðsluþjónustu við félagið.

Varnaraðili telur að sóknaraðili hafi tæmt þau réttarúrræði sem hún hafði og telur varnaraðili kvörtun sóknaraðila sér á hendur vera tilraun til að endurheimta fé sem sóknaraðili telji sig eiga kröfu til á hendur þriðja aðila. Krafa sóknaraðila á hendur varnaraðila sé hvorki byggð á skýrum lagagrundvelli né á öðrum haldbærum rökum og sé með öllu haldlaus. Að mati varnaraðila sé sóknaraðila sá einn kostur fær að beina ágreiningi sínum við X Ltd. að þar til bærum dómstólum eða lögregluþingvöldum í sínu heimalandi.

Málsástæður fyrir frávísunarkröfu

Aðalkröfu sína um frávísun málsins frá úrskurðarnefndinni byggir varnaraðili á eftirfarandi rökum og málsástæðum.

Í fyrsta lagi telur varnaraðili að kvörtun sóknaraðila fyrir nefndinni geti ekki verið beint að sér enda frumforsenda þess að nefndin taki til meðferðar mál, að fyrir hendi sé réttarágreiningur milli fjármálafyrirtækis annars vegar og viðskiptamanns hins vegar, enda sé samningssamband milli aðila, sbr. a-liður 2. mgr. 3. gr. samþykktu fyrir úrskurðarnefnd um viðskipti við fjármálafyrirtæki. Varnaraðili mótmælir því að það hafi verið kröfuhafi sóknaraðila vegna þeirra millifærslna, sem kvörtun þessi lúti að, og sóknaraðili hafi þar af leiðandi ekki verið skuldari gagnvart varnaraðila. Fyrir liggur að mati varnaraðila að ekkert samningssamband sé eða hafi verið á milli varnaraðila og sóknaraðila og byggir frávísunarkrafa varnaraðila því á aðildarskortu í skilningi réttarfars, sem leiði til sýknu sbr. 2. mgr. 16. gr. laga um meðferð einkamála nr. 91/1991. Lögsaga nefndarinnar nær að mati varnaraðila ekki yfir þann raunverulega réttarágreining sem fyrir hendi er í máli þessu, milli sóknaraðila og X Ltd., og stendur varnaraðili utan hans.

Í öðru lagi telur varnaraðili að málið eigi ekki undir úrskurðarnefndina á grundvelli 76. gr. laga um greiðsluþjónustu nr. 120/2011. Í bréfi sem barst varnaraðila frá úrskurðarnefndinni 25. nóvember 2019 kemur fram að nefndin hafi talið sig þurfa taka málið formlega fyrir með vísun til framangreinds ákvæðis. Telur varnaraðili að sóknaraðili geti ekki byggt á heimild 2. mgr. 76. gr. laga nr. 120/2011 þar sem hún teljist ekki notandi greiðsluþjónustu í skilningi laganna og falli því utan hennar. Þessu til stuðnings vísar varnaraðili til athugasemda að baki ákvæðinu í greinargerð þeirri er varð að lögum, þar sem segir að Fjármálaeftirlitið eða aðrir opinberir eftirlitsaðilar, skera ekki úr um einkaréttarleg álitæfni eða kröfur um skaðabætur.

Í kvörtun er sjálfstæð lýsing málavaxta að mati varnaraðila afar takmörkuð og fjallar lýsingin aðeins um viðskiptasamband sóknaraðila við X Ltd., enda sé ekkert samningssamband fyrir hendi milli sóknaraðila og varnaraðila. X Ltd. er sá aðili sem gæti beint kröfu að varnaraðila sem notandi greiðsluþjónustu varnaraðila í skilningi laga um greiðsluþjónustu. Varnaraðili telur að sóknaraðili verði að beina kröfum sínum gagnvart X Ltd. eða útgáfubanka sínum, enda geti varnaraðili ekki ábyrgst að þriðji maður standi við skuldbindingar sínar samkvæmt samningi sínum við sóknaraðila.

Í þriðja lagi byggir varnaraðili frávísunarkröfu sína á því að máltilbúnaður og kröfugerð sóknaraðila sé það óljós að kvörtunin sé ekki tæk til úrskurðar í skilningi e-liðar 1. mgr. 6. gr. samþykktu fyrir úrskurðarnefnd um viðskipti við fjármálafyrirtæki og því einsýnt að vísa beri málinu frá. Því til stuðnings vísar varnaraðili til þess að samkvæmt kröfum úrskurðarnefndar um viðskipti við fjármálafyrirtæki skuli kvörtunaraðili greina skýrlega hvers er krafist, svo sem fjárhæð kröfu, vexti, kostnaðar, viðurkenningu á réttindum, lausn undan skyldu eða annars sem gæti átt við. Í máli þessu fer sóknaraðili að mati varnaraðila fram á bæði endurgreiðslu og afhendingu tiltekinna gagna vegna viðskipta sinna við þriðja mann án þess að gera nokkra grein fyrir

endanlegri upphæð endurgreiðslu eða hvernig og á hvaða grundvelli hún skuli ákvörðuð. Lýsingu málavaxta telur varnaraðili vera af skornum skammti, gagnaframlagningu sé verulega ábótavant og rökstuðningur ófullnægjandi enda sé þar enga tilvísun að finna til lagaákvæða eða réttarreglna sem hann byggir á. Af þeim sökum telur varnaraðili ekki hjá því komist að kröfu sóknaraðila verði vísað frá úrskurðarnefndinni, sbr. m.a. mál nefndarinnar nr. 10/2015, 9/2018 og 22/2016. Varnaraðili starfi samkvæmt lögum um greiðsluþjónustu nr. 120/2011 en sóknaraðili hafi ekki bent á nokkur ákvæði í lögnum eða gefið í skyn að varnaraðili hafi gerst brotlegur gegn þeim. Eins og áður sagði hafi greiðsluþjónusta varnaraðila verið takmörkuð við að flytja tiltekið fjármagn frá útgáfubanka sóknaraðila til X Ltd. Umþrætt viðskipti sem áttu sér stað milli X Ltd. og sóknaraðila að því loknu voru eins og tíðnefnt sé varnaraðila óviðkomandi. Það sé vandkvæðum bundið fyrir varnaraðila að verjast jafn óljósum kröfum og settar séu fram í kvörtun sóknaraðila án neinna lagatilvísana eða málsástæðna. Sóknaraðili vísar til þess að varnaraðili hafi m.a. ekki starfað í samræmi við „reglurnar“ (e. the rules) og „lögin“ (e. the law). Með vísun til framanritaðs hafnar félagið þessum ásökunum alfarið. Vísanir sóknaraðila séu til laga og reglna í heild sinni og séu þær svo vanreifaðar að þær séu ómarktækar með öllu.

Jafnframt bendir varnaraðili á að kröfugerð sóknaraðila um greiðslu samtals \$99.100 sé óskýr og ekki studd nokkrum gögnum. Ekki sé gerð tilraun til að útskýra hvernig talan sé fundin út eða á hvaða grundvelli hún byggir. Þá sé krafa um dráttarvexti órökstudd með öllu. Þar að auki sé ekki að sjá að mati varnaraðila að kröfurnar séu þess eðlis að þær falli undir lögsögu nefndarinnar. Mál sóknaraðila sé því almennt svo vanreifað að það eigi ekki undir úrskurðarvald nefndarinnar í skilningi framangreinds ákvæðis. Frávísunarkröfu sinni til stuðnings vísar varnaraðili til hliðsjónar í meginreglu einkamálaréttarfars um skýra kröfugerð, sem á sér m.a. stoð í 80. gr. laga um meðferð einkamála nr. 91/1991.

Með vísun til framangreinds þá krefst varnaraðili þess að málinu verði vísað frá í heild sinni á grundvelli 7. gr. samþykktu fyrir úrskurðarnefnd um viðskipti við fjármálafyrirtæki, enda geti sóknaraðili í fyrsta lagi ekki haft uppi kvörtun fyrir úrskurðarnefndinni, í öðru lagi sé kvörtuninni beint gegn röngum aðila og í þriðja lagi sé málatilbúnaður vanreifaður og málið að öðru leyti ekki tækt til afgreiðslu hjá nefndinni.

Málsástæður um höfnun kröfu sóknaraðila

Varakrafa varnaraðila er að öllum kröfum sóknaraðila sér á hendur verði hafnað. Varnaraðili mótmælir öllum málsástæðum sóknaraðila, jafnvel þó ekki sé fjallað sérstaklega um þær hér.

Varnaraðili mótmælir kröfu sóknaraðila um greiðslu á samtals \$99.100, auk dráttarvaxta, enda sé krafan með öllu órökstudd og vanreifuð, og vandséð að krafan eigi sér stoð í lögum um greiðsluþjónustu eða geti byggt á öðrum lagagrundvelli. Varnaraðili vísar einnig til þess að skilyrði almennu sakarreglunnar séu ekki uppfyllt þar sem ekki hafi verið sýnt fram á að varnaraðili hafi með saknæmum og ólögumætum hætti valdið sóknaraðila tjóni. Varnaraðili telur þannig að sóknaraðili hafi ekki sýnt fram á hún hafi orðið fyrir tjóni, enda engin gögn færð fram þar að lútandi. Þá hafi sóknaraðili ekki sýnt fram á að slíkt tjón megi rekja til háttsemi varnaraðila eða að nokkur háttsemi sem varnaraðili viðhafði sé saknæm eða ólögumæt. Það sama gildir um umkvörtunarefni sóknaraðila er lúti að því að varnaraðili hafi tekið leyfisskyldan söluaðila í viðskipti án tilskyldra leyfa. Þessari kröfu er alfarið hafnað enda telur varnaraðili að ekki hafi verið sýnt fram á að viðkomandi viðskipti hafi verið leyfisskyld

eða gerð tilraun til að sýna fram á kröfur þess efnis að varnaraðila hafi borið að tryggja að slík leyfi væru til staðar. Varnaraðili telur að hafa beri í huga að sóknaraðili sé með lögheimili í Bahrein og hún hafi ekki gert tilraun til að sýna fram á að umþrætt viðskipti hafi verið leyfisskyld þar. Þar að auki bæri sóknaraðila í öllu falli að halda uppi kröfum um meinta ólögmæta starfsemi X Ltd. í Bahrein gagnvart fyrirtækinu sjálfu, ekki varnaraðila.

Í fyrsta lagi byggir varnaraðili kröfu sína á því, eins og áður hefur verið bent á, að ekkert samningssamband hafi verið fyrir hendi milli sín og sóknaraðila. Þar af leiðandi hafi aldrei verið til staðar kröfurettarlegt samband í skilningi samnings- og kröfurettar. Slíkur samningur sé hins vegar fyrir hendi milli sóknaraðila og X Ltd. Kröfu sóknaraðila um endurgreiðslu á millifærslum til X Ltd., að samtals fjárhæð \$99.100, geti því ekki verið beint að varnaraðila í skilningi kröfurettar. Varnaraðili byggir á því að það sé ekki kröfuhafi sóknaraðila vegna þeirra millifærslna, sem kvörtun þessi lúti að, og sóknaraðili hafi þar af leiðandi ekki verið skuldari gagnvart varnaraðila. Varnaraðili telur að það liggi í hlutarins eðli, að greiðsluþjónustuveitandi verði ekki krafinn um endurgreiðslu vegna meintra samningsbrota eða sviksamlegra færslna söluaðila, þ.e. þriðja manns. Slík krafa verði aðeins fengin með tilstilli dómstóla og úrræða í kjölfar hugsanlegs dóms um að samningsaðili sóknaraðila hafi gerst brotlegur við lög.

Í öðru lagi vísar varnaraðili til þess að þær greiðslur sem sóknaraðili framkvæmdi til X Ltd. teljist ekki gallaðar í skilningi laga um greiðsluþjónustu nr. 120/2011 og beri varnaraðili ekki ábyrgð á þeim í skilningi laganna. Varnaraðili telur sig hafa hvorki viðhaft ólögmætt né saknæmt framferði sem greiðsluþjónustuveitandi í skilningi laga nr. 120/2011 heldur þvert á móti starfað í samræmi við allar þær skyldur sem löggin leggja á herðar félagsins. Sú greiðsluþjónusta sem varnaraðili framkvæmdi er að mati varnaraðila hvorki gölluð né hafa ekki átt sér stað í skilningi 69. gr. laga nr. 120/2011. Telur varnaraðili sig því ekki bera ábyrgð á greiðslum sóknaraðila á grundvelli þessa ákvæðis.

Að lokum telur varnaraðili rétt að nefna að í rökstuðningi sóknaraðila í kvörtun til nefndarinnar vísar hún til þess að ef varnaraðili afhendi henni ekki ákveðin gögn þá leiði það til þess að varnaraðila beri að endurgreiða henni allar greiðslur sem hún greiddi til X Ltd. Þessari málsástæðu hafnar varnaraðili alfarið enda hvíli engin lagaskylda á félaginu til að afhenda þriðja aðila trúnaðargögn er varða viðskiptavini þess og myndi slík afhending á gögnum stangast á við 58. gr. laga um fjármálafyrirtæki nr. 161/2002, sem fjalli um bankaleynd, og ákvæði laga um persónuvernd og vinnslu persónuupplýsinga nr. 90/2018. Slík skylda til afhendingar gagna sé jafnframt í engu samhengi við grundvöll endurgreiðslu.

V.

Niðurstaða

Nefndin telur að ágreiningur um viðskipti við varnaraðila heyrir almennt undir lögsögu nefndarinnar á grundvelli 76. gr. laga um greiðsluþjónustu nr. 120/2011, sbr. 19. gr. a í lögum nr. 161/2002, um fjármálafyrirtæki. Samkvæmt ákvæði í a. lið 2. mgr. 3. gr. samþykktu fyrir úrskurðarnefnd um viðskipti við fjármálafyrirtæki tekur nefndin eingöngu fyrir mál þar sem samningssamband er á milli aðila. Varnaraðili hefur andmælt því að samningssamband sé milli sóknaraðila og varnaraðila og málinu sé beint að röngum aðila. Nefndin telur að ekkert í gögnum málsins sýni fram á að

samningssamband hafi myndast á milli sóknaraðila og varnaraðila og verður því að vísa málinu frá þegar af þeirri ástæðu.

Ú r s k u r ð a r o r ð :

Máli sóknaraðila, M, gegn varnaraðila, F, er vísað frá úrskurðarnefndinni.

Reykjavík, 22. maí 2020.

Auður Inga Ingvarsdóttir

Geir Arnar Marelsson
Hildigunnur Hafsteinsdóttir

Erla Arnardóttir
Þorvaldur E. Jóhannesson